

Mál nr. 1/2008
M og
Líftryggingafélagið V

Ágreiningur um bótaskyldu vegna sjúkdómatryggingar v. sjúkdóms þ. 3.11.2006

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 3.1.2008 ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags. 15.1.2008 ásamt fylgiskjölum 1-7

Málsatvik.

M sótti um og fékk sjúkratryggingu hjá V í desember 2002. Í nóvember 2006 sendi M bótakröfu til V vegna illkynjaðs krabbameins og var sú bótakrafa studd tilhlýðilegum læknisfræðilegum gögnum. Við skoðun á sjúkdómssögu M taldi V að M hefði ekki gefið réttar upplýsingar við töku sjúkdómatryggingarinnar og hafnaði bótaskyldu með vísan til 83. gr laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004 og sagði upp samningnum um sjúkdómatrygginguna sbr. 84 gr sömu laga. M krefst bóta úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V og bendir á að hún hafi tekið blóðþrýstingslyf vegna hás blóðþrýstings og hafi það verið til leiðréttingar á blóðþrýstingi og þunglyndislyf hafi hún tekið skv ákvörðun læknis. Þá bendir M á að hún hafi greitt iðgjöld til V um árabíl. V hafnar bótaskyldu eins og að ofan greinir og segir að M hafi þjáðst af þunglyndi og háþrýstingi og verið undir lækniseftirliti og lyfjameðferð vegna þessa þegar tryggingin var tekin en hefðu upplýsingar um þetta verið gefnar í umsókninni um váttryggingu hjá félaginu hefði málsskotsaðila verið synjað um sjúkdómatryggingu samkvæmt gildandi vinnureglum um áhættumat líf- og sjúkdómatrygginga. V viðurkennir að hafa innheimt váttryggingariðgjöld eftir að váttryggingunni var sagt upp og sé um handvömm að ræða hjá félaginu sem hafi endurgreitt það sem ofgreitt var ásamt vöxtum.

Álit.

Fyrir liggur að M gaf ekki réttar upplýsingar við töku sjúkdómatryggingar hjá V. V er því heimilt að hafna bótakröfu með vísan til 83 gr laga um váttryggingasamninga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 12.2. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 3/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/B
og
Vátryggingafélagið Y v/A

Árekstur á gatnamótum við Gullinbrú og Hallsveg þann 05.12. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 08.01. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 23.01. 2008
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 18.01. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Umferðarljósín sem þarna eru voru óvirk þegar áreksturinn varð og er biðskylda fyrir umferð sem kemur frá Hallsveginum. Lögreglan getur þess að lítið tjón hafi orðið framan á A.

A var ekið vestur Hallsveg að gatnamótunum. Ökumaðurinn kveðst hafa ekið hægt af stað og ætlað að aka yfir gatnamótin. Þegar hann hafi verið kominn út á gatnamótin hafi B verið ekið á A.

B var ekið um Gullinbrú í norður. Ökumaðurinn kveðst hafa séð A kyrrstæða og talið sig eiga réttinn, hann hafi því haldið áfram en þá hafi A verið ekið inn í hliðina á B.

Vátryggingafélag B telur að ósannað sé að B hafi verið ekið umfram leyfilegan hámarks hraða, það telur enga ástæðu til að skerða rétt hans vegna ökuhraða. Það telur að ökumaður A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum. A hafi borið að víkja fyrir B.

Vátryggingafélag A telur að skipta skuli sök. A hafi átt biðskyldu en samkvæmt framburði vitnis hafi B verið ekið á "mjög miklum hraða". Félagið telur að A eigi að bera 2/3 hluta sakar en B 1/3 hluta sakar.

M telur að vitni sem getið er hafi ekki getað ákvarðað ökuhraða B miðað við staðsetningu þess.

Álit.

Biðskylda er á gatnamótunum fyrir umferð sem kemur frá Hallsveginum. Ökumanni A bar því að veita umferð um Gullinbrú forgang. Þegar tekið er mið af frásögn ökumanns A á vettvangi virðist sem hann ekki hafa hugað nægjanlega að annarri umferð áður en hann ók inn á gatnamótin.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við fyrirliggjandi gögn.

Þegar tekið er mið af framanrituðu ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 12. febrúar 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 5/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna umferðaróhapps þann 1.9.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 9.1.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni A, sem er vöruflutningabifreið, um Múlagöng við Ólafsfjörð. Rakst þá þak bifreiðarinnar í loftklæðningu sem hafði rifnað niður í göngunum kvöldið áður. Þá hafði vörubifreiðinni B með tengivagn farið um göngim í fylgd lögreglu, þar sem stór grafa var flutt á tengivagninum. Við það hafi skemmdir orðið á loftklæðningunni og var Vegagerðinni gert viðvart um atvikið. Skemmdirnar voru einnig merktar með viðvörunarborða lögreglunnar.

M kvaðst ekki hafa vitað að hæð gagnanna hafi lækkað úr 4,2 m í u.þ.b. 3,6m, en hæð A sé 3,85 m. Skilti við gangnamunnann hafi gefið til kynna að leyfileg hæð ökutækja hafi verið 4,2 m. Viðvörunarborði lögreglunnar hafi verið settur á járníð í lofti gagnanna. Þar hafi hann aldrei séð borðann, enda þurft að hafa fulla athygli við að aka um göngin þar sem þau séu þröng fyrir stóra bíla eins og A. Einnig sé lýsing í göngunum léleg og þess vegna hafi hann ekki komi auga á borðann

M krefst þess að tjón hans vegna skemmda á A verði bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Kvöldið áður en A varð fyrir skemmdum var B ekið í gegnum göngin í fylgd lögreglu. Lögregla tók þá að sér að merkja með sérstökum viðvörunarborða þar sem skemmdir höfðu orðið í göngunum af völdum B, jafnframt sem Vegagerðinni var gert viðvart. Ökumaður B mátti treysta því að gengið hafi verið frá skemmdunum þannig að ekki stafaði af hætta fyrir aðra vegfarendur. Er því ósannað að ökumaður B eigi sök á því tjóni sem varð á A.

Niðurstaða.

Tjón M á bifreið hans A telst ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 12. febrúar 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 6/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B - strætisvagn

Árekstur á Miklubraut við Kringlumýrarbraut 08.10. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 11.01. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 28.01. 2008
- 3) Tölvupóstur vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 28.01. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

A var ekið suður Kringlumýrarbraut með hægri beygju vestur Miklubraut. Ökumaður hennar stöðvar við gatnamótin og er þá kominn inná sérmerкта akrein fyrir strætisvagna vestur Miklubraut. Ökumaðurinn stöðvaði til að huga að umferð um Miklubraut. Strætisvagninn B, sem ekið var vestur Miklubraut á um 50-60 km hraða yfir gatnamótin, rakst utan í A.

Haft er eftir ökumanni B í skýrslu lögreglu að hann hafi séð hvar A var ekið af Kringlumýrarbraut inn í hægri hliðina á B. Ökumaður A (M) heldur því fram að B hafi rekist utan í A þar sem bifreiðin var kyrrstæð.

Fyrirliggjand er m.a. óundirrituð frásögn ökumanns sem kvaðst hafa verið á eftir A. Viðkomandi staðfestir að A hafi verið kyrrstæð. Hann telur að A hafi verið kyrrstæð í “smá tíma (c.a. 15-20 sek.).....” Hann telur og efnislega að ökuhraði B hafi verið mikill, meiri en umferðin í kring.

Vátryggingafélögin telja að A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi átt biðskyldu gagnvart umferð um Miklubraut.

Álit.

Biðskylda er á gatnamótunum fyrir umferð sem kemur frá Kringlumýrarbraut. Það var óvarlegt af A að aka inn á Miklubrautina og stöðva þar. Virðist sem ökumaður bifreiðarinnar hafi verið nýbúinn að stöðva bifreið sína þegar B rakst utan í framhluta hennar.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að gæta ekki að biðskyldu gagnvart umferð um Miklubraut. Ökumaður A hefði þurft að stöðva bifreið sína fyrr til að huga að mögulegri umferð um Miklubraut, en þessa gætti hann ekki.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 26. febrúar 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 7/2008

M
og
vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns.

**Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu ökumanns
vegna líkamstjóns við akstur vélsleða.**

Gögn.

1. Málskot móttakið 15.1.2008 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf X, dags. 23.1.2008.

Málsatvik.

Þann 19.12.2004 voru þrír ungir piltar á tveimur vélsleðum, A og B að leik á Hauganesvegi skammt austan Ólafsfjarðarvegar. Óku þeir sleðunum til suðurs og upp á upphækkaðan veginn og stukku yfir hann. Upphækkun vegarins er um þrír metrar að norðanverðu og um einn metri að sunnanverðu. Breidd vegarins er um 7 m. Um 20-30 cm snjólag var yfir landinu beggja megin við veginn. M ók A. Er hann var á leið upp á veginn að sunnanverðu var B ekið yfir veginn úr norðri. Rakst B á vélarhlíf A. Þá var ákoma á hjálmi, sem M hafði á höfði sínu, eftir annað skíðið á B. Ökumenn sleðanna höfðu ekki öðlast réttindi til að aka vélsleðum. M hlaut alvarlega áverka á hrygg og mænu við slysið.

Ökumaður B umrætt sinn, C, kvaðst hafa fengið sleðann lánaðan hjá vini sínum, D. Þeir hafi ekið til suðurs og stokkið yfir veginn og farið svo aftur til baka yfir veginn en á öðrum stað. Þannig hafi þeir ekið í hring og hafi hann og M verið búnir að fara nokkrar ferðir áður en slysið varð. Hafi hann beðið M að fara sunnan við veginn og sjá þegar hann stykki yfir veginn. M hafi verið búinn að stökkva yfir veginn og hafi hann beðið í smástund eftir það, en ekki séð til ferða M. Hann hafi svo ekið af stað og taldi að M myndi bíða eftir honum sunnan vegarins til að horfa á hann stökkva. Í stökkinu hafi hann séð M koma akandi á sleðanum beint á móti sér, en það hafi hann ekki átt að gera. Hafi hann ekkert getað gert til að afstýra því að lenda á M.

Í gögnum málsins er ekkert haft beint eftir M. Í skýrslu, sem tekin var af móður hans, hefur hún eftir honum að hann muni mjög lítið eftir slysinu. Hann muni eftir að hafa verið kyrrstæður utan við veginn og muni einnig eftir hinum sleðanum í loftinu. Hann muni ekki af hverju hann hafi verið á þeim stað, þar sem slysið varð, eða hver hafi verið aðdragandi slyssins.

Vitnið D kvaðst hafa ekið B, en lánað hann svo C. Við stökkið hafi þeir hagað sér þannig að sá sem var á undan að stökkva hafi stundum beðið eftir hinum eða ekið aftur norður yfir veginn. Sá sem hafi verið á eftir hafi hins vegar ekki stokkið fyrr en hann hafi verið öruggur um að enginn væri fyrir. C hafi verið búinn að taka tvö stökk áður en slysið varð. Hann hafi heyrt þegar C hafi beðið M að fara suður fyrir veginn og horfa á hann stökkva, en M hafi verið á undan að stökkva. D kvaðst hafa verið nokkuð langt fyrir norðan veginn. Hann kvað M hafa stokkið yfir veginn. Hann hafi séð M koma til baka og hafi hann verið að komast upp á veginn, en þá hafi C verið við það að stökkva. Sökum þess hve hár vegkanturinn var hafi C ekki séð til ferða M. Er M hafi verið að aka inn á veginn, hafi sleði C verið í loftinu. Hafi sleði C lent fyrst á vélarhlíf A og síðan hafi annað skíðið sennilega farið í hjálm M. Við það hafi M rúllað af sleðanum og staðnæmst í vegkantinum að sunnanverðu, en A hafi stöðvast á miðjum veginum. Taldi D að slysið hafi orðið fyrir misskilning milli M og C.

Vitnið E kvaðst hafa verið skammt sunnan við veginn að Hauganesi og séð A vera ekið til suðurs og síðan hafi ökumaðurinn stokkið yfir veginn. Hann hafi ekið aðeins til suðurs, snúið síðan við og ekið til baka að veginum á mjög lítilli ferð. Er ökumaðurinn hafi verið að komast upp á veginn á sama stað og hann stökk yfir hann, hafi annar sleði, B, komið fljúgandi yfir veginn og lent á M,

ökumanni A. Hann hafi hins vegar verið aðeins frá slyssaðnum og því ekki séð nákvæmlega hvernig þetta gerðist. M hafi fallið af sleðanum og legið í vegkantinum, er hann kom að.

M krafðist bóta úr lögboðinni ábyrgðartryggingu vélsleðans B. Var ágreiningi um bótaskyldu úr þeirri vátryggingu skotið til úrskurðarnefndar. Með úrskurði nefndarinnar í máli nr. 70/2005 var komist það þeirri niðurstöðu að líkamstjón M skyldi bæstast að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu B. Skilja verður málskot M nú á þann veg að hann krefjist viðurkenningar á rétti til bóta úr slysatryggingu ökumanns vélsleðans A, sem hann ók, að því marki sem hann fékk ekki tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu B. A var vátryggður hjá X, þ. á m. lögboðinni slysatryggingu ökumanns og eiganda. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki er um það deilt að M ók A þegar hann slasaðist í umrætt sinn. X hefur hafnað bótum úr slysatryggingunni. Byggist synjun félagsins á því að M hafi verið rúmlega 15 ára þegar slysið varð og því ekki náð tilskildum lágmarksaldri til aksturs vélsleðans, sbr. 15. gr. reglugerðar um ökuréttindi nr. 501/1997. Samkvæmt 5. gr. skilmála vátryggingarinnar, sem í gildi voru á slysdegi, geti það varðað missi bótaréttar að aka án þess að hafa öðlast ökuréttindi. Þegar horft sé til ungs aldurs M og þeirrar géleysislegu háttsemi sem leiddi til slyssins veður ekki annað ráðið en að réttindaleysi og reynsluleysi hans hafi skipt sköpum fyrir að slysið varð.

Í 5. gr. skilmála fyrir slysatryggingu ökumanns og eiganda, sem í gildi voru hjá X þegar slysið varð, segir að réttur til vátryggingabóta geti fallið niður samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga, ef vátryggingartaki eða vátryggður vanrækja skyldur sínar við stjórn ökutækisins t.d. með því að aka án þess að hafa öðlast ökuréttindi eða valda tjóni af ásetningi, stórkostlegu gáleysi eða undir áhrifum áfengis eða ávana- eða fíkniefna. Af orðalagi þessarar greinar skilmálanna er ljóst að því aðeins geti komið til niðurfellingar bóta vegna vanrækslu vátryggingartaka eða vátryggðs á skyldum sínum við stjórn ökutækis að hún verði leidd af lögum um vátryggingarsamninga, þ.e. lögum nr. 20/1954 um vátryggingarsamninga sem í gildi voru í desember 2004 er slysið varð. Í skilmálanum er ekki tilgreint nánar hvaða ákvæði laganna geta komið hér til álita. Í öðrum gögnum málsins hefur þess heldur ekki verið getið af hálfu X hvaða ákvæði laganna eigi að leiða til þeirrar niðurstöðu að fella beri niður rétt M til bóta úr slysatryggingunni. Þar sem um slysatryggingu er að tefla er það helst 124. gr. laganna sem hér getur komið til álita, en það ákvæði verður ekki skilið öðruvísi en svo að X geti því aðeins fallið frá ábyrgð sinni að slysið verði rakið til þess að M hafi af ásettu ráði eða stórkostlegu gáleysi vanrækt skyldur sínar við stjórn ökutækisins. Þótt M hafi ekki öðlast tilskilinn réttindi til aksturs A verður ekki talið að slysið megi rekja til þess að M hafi af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vanrækt skyldur sínar við stjórn ökutækisins. Að þessu virtu verður ekki annað séð en lagaheimild brestir til að fella niður rétt M til bóta. Telst hann því eiga rétt til bóta úr slysatryggingunni að því marki sem hann hefur ekki fengið tjón sitt bætt úr ábyrgðartryggingu B.

Niðurstaða.

M á rétt til bóta úr slysatryggingu ökumanns og eiganda vélsleðans A hjá X.

Reykjavík, 26. febrúar 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 8/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Holtavegi í Reykjavík þ. 21.12. 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.1.2008 ásamt rökstuðningi, greinargerð, ljósmyndum og afstöðuteikningu.
2. Niðurstaða tónanefndar nr. 21/08
3. Lögregluskýrsla dags. 22.12.2008 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf og greinargerð ökumanns B dags.1.2.2008.
5. Bréf V-1 dags 28.1.2008
6. Bréf V-2 dags. 23.1.2008

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B við innkeyrsluna í bifreiðastæði Bónus í Holtagörðum þar sem ekið er inn af Holtavegi. B var ekið austur Holtaveg og beygt til vinstri inn á bifreiðastæðið og segir í lögregluskýrslu að ljóst sé að B hafi verið ekið á öfugum vegarhelmingi. Þar sem árekstur varð er steinsteyptur veggur sem skilur að bifreiðastæðið frá Holtavegi og byrgir ökumönnum verulega sýn segir í lögregluskýrslu. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja til hægri í átt að Holtavegi þegar B hafi verið ekið á mikilli ferð inn á bifreiðastæðið og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa tekið beygju inn á bifreiðastæðið og árekstur orðið

Álit.

Í umrætt sinn var B ekið á öfugum vegarhelmingi. Að virtum öllum gögnum málsins er öll sök lögð á ökumann B. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður A hafi ekið óvarlega í umrætt sinn eða með þeim hætti að réttlætt geti að sök sé felld á hann.

Niðurstaða.

B ber alla sök

Reykjavík 4.3. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 9/2008

**K
og
X hf. vegna
frjálsrar ábyrgðartryggingar P ehf.**

Tjón á tölvubúnaði 4. júní 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. janúar 20087 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 5. febrúar 2008.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að að morgni 4. júní 2007 gróf starfsmaður P rafstreng í sundur með þeim afleiðingum að rafmagn fór af á svæðinu, meðal annars hjá K. Eftir rafmagnsleysið gekk starfsmönnum K erfiðlega að koma á netsambandi upp aftur. Viðgerðaraðili kom á staðinn hjá K og endurræsti búnað o.fl. K krafði P um bætur úr ábyrgðartryggingu P vegna tjónsins. Tryggingafélag P neitaði bótum m.a. með vísun til skilmála ábyrgðartryggingarinnar um að ábyrgðin fari eftir almennum ólögfestum reglum skaðabótaréttarins. Af því leiði að ábyrgðin sé takmörkuð við fyrirsjáanlegar afleiðingar eða afleiðingar sem eðlilegt og sanngjarnt sé að tjónvaldur beri ábyrgð á.

Álit.

Tjón K var ekki fyrirsjáanleg afleiðing þess atburðar að starfsmaður P gróf í sundur rafstreng. Það verður hvorki talið eðlilegt né sanngjarnt að P beri ábyrgð á tjóni K. Tjón K er því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu P.

Niðurstaða.

Tjón K bætist ekki úr ábyrgðartryggingu P.

Reykjavík, 4. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 10/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á bifreiðastæði við Garðatorg 22.11. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttækið 22.01. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 11.02. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

A var ekið aftur á bak úr stæði en B var ekið um bifreiðastæðið.

Haft er efnislega eftir ökumanni B í skýrslu lögreglu að hann hafi verið að aka inn á bifreiðastæðið þegar hann hafi séð A vera að bakka úr stæði. Hann hafi stöðvað B þar sem hann “hélt að hún hefði ekki séð sig þegar hún bakkaði úr stæðinu.” Síðan hafi A verið bakkað á B.

Haft er efnislega eftir ökumanni A í skýrslu lögreglu að hann hafi verið að bakka úr stæði og hafi hann “ekki hafa séð” bifreiðina B. Hann kvaðst hafa stöðvað bifreið sína og verið að setja hana í “áfram (Drive) þegar hún hafi fundið högg aftan á bifreiðina”.

Lögreglan getur frásagnar vitnis sem staðhæfir að B hafi verið ekið “nokkuð greitt miðað við aðstæður inn á bifreiðastæðið og aftan á bifreiðina” A. Lögreglan getur þess að vitnið hafi verið spurt sérstaklega að því hvort A hafi verið kyrrstæð eða á hreyfingu og kvað hann bifreiðina hafa verið kyrrstæða.

M og farþegi í B gagnrýna í málskotinu frásögn þess vitnis sem getið er í skýrslu lögreglu.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hafi ekið aftur á bak úr stæði í veg fyrir B sem ekið var um akleidd bifreiðastæðisins.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. frásögn vitnis ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir ógætilegan akstur og að aka á A kyrrstæða. Frásögn vitnis sem getið er í skýrslu lögreglu hefur ekki verið hrundið. Hún verður því lögð til grundvallar.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann A.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 4. mars 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 11/2008

M

og

Vátryggingafélagið V vegna kaskótryggingar v. bifreiðarinnar A

Ágreiningur um greiðslu tjóns á bifreið úr kaskótryggingu og ágreiningur um greiðslu úr málskostnaðartryggingu tjón þ.13.11.2007 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.1.2008. ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Bréf V dags. 4.2.2008.

Málsatvik.

Lögmaður M segir málsatvik vera þau að brotist hafi verið inn í bifreið M, henni stolið og síðar hafi hún fundist nánast ónýt. Sonur M hafði verið á bifreiðinni síðast áður en henni var stolið og segist hann hafa læst bifreiðinni en aukasett af lyklum bifreiðarinnar hafi verið í hanskahólfi hennar.

Bifreiðin var kaskótryggð hjá V og telur M sig eiga rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V vegna þessa. Tjónvaldar hafa ekki fundist. Lögmaður M tekur fram að skv öllum gögnum málsins hafi bifreiðinni verið læst þegar gengið var frá henni kvöldið sem henni var stolið. V hafnar bótaskyldu. Lögmaður M tekur sérstaklega fram að í umrætt sinn hafi verið gengið tryggilega frá bifreiðinni og það sé ekki varhugavert að geyma lykla í hanskahólfi í læstri bifreið það verði að teljast öruggur staður. Þá segist lögmaður M einnig hafa óskað eftir staðfestingu frá V á því að málskostnaðartrygging skv F+ tryggingu væri í gild vegna ágreiningsmáls þessa og gerir M kröfu til að fá greiðslu úr málskostnaðartryggingu vegna ágreiningsmáls þessa þar sem ágreiningurinn lúti að túlkun á skilmálum en ekki að vátryggðum sérstaklega sem eiganda bifreiðar. Lögmaðurinn segir að túlka verði undanþáguákvæði vátryggingaskilmála sem þetta varðar þröngt og líta til hlutverks málskostnaðartryggingar og eðlis en um venjulegt einkamál sé að ræða sem snúi að ágreiningu um vátryggingaskilmála.

Tekið er fram í lögregluskýrslu að M hafi vaknað við brothljóð um nóttina um kl. 3 en ekki áttað sig á því á þeirri stundu hvaðan brothljóðið barst. Í lögregluskýrslu segir einnig að kveikjulaslyklar bifreiðarinnar hafi verið í henni þegar hún fannst. Einnig segir að ekkert af ákveðnum munum sem áttu að vera í bifreiðinni hafi verið þar þegar hún fannst.

V hafnar bótaskyldu og bendir á að skv grein 6.3 í skilmálum ökutækjetryggingar al-kaskó sem í gildi var þegar umrætt atvik gerðist skuli ökutæki vera læst þegar engin er á því og geyma skuli lykla á öruggum stað en lykill hafi verið í hanskahólfi bifreiðarinnar og telur V að lyklar hafi ekki verið á öruggum stað og því ekki um bótaskyldu að ræða hjá V vegna þessa atviks. V bendir á að bifreiðinni hefði líklega ekki verið ekið burtu nema vegna þess að lyklar voru aðgengilegir í bifreiðinni.

Þá hafnar V einnig kröfu um greiðslu úr málskostnaðartryggingu vegna máls þessa og bendir á að hlutverk málskostnaðartryggingar sé að greiða málskostnað vegna ágreinings í einkamálum en vátryggingin bæti ekki málskostnað sem varðar vátryggðan sem eiganda, notanda eða stjórnanda vélknúins farartækis og af þeim sökum hafnar V einnig greiðslu úr málskostnaðartryggingu M hjá V.

Álit.

Takmarkaðra gagna nýtur við í málinu. Hvað varðar bótarétt vegna tjóns á bifreiðinni þá koma til skoðunar ákvæði 26.gr. váttryggingasamningalaganna nr. 30/2004 um brottfall bótaréttar váttryggingataka eigi við í því tilviki sem um ræðir en 26.gr. váttryggingasamningalaganna er svohjóðandi:

” Félagið getur gert fyrirvara um að það skuli laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti samkvæmt þessari grein borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök váttryggðs, hvernig váttryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.”

Sú varúðarregla á við í þessu máli samkvæmt váttryggingaskilmálum að bifreið skuli vera læst og geyma á kveikjúláslykla bifreiðarinnar á öruggum stað. Ekki hefur komið fram nein skýring á því af hverju kveikjúláslyklar bifreiðarinnar voru geymdir í umrætt sinn í hanskahólfi bifreiðarinnar. Miðað við fyrirbyggjandi gong er ekki unnt að fallast á að það hafi verið fullnægjandi vörslur að geyma kveikjúláslykla bifreiðarinnar í hanskahólfi hennar. Umrædd varúðarregla var því brotin.

Á það er bent að engin sýnileg ummerki eru um innbrot í bifreiðina og hvorugur málsaðili fjallar um það atriði í umfjöllun sinni um málið.

Svo sem að framan greinir þá kemst Úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að um brot á varúðarreglu hafi verið að ræða með því að M geymdi lykla í hanskahólfi bifreiðarinnar í umrætt sinn. Spurning er þá hvort eðlilegt eða réttlætjanlegt sé að bótaréttur falli að öllu leyti niður. Miðað við aðstæður allar og það sem upplýst er í málinu þá verður að telja eðlilegt að ábyrgð verði lögð á V að hluta með vísan til síðari setningar 26. gr. váttryggingasamningalaga og telur Úrskurðarnefndin sanngjarnt miðað við atvik öll eins og þau eru upplýst í málinu að V greiði helming tjónsins en M beri tjón sitt sjálf að helmingi vegna vanrækslu á varúðarskyldu.

Fallast verður á það með V að M eigi ekki rétt á greiðslum úr málskostnaðartryggingu eins og háttar til í málinu.

Niðurstaða.

V skal greiða M bætur sem nemur helming þess tjóns sem varð. Skerða ber rétt M til bóta sem nemur helming þess tjóns sem varð vegna þess að varúðarreglu var ekki fylgt. M á ekki rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu.

Reykjavík 4.3. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 12/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysatryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 28.1.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.2.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M kvaðst hafa hrasað í tröppu heima hjá sér í byrjun febrúar 2007 og hlotið við það áverka á hægra hné. Áverkarnir hafi verið þrálátir og hafi hann leitað læknis þann 16. febrúar 2007.

Í læknisvottorði A heilsugæslulæknis, dags. 10. september 2007, segir að M hafi leitað fyrrgreindan dag á heilsugæslustöð með tveggja vikna sögu um bólgu, verki og eymsli í hægri fæti eftir áverka er hann hlaut við byltuna. Hann hafi verið mjög aumur og merki um slæma liðbólgu í hægra hné, en þó ekki merki um sýkingu. M sé með psoriasis sjúkdóm og því sé liðbólga eftir áverkann verri en ella. Reyndar sé ekki staðfest að M sé með psoriasis liðsjúkdóm. Þann 6. mars kom M að nýju og var óvenju slæmur í hnénu. Þann 21. mars var gerð segulóm skoðun á hnénu og segir í vottorði læknisins að “krossbönd og collateral ligamentin eru þá heil, það er hins vegar stór rifa í mediala liðþófanum, niður á tibia yfirborð menisksins dorsalt og gengur rifan fram eftir allri lengd menisksins aftan til, teygir sig fram undir miðjan menisk en menisknum er þannig þrýst utan í liðglufunni mediant. Það er mikill vökvi þá í liðnum og miklar skemmdir á liðbrjóski patellunnar.” Í framhaldi þessa var M vísað til bæklunarlæknis.

Í læknisvottorði B bæklunarlæknis, dags. 27. september 2007, segir að M hafi fyrst komið til hans 26. mars 2007. M hafi fengið einhverja bólgu í hnéð fyrir ári síðan og við skoðun greindan dag sagðist hann hafa fengið smá sýkingu í hægra hné og verið meðhöndlaður með sýklalyfjum. Sýkingin hafi horfið, en síðan af og til verið að fá óþægindi frá hnénu, verki og stundum bólguköst. Við skoðunina hafi hann verið slæmur í upp undir tvo mánuði og mjög slæmur síðustu vikurnar fyrir skoðun. Röntgenmyndir hafi sýnt byrjandi slit í hnénu en einnig rifu í liðþófa í hægra hné. Gekkt M svo undir speglun tvívegis., 25. apríl og 11. júlí 2007. Við fyrri speglunina var liðþófinn tekinn að hluta. Í niðurlagi vottorðsins segir að verið geti að M hafi rífið liðþófan við einhvern áverka en slitið hafi ekki komið vegna áverka.

M hefur krafist viðurkenningar á bótaskyldu úr slysatryggingu sem hann hefur hjá Vátryggingafélaginu X, en félagið hefur neitað bótaskyldu.

Álit.

Í málinu nýtur engra gagna við um það atvik er M kveðst hafa hrasað í tröppu á heimili sínu. Engin matsgerð eða önnur sönnunargögn liggja fyrir í málinu um það hverjir kunna að vera óyggjandi áverkar af völdum atviksins. Af framangreindum læknisvottorðum verður ekki ráðið með fullri vissu að hann hafi þá hlotið áverka sem leitt geta til bóta úr slysatryggingunni. Við svo

búið verður að telja ósannað að M hafi hlotið áverka á hægra hné af völdum slyss sem er bótaskyldt úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 4. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 13/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á Þrengslavegi þann 26.10. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 29.01. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 11.02. 2008, ásamt fylgiskjölum
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 25.02. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

B var að dreifa salti á hægri vegkanti og beygði til vinstri til að snúa við en í þann sama mund var A ekið frammeð bifreiðinni. B var með gul blikkandi viðvörunarljós. Á vettvangi var hálfbrotin lína sem gefur til kynna að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Ökumaður B kveðst hafa verið með stefnumerki.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B hefði mátt sýna meiri aðgát er hann hugðist taka U-beygju sbr. 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann reyndi framúrakstur á hálfbrotinni línu. B sé snjóruðningstæki með gul blikkandi ljós. Það vísar til þess að ökumaður hennar hafi ætlað að taka vinstri beygju og gefið stefnumerki.

M telur að B hafi verið ekið út í hægri kant til að hleypa umferð framhjá en hann hafi skyndilega beygt í veg fyrir A. Ökumaður A kveðst aldrei hafa farið yfir á vinstri akrein. Hann telur að ökumaður B hafi ekki gætt nægjanlegrar varúðar, hann hafi ekki gefið stefnumerki “auk þess sem hann tekur U-beygju þarna”.

Í skýrslu lögreglu er m.a. haft eftir ökumanni A að hann hafi “ekki tekið eftir því hvort saltbifreiðin (B) hefði verið með stefnuljós”. Hann hafi skilið það svo að B væri að hleypa A framúr, bifreiðinni hafi hins vegar verið beygt í veg fyrir A.

Ökumaður B kveðst hafa verið að hreinsa hægri vegaöxl, hann hafi ætlað að beygja inn á afleggjara til að aka aftur upp á Suðurlandsveg og að hann hafi gefið stefnumerki.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á B sem á undan fór. Ökumaðurinn hefði þurft að gæta aukinnar aðgæslu er hann hugðist aka frammeð og/eða framúr B. Í skýrslu lögreglu er haft eftir ökumanni A að hann hafi “ekki tekið eftir því hvort saltbifreiðin (B) hefði verið með stefnuljós”. Hann hafi skilið það svo að B væri að hleypa A framúr, bifreiðinni hafi hins vegar verið beygt í veg fyrir A. Framanritað gefur til kynna að ökumaðurinn hafi ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var. Mikilvægt hefði og verið fyrir A að gefa hljóðmerki en þessa gætti hann ekki.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 11. mars 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 14/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr innbúskaskótryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 29.1.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.2.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Pann 17.8.2007 komst tveggja ára gamall sonur M yfir varalit og glossa í eigu móður sinnar. Makaði hann litunum í antiksófa í eigu foreldra sinna.

M er með svonefnda innbúskaskótryggingu Heimilisverndar hjá X. Hann hefur krafist bóta vegna skemmda á sófanum úr innbúskaskótryggingunni. Félagið hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að tjónið verði ekki rakið til ófyrirsjáanlegs atviks eins og áskilið er í 4. gr. 10. kafla skilmála Heimilisverndar.

Álit.

Í fyrrgreindri 4. gr. skilmálanna segir að vátryggingin bæti tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra utanaðkomandi atvika á vátryggingartímabilinu, sem eru ekki bótakvæmt samkvæmt ákvæðum 2. kafla skilmálanna. Af gögnum málsins þykir mega ráða að það hafi gerst í sömu andráníni að sonur M komst yfir varalitinn og hann makaði honum í sófann. Óvarlegt er að fullyrða að tveggja ára gamalt barnið hafi mátt sjá það fyrir að það hafi verið að valda skemmdum er það makaði litnum í sófann. Eins og hér stóð á verður að telja að fullnægt sé skilyrðum skilmálanna um að tjónið hafi hlotist af völdum skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks. Ekki hefur verið bent á önnur ákvæði skilmálanna er girða fyrir bótaskyldu X. Telst tjón M því bótaskyldt úr innbúskaskótryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M á sófa telst bótaskyldt úr innbúskaskótryggingu Heimilisverndar hjá X.

Reykjavík, 11. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 15/2008

(M, ökumaður)

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A

og

Vátryggingafélagið Y v/bifreiðarinnar B

Árekstur í Bæjarhrauni í Hafnarfirði, þann 20.11.2007.

Gögn.

- 1) Málskot, móttakið 30.01.2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf X til nefndarinnar, dags. 13.02.2008.
- 3) Bréf Y til nefndarinnar dags. 25.02.2008.

Málsatvik.

Ökumaður bifreiðarinnar B ók úr hringtorgi við Bæjarhraun í Hafnarfirði. Á akrein hans var hindrun, en snjó hafði verið rutt af veginum með þeim hætti að ökumenn á leið úr torginu áttu ekki annarra kosta völ en að aka yfir á akrein mótumferðar til að komast leiðar sinnar. Ökumaður B ók yfir óbrotna línu, er skilur akreinarnar að, og rakst framan á bifreiðina A sem kom úr gagnstæðri átt.

Ökumaður B kvaðst hafa verið á 20 km hraða og bremsað í því skyni að forða árekstri, líkt og M, en án árangurs. Bremsuför hafi verið jafnlöng eftir báða bílana. Hálka var á veginum. Ökumaður B telur að M hefði getað forðað árekstrinum, hefði hann ekið bifreið sinni upp í snjótroðninga.

M kveðst hafa ekið bifreið sinni eins utarlega og mögulegt var á akrein sinni; alveg utan í kantsteinana, til að forðast árekstur. Bifreið B hafi hins vegar verið komin yfir á rangan vegarhelming og árekstur óhjákvæmilegur.

Álit.

Engum vitnum er til að dreifa og eru ökumenn einir til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans. Óumdeilt er að snjóruðningur hindraði för um akrein B, að hálka var á vettvangi og að óbrotin lína var milli akreina B og A. Óbrotin hindrunarlína milli umferðar í gagnstæðar áttir gefur til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til.

Á afstöðumynd af vettvangi, sem teiknuð er á sameiginlega tjónstilkynningu ökumanna, kemur fram hver staða bifreiðanna var þegar áreksturinn varð. Samkvæmt gögnum málsins er sannað að B var ekið yfir á rangan vegarhelming. Við þessar aðstæður voru yfirborðsmerkingar á veginum illsjáanlegar. Eins og mál þetta liggur fyrir verður þó að draga þá ályktun að ökumaður B hafi ekki gætt nægrar varúðar er hann ók úr hringtorginu umrætt sinn, í hálku og snjó. Ef hindrun er á hluta vegar skal sá ökumaður nema staðar, sem er þeim megin á akbrautinni, sem hindrunin er, sbr. 19. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt þessu bar ökumanni B að nema staðar uns A var kominn fram hjá hindruninni á akrein þess fyrnefnda. Ekki verður séð að M hafi hagað akstri sínum með þeim hætti að sök verði felld á hann. Ökumaður B ber því alla sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík 11. mars 2008

Sigríður Rafnar Pétursdóttir

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 16/2008
M) og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á mótum Strandgötu og Suðurbrautar í Hafnarfirði þ. 8.11.2007

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.2.2008. ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 967/07
3. Tjónaskýrsla dags. 8.11.2007
4. Bréf V-1 dags. 25.2.2008
5. Bréf V-2 dags. 11.2.2008

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B á mótum Strandgötu og Suðurbrautar í Hafnarfirði. Á framhlið tjonstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita er merkt við reit 1 fyrir bifreið B, var lagt/kyrrstæður. Ökumaður A segir að báðar bifreiðarnar hafi verið kyrrstæðar á götuljósum en þegar götuljós sýndu grænt hafi báðar ekið af stað og beygt til vinstri og hafi B ekið fram fyrir A og lent á hægra framhorni A. Ökumaður B segir að B hafi verið kyrrstætt og hafi ökumaður A tekið fram úr kyrrstæðum bifreiðum fyrir aftan og hafi A ekið á B á aftari dekk og felgu vinstra megin.

Álit.

Samkvæmt sameiginlegri tjonstilkynningu segir að bifreið B hafi verið kyrrstæð þegar árekstur varð. Ökumaður B heldur því fram að þannig hafi það verið en ökumaður A segir í lýsingu á árekstrinum að báðar bifreiðarnar hafi verið á ferð. Við mat á sök og sakarskiptingu verður að taka tillit til þess sem báðir ökumenn eru sammála um við útfyllingu tjonstilkynningar og verður því öll sök felld á A sem ók á B kyrrstæða skv framhlið tjonstilkynningar.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 11.3. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 17/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á þjóðvegi nr. 1, Suðurlandsvegi, við vegamót Villingaholtsvegur þann 28.11.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 1.2.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.2.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Vörubifreiðinni A var ekið á eftir bifreiðinni B vestur Suðurlandsveg, en á undan B var ekið dráttarvél. Við vegamót Villingaholtsvegur hugðist ökumaður A aka fram úr ökutækjunum sem á undan fóru. Í sömu svifum beygði ökumaður B til vinstri áleiðis suður Villingaholtsveg. Rákust þá saman hægri hlið A og vinstra framhorn B. Snjóþekja huldi yfirborð vegarins og af þeim sökum sáust ekki yfirborðsmerkingar, þ. á m. um 350 m löng óbrotin miðlína (L11) austan vegamótanna. Myrkur var og slydda og hálka á veginum þegar áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á um 80-90 km hraða á klst. fram úr B sökum þess hversu hægfara henni og dráttarvélinni var ekið. Er hann hafi ekið A upp að hlið B hafi ökumaður B gefið stefnuljós til vinstri og ekið inn í hlið A. Ökumaður A kvaðst hafa hafið framúraksturinn rétt áður en komið var að gatnamótunum. Þá ber hann því við að vegmerkingar hafi ekki sést.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á eftir dráttarvélinni á 15-20 km hraða á klst. og ætlað að beygja til vinstri inn á Villingaholtsveg. Hann hafi gefið stefnumerki og beygt til vinstri yfir á öfugan vegarhelming og hafnað í hlið A, sem hann hafði ekki orðið var við.

Álit.

Á um 350 m löngum kafla austan gatnamótanna er óbrotin miðlína. Slík lína gefur til kynna að hættulegt sé að aka yfir hana og óheimilt nema brýna nauðsyn beri til, sbr. a. lið 23. gr. reglugerðar nr. 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra. Línan sást á hinn bóginn ekki vegna snjóþekju og ekki kemur fram í málgögnum að bann við framúrakstri hafi verið gefið til kynna með umferðarmerki, B33.11 eða B33.21, sbr. 5. gr. rgj. nr. 289/1995. Ekki er vitað um önnur merki við veginn sem gáfu til kynna að gatnamót væru framundan. Hvað sem leið hugsanlegri vitneskju ökumanns B um hina óbrotu miðlínu mátti hann ekki gefa sér að ökumaður, sem á eftir kæmi, vissi um tilvist hennar eins og hér stóð á. Í ljósi þessa bar honum að ganga úr skugga um að hann gæti beygt á vegamótunum án hættu eða óþarfa óþæginda fyrir aðra sem fara í sömu átt og gefa umferð á eftir sérstaklega gaum, sbr. 2. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur og á ökumaður B því nokkra sök á árekstrinum. Ósannað er að ökumaður B hafi vitað af hinni óbrotu miðlínu á veginum. Engin önnur merki voru til staðar við veginn, svo vitað sé, sem gáfu til kynna að framúrakstur væri bannaður. Við svo búið er ekki unnt að virða það ökumanni A sérstaklega til sakar að hafa ekið yfir miðlínuna í því skyni að aka fram úr B. Engu

að síður ók hann á 80-90 km hraða á klst. á hálum veginum í myrkri og slyddu og hugðist aka fram úr tveimur ökutækjum. Hann gaf engin merki, hljóð- eða ljósmerki, um fyrirhugaðan framúrakstur. Ökumaður A ók of hratt miðað við aðstæður og gekk ekki nægilega úr skugga um að unnt væri að aka fram úr án hættu, sbr. 2. mgr. 20. gr. ufl. Verður áreksturinn fyrst og fremst rakinn til þessa. Verður ökumanni A því gefin meginsök á árekstrinum. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta sök þannig að ökumaður A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 11. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 18/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. Bifreiðarinnar vegna kaskótryggingar

Umferðaróhapp þegar bifreið var ekið út á flugbraut í Vestmannaeyjum þ. 3.1.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.2.2008 ásamt ljósmyndum
2. Bréf V dags. 25.2. ásamt tölvupóstsendingum.

Málsatvik.

A ók um Vestmannaeyjar að nóttu til og segist hafa ekið í gegn um opið hlið og verið kominn út á flugbraut þegar vegurinn endaði og hafi hann ekið út á enda flugbrautarinnar og lent þar í lausamöl og hafi A runnið fram af kantinum og hálfu leið niður brekku og farið eina veltu. Ökumaður A telur sig ekki hafa sýnt af sér gáleysi með akstri sínum, ekki hafi verið von á flugumferð og engin skylti sem bönnuðu honum akstur á þeirri leið sem M ók. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á ákvæði í grein 8.3 vátryggingaskilmála vegna kaskjótryggingarinnar en þar segir að félagið bæti ekki tjón sem verði á ökutæki þegar því er ekið þar sem akstur er óheimill vegna opinberra fyrirmæla o.s.frv.

Álit.

Ákvæði greinar 8.3. á við varðandi atvik það sem hér ræðir um og á M því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V þar sem M ók í umrætt sinn um svæði sem óheimilt var að aka um og M mátti vera það ljóst þó svo hann hafi ekki tekið eftir bann- og/eða varúðarskiltum sem eru víða við flugvöllinn.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 11.3. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 19/2008

**M
og
Vátryggingafélagið x v/ húftryggingar bifreiðar.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr húftryggingu bifreiðar vegna umferðaróhapps.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 1.2.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 15.2.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis þann 11.5.2007 ók M bifreið sinni A norður Heydalsveg. Er bifreiðin var komin yfir einbreiða brú á Stampafossgilsá valt hún og skemmdist verulega. M slasaðist við veltuna, en við rannsókn málsins mældist alkóhól í þvagi hans yfir 3,1 prómill og í blóði hans 2,69 prómill.

M kvaðst hafa ekið á 60-70 km hraða á klst. og dregið örlítið úr hraða er hann kom að brúnni, en gefið svo aftur í er hann var kominn yfir hana. Þá hafi hann lent í lausamöl og við það hafi hann misst stjórn á A með þeim afleiðingum að hún lenti utan vegar. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis áður en hann hóf akstur. Við veltuna hafi hann rotast, blætt hafi úr höfði og að auki misst meðvitund einu sinni aftur. Hann hafi ætlað að ganga í átt að veginum en gengið í öfuga átt. Hann kvaðst hafa reynt að matast en kastað öllu upp. Þá hafi hann fundið að hann væri að nýju að missa meðvitund og því lagst niður á milli þúfna með fætur upp í loft. Hann hafi svo staðið upp og verið rennandi blautur þar sem hann hafði lagst í poll á milli þúfnanna. Hann hafi fyllst vonleysi og til að ná úr sér kuldinum hafi hann ákveðið að fá sé vodka úr hálf lítra pela sem hann hafði meðferðis. Við það hressist hann og fannst blóð hætta að drjúpa úr höfðinu og hann hugsa skýrar auk þess sem kuldinn hvarf. Hann kvaðst hafa drukkið úr u.þ.b. hálfum pelanum.

A var húftryggð hjá X og hefur M krafist bóta úr vátryggingunni vegna tjónsins. X hefur á hinn bóginn neitað bótaskyldu.

Álit.

Ekki eru bornar brigður á niðurstöður fyrrgreindra alkóhólsmælinga. Samkvæmt þeim var M óhæfur til að stjórna bifreiðinni, sbr. 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. gr. laga nr. 48/1997 um breyting á þeim. M er einn til frásagnar um áfengisdrykkju sína eftir óhappið og ekkert í gögnum málsins gefur vísbendingu um að sú frásögn eigi við rök að styðjast. Hefur hann sönnunarbyrði um það að hann hafi ekið allsgáður í umrætt sinn. Sú sönnun hefur ekki tekist og telst hann því að lögum hafa verið óhæfur til aksturs sökum ölvunar. Telst það jafnframt orsök þess að hann ók A út af veginum og hún valt. Hefur M þannig valdið slysinu með háttsemi sem metin verður til stórkostlegs gáleysis. Af því leiðir að X losnar úr ábyrgð í heild vegna þess tjóns sem varð á A, sbr. 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr húftryggingu A.

Reykjavík, 11. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 20/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B**

Árekstur í hringtorgi við gatnamót Fífuhvamsvegar og Dalsmára 16.08. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 30.01. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 11.02. 2008, ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Samkvæmt skýrslu lögreglul kvaðst ökumaður B hafa verið í innri hring hringtorgsins og verið að aka út úr því þegar A hafi skyndilega verið ekið í veg fyrir bifreiðina. Haft er eftir ökumanni A í skýrslu lögreglu að hann hafi litið eftir umferð og tekið eftir bifreiðinni B sem hafi ekki verið komin inn í hringtorgið. A kveðst hafa verið kominn inn í innri hring hringtorgsins þegar B hafi verið ekið inn í vinstri hlið A.

Vátryggingafélag B getur þess að B hafi ekið inn í hringtorgið og er að fara út þegar A var ekið inn í hringtorgið og árekstur varð. Félagið telur að A beri ábyrgð á árekstrinum, bifreiðinni hafi verið ekið í veg fyrir B.

M heldur því fram m.a. að A hafi verið á undan inn í hringtorgið.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Telja verður að ökumanni A hafi borið að víkja fyrir B. Ósannað er að A hafi verið ekið á undan inn í hringtorgið.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 11. mars 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 21/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar húseigendatryggingar

Meiðsl gangandi vegfaranda í hálfu þann 28.11. 2006.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 06.02. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.02. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var á leið sinni úr verslun Nóatúns og á leið heim þegar hún datt í porti á svelli sem þar var.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki vera fyrir hendi. Ekki séu svo strangar kröfur gerðar til umráðamanna fasteignar að komið sé í veg fyrir hálfu á svæði þ.e. porti sem er við starfsmannainngang og athafnasvæði flutningabifreiða. Mikill snjór og hálfu hafi verið á vettvangi og voru M aðstæður að fullu ljósar þegar hún valdi sér umrædda leið. Óhappið hafi orðið á leið sem sé fyrst og fremst ætluð sem akleið og athafnasvæði flutningabifreiða.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun í málskotinu sem óþarft er að geta.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð húseigendatryggingar. Hér virðist fyrst og fremst hafa verið um óhapp að ræða en ekki vanrækslu vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða aðstæður sem hann ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaskyldu.

Reykjavík 4. mars 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 22/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v.A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða í Skipholti í Reykjavík þ. 27.4..2007

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.2.2008 ásamt bréfum dags.4.12.2007 og 21.1 og 5.2.2008.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.976/2007
3. Lögregluskýrsla dags. 27.4.2007 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V-1 dags. 14.12.2007 og 14.2.2008.
5. Bréf V-2 dags. 24.4.2007 og 25.2.2008.
6. Reikningar.

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu segir að þegar ökumaður A hafi verið að leggja bifreiðinni í bifreiðastæði þegar B hafi komið akandi vestur Skipholt. Ökumaður A segist hafa þurft að bakka A og aka henni síðan aftur áfram í bifreiðastæðinu og hafi hún ekki gert sér grein fyrir því hvort hún hafi bakkað út í Skipholtið og á B eða hvort B hafi ekið á A en veitt því athygli eftir áreksturinn að A var alfarið í bifreiðastæðinu. Ökumaður B segist hafa ekið vestur Skipholt og skyndilega fundið högg á hægri hlið B og séð hvar A var bakkað í hægri hlið B. Ökumaður B segist hafa ekið nálægt bifreiðastæðunum en verið alveg á akreininni.

Álit.

Árekstur varð með A og B þar sem B ók eftir Skipholti en A var að bakka og taka áfram og var A ekið inn í eða lenti í hlið B. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi ekið með þeim hætti að sök verði felld á hann. Ökumaður A ber alla sök en henni bar að sýna sérstaka varúð þegar hún bakkaði B í umrætt sinn en þess gætti hún ekki nægjanlega vel.

Niðurstaða.

Ökumaður A (NJ-063) ber alla sök.

Reykjavík 11.3. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 23/2008

M og

Vátryggingafélagið V vegna fasteignatryggingar húsfélags.

Tjón á bifreið þegar hurð bifreiðageymslu lokaðist á bifreiðina þ.17.4.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.2.2008. ásamt bréfi og gögnum lögreglu.
2. Bréf V dags. 23.2.2008
3. Lögregluskýrsla dags.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni inn í bifreiðageymslu við heimili sitt en hurðin á bifreiðageymslunni lokaðist á bifreiðina og varð hún fyrir tjóni. M segir að annarri bifreið hafi verið ekið inn í bifreiðageymsluna á undan sér og taldi M að ökumaður fyrri bifreiðar heði lokað hurðinni strax með fjarstýringu en því hafnaði ökumaðurinn. Lögreglurannsókn fór fram í málinu sem syndi ekki fram á sök ökumannsins sem fyrr ók inn í bifreiðageymsluna. M krefst í máli þessu bóta úr fasteignatryggingu húsfélagsins og telur að um vanbúnað hafi verið að ræða t.d. hafi ekki verið neinn skynjaraútbúnaður til að koma í veg fyrir óhapp sem þetta. Þá telur M aðhann hafi ekki getað komið í veg fyrir óhappið og bendir einnig á að eftir þetta óhapp hafi húsfélagið látið setja fótósellu við dyrnar til að koma í veg fyrir að svona slys endurtækju sig. V hafnar bótaábyrgð úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar húsfélagsins þar sem ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi, mistök, vanrækslu eða önnur atvik sem leiði til bótaskyldu vátryggingataka og telur V að tjónið verði fyrst og fremst rakið til askurslags M sjálfs.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á vanbúnað eða atvik sem leitt geti til bótaskyldu húsfélagsins sem um ræðir í máli þessu og á M því ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar húsfélagsins hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fasteignatryggingar húsfélagsins hjá V.

Reykjavík 11.3. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 24/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.

Árekstur á bílastæði við Landspítalann við Hringbraut þann 14.1.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 11.2.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 25.2.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið eftir akleidd á bifreiðastæði við Landspítalann við Hringbraut. Í sömu andrá hugðist ökumaður bifreiðarinnar B laga bifreiðina til í stöðureit hægra megin við akstursstefnu A. Rákust þá saman hægri hlið A og afturstuðari B.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á litlum hraða er B, sem hafi veri í stæði, hafi verið bakkað á A þannig að öll hægri hlið A hafi skrapast.

Ökumaður B kvaðst hafa lagt í stæði við Landspítalann. Hann hafi ætlað að laga bílinn til í stæðinu, er tvær bifreiðir hafi komið frá hægri. Hann hafi beðið eftir að bifreiðirnar færu hjá, en seinni bifreiðin, A, hafi verið of utarlega þannig að hægri hlið A hafi stökist við afturstuðara B.

Álit.

Ökumaður A staðhæfir að B hafi verið ekið aftur á bak. Þá er óumdeilt að ökumaður B ætlaði að laga bifreiðina til í bifreiðastæðinu. Ekki þykir unnt að byggja á þeirri skýringu ökumanns B að áreksturinn hafi hlotist sökum þess að A hafi verið ekið of utarlega. Eins og hér stóð á hefur ökumaður B sönnunarbyrðina um það að hann hafi ekki bakkað bifreið sinni í veg fyrir A og þannig valdið árekstrinum. Samkvæmt gögnum málsins hefur sú sönnun ekki tekist. Verður ökumanni B því gefin sök á árekstrinum. Ósannað er að ökumaður A eigi sök á því hvernig fór.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 11. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 25/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B**

Árekstur á bifreiðastæði við verslun Hagkaupa í Smáralind 23.12. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 12.02. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 15.02. 2008, ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Samkvæmt framhlið tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn undirrita, var A kyrrstæð og B að aka út frá bílastæði.

Ökumaður B kveðst ekki hafa skilið framhlið tjónstilkynningar á þann veg að hann hafi verið að staðfesta með undirritun sinni að A hafi verið kyrrstæður.

Vátryggingafélag A telur að leggja skuli sameiginlega tjónstilkynningu til grundvallar. Það telur að bifreið A hafi verið kyrrstæð og að B hafi ekið á hana er hann ók út frá bílastæði.

Vátryggingafélag B hefur ekki upplýst nefndina um afstöðu sína.

M og ökumaður bifreiðarinnar telja að hin sameiginlega tjónstilkynning sé röng. Ökumaður B telur að A hafi verið bakkað úr stæði í vinstri hlið B sbr. nánar frásögn hans.

M lætur þess getið í málskotinu að ákoman sé á vinstri hlið B en ekki að framan. Hún staðfesti að A hafi verið ekið á B. Þá kemur og fram að “ef sú staðreynd liggur ekki í augum uppi, óska ég eftir því að umbj. mínum verði gefinn kostur á að afla og leggja fyrir nefndina álit sérfróðs aðila þar að lútandi”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka utan í vinstra afturhorn B. Eins og mál þetta er lagt fyrir verður sameiginleg tjónstilkynning ökumanna lögð til grundvallar við afgreiðslu máls þessa.

Ekki er tiltefni til að leggja ábyrgð á ökumann A miðað við gögn máls þessa.

Ekki er unnt að fallast á þá afstöðu sem fram kemur hjá M að ljósmyndir staðfesti að A hafi verið ekið á B. Vegna þessa er ekki tilefni til að fresta afgreiðslu málsins.

Velji M þann kost að leggja fram fyllri gögn mun nefndin meta hvort skilyrði sé fyrir endurupptöku samkvæmt samþykktum nefndarinnar.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 11. mars 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 26/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar T

Maður missti tak á stiga þegar hann var að fara upp úr lest og slasaðist þ. 11.5.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.2.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 817/07
3. Bréf lögmanns M dags. 5.2.2008 ásamt umboði og bréfi dags. 26.9.2007 og vottorðum
4. Tilkynning til Vinnueftirlitsins dags. 7.6.2007
5. Skýrsla Vinnueftirlitsins dags. 11.7.2007 ásamt ljósmyndum.
6. Bréf V dags. 9.10.2007

Málsatvik.

M var verkstjóri hjá löndunarfyrirtækinu T og var að vinna við löndun í lest og þegar hann var að fara upp úr lestinni, upp lóðréttan stiga missti hann takið og fell um 8 metra niður á lestargólf og slasaðist. Í skýslu Vinnueftirlitsins segir að M hafi fallið 7-8 metra og engar bakvarnir séu á stiganum sem M féll úr og þeirra er ekki krafist í lestarstigum eldri skipa eins og það er orðað í skýrslu Vinnueftirlitsins. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu löndunarfyrirtækisins hjá V og bendir á að í dag séu gerðar kröfur um fallvarnir úr stigum eins og þeim sem um ræðir í málinu þó þess hafi ekki verið krafist um stiga í jafngömlum skipum og því sem verið var að landa úr þá bendir lögmaðurinn á kröfur sem Vinnueftirlitið hafi gert varðandi úrbætur í málinu. Þá bendir lögmaðurinn á 37.gr laga nr. 46/1980 sbr. 13.gr sömu laga, lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. V hafnar bótaskyldu og bendir á að löndunarfyrirtækið eigi ekki það skip sem verið var að landa úr og hafi ekkert með útbúnað þess að gera og því sé ekki forsendur til að leggja skaðabótaábyrgð á félagið vegna skorst á fallvörnum. Þá bendir V á að M sé verkstjóri og telur V að það hafi verið í hans verkahring að gera athugasemdir við aðstæður um borð hefði hann talið þær ófullnægjandi.

Álit.

Stigi sá sem um ræðir og notaður er til að fara upp úr lestinni og niður í hana er lóðréttur og engin sérstök tók þegar komið er upp og engar fallvarnir. Þessi umbúnaður er ófullnægjandi og ekki í samræmi við eðlilegar kröfur um öryggi þeirra sem þurfa að nota umræddan stiga. Í 37. gr laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum segir svo " Vinnu skal haga og framkvæma þannig, að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta. Fylgja skal viðurkenndum stöðlum, ákvæðum laga og reglugerða, svo og fyrirmælum Vinnueftirlits ríkisins, að því er varðar aðbúnað, hollustuhætti og öryggi." Ljóst er að nefndur stigi fullnægir ekki ákvæðum ofangreindrar 37.gr. laganna. Fyllsta öryggis var ekki gætt og veruleg áhætta tekin með því að láta starfsmenn starfa við þær aðstæður að þurfa að nota stigan til að fara upp úr tómrí lest. Af þeim sökum verður á það fallist með M að T hafi ekki gætt ákvæða 37.gr. við framkvæmd vinnunnar og vanrækt að gera viðunandi ráðstafanir til að draga úr slyshættu við notkun stigans. Af þeim sökum ber T ábyrgð á slysi M. Fram hjá því verður þó ekki litið að M var verkstjóri og vanur löndunarvinnu og þykir hann því eiga töluverða sök á því að ekki voru gerðar fyrirfarandi ráðstafanir og ekki gætt nægjanlegrar varúðar. Rétt þykir því að M beri helming tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu T hjá V en ber helming tjóns síns vegna eigin sakar.

Reykjavík 11.3. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 27/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.

Árestur á Sæbraut í Reykjavík austan við bensínstöð OLÍS þann 15.1.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 12.2.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 25.2.2008.

Málsatvik.

Bifreiðunum A) og B var ekið eftir Sæbraut og var A ekið á vinstri akrein og B á hægri akrein. Vegna kyrrstæðrar lögreglubifreiðar á hægri akrein sveigði ökumaður B yfir á vinstri akrein. Rákust þá saman framanverð hægri hlið A og aftanverð vinstri hlið B. Myrkur var og snjócoma þegar áresturinn varð og ísing og mikil hálka mun hafa verið á akbrautinni.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 20-30 km hraða á klst. B hafi verið beygt til vinstri vegna lögreglubifreiðarinnar í veg fyrir A. Hann hafi hemlað strax en vegna mikilla hálku hafi bifreiðin hemlað lítið.

Ökumaður A kvaðst hafa ekið á 20-30 km hraða á klst. Vegna lögreglubifreiðarinnar, sem kyrrstæð var framundan á hægri akrein, hafi hann beygt til vinstri. Hafi hann gefið stefnumerki og elt bifreið sem ekið var undan honum. Hann hafi ekki tekið eftir A fyrir en hún lenti á B.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að ökumaður B beygði af hægri akrein yfir á þá vinstri í veg fyrir A. Hann vissi ekki af ferðum B fyrir en árestur varð. Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann skiptir um akrein, ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Á þessu varð misbrestur hjá ökumanni B. Hann ber því sök á áreststrinum. Ósannað er að ökumaður A hafi ekið hraðar en heimilt var og aðstæður leyfðu eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði lögð sök.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 11. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 28/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar seljanda (A)

Ágreiningur vegna sölu Drápuhlíðar 15 á árinu 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 15.02. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 20.02. 2008, ásamt fylgiskjölum

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli að þeir gallar sem krafist er bóta fyrir rýri ekki verðmæti fasteignarinnar svo nemi í skilningi laga nr. 40/2002 um fasteignakaup. Eins telur félagið að ekki verði lagt til grundvallar að seljendur hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í skilningi 18. gr. nefndra laga sbr. nánar fyrirliggjandi gögn máls þessa.

M telja bótaábyrgð fyrir hendi sbr. þá röksemdafærslu sem fram kemur í málskotinu og gögnum máls þessa. M vísa til 27. gr. nefndra laga þessa efnis að fasteign sé gölluð ef hún er ekki í samræmi við upplýsingar sem seljandi eða þeir sem koma fram fyrir hans hönd hafa veitt kaupanda. Þau telja og að skilyrði síðari málsliðar 18. gr. sömu laga um saknæma háttsemi seljanda séu uppfyllt.

M vísa m.a. til þess að á söluþinginu fyrir eignina komi fram að pípulagnir, dren og rafmagn hafi verið endurnýjað að miklu leyti. Seljendur hafi staðfest réttmæti þessa með undirritun sinni. Jafnframt er getið samskipta kaupenda og seljenda þ.á m. að seljandi hafi látið þess getið að frárennslislagnir hafi verið myndaðar árið 2004 og að á því myndbandi hefði komið fram að lagnirnar væru í lagi sbr. nánar fyrirliggjandi gögn sem óþarft er að rekja.

M fengu eignina afhenta í mars 2007, í maí 2007 varð fyrst vart við húsamaura á baðherbergi íbúðarinnar. Þetta olli því að flytja þurfti úr íbúðinni þann 10. maí 2007.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um samskipti aðila. Þau er óþarft að rekja í þessari umfjöllun.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga um fasteignakaup telst fasteign gölluð ef hún er ekki í samræmi við upplýsingar sem seljandi, eða þeir sem koma fram fyrir hans hönd, hafa veitt kaupanda. Hið sama á við ef fasteignin er ekki í samræmi við upplýsingar sem veittar eru í auglýsingum, söluþinginu eða öðrum sölu- eða kynningargögnum um hana. Samkvæmt 2. mgr. 27. gr. á ákvæði 1. mgr. þó aðeins við ef upplýsingar hafa haft áhrif á gerð eða efni kaupsamnings og þær eru ekki skýrlega leiðréttar í tæka tíð.

Samkvæmt 18. gr. nefndra laga telst fasteign gölluð ef hún stenst ekki þær kröfur um gæði, búnað og annað sem leiðir af lögnum og kaupsamningi. Notuð fasteign telst þó ekki gölluð, nema á gallinn rýri verðmæti hennar svo nokkru varði eða seljandi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi.

Fyrirliggjandi söluþinglit lætur þess getið varðandi endurbætur að “sögn eigenda hafa ‘pípulagnir, dren og rafmagn verið endurnýjað að miklu leyti’”.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum verður að telja að seljandi hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við sölu eignarinnar sbr. nefnda 18. gr. Umrætt söluþinglit verður ekki skýrt á annan veg en þann að endurbætur hafi átt sér stað á umræddum lögnum og að kaupandi hafi mátt treysta því. Þessa var ekki gætt og því er bótaábyrgð fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir vegna saknæmrar háttsemi seljanda.

Reykjavík 18. mars 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 29/2008

M

og

Vátryggingafélagið V v. starfsábyrgðartryggingar lögmans (L)

Krafa um greiðslu bóta úr starfsábyrgðartryggingu lögmans vegna bótamáls sem talið var fyrnt, tjónsdagur 25.11.1999.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 15.2.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-9
2. Bréf V dags. 20.2.2008. og 13.12.2007.

Málsatvik.

M lenti í bílslysi 25.11.1999 og leitaði til lögmansins L til að gæta hagsmuna sinna vegna slyssins. M fór í örorkumat og lá niðurstaða matsins fyrir 20. apríl 2001 og var varanlegur miski metinn 5% og varanleg örorka 5%. M var ósátt við niðurstöðu matsins og var óskað eftir nýju læknisvottorði sem M leysti ekki út vegna fjárhagsvandráða. L sendi M bréf þ. 24.2.2002 og talar um að langt sé síðan hann hafi heyrt í M og fjallar um kostnað við nýtt mat í bréfinu. L sendir M annað bréf þ. 29.9.2004, þar sem hann segist hafa sent M bréf tveim arum áður og spurt hana hvort hún ætlaði ekki að fara að ganga frá slysamáli sínu og bendir á að 4 ár séu liðin og þrjú ár frá því að örorkumatið hafi verið gert. Í lok bréfs L segir “Ég vona að þú skoðir þetta og látir mig vita hvað þú hyggst fyrir.” Af hálfu vátryggingafélags þess sem var bótaskyldt gagnvart M er því haldið fram að tjón M hafi fyrnt þ. 1.1.2005 þar sem að fyrningarfræstur hafi byrjað að líða þ. 1.1.2001. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu L hjá V þar sem málið hafi fyrnt í höndum L. og sé L bótaskyldur samkvæmt almennu skaðabótareglunni. Af hálfu M er vísað til 18. gr. laga um lögmenn nr. 77/1998. Þá er á það bent af hálfu M að hvergi hafi verið á það minnst í bréfum L að málið væri að fyrnast. V hafnar bótaskyldu og bendir á að skv því sem L upplýsi þá hafi hann rætt nokkrum sinnum við M til að fá hana til að klára málið en það hefði ekki gerst. Þ. 1. 11. 2001 hafi L fengið lænisvottorð fyrir M en M ekki fengist til að greiða fyrir það. Af hálfu L er því haldið fram að L hafi gert allt sem í hans valdi stóð til að gæta hagsmuna L en hann hafi ekki getað neytt hana til að þiggja aðstoð sína. Þá bendir V á orðalag umboðs M til L og telur að L hafi ekki getað gengið frá samningi fyrir hönd M án samþykkis hennar. Þá er því haldið fram af hálfu M að hann hafi ítrekað beðið M um að klára málið og upplýst hana um afleiðingar þess að það yrði ekki gert.

Álit.

Í málinu liggur fyrir að L hvetur M ítrekað til að ganga frá bótamáli sínu. Þá liggur líka fyrir að M sinni ekki að greiða kostnað vegna læknisvottorðs sem hafði verið aflað vegna þess að M var ósátt við örorkumat sem lá fyrir í máli hennar. Ekki verða færðar sönnur á munnleg samskipti M og L en af þeim gögnum sem fyrir liggja þá reynir L ítrekað að fá M til að ljúka málinu en M virðist ekki hafa gert neinn reka að eða gert neitt til að fara að ítrekuðum tilmælum lögmans síns. Við þær aðstæður miðað við fyrirliggjandi gögn verður L ekki talinn hafa brotið gegn skyldum sínum í umrætt sinn gagnvart M og á M því ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 18.3. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 30/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (A)

Skemmdir á hestúsi að Dreyravöllum Garðabæ í janúar 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 21.02. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 07.03. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn eru mjög takmörkuð, en þau upplýsa þó um afstöðu aðila. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að M hafi ekki sýnt fram á í hverju hin bótaskylda háttsemi bæjarins hafi falist. Skýring þess að veggir húss héldu ekki vatni sé sú að vegna óvenjumikillar rigningartíðar hafi jarðvatnsyfirborð verið hærra en áður hefur sést. Ekkert í gögnum málsins gefi tilefni til að ætla að tjónið sé að rekja til framkvæmda á vegum bæjarins við lagningu nýrrar aðalvatnslagnar. Af fyrirliggjandi gögnum verði ekki ráðið að um saknæma háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans sé að ræða eða að tjónið verði rakið til annarra atvika eða aðstæðna sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á. M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi, hann telur að rekja megi tjónið til framkvæmda á vegum bæjarins.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 18. mars 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 31/2008

M

og

Vátryggingafélagið V v Al- kaskó bifreiðarinnar A

Umferðaróhapp þegar ökumaður sveigði frá annarri bifreið þ. 11.11.2007

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 25.2.2008 ásamt greinargerð
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 939/08
3. Tjónstilkynning dags. 11.11.2007
4. Bréf V dags. 5.12.2007 og 5.3.2008.

Málsatvik.

Ökumaður A sgeist hafa ekið Reykjanesbraut til vesturs á eftir annarri bifreið en sú bifreið hafi numið staðar skyndilega og byrjað að bakka og segist ökumaður A hafa beygt til vinstri til að koma í veg fyrir árekstur og stórslys, en þá hafi töluvert magn af saltpækli runnið á götuna og til að velta ekki bílnum hafi hann beygt bílnum til hægri en við það hafi bíllinn skollið niður og fjaðrablöð brotnað. M er með A í alkaskó hjá V og krefst bóta en V hafnar bótaskyldu.

Álit.

Afar takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir í málinu. Í 4.gr. skilmála fyrir Al-kaskó tryggingar hjá V kemur fram hvað tryggingin bætir. Það tjón sem um ræðir í máli þessu er ekki bótaskyldt skv. 4.gr. vátryggingaskilmála V fyrir Al-kaskó. M á því ekki rétt á bótum úr Al-kaskó tryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr Al-kaskó tryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 18.3. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 32/2008

**Ú
og
X hf. vegna A og
Y hf. vegna B**

Árekstur á Meltröð, Kópavogi 23. janúar 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið 26. febrúar 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvubréf X hf. dags. 7. mars 2008.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að bifreiðin A ók eftir Meltröð í Kópavogi. Bifreiðin B ók eftir Hávegi og beygði inn á Meltröðina í gagnstæða átt við akstursstefnu A. Í þann mund sem A nálgadist gatnamótin þurfti ökumaðurinn að sveigja bifreiðinni nær miðlínu götu vegna bifreiðar sem var ólöglega lagt að hluta á hægri vegarhelmingi. Svo virðist sem ökumaður B snarhemli bifreiðinni við það að sjá ökumann A þurfa beygja bifreið sinni aðeins til vinstri með þeim afleiðingum að B rennur á A. Tryggingafélag A telur að ökumaður B beri alla sök..

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að B hafi runnið á A. B ber alla sök.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík, 18. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 33/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur við mætingu bifreiða á Suðrhólum í sveitarfélaginu Árborg 25.01. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 27.02. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 07.03. 2008.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 07.03. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreiðunum var ekið á móti hvor annarri í mikilli ófærð.

Haft er eftir ökumanni A í frumskýrslu lögreglu að hann hafi verið að aka austur Suðrhóla á 15-20 km/hraða. Hann hafi mætt bifreiðinni B en “sökum þess hvað það var þungfært af snjó, einungis búið að ryðja snjó í eina átt, rann afturhluti bifreiðar hans utan í bifreið úr gagnstæðri átt”. Haft er eftir ökumanni B að hann hafi verið á 15-20 km/klst. Hann hafi mætt A en “er bifreiðin hafði verið komin upp að hlið bifreiðar hans hafði afturhluti bifreiðarinnar farið utan í bifreið hans.”

M gerir athugasemd við frumskýrslu lögreglu. Hann kveðst ekki hafa sagt að “bifreið hans hafi runnið utan í” B “það hefðu verið orð” ökumanns B.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa verður frumskýrsla lögreglu lögð til grundvallar.

Með hliðsjón af framanrituðu ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að missa stjórn á bifreið sinni þannig að hún rann utan í B við mætingu bifreiðanna.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við gögn máls þessa.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 18. mars 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 38/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns á farmi er tengivagn valt þann 26.10.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 3.3.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 14.3.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðin A með eftirvagninn B var fenginn á athafnasvæði M til að sækja þangað svokallað gámafleti sem lestað var með 23 brettum af hellum, um 25 tonn. B var svokallaður festivagn búinn sérstökum krönnum til að hífa gáma eða gámafleti upp á vagninn. Í málskoti kemur fram að stjórnandi A hafi hífð fletið of hátt og út fyrir öryggisstífur hægra megin með þeim afleiðingum að bíllinn ásamt eftirvagninum fór á vinstri hliðina og farmur í eigu M eyðilagðist. B mun hafa verið í eigu annars aðila en eiganda A.

M hefur krafist bóta vegna tjóns á farminum úr ábyrgðartryggingu A sem var vátryggð hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu með þeim rökum að ábyrgðartrygging A taki ekki til tjónsins.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1988 skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Ábyrgðarmaður dráttartækis er skaðabótaskyldur ef tjón hlýst af þegar skráningarskylt vélknúð ökutæki dregur annað ökutæki. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar má lækka bætur fyrir tjón á munum eða fella niður ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi.

Í málinu virðist ekki um það deilt að í umrætt sinn var unnið við að hífa fletið beint upp á B í því skyni að flytja farminn með A. Kranarnir á B, sem notaðir voru við hífinguna, voru tengdir aflvél A. Var þannig gagngert verið að ferma A sem skráningarskylt vélknúð ökutæki þegar óhappið varð. Við þessar aðstæður verður að líta svo á að B hafi verið hluti af A, enda var A það vélknúna ökutæki sem dró B. Í þessu sambandi getur ekki skipt máli hvernig eignarhaldi á B var háttað eða hann hafi verið tryggður hjá öðru vátryggingarfélagi. Þá getur heldur ekki skipt máli í þessu sambandi þótt hugsanlega hafi verið mögulegt að koma fyrir sérstökum vélbúnaði á B til að knýja krana þá sem á honum voru. Meginmáli skiptir að í umræddu tilviki var unnið við feringu A og til þess voru notaðir kranar sem drifnir voru af aflvél A. Tjónið hlaust því af notkun A og af þeim sökum fellur tjónið undir fyrrgreinda sérreglu 1. mgr. 88. gr. ufl. Ekkert í gögnum málsins bendir til að M sé meðvaldur að tjóninu. Á hann því óskertan bótarétt úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskylt úr ábyrgðartryggingu A, hjá X.

Reykjavík, 26. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 34/2008

M og

Vátryggingafélagið V-1 v.A og

Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Hlíðarbraut á Akureyri þ. 27.1.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.2.2008.
2. Niðurstaða tónanefndar nr. 122/08
3. Lögregluskýrsla dags. 27.1.2008
4. Bréf frá V2 dags. 13.2. og 10.3.2008
5. Bréf frá V1 dags. 13.2. og 7.3. 2008.

Málsatvik.

A var ekið austur Hlíðarbraut með fyrirhugaða akstursstefnu til hægri suður Smárahlíð og B ók norður Smárahlíð með fyrirhugaðri akstursstefnu til vinstri vestur Hlíðarbraut. Biðskylda er á Smárahlíð fyrir umferð um Hlíðarbraut. Þegar A kom inn á gatnamótin hætti hann við að taka beygjuna suður Smárahlíð og lenti þá á B þar sem ökumaður B var byrjaður að beygja vestur Hlíðarbraut. Hægra framhorn A lenti í vinstri hlið B framan við vinstra framhjól. Ökumaður A segist hafa ætlað að beygja til hægri suður Smárahlíð og hafa gefið stefnuljós til hægri þegar hann nálgæðist gatnamótin auk þess sem hann hafi dregið verulega úr hraða. Ökumaður A segir að þegar hann var kominn inn á gatnamótin og í þann mund sem hann eigi að byrja að beygja til hægri hafi hann hætti við að taka beygjuna sökum hálfu og þá lent á B. Ökumaður B segist hafa stöðvað B við gatnamótin og litið eftir umferð og séð að stefnuljós loguðu á A og ökumaður hafi dregið úr ferð þegar hann nálgæðist gatnamótin og hafi hann því talið í lagi að aka af stað út á gatnamótin með vinstri beygju í huga og hafi hann gert það en ekki vitað fyrir en A hafi lent á B.

Álit.

Í umrætt sinn gaf ökumaður A stefnumerki til hægri og hægði á ferð sinni. Ökumaður A segir í framburði sínum hjá lögreglu að hann hafi ætlað að beygja til hægri en hætt við það vegna hálfu á gatnamótunum. Svo virðist sem ökumaður A hætti við að beygja þegar hann er nánast byrjaður að beygja. Hér var um óvæntan og ólíklegan akstursmáta að ræða sem ökumaður B gat ekki varast. Eins og hér háttar til verður áreksturinn ekki rakinn til þess að biðskylda var ekki virt heldur til þess óvenjulega og varasama aksturslags ökumanns A. A ber því alla sök.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 18.3. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 35/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.

Árekstur á gatnamótum Glerárgötu og Þórunnarstrætis á Akureyri þann 17.1.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 28.2.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 10.3.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið til vesturs frá verslunargötu austan Glerárgötu og inn á Glerárgötu með fyrirhugaða akstursstefnu vestur Þórunnarstræti. Þá var bifreiðinni B ekið norður Glerárgötu áleiðis yfir gatnamótin. Varð þá árekstur með bifreiðunum.

Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað við gatnamótin gegnt rauðu ljósi, en ekið af stað er hann taldi að grænt ljós hefði kviknað fyrir akstursstefnu sína. Hann kvaðst ekki geta fulllyrt að grænt ljós hafi logað, en taldi samt að svo hafi verið. Í sérstakri greinargerð kvaðst ökumaðurinn hafa verið hálf ringlaður eftir atvikið og til að byrja með ekki hafa verið viss um hvað hafi gerst. Við nánari umhugsun og upprifjun kvað hann ekki vafa í huga sér að grænt ljós hafi logað er hann ók af stað.

Í vettvangsskýrslu lögreglu er haft eftir ökumanni B að hann hafi ekið norður Glerárgötu í röð bifreiða og elt þær yfir gatnamótin. Taldi hann grænt ljós hafa logað fyrir sína akstursstefnu. Í síðari skýrslu hjá lögreglu kvaðst hann vera 100% viss um að grænt ljós hefði logað fyrir hans akstursstefnu er hann ók inn á gatnamótin.

D kvaðst hafa verið farþegi í B. Hann kvaðst vera alveg viss um að grænt ljós hafi logað fyrir akstursstefnu B, er henni var ekið inn á gatnamótin.

Vitni, sem ekki vildi láta nafns síns getið, kvaðst hafa séð A kyrrstæða við gatnamót Glerárgötu. Henni hafi verið ekið af stað er grænt ljós kviknaði fyrir akstursstefnu hennar. Kvað vitnið ljóst að B hafi verið ekið inn á gatnamótin andspænis rauðu ljósi.

Álit.

Báðir ökumenn telja sig hafa ekið inn á gatnamótin andspænis grænu ljósi. Tvö vitni, annað farþegi í B og hitt sem ekki vildi láta nafns síns getið, bera hvort á sinn veg um stöðu ljósanna. Framburður þeirra getur ekki haft nein áhrif á úrslit málsins. Eins og málið liggur fyrir er ósannað hver staða umferðarljósanna var, þegar bifreiðunum var ekið inn á gatnamótin. Verður því ekki hjá því komist að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 18. mars 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 39/2008

M og

Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar byggingarstjóra

Krafa um bætur úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra þ.26.4.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.3.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-11.
2. Bréf V dags. 11.2.2008.

Málsatvik.

Lögmaður M segir málsatvik vera þau að byggingarstjóri húss M hafi pantað glugga í allt húsið í apríl 2007 en komið hafi í ljós við ísetningu gluggana að stór hluti þeirra og þeir dýrustu hafi ekki staðist staðlaðar álagskröfur auk þess sem glerið hefði ekki staðist kröfur. M byggir á því að um sagnæma vanrækslu byggingarstjóra sé að ræða. Af hálfu M er lagt fram alit Kristmanns Magnússonar byggingartæknifræðings og þar segir “Það er nokkuð ljóst að þessir gluggar standast ekki staðlaðar álagskröfur og er það mat undirritaðs að skipta verði um þessa tvo glugga...” V hafnar bótaskyldu og segir að hugsanlega hafi rangir gluggar og gler verið pantað eða fyrirtækið sem seldi afhent ófullnægjandi vöru, en bygging sú sem um ræðir sé byggð í samræmi við samþykka upprætti lög og reglur og því komi ekki til þess að reyni á starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra.

Álit.

Í málinu hefur ekki verið lögð fram lögfull sönnun um að M hafi orðið fyrir tjóni og umfangi þess. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu byggingarstjóra hjá V.

Reykjavík 3.4. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 36/2008
M og
Vátryggingafélagið (V) v. A og B

**Árekstur bifreiða á gatnamótum Freyvangs og Þingskála á Hellu Rangárvallasýslu þ.
24.1.2008 .**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29.2.2008.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 135/08
3. Lögregluskýrsla dags. 24.1.2008 ásamt ljósmyndum og uppdrætti
4. Bréf V dags. 18.2.2008 ásamt

Málsatvik.

Árekstur varð milli A og B á gatnamótum Freyvangs og Þingskála á Hellu, Rangárvallasýslu. Ökumaður A segist hafa ekið Freyvang til norðurs og tekið beygju til vinstri inn Þingskála en þá hafi B komið á móti og hafi ökumaður A bremsað og bifreiðin verið kyrrstæð þegar B lenti á A. Ökumaður B segir í lögregluskýrslu að hann hafi ekið Þingskála til austurs og verið að þurrka hliðarrúðuna bílstjóramegin og þegar hann leit fram fyrir sig hafi hann séð A fyrir framan sig í beygjunni og hafi bifreiðin verið á hreyfingu þegar hann hafi séð hana en kyrrstæð þegar árekstur varð en hann sjálfur á 10-15 km. hraða. Ökumaður B segir í greinargerð að A hafi verið á röngum vegarhelmingi en A á réttum og verið auk þess töluvert frá gatnamótunum þegar árekstur varð.

Álit.

Af öllum gögnum málsins og framburði ökumanna virtum þá verður ekki annað séð en að A hafi tekið of þrönga beygju í umrætt sinn en ökumaður B hafi ekki haft fulla aðgát við aksturinn auk þess sem honum bar að víkja fyrir umferð frá hægri. Eðlilegt þykir miðað við aðstæður að hvor aðili beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 3.4. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 37/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/fasteignatryggingar**

Tjón á fasteign af völdum myglusvepps í september 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 03.03. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.03. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ekki sé hægt að telja að upptök tjóns séu innan veggja hússins. Leiða megi að því líkum að myglusveppur hafi verið að myndast á löngum tíma og að orsakavaldurinn sé ekki meintur leki úr lögnum hússins heldur grunnvatn sbr. nánar umfjöllun félagsins í nefndu bréfi, dags. 10.10. 2007. Félagið telur orsakir tjónsins ósannaðar. Orsök tjónsins sé “uppsöfnun utanaðkomandi jarðvegsvatns”. Samkvæmt vátryggingaskilmálum félagsins bætir vátryggingin ekki tjón vegna utanaðkomandi vatns svo sem grunnvatns sbr. nánar grein 19.2. M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi. Hann vísar til þess að húsið sé óíbúðarhæft sökum, myglusvepps, sem hann telur sig vátryggðan gegn sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á bótaábyrgð samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Þeirri afstöðu vátryggingafélagsins um að rekja megi tjónið til uppsafnaðs utanaðkomandi jarðvegsvatns hefur ekki verið hnekkt.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 26. mars 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 40/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Nýbýlavegi í Kópavogi þ. 7.2.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.3.2008
2. Tjónaskýrsla dags. 7.2.2008
3. Bréf viðkomandi vátryggingafélaga dags. 25.3.2008.

Málsatvik.

Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita kemur fram að bifreiðarnar A og B hafi ekið vestur Nýbýlaveg í sömu átt en á sitthvorri akrein en A hafi skipt um akrein og beygt til vinstri og árekstur orðið. Ökumaður A segist hafa ekið á vinstri akrein en erfitt hafi verið að sjá götulínur vegna þess að mikill snjór hafi verið. Ökumaður A segist hafa hægt á sér og undibúið sig undir að taka U beygju þegar B sem ekið hafi í sömu átt hafi verið komin vinstra megin við sigog þar hafi bílarnir skolið saman. Ökumaður A segist hafa verið í geðshræringu og furðu lostin eftir áreksturinn en hún muni að hafa ekið beint áfram en ekki beygt óháð því sem segir í tjónstilkynningu, en ökumaður gerir grein fyrir af hverju tjónstilkynning sé með þeim hætti sem hún er.

Álit.

Leggja verður sameiginlega tjónstilkynningu sem báðir ökumenn undirrita til grundvallar í máli þessu. Engin rök eða gögn liggja fyrir sem réttlætt geta að vika eigi henni til hliðar. Samkvæmt sameiginlegri tjónstilkynningu beygir A í veg fyrir B og ber A því alla sök.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 3.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 41/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ vörubifreiðarinnar B.

Tjón á fólksbifreið af völdum malar sem fauk af vörubílspalli þann 13.10.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 10.3.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 18.3.2008.
3. Bréf Y, dags. 25.3.2008.
4. Bréf eiganda B, dags. 26.3.2008.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið norður þjóðveg nr. 1, Vesturlandsveg, til móts við bæinn Skipanes. Kom þá á móti vörubifreið hlaðin mól. Er bifreiðirnar mættust kom vindhviða þannig að mól og sandur fauk af palli vörubifreiðarinnar og yfir A og olli skemmdum á henni.

Ökumaður A kvaðst ekki hafa séð skráningarnúmer vörubifreiðarinnar og ekki geta lýst henni nánar en þetta hafi verið ljóslit vörubifreið með hvítum palli.

Ökumaður, sem ók á eftir A umrætt sinn, kvaðst hafa mætt þarna ljóslitri Scania vörubifreið og mól og sandur hefði kastast yfir bifreið hans og valdið skemmdum, þó ekki eins og á A.

Meðan rætt var við ökumann A á vettvangi bar að vörubifreiðina B, sem er af gerðinni Scania, hvít og blá að lit að því er segir í lögregluskýrslu. Aðspurður kvaðst ökumaður B ekki eiga hlut að máli, þar sem hann væri með hlera sem alltaf væri lokaður. Einnig hafi hann ekki verið að flytja eins fínt efni eins og var á veginum heldur grús sem væri grófara efni. Við skoðun lögreglu á farmi B virtist sem hann svipaði til þess efnis sem var á veginum.

Af hálfu lögreglu var athugað með ferðir vörubifreiða úr malarnámum í grennd við tjónsstaðinn. Við þá eftirgrennslan hafðist ekki upp á vörubifreiðinni, sem olli tjóninu. Hins vegar fengust ekki upplýsingar um ferðir annarra vörubifreiða en B með mól úr námunum um það leyti sem óhappið varð.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins, eins og að framan hefur verið rakið, hafa verið leiddar verulegar líkur að því að sandur og mól, sem olli skemmdum á A, hafi fokið af palli B. Þykja þær líkur vera nægilega miklar þannig að sannað megi telja að skemmdirnar á A stafi frá jarðefnum sem hafa fokið af palli B. Tjónið hlaut því af notkun B og samkvæmt ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber eigandi B ábyrgð á tjóni því sem varð á A.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist úr ábyrgðartryggingu B.

Reykjavík, 15. apríl 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 42/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B og v/C

Áræktur á Hringbraut við gatnamót Vatnsmýrarveggar 27.01. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttækið 10.03. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 18.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 25.03. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina eftir Hringbraut. A skipti um akrein þegar hann átti skammt eftir að gatnamótunum og stöðvaði vegna þess að komið var gult ljós, í framhaldi þessa var B ekið aftan á A. Skömmu síðar var C ekið aftan á B.

Vátryggingafélögin telja að A skuli bera $\frac{3}{4}$ hluta sakar af framtjóni B þar sem ökumaðurinn hafi skipt um akrein í veg fyrir B. Ökumaður B eigi að bera $\frac{1}{4}$ hluta sakar þar sem bifreið hans var vanbúin til aksturs í hálku, en bifreiðin var á sumarhjólborðum. Þá beri ökumaður C ábyrgð á afturtjóni B þar sem hann ók aftan á B.

M telur að áræktur A og B megi fyrst og fremst rekja til þess að B hafi verið vanbúin til aksturs í hálku. Hefði bifreiðin verið á vetrarhjólborðum hefði ökumaður hennar átt að geta stöðvað bifreið sína í tækja tíð.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að ökumaður A beri meginábyrgð á árækstri A og B. Virðist ökumaðurinn hafa skipt ógætilega um akrein í veg fyrir B og stöðvað. Lagt verður til grundvallar að ökumaður A hafi, líkt og ökumaður B heldur fram í skýrslu lögreglu, skyndilega ekið í veg fyrir B og hægt á bifreiðinni um leið. Ökumaður B ber nokkra ábyrgð á árækstrinum þar sem bifreið hans var vanbúin til aksturs í hálku. Með hliðsjón af framanrituðu ber ökumaður A $\frac{3}{4}$ hluta sakar af framtjóni B og eigin afturtjóni en ökumaður B ber $\frac{1}{4}$ hluta sakar af afturtjóni A og eigin framtjóni.

Ökumaður C ber ábyrgð á afturtjóni B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber $\frac{3}{4}$ hluta sakar af framtjóni B og eigin afturtjóni en ökumaður B ber $\frac{1}{4}$ hluta sakar af afturtjóni A og eigin framtjóni. Ökumaður C ber ábyrgð á afturtjóni B.

Reykjavík 3. apríl 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 43/2008

M og

Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar.

Tjón varð á klæðningu húss í febrúar 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.3.2008.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.880/07
3. Tjónstilkynning dags. 23.4.2007.
4. Bréf V dags. 2.4.2008.

Málsatvik.

Tjón varð á klæðningu á húsi utanhúss og heldur M því fram í tjónaskýrslu að sonur vátryggingataka hafi valdið því með því að gera gat á klæðninguna með priki. Af hálfu V er bótaskylda viðurkennd að hálfu úr ábyrgðartryggingu hjá félaginu en bendir á að ekki sé sannað hvort sonur tjónþola eða vátryggingataka beri meiri ábyrgð á tjóninu en hinn.

Álit.

Ekki er hægt að úrskurða um frekari bótaskyldu V en félagið hefur þegar viðurkennt miðað við fyrirliggjandi gögn. Miðað við yfirlýsingu V um að bæta tjónið að hálfu er fallist á að tjón M bætist að hálfu.

Niðurstaða.

Tjón M bætist að hálfu.

Reykjavík 10.4. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 44/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.

Áræktur á Austurvegi á Ísafirði á móts við Sundhöllina þann 30.1.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 10.3.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Y, dags. 18.3.2008.
3. Bréf B, dags. 25.3.2008.

Málsatvik.

Bifreiðin A var kyrrstæð við vinstri brún Austurvegar miðað við akstursstefnu og hægra megin við hana við hægri brún götunnar var kyrrstæð skólábifreið. Bar þá að bifreiðina B sem var ekið austur Austurveg og áleiðis á milli bifreiðanna. Var þá hægri framhurð A opnuð og rakst vinstra framhorn B á hurðina. Á Austurgötu er einstefna til austurs. Snjóþekja var á götunni.

Ökumaður A kvaðst hafa stöðvað að norðanverðu við götuna til að hleypa út farþega í hægra framsæti. Farþeginn hafi ekki verið stigin út úr A er B var ekið á hurðina. Ökumaðurinn kvaðst ekki hafa vitað af ferðum B fyrir en árækturinn varð. Hann taldi að B hafi verið ekið á talsverðri ferð og ökumaður hennar hafi ekki gætt nægilega að þeim kyrrstæðu bifreiðum sem þarna voru.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið hægt að bifreiðunum sem framundan voru og ætlað á milli þeirra til að komast leiðar sinnar. Þá hafi hægri framhurð A verið opnuð. Hann hafi stigið á hemla, en bifreiðin runnið á hurðina.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins þykir ljóst að hægri hurð A var opnuð í þann mund sem B bar að. Ökumaður A hafði ekki tekið eftir ferðum B áður en óhappið varð. Samkvæmt 5. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal opna dyr ökutækis þannig að ekki valdi hættu eða óþarfa óþægindum. Á þessu varð misbrestur og verður árækturinn rakinn til þessa. Ber ökumaður og eigandi A því sök á tjóninu. Ekki hefur verið sýnt fram á að ökumaður B hafi ekið of hratt eða á annan hátt hagað akstri sínum þannig að á hann verði felld sök.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber alla sök.

Reykjavík, 15. apríl 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 45/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B**

Árekstur við Stuðlaháls 2 þann 01.02. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.03. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 25.03. 2007, ásamt fylgiskjölum.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 18.03. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

A var ekið úr stöðureit og til hægri á bílastæðinu og rakst þá á hægri hlið B.

Vátryggingafélag B vísar til þess að fyrirliggjandi séu tvær yfirlýsingar frá ökumanni A, annars vegar að hann hafi ekki séð B fyrir sólblindu og þess vegna ekið á bifreiðina kyrrstæða og hins vegar að B hafi verið ekið í veg fyrir A. Ökumaður B kveðst hafa verið kyrrstæður. Framburður vitnis styðji að ekið hafi verið á B. Félagið telur því að ökumaður A skuli bera ábyrgð á árekstrinum.

Vátryggingafélag A telur að B hafi ekki virt forgang frá hægri.

Vitni, þ.e. aðili sem kveðst hafa ekið á eftir B, lætur þess efnislega getið í skriflegri yfirlýsingu að A hafi verið ekið á B kyrrstæða.

M (A) lætur þess efnislega getið í málskotinu að hann telji að B hafi ekki virt varúð frá hægri og að bifreiðin hafi verið á ferð.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ. á m. frásögn vitnis og misvísandi frásögnum ökumanns A, verður öll sök lögð á ökumann A fyrir að aka á B kyrrstæða.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 3. apríl 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 46/2008
M og
Vátryggingafélagið V v. A

Krafa um bætur úr kaskótryggingu vegna vatnstjóns á bifreið þ. 8.2. 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.3.2008. ásamt bréfi Bifreiðastjórafélagsins Frami dags. 6.3.2008.
2. Dagbók lögreglustjórans á Suðurnesjum. Skráð 11.2.2008
3. Bréf V dags. 25.3.2008 ásamt skilmálum kaskótryggingar

Málsatvik.

Af hálfu M er málsatvikum lýst með þeim hætti að A hafi verið ekið um Nýbýlaveg undir Kópavogsbréf og mætt bifreið sem hafi verið ekið ógætilega í vatnselg sem á veginum var og vatn hafi farið inn á vél A og skemmt hana. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V vegna þessa tjóns. V hafnar bótaskyldu og bendir á að tjón það sem um ræðir falli utan vátryggingasviðs kaskótryggingar M hjá V eins og það sé skilgreint í 4.gr. skilmála tryggingarinnar.

Álit.

Tjón það sem varð á A í umrætt sinn fellur utan við bótaskyldu samkvæmt 4.gr. skilmála fyrir kaskótryggingu ökutækis M. M á því ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V vegna umrædds tjóns.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 3.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 47/2008

M og Vátryggingafélagið X v/frítímaslysátryggingar

Meiðsl 01.06. 2003, ágreiningur um réttarstöðu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.03. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.03. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Vátryggingfélagið hafnar ábyrgð á þeim grundvelli að í skilmálum frítímaslysátryggingar er tekið fram að vátryggingin bætir ekki slys sem vátryggður verður fyrir í handalögum, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfi- og/eða eiturlyfja og í ölaði nema sannað sé að ekkert samband hafi verið á milli ástand þess og slyssins. Félagið vísar til þess að í gögnum málsins segir m.a. að tjónþoli (M) hafi blandað sér í átök eftir að þau hófust og í þessum átökum hlaut hann áverka. Félagið telur að um handalögmál hafi verið að ræða skv. skilmálum. M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Óþarft er að rekja umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er bótaskylda ekki fyrir hendi. Samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar bætir hún ekki slys sem vátryggður verður fyrir í handalögum sbr. nánar ákvæði skilmála. Fyrirliggjandi gögn verða ekki skýrð á annan veg en þann að M hafi verið þátttakandi í handalögum í umrætt sinn. Með hliðsjón af framanrituðu verður að leggja til grundvallar að skilyrði bótaskyldu séu ekki uppfyllt.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 15. apríl 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 48/2008

**M
og
X hf. vegna ferðatryggingar**

Greiðsla bóta úr forfallatryggingu.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 10. mars 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 19. mars 2008.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að M og eiginkona hans pöntuðu sér í nóvember 2007 skíðabrettaferð til Austurríkis. U.þ.b. mánuði síðar kemur í ljós að eiginkonan er barnshafandi. Læknir taldi of mikla áhættu fylgja því að stunda snjóbretti við þessar aðstæður og ákváðu M og eiginkona hans því að hætta við ferðina. Ferðina greiddi M með VISA platinium korti vegna forfallatryggingar sem því fylgir. Ferðaskrifstofan endurgreiddi ekki nema hluta þess kostnaðar sem M var búinn að greiða. Afganginn krafði M úr forfallatryggingunni hjá tryggingafélaginu X. X neitaði að greiða þann kostnað sem útaf stóð með þeim rökum að eiginkonan væri ferðafær þótt henni væri óheimilt að stunda snjóbretti.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að tilgangur ferðar M og eiginkonu hans var að stunda skíðabretti. Þegar þungun eiginkonunnar kom í ljós lagði læknir bann við að hún stundaði slíka íþrótt. Forsenda ferðarinnar var því brostin vegna þungunar eiginkonunnar. Fyrirsjáanlegur barnsburður eiginkonunnar er því ástæða þess að af ferð þeirra gat ekki orðið. Telja verður að forföll M og eiginkonu hans falli undir ákvæði 7.1.1 í VISA platinium kortatryggingu M.

Niðurstaða.

Ferðakostnaður M og eiginkonu hans greiðist úr forfallatryggingu VISA platinium korts M.

Reykjavík, 15. apríl 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 49/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar A.

Áræktur á athafnasvæði Sorpu bs. að Sævarhöfða í Reykjavík þann 8.12.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 12.3.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 28.3.2008.
3. Bréf Y, dags. 2.4.2008.

Málsatvik.

Vörubifreiðin A var stöðvuð á athafnasvæði Sorpu þar sem ökumaður hugðist bíða færís til að geta ekið að losunargámi á vinstri hönd miðað við akstursstefnu. Var þá bifreiðinni B ekið hægra megin fram með A, en er hún var komin að framhorni A rákust saman hægra framhorn A og vinstri hlið B.

Eigandi A kveður bifreiðina hafa verið kyrrstæða í röð bifreiða til að komast að losunargámi, þegar ökumaður B hafi reynt að aka fram hjá A með þeim afleiðingum að áræktur varð.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á 10-20 km hraða á klst. fyrir aftan A, en tekið fram úr henni er hún var stöðvuð. Hann hafi svo fengið A í vinstri hlið B sem hafi ýst frá A um 1-2 m. Ökumaðurinn kvaðst vilja meina að A hafi verið ekið af stað úr kyrrstöðu og áræktur orðið.

Farþegi í B kveður ökumann B hafa ekið á 10-15 km hraða á klst. og tekið fram úr A kyrrstæðri. Þegar B hafi nánast verið komin fram hjá A hafi A verið ekið inn í vinstri hlið B sem við það kastaðist til hliðar um 1-2 m.

Álit.

Í sameiginlegri tjónstilkynningu er merkt í reit varðandi tjónsatvik að A hafi verið kyrrstæð (reitur nr. 1) og B hafi verið ekið fram úr (reitur nr. 11). Í ljósi þessa og þar sem staðhæft er í síðari gögnum af hálfu eiganda A að bifreiðin hafi verið kyrrstæð verður að leggja til grundvallar að A hafi ekki verið ekið af stað og árækturinn orðið af þeim sökum nema gagnaðila takist að sýna fram á hið gagnstæða. Slík sönnun hefur ekki tekist samkvæmt gögnum málsins og verður árækturinn því rakinn til framúraksturs B og verður öll sök því lögð á ökumann þeirrar bifreiðar.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 15. apríl 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 50/2008

M og

Vátryggingafélagið V h.f. v. A og B

Árekstur bifreiða á Nýbýlavegi í Kópavogi þ. 21.1. 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.3.2008. ásamt fylgiskjölum 1-3.
2. Niðurstaða tónanefndar nr. 110/08
3. Lögregluskýrsla dags. 22.1.2008 ásamt ljósmyndum
4. Bréf ökumanns B ódagsett.
5. Bréf V dags.2.4.2008.

Málsatvik.

Árekstur varð með A og B á Nýbýlavegi í Kópavogi. A var ekið eftir vinstri akrein og B á eftir A á sömu akrein og þegar ökutækin voru samsíða varð árekstur með þeim. Ökumaður A segist hafa ætlað að aka yfir á hægri akrein og litið í hliðarspegil og enga bifreið séð hægra megin við A og því skipt um akrein en þá hafi B ekið utan í hægri hlið A. Ökumaður B segist hafa ekið eftir vinstri akrein á eftir A og hafi hann gefið stefnuljós og skipt um akrein og ekið eftir hægri akrein þangað til hann var samsíða A en þá hefði ökumaður A gefið stefnuljós til hægri og beygt yfir á hægri akrein og árekstur orðið. Vitni að árekstrinum segir að B hafi verið ekið á mikilli ferð fram úr vitninu og beygt yfir á hægri akrein og ekið utan í A þegar B var að fara fram úr A og hafi ökumaður A sveigt frá ökutæki B til að reyna að koma í veg fyrir árekstur.

Álit.

Samkvæmt framburði ökumanns B þá ók hann í umrætt sinn töluvert yfir leyfirlegum hámarkshraða og ber því nokkra sök á árekstrinum. Að virtum öllum gögnum málsins þykir nægjanlega sannað að A hafi beygt yfir á hægri akrein svo að árekstur varð með bifreiðunum og ber ökumaður A því meginsök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að A beri 2/3 salar og B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

A ber 2/3 sakar og B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 15.4. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 51/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/alkaskótryggingar**

Skemmdir á bifreið 07.02. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttækið 17.03. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.03. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Skemmdir urðu á A um nótt á Ísafirði. Í tjónstilkynningu segir “snjóhengja rann af þaki og ofan á” bifreiðina.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Eins og bótasvið vátryggingarinnar er samkvæmt skilmálum í gr. 4 falli tjónið utan bótasviðs.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Allt eins gæti tjónið hafa orðið af völdum snjóhengju af þaki húss sem bifreiðin stóð við eða af völdum áfoks annarra hluta sem hann telur að hafi verið að fjúka um götuna í mjög vondu veðri. Hann telur að tjónið á bifreiðinni hafi orðið af völdum veðurhamsins. Hann telur því að grein 4.8 í skilmálum eigi við.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu félagsins. Lagt er til grundvallar að sjóhengja hafi fallið á bifreiðina líkt og fram kemur í tjónstilkynningu. Ósannað er að grein 4.8 í skilmálum eigi við.

Niðurstaða.

Bótaábyrgð er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 15. apríl 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 52/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árestur Reykjavíkurvegi 04.02. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.03. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 28.03. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Ökumaður A ók inn á Reykjavíkurveg og skipti um akrein og stöðvaði við umferðarljós. Í framhaldi þessa var B ekið aftan á A. Aðilar eru ósammála um tildrög áresturs þessa.

Ökumaður B heldur því fram að A hafi svínað í veg fyrir B.

Ökumaður A (M) heldur því efnislega fram að hann hafi gefið stefnuljós áður en hann skipti um akrein, hann hafi ekið um “20-30 m” og stöðvað síðan á rauðu ljósi, í framhaldi þessa hafi B ekið á A. Hann hafnar því að hann hafi “svínað í veg fyrir” B.

Vátryggingfélag A telur að um aftanáakstu sé að ræða og því eigi B að bera alla sök.

Vátryggingafélag B hefur ekki upplýst nefndina um afstöðu sína.

Álit.

Ökumenn gerðu ekki sameiginlega tjónstilkynningu. Þá greinir á um aðdraganda árestursins.

A var ekið inn á Reykjavíkurveg frá Nýformi og skipti ökumaður hennar um akrein til vinstri. Ökumaður B heldur því fram að A hafi verið ekið í veg fyrir B. Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa verður lagt til grundvallar að ökumaður A hafi skipt um akrein í veg fyrir B. Ökumaðurinn ber því ábyrgð á árestri þessum.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 15. apríl 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 53/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss á byggingarsvæði í Flugstöð Leifs Eiríkssonar þann 1.9.2006.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 18.3.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 28.3.2008.

Málsatvik.

M starfaði hjá verktakafyrirtækinu V á byggingarsvæði þess í Flugstöð Leifs Eiríkssonar á Keflavíkurflugvelli. Í umrætt sinn vann M ásamt vinnufélaga sínum við að taka í sundur frístandandi vinnupall á hjólum með einni hæð, um 2-3 m háan og að því er virðist álfka á lengd. Vinnupallurinn var settur saman úr þar til gerðum einingum. Af ljósmyndum að dæma var vinnuborð fyrir öðrum enda pallsins sem M fór upp á til að losa skástífu. Féll þá hluti vinnupallsins, vætanlega gaffinn, yfir vinnuborðið með þeim afleiðingum að M féll niður á gólf og hlaut brot á vinstri úlnlið. Slysið var ekki tilkynnt lögreglu eða Vinnueftirliti ríkisins strax eftir að það gerðist.

M kvaðst hafa farið upp á vinnuborðið til að taka skástífu úr pallinum. Við það hafi pallurinn fallið niður og hann fallið aftur fyrir sig niður af borðinu um 1 ½ m. Til að lenda ekki á bakinu hafi hann borið fyrir sig vinstri hönd með þeim afleiðingum að hann hafi úlnliðsbrotnað. M kvaðst ekki hafa unnið á pallinum, en hann hafi verið beðinn um að taka hann niður við annan mann. Hann hafi áður unnið við að taka niður slíka vinnupalla og fengið við það leiðsögn í fyrsta sinn sem hann vann við það.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M vann við að taka niður tiltölulega lítinn vinnupall sem var einfalt verk og hann hafði áður unnið við. Ekkert bendir til þess samkvæmt gögnum málsins að slysið verði rakið til ófullnægjandi verkstjórnar, saknæmrar háttsemi annarra starfsmanna V að öðru leyti eða annarra atvika sem leitt geta til skaðabótaskyldu V. Málsatvik eru í öllum meginatriðum óumdeild og því breytir það engu um sönnunarstöðu í málinu þótt V hafi ekki sinnt tilkynningarskyldu sinni til lögreglu og Vinnueftirlits ríkisins strax í upphafi. Að svo vöxnu verður bótaábyrgð ekki lögð á V.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 15. apríl 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 54/2008

**M
og**

Vátryggingafélagið V v slysatryggingar og/eða forsjármannstryggingar

**Ágreiningur um hvort greiða eigi bætur ú slysatryggingu eða forsjármannstryggingar
vegna slyss sem varð þ. 25.10. 2005**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.3.2008. ásamt fylgiskjölum 1-13
2. Bréf V dags. 2.4.2008.

Málsatvik.

M féll af rampi á losunarstað Sorpu og fótbrotnaði. M er annar eiganda saumastofu sem var bæði með slysatryggingu launþega og forsjármannstryggingu hjá V. M krefst bóta vegna slyssins úr slysatryggingu launþega en V hafnar bótaskyldu en hefur samþykkt og greitt M úr forsjármannstryggingu saumastofunar hjá V. Lögmaður M rökstyður kröfu M um greiðslu úr slysatryggingu launþega með því að M hafi verið launþegi og starfsmaður saumastofunnar, samtals hafi 2 starfsmenn verið tryggðir en starfsmennirnir hefðu verið fimm talsins þegar tjónsatburður varð. Af hálfu M er tekið fram að fjöldi tryggðra starfsmanna sé ákveðinn samkvæmt tillögu starfsmanns V. Lögmaður M bendir á að forsjármannstryggingin hafi verið viðbótartrygging sem sé eðlilegt þegar starfsmaður sé jafnframt eigandi fyrirtækis. Í bréfi V frá 17.10.2007 kemur fram að almenn slysatrygging hafi verið í gildi fyrir 2 aðila þ.m.t. M og launþegatrygging fyrir 2 saumakonur í fullu starfi. Þá segir í nefndu bréfi V að venja sölumanna V sé að selja almennt ekki launþegatryggingu á eigendur fyrirtækja en sé það gert séu nöfn þeirra skráð á skírteinið þannig að engin vafi leiki á að viðkomandi eigandi/stjórnandi fyrirtækis skuli fá greiddar bætur komi til tjóns. Í bréfi V dags.2.4.2008 er því mótmælt að M eigi rétt á bótum úr launþegatryggingu saumastofunnar hjá V. Bent er á það af hálfu V að 2 launþegar hafi verið skráðir með slysatryggingu launþega og 2 með forsjármannstryggingu og hafi bótaskylda M skv. forsjármanstryggingu verið samþykkt enda sé nafn hennar skráð á þá tryggingu. Þá er á það bent að á umræddum tíma hafi 2 launþegar starfað á saumastofunni auk eigendanna tveggja.

Álit.

Samkvæmt slysatryggingarskírteini sem V gefur út og var í gildi á slysdegi þá slysatryggir V tvo launþega. Samkvæmt forsjármannstryggingu sem í gildi var á slysdegi tryggir V tvo forsjármenn saumastofunnar og nafngreindir M og aðra konu í því sambandi. Fyrir liggur að sá fjöldi launþega sem tryggður var slysatryggingu launþega starfaði hjá fyrirtækinu í umrætt sinn auk forsjármananna. M á því ekki rétt til bóta úr slysatryggingu launþega.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysatryggingu saumastofunnar S hjá V úr slysatryggingu launþega.

Reykjavík 15.4. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 55/2008

**Ó
og
X**

Bótaskylda vegna tjóns af völdum óþekkts ökutækis.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 28. mars 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X dags. 7. apríl 2008.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að Ó var á dansleik í félagsheimili úti á landi í ágúst 2007. Eftir dansleikinn fór Ó á bílastæði við félagsheimilið til að verða sér út um far að Laugarvatni. Ó hitti ökumann dökks jepplings og falaðist eftir fari. Ekkert pláss reyndist í bílnum. Þegar bíllinn ók í burtu vildi ek betur til en svo að bíllinn ók yfir vinstri fót Ó. Ó náði hvorki niður skráningarnúmeri bílsins né þekkti ökumann eða farþega.

Ó leitaði til læknis strax næsta dag og kom í ljós að hann var ristarbrotinn. Hann leitaði ekki til lögreglu fyrr en eftir að hafa leitað til lögmanns í desember 2007.

Álit.

Í gögnum málsins kemur fram að strax næsta dag er Ó leitaði á slysadeild skýrði hann frá málavöxtum með sama hætti og alla tíð síðan, þ.e. að bifreið hafi ekið yfir vinstri fót hans. Telja verður fullsannað að tjón Ó megi rekja til þessa, þótt ekki hafi hann tilkynnt lögreglu um atburðinn fyrr en eftir að hann fékk lögmannsleiðbeiningar þar að lútandi. Tjón Ó bætist af X, þar sem ökutækið sem tjóninu olli er óþekkt.

Niðurstaða.

Tjón Ó bætist af X.

Reykjavík, 22. apríl 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 56/2008

**M v/bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags**

Skemmdir á bifreið sem ekið var á kantstein 13.06. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 01.04. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.04. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið á brot úr kantsteini sem lá á annarri akrein götu. Við það kastaðist bifreiðin á umferðareyju og ók niður umferðarskilti.

Vátryggingfélagið hafnar ábyrgð sveitarfélagsins það telur að ekki hafi verið sýnt fram á vitneskju vátryggingartaka um brotna kantsteininn. Af fyrirliggjandi gögnum verði ekki ráðið um saknæma háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða að tjónið verði rakið til annarra atvika eða aðstæðna sem hann beri skaðabótaábyrgð á.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu.

Álit.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu lengi umræddur kantsteinn var brotinn m.ö.o. ekki liggja fyrir upplýsingar um að umrætt ástand á vettvangi hafi staðið yfir í nokkurn tíma.

Af takmörkuðum gögnum máls þessa verður ekki ráðið að vátryggingartaki hafi vitað um ástand kantsteinsins þ.e. að hann kynni að skapa hættu fyrir umferðina. Ekki hefur verið sýnt fram á saknæma háttsemi starfsmanna vátryggingartaka eða að tjónið verði rakið til annarra atvika eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á.

Mð hliðsjón af ofanrituðu er bótaábyrgð ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri ábyrgðartryggingu sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á ábyrgð sveitarfélagsins.

Reykjavík 6. maí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 57/2008

M

og

Vörður tryggingar h.f. (V) vegna bátsins Haffara (H)

Bátur sigldi á fimm skútur við Torfunesbryggju á Akureyri þ.8.9.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.4.2008.ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf Almennu lögþjónustunnar efh dags. 15. okt.2007
3. Bréf V dags. 21.4.2008 og 19.11.2007
4. Bréf skipstjóra H ásamt upplýsingar um H og haffærnissskírteini.

Málsatvik.

Skipstjóri H var að koma til hafnar og segir að bilun hafi komið upp í barkanum fyrir gír með þeim afleiðingum að H lenti utan í skútur sem bundnar voru við bryggjuna en um var að ræða 5 skútur. Skipstjóri H segist hafa siglt beint inn í höfnina og hafi gírinn og inngjöfin verið tengd saman og þegar hann hafi skipt virkaði olflugjöfin en ekki bakkgírinn ekki. Skipstjóri H segist ekki hafa ekki getað breytt stefnunni og farið niður í vélarrúm til að drepa á vélinni og hafi H flotið áfram stjórnlaust og skolið á skúturnar. M fer fram á bætur vegna skemmda sem urðu á þeim 5 skútum sem H sigldi á. Í bréfi lögmanns M segir að H hafi verið siglt inn í höfnina á of mikilli ferð og með því brotið gegn 6.gr. alþjóðareglna til að koma í veg fyrir árekstra á sjó sbr. Lög nr. 7/1975. Þá bendir lögmaðurinn á að ekki sé sannað að um bilun hafi verið að ræða sem hafi orsakað slysið. Auk þessa rökstyður lögmaðurinn kröfu um bótaskyldu með skírskotun með ýmissa sjónarmiða. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ekki hafi verið sýnt fram á sök skipstjóra H. Þá vísar V til niðurstöðu rannsóknarnefndar sjóslysa varðandi bilun á tækjum bátsins. Loks bendir V á að ekkert bendi til þess að H hafi verið siglt of hratt inn í höfnina. V vísar til váttryggingaskilmála grein 7.1 þar sem segir að félagið bæti tjón sem skipið veldur með árekstri og tjón sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun þess enda sé tjónið bein afleiðing skemmda á munum eða líkamsmeiðsla og váttryggingataki ábyrgur að lögum.

Í skýrslu Rannsóknarnefndar sjóslysa segir að gírskipting og olflugjöf velar séu í sama handfangi og yfirfærslan með vír í barka niður í vélarrúm að olíuverki vélarinnar og stjórnun gírsins. Samskonar aukabúnaður án handfanga væri úti á þilfari sem tengist við búnaðinn í vélarrúminu. Aukabúnaðurinn hafi ollið þeirri bilun sem kom upp við samtengingu í vélarrúminu svo ekki var hægt að kúpla afturá bak með stjórnþæki í stýrishúsi.

Skipstjóri H segist ekkert hafa við skýrslu Rannsóknarnefndar sjóslysa að athuga enda sé hún unninn samkvæmt upplýsingum frá honum. Skipstjóri H segir að varðandi handfangið þá hafi það verið fjarlægð til að koma í veg fyrir að farþegar ættu við stjórnþækin í ógáti þar sem þau séu úti á síðu þar sem farþegar gengu um.

Álit.

Samkvæmt grein 7.1. í váttryggingaskilmálum segir að félagið bæti tjón sem að skipið veldur með árekstri svo sem frekar er rakið hér að ofan. Í málinu liggur ekki fyrir sönnun um að sú bilun hafi orðið á barkanum fyrir gírinn að sem hafi orsakað áreksturinn á skúturnar fimm. Fyrir liggur að handföng höfðu verið fjarlægð af aukabúnaði úti á þilfari en það verður að telja óvarlegt miðað við þann búnað sem um var að ræða. Þar sem fullnægjandi sönnun hefur ekki verið færð á bilun í

tækjum eða önnur sennlega skýring liggur fyrir á á ásiglingu H ber skipstjórnandi H bótaskylda ábyrgð á árekstrinum og á M því rétt á bótum úr húftryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr húftryggingu H hjá V.

Reykjavík 6.5.2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 59/2008

Þ
og
X hf. vegna UA 784
og
Y hf. vegna YV 824

Árekstur á Gullinbrú 7. febrúar 2008.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 7. apríl ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur Y hf. dags. 21. apríl 2008.

Málsatvik.

Málavextir eins og þeim er lýst af hálfu ökumanns A eru þeir að A var í hægri akrein og B í vinstri akrein, við gatnamót. Þegar ljósín skiptu og báðir bílarnir óku af stað skipti A yfir á vinstri akrein. Mikill snjór var á götunni og hálka þannig að eftir að A skipti um akrein rann A rann til á götunni, fór utan í umferðareyju vinstra megin og sveigði síðan yfir á hægri akrein og aftur yfir í vinstri akrein fyrir framan B sem ók aftan á A. Ökumaður B segir ökumann A hafa verið að skipta yfir í sína akrein þegar hann hafi misst stjórn á bílnum þannig að billinn snerist í hring. Hann hafi strax farið að hægja á sér, beygt inn á hina akreinina en þar stoppar annar bíll, beygði út í kant í sömu akrein og lendir síðan aftan á A.

Álit.

Í gögnum málsins og lýsingu ökumanns A er ljóst að ökumaðurinn missti stjórn á A eftir að hann ók fram úr B og skipti um akrein með þeim afleiðingum að B lendir aftan á A. Eins og mál þetta er vaxið verður að telja báða ökumenn eiga sök á árekstrinum, ökumaður A hafði ekki ekið í samræmi við aðstæður með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á bifreiðinni í hálku og ökumaður B hafði ekki nægilega gætt að því að hafa meira bil á milli sín og bílsins fyrir framan. Sök skiptist til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 6. maí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 60/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/A og flutningabifreiðarinnar (B) og tengivagnsins C

**Umferðaróhapp á Norðurlandsvegi í Hrótafirði 02.01. 2008,
ekið á tengivagn sem lokað hafði veginum**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 07.04. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.04. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðin B með tengivagninn C valt á veginum og lokaði honum. A sem ekið var í sömu átt hafnaði skömmu síðar á tengivagninum.

A mun hafa verið ekið á um 60-70 km hraða. Ökumaður hennar kvaðst hafa séð parkljós framundan en talið þau vera í meiri fjarlægð en þau voru. Er hann átti um 30 metra að ljósunum hafi hann séð hvað framundan var á veginum og reynt að hemla en lent á C.

Vátryggingafélagið telur að A beri ábyrgð á óhappi þessu.

Það var myrkur og hálka þegar óhappið varð.

M telur að hann hafi á “engan hátt brotið umferðarlögin og sýnt af sér eðlilega varúðarskyldu ökumanns”.

Álit.

Ökumaður B virðist ekki hafa gætt nægjanlegrar aðgæslu og þess vegna valt bifreið hans. Ökumaðurinn hefur ekki sýnt fram á að hann hafi gripið til viðbúnaðar sem gera verður kröfu til við aðstæður sem þessar þ.e. til að vara aðra vegfarendur við þeirri hættu sem framundan var. Vegna þessa ber hann nokkra ábyrgð á því að A var ekið á tengivagninn.

Ökumaður A virðist ekki hafa miðað ökuhraða sinn við aðstæður og ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum verður sök skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 6. maí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 61/2008
M og
Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar G.

**Kona varð fyrir slysi þegar hún var að fara niður í setlaug á verönd sumarbústaðar þ.
12.5.2005 .**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.4.2008 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 21.4.2008 ásamt fylgiskjölum 1-3

Málsatvik.

M var í sumarbústað og var að fara niður í setlaug á veröndinni en til að komast ofan í setlaugina þurfti hún að fara upp 3 tröppur. Af hálfu M er atvikum þannig lýst að í umrætt sinn hafi verið dimmt, mikið rok, tröppurnar blautar og það hafi fryst smá sem gerði það að verkum að tröppurnar voru flughálar og hafi M mist fótanna í þriðju tröppu og slasast. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu fateignareigandans og telur aðstæður við setlaugina óforsvaranlegar og M hafi í umrætt sinn gætt ítrustu varkárni. V hafnar bótaskyldu og segir að slysið verði rakið til óhappatilviljunar og/eða aðgæsluleysis tjónþola sjálfs.

Álit.

Búnaðurinn við setlaugina sem um ræðir var hefðbundin og ekki hefur verið sýnt fram á sök fasteignareiganda eða einhvers sem hann ber ábyrgð á. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 6.5. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 62/2008

Brynjar Örn Baldvinsson (B)
og
X hf. vegna fasteignatryggingar

Tjón vegna vatnsleka.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 8. apríl ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 11. apríl 2008.

Málsatvik.

Vatnstjón varð á vegg og parketi á heimili B. B krafðist bóta úr fasteignatryggingu og taldi að þétting meðfram heitavatnslögn í blöndunartækjum í baðherbergi hefði skyndilega gefið sig. Tryggingafélagið hafnar bótaskyldu þar sem ástæða vatnstjóns hafi verið að frágangur meðfram hitavatnslögn í blöndunartæki hafi ekki verið nægilega vandaður. Kítta meðfram lögn hafi ekki náð að loka fyrir gatið og því verið greið leið fyrir vatn inn í vegginn og niður undir parket. Hovrugt sé mistök eða skyndileg bilun.

Álit.

Í skilmálum fasteignatryggingar kemur fram að bættar séu skemmdir af völdum vatns af skyndilegum og óvæntum leka. Gögn málsins sýna að ekki var nægilega vel gengið frá blöndunartækjum þannig að vatn átti greiða leið inn í vegg. Fellur slíkt ekki undir skilmála fasteignatryggingarinnar. Tjónið bætist ekki.

Niðurstaða.

Tjón B vegna vatnsskaða bætist ekki úr fasteignatryggingu B.

Reykjavík, 6. maí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 63/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á gatnamótum Miklubrautar og Háaleitisbrautar 11.02. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 08.04. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 28.04. 2008.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 11.04. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

A var ekið Miklubraut til vesturs með fyrirhugaða akstursstefnu suður Háaleitisbraut en B var ekið austur Miklubraut. Ágreiningur er um stöðu umferðarljósanna við ákekstur bifreiðanna.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum þar sem vitni segir að það hafi verið grænt ljós fyrir A þegar áreksturinn varð. Félagið vísar og til frásagnar ökumanns A.

Vátryggingafélag B telur að skipta skuli sök til helminga. Báðir ökumenn segjast hafa ekið yfir gatnamótin á grænu ljósi. Þrjú vitni séu að óhappinu en þeim ber ekki saman um hver hafi ekið á móti rauðu ljósi.

Álit.

Ágreiningur er um stöðu umferðarljósanna við árekstur þennan og vitnum ber ekki saman.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum er ósannað hver var staða umferðarljósanna og ekki þykir rétt að láta halla á annan ökumann fremur en hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Sök er skipt til helminga.

Reykjavík 6. maí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 64/2008
M vegna bifreiðarinnar A og
Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðarliðar fjölskyldutryggingar U

Bifreið skemmdist þegar grjóti var kastað í hana þ. 15.8.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.4.2008 ásamt fylgiskjölum 1-10.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 111/08
3. Bréf V dags. 20.4.2008 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

M gaf skýrslu hjá lögreglu og lagði fram kæru vegna eignaspjalla þ.6.2.2007 en eignaspjöllin segir M að hafi verið unnin í ágúst árið áður. M segir að 6 til 7 ára drengur sem býr í nágrenni við hann hafi hent steini út af annrri hæð hússins sem hann býr og hafi steinninn lent á vélarhlíf A. Lögmaður M krefst bóta fyrir hans hönd og segir að vátryggingartaki hafi viðurkennt að sonur hans hafi hent steininum sem lenti á A og olli tjóni. Fyrir liggur yfirlýsing frá Sverri Gunnarsyni eiganda Ný-sprautunar sem gerði við A og segir hann að U hafi talað um að hann mundi láta tryggingarfélag sitt standa straum sem fylgdi því að laga A.. V telur ósannað að tjón það sem varð á bifreiðinni í umrætt sinn verð rakið til sonar vátryggingartaka. Þá heldur V því fram að M hafi haft kaskótryggingu fyrir A og leggur fram afrit af vátryggingarskírteini því til sönnunar.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á eða sannað að sonur U hafi hent grjóti í A og ollið með því tjóni á A. M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar U hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðarlið fjölskyldutryggingar U hjá V.

Reykjavík 6.5. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 65/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðaverkstæðis.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum bilunar í bifreið þann 18.1.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 8.4.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 14.4.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Samkvæmt gögnum málsins má ráða að þann 5.12.2007 hafi verið komið með bifreiðina A á bifreiðaverkstæðið B til að skipta um spyrufóðringar í neðri klafa vinstra megin. Umsamið hafi verið að þáverandi eigandi A kæmi með alla varahluti sjálfur, en til að skipta um fóðringarnar hafi þurft að losa bolta sem héldu spindilkúlu. Við samsetningu hafi boltarnir verið hertir með snúningsátaki “42 nm” að fengnum upplýsingum þar að lútandi frá umboðsaðila bifreiðarinnar. Við afhendingu A hafi eiganda verið bent á að fara þyrfti strax með bifreiðina í hjólastillingu þar sem stillingin hafi aflagast við það að skipta um fóðringarnar.

Eftir viðgerð þessa mun M hafa orðið eigandi að A. Eftir að A hafði verið ekið um 800-1.000 km eftir viðgerðina kvaðst M hafa látið hjólastilla A og er hann hafi sett minni hjólbarða undir hana hafi hann orðið var við slag einhvers staðar í henni. Við nánari skoðun hafi komið í ljós að fjórir boltar, sem héldu neðri spindli, hafi verið lausir. Hafi boltarnir verið hertir og allt virst vera í lagi. Á ferðalagi stuttu síðar hafi spindilkúlan losnað með þeim afleiðingum að A fór út af veginum og skemmdir urðu á henni. Eftir óhappið kvaðst M minnast þess í viðræðum við þann aðila, sem virðist hafa annast hjólastillinguna, að þrír boltanna hafi verið með 13 mm haus en einungis einn með 14 mm haus og að umræddur viðgerðaraðili hafi einhvern tíma sagt honum að boltar með 13 mm haus væru aldrei í þeirri tegund bifreiða sem hér um ræðir.

Viðgerðaraðili sá er virðist hafa annast hjólastillinguna á A kveður að við skoðun hafi komið í ljós að þrír boltanna hafi losnað, en sá fjórði hafi slitnað og það hafi gerst vegna álags þar sem einn bolti þoli ekki svo mikið álag. Þá kemur einnig fram hjá viðgerðaraðilanum að þegar hert var upp á boltunum hafi þrír verið “orginal” með 14 mm haus en sá fjórði með 13 mm haus. Uppgefin hersla á boltunum samkvæmt viðgerðarbókum sé 80 Nm en ekki 42 Nm.

M hefur krafist bóta fyrir tjónið á A úr ábyrgðartryggingu B hjá vátryggingafélaginu X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi B.

Álit.

Reifun málsins er um margt óskýr. Af gögnum málsins má þó ráða að eftir viðgerð hjá B hafi A farið í hjólastillingu auk þess sem skipt var um dekk. Þá hafi komið í ljós að fjórir boltar sem héldu spindli (spindilkúlu) voru lausir og einungis einn þeirra hafi verið upprunalegar gerðar. Boltarnir voru þá hertir án þess að skipt hafi verið um þá bolta sem að sögn voru ekki upprunalegir. Engin gögn liggja fyrir í málinu, svo sem matsgerð eða annars konar skýrslur óhlutdrægra aðila, sem sýna fram á að tjónið á A verði rakið til atvika sem B ber ábyrgð á. B getur því ekki verið gert bótaskyld fyrir tjóninu. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á A fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 6. maí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 66/2008

**M
og
Vátryggingafélagið Y v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B**

Árekstur á Bíldshöfða þann 10.03. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 11.04. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 28.04. 2008.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 28.04. 2008, ásamt afriti gagna málsins.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

B var ekið á eftir tveimur bifreiðum og var A fremstur. B var í framúrakstri þegar A var beygt til vinstri inn á bifreiðastæði við veitingastaðinn American Style.

Ökumaður B taldi að einungis ein bifreið hafi verið á undan en þegar hann var í framúrakstri hafi hann séð að þær voru tvær. Sagður ökuhraði er 40-60 km/klst í skýrslu lögreglu.

Ökumaður A ók hægt og beygði inn að bifreiðastæði við nefndan veitingastað. Haft er eftir honum í skýrslu lögreglu að hann hafi ekki munað hvort hann gaf stefnuljós.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B eigi að bera sök á árekstrinum, ökumaðurinn hafi viðurkennt að hafa verið á 60 km hraða.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri meirihluta sakar þar sem hann tók vinstri beygju án þess að gæta að umferð sem á eftir kom og fór þá í veg fyrir B sem ekið var framúr.

Lögreglan lætur þess getið að hámarkshraði á vettvangi sé 50 km/klst og að mikið sjánanlegt tjón hafi verið á bifreiðunum.

Álit.

Ósannað er að ökumaður A hafi gefið stefnuljós og svo virðist sem hann hafi ekki hugað nægjanlega að þeirri umferð sem á eftir kom. Hann ber því meginábyrgð á árekstrinum.

Það var óvarlegt af ökumanni B að aka framúr á þann hátt sem hann gerði. Ökumaðurinn miðaði ökuhraða sinn ekki við aðstæður. Vegna þessa ber hann nokkra ábyrgð á árekstrinum.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum og atvikum öllum ber ökumaður A 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 2/3 hluta sakar og ökumaður B 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 6. maí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 67/2008

M og

Vátryggingafélagið V vegna bifreiðanna A og B

Árekstur bifreiða á mótum Þórunnarstrætis og Eyrarlandsvegar á Akureyri þ.7.2.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 16.4.2008. ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Niðurstaða tjonanefndar nr.212/08
3. Tjónstilkynning dags. 7.2.2008

Málsatvik.

Samkvæmt tjónstilkynningu sem báðir ökumenn undirrita varð árekstur með A og B á gatnamótum Þórunnarstrætis og Eyrarlandsvegar á Akureyri þannig að A ók inn á Þórunnarstræti af Eyrarlandsvegi í veg fyrir B sem ók Þórunnarstræti til norðurs. Samkvæmt framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita sinni ökumaður A ekki biðskyldu á gatnamótunum. Í greinargerði lögmanns M og bréfi hans kemur fram önnur lýsing á atvikum máls en fram kemur í tjónstilkynningu og þar er atvikum lýst með þeim hætti að A hafi verið búinn að aka um 50 metra norður Þórunnarstræti þegar ekið hafi verið aftan á A.

Álit.

Leggja verður sameiginlega tjónstilkynningu sem báðir ökumenn undirrita til grundvallar í máli þessu enda hafa engin þau gögn verið lögð fram sem sýna fram á að atvik hafi verið með öðrum hætti. Samkvæmt því ber A alla sök þar sem hann virðir ekki biðskyldu en ekur í veg fyrir B

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 6.5 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 68/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

Vinnuslys er rúðugleri var kastað í ruslagám þann 24.7.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 20.4.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 28.4.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfaði hjá fyrirtækinu V við að fjarlægja rúðugler úr íbúðarhúsi og bera það í ruslagám sem stóð í innkeyrslunni. Umræddur gámur var 1,5 m á hæð og opinn, en lokaður á öllum hliðum. Nokkuð var af gleri í gáminum af ljósmyndum að dæma. Er M henti gleri í gáminn stakkt glerbrot í hægri upphandlegg hans og hlaut hann um 10 cm langan skurðáverka á handlegginn.

Aðstæður á slysstað voru skoðaðar af hálfu Vinnueftirlits ríkisins. Í umsögn þess um slysið segir m.a. að M hafi þurft að lyfta upp glerinu áður en það var látið falla í gáminn. Þegar M lyfti glerinu hafi það krækst í brún gámsins, en líklegt megi telja að einhver hluti glersins hafi staðið út þegar hann lyfti glerinu yfir brúnina og sá hluti hafi krækst í brúnina. Við það hafi M misst tókin á glerinu sem hafi runnið til með fyrrgreindum afleiðingum. Þá segir í umsögninni varðandi aðstæður á slysstað að rúmt hafi verið um alla starfsemi og veður gott. M hafi verið með vinnuhanska og í öryggisskóm. Varðandi orsök slyssins segir að það virðist mega rekja til þess að þegar glerinu var kastað í gáminn hafi það fest í brúnum gámsins og skorið upphandlegg M.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X, vegna þess líkamstjóns sem hann hlaut í slysinu. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins hefur ekki verið sýnt fram á að nauðsyn hafi borið til, þrátt fyrir hæð gámsins, að setja upphækkun við hlið hans til að standa á er gleri var kastað í hann. Með hliðsjón af því magni glers sem komið var í gáminn verður ekki fullyrt að unnt hafi verið af eina hlið hans eða gafl opinn. Verður að telja ósannað að slysið megi rekja til þess að aðstæður á slysstað hafi á einhvern hátt verið óforsvaranlegar. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að slysið verði að öðru leyti rakið mistaka samstarfsmanna M eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 20. maí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 69/2008

B

og

**X hf. vegna ábyrgðartryggingar dælubifreiðar
og ábyrgðartryggingar V**

Vinnuslys 12. júlí 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið 21. apríl 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 9. maí 2008.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að B var fyrir slysi við vinnu sína sumarið 2006. Slysið varð með þeim hætti að verið var að dæla steypu í mót og til þess notuð dælubifreið í eigu V. Dælan stíflaðist þannig að engin steypa kom úr henni um stund. Skyndilega fór steypan að koma á nýjan leik, nú með svo miklum krafti að slinkur kom á dæluna. Féll hún í B sem kastaðist af vinnupalli og féll niður um 2 metra. B hálsbrotnaði í fallinu.

B krefst viðurkenningar á bótaskyldu eiganda dælubifreiðarinnar og úr ábyrgðartryggingu hennar. Tryggingafélag dælubifreiðarinnar og eiganda hennar hafnar bótaskyldu þar sem engin mistök hafi orðið hjá dælustjóranum og að bifreiðin hafi ekki verið notuð sem ökutæki við dælinguna.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að slysið varð vegna slinks sem kom á dælu við dælu steypu úr dælubíl. Við dælu steypunnar úr dælubílnum var dælubílinn í venjulegri og eðlilegri notkun sem dælubíll. Hann er tryggður sem slíkur og telst tjón B þannig falla undir ábyrgðartryggingu dælubílsins. Af gögnum málsins verður einnig séð að dælubílstjórar hjá V, eiganda dælubílsins telja að dælustjórinn hafi ekki brugðist rétt við þegar dælan stíflaðist. Slinkurinn sem kom á dæluna verður því að teljast afleiðing saknæmrar háttsemi af hálfu dælustjórans, starfsmanns V. Tjón B fellur þannig einnig undir frjálsa ábyrgðartryggingu V.

Niðurstaða.

Tjón B bætist úr ábyrgðartryggingu dælubifreiðarinnar og úr ábyrgðartryggingu V..

Reykjavík, 27. maí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

W

Mál nr. 70/2008

M
og
Vátryggingafélagið X. v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á Eiðistorgi 13.02. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 21.04. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 05.05. 2008, ásamt gögnum málsins.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 02.05. 2008, ásamt tjónstilkynningu ökumanna.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðunum var báðum bakkað úr stæði.

Á tjónstilkynningu sem báðir aðila undirrita kemur fram að A hafi bakkað á B sem hafi verið kyrrstæð. Miðað við tjónstilkynninguna bakkaði A inn í miðja hlið B.

M gerir athugasemd við fyrirliggjandi tjónstilkynningu, sem óþarft er að geta. Hann telur að rekja megi árekstur þennan til ógætilegs aksturs beggja aðila.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að bakka á B. Sameiginlegri tjónstilkynningu ökumanna hefur ekki verið hrundið. Hún er því lögð til grundvallar. Ákoman á bifreiðunum styður og sjónarmið ökumanns B.

Miðað við framanritað og fyrirliggjandi gögn er ekki tilefni til að leggja ábyrgð á B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 27. maí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 71/2008

M og

Vátryggingafélagið V vegna sjúkdómatryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúkdómatryggingu .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 29.4.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-5.
2. Sjúkdómssaga, læknisvottorð dags. 18.12.2007.

Málsatvik.

Á grundvelli vátryggingabeiðni dags. 28. maí 2004 tók M sjúkdómatryggingu hjá breska félaginu V. Tiltekinn vátryggingamiðlari hafði milligöngu um að koma vátryggingasamningi á milli aðila. Í vátryggingabeiðni svaraði M neitandi spurningu um hvort hún hafi eða hefði haft krabbamein, annars konar æxli, hnút eða fyrirferðaraukningu í vef. Í byrjun árs 2007 mun M hafa greinst með sjúkdóm og krafðist í kjölfarið bóta úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu. M byggir á því að V hafi fengið allar upplýsingar um þann sjúkdóm sem greinst hafi árið 2007 og hafi M upplýst umboðsmann V um að hún hafi veikt af “Hodgkins” sjúkdómi og náð sér af þeim veikindum og hafi M bent umboðsmanni V að afla sér frekari upplýsinga um sjúkrasögu M hjá tiltekinni heilsugæslu. V hafnar bótaskyldu á þeim forsendum að M hafi ekki veitt tilskyldar upplýsingar þegar sótt var um ofangreinda tryggingu hjá V og því sé tryggingin ógild. V bendir á að samkvæmt sjúkdómsskýrslu nafngreinds læknis hafi M fengið “Hodgkins” sjúkdóm og gengist undir meðferð vegna þess sjúkdóms árið 1981, en hefði M gert það hefði það getað leitt til öflunar nánari upplýsinga áður en ákvörðun hefði verið tekin um það hvort bjóða ætti tryggingu eða ekki og ef svo væri þá með hvaða skilmálum. Vísað er einnig hvað málavexti varðar til úrskurðar í máli nr. 210/2007 frá 11.12.2007.

Álit.

Ekki er sýnt fram á að M hafi við töku sjúkdómatryggingar sinnar hjá V veitt fullnægjandi upplýsingar um heilsufar sitt og á því ekki gegn andmælum V rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V

Reykjavík 3.6. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 72/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.

Skemmdir á bifreið við mætingu á Suðurlandsvegi þann 2.3.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 2.5.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.5.2008.
3. Bréf Y, dags. 19.5.2008.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið austur þjóðveg nr. 1, Suðurlandsveg, en snjómokstursbifreiðinni B var ekið úr gagnstæðri átt. Á mótis við Kögunarhól, er bifreiðirnar mættust, mun sandur og mól hafa fokið frá B og yfir A með þeim afleiðingum að sprunga kom í framrúðu, beygla í vélarhlíf, svo og rispur og sandblástur framan á bifreiðinni. Við skoðun lögreglu skömmu eftir atvikið sáust sprunga í framrúðu A og beygla á vélarhlíf.

Ökumaður A gaf skýrslu hjá lögreglunni á Selfossi og kvað sandstrók hafa staðið aftur úr B, þegar hann mætti henni sem valdið hafi skemmdum á A eins og lýst er hér að ofan. Töluvert rok hafi verið og hafi ökumaðurinn veitt því eftirtekt að mikið hafi verið í sanddreifaranum og kúfur staðið yfir skjólborð hans og ekki hafi verið breitt yfir.

Ökumaður B kannaðist við að hafa verið á ferð á umræddum stað, en mundi ekki eftir að hafa mætt A. Hann kvað að slökkt hafi átt að vera á sanddreifaranum en ekki sé ólíklegt að sandur hafi verið utan á bílnum sem gæti hafa kastast af. Reyndar fannst ökumanninum ólíklegt að sandur hafi valdið því að framrúða A hafi brotnað og beyglur myndast þar sem um mjög fínkornótt efni sé að ræða. Líklegra væri að klakastykki hafi losnað af B og lent á A með fyrrgreindum afleiðingum.

Álit.

Ökumaður B mótmælti því ekki að hafa verið á ferð við Kögunarhól um það leyti sem ökumaður A kvað óhappið hafa orðið. Þá hefur ekki verið mótmælt að segl hafi vantað yfir sandkúf sem var í sanddreifaranum á B. Verður því að miða við að ekki hafi verið gengið nægjanlega frá sandfarmi á B og sandur hafi af þeim sökum fokið frá B og valdið skemmdum á A þegar ökutækin mættust. Þá hefur ökumaður B ekki útilokað að klakastykki hafi losnað af B og valdið skemmdum á A. Að þessu athuguðu telst eigandi B bera ábyrgð á tjóni því sem hlaust í umrætt sinn á A.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist úr ábyrgðartryggingu B.

Reykjavík, 3. júní 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 73/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Umferðaróhapp þegar A var ekið á snjóskafi 29.12. 2007

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagssins til nefndarinnar, dags. 19.05. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð með vísan til ákvæðis 1.1 í skilmálum.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann er ósammála vátryggingafélaginu um að tilvísun til ákvæðis 1.1 í vátryggingarskilmálum eigi við. Hann telur að ákvæði 8.3 eigi við í þessu tilviki um akstur utan vega.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Reykjavík 27. maí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 78/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1) v. A og
Vátryggingafélagið V-2 B

Ágreiningur vegna skemmda á bifreið á Norðurlandsvegi í Skagafirði þ. 21.3. 2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 7.5.2008. ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 370/08
3. Lögregluskýrsla dags. 26.3. og 3.4.2008
4. Bréf V-1 dags. 20.5.2008.
5. Bréf V-2 dags. 22.4. og 19.5. 2008.

Málsatvik.

M sem var ökumaður A gaf sig fram við lögreglu á Húsavík og sagðist hafa orðið fyrir tjóni þegar hann var að aka A um Norðurlandsveg í Skagafirði, en þar hafi hann mætt snjóruðningstæki, vörubifreið með tönn þ.e. B og hafi B verið með tönnina niðri og sand- og malardreyfarann í gangi og hafi ökumaðurinn greinilega ekki tekið eftir því. M segir að malar- og grjóthríð hafi skolið á A og valdið tjóni. Sonur M ber með sama hætti og M. Ökumaður B segir að hann hafi verið á B á umræddum slóðum í umrætt sinn. Ökumaður B segir það af og frá að hann hafi verið að dreifa sandi á auðan veg svo sem M og sonur hans halda fram og þar að auki kasti sanddreifarinn til hægri en alls ekki í veg fyrir umferð á móti.

Álit.

Ekki er nægjanlega sannað að tjón A sé af völdum B og á A því ekki rétt á bótum.

Niðurstaða.

Ósannað er að B hafi valdið tjóni á A

Reykjavík 9.6. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 74/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)

Ágreiningur um bótaskyldu í tengslum við snjómokstur við Ólafsvíkurhöfn 19.03. 2008

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 13.05. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var um borð í bát sem var við bryggju. Starfmaður A vann við að moka snjó og íshröngl af bryggjunni. Starfmaðurinn mokaði snjó fram af bryggjunni án þess að huga að því sem fyrir neðan var.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi vegna líkamsmeiðsla sem hann telur sig hafa orðið fyrir við það að fá snjó og íshröngl á sig. Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur ósannað að M hafi slasat vegna þess að snjór hafi lent á honum. Í gögnum málsins komi fram að tjónsdagur sé 19.03. 2008 en M hafi ekki leitað til lögreglu fyrr en 02.04. 2008 eða 14 dögum eftir að hið meinta tjón hafi átt sér stað. Það telur að af gögnum málsins verði ekki annað ráðið en að M hafi leitað til læknis vegna hins meinta tjóns 03.04. 2008 en ekki tveimur dögum eftir hinn meinta tjónsatburð eins og haldið sé fram af M. Félagið vísar og til gagna um að M hafi læsts í baki á árinu 1999 og hafi síðar leitað til læknis vegna verkja í mjóbbaki og leiðni í ganglimi. Það telur að M eigi að bera halla af sönnun um málsatvik og um að verkir og líkamlegt ástand hans skv. fyrirliggjandi gögnum megi rekja til atvika sem A ber ábyrgð á.

Haft er eftir umræddum starfsmanni A í skýrslu lögreglu að hann hafi verið að moka snjó af bryggjunni með lyftara og hafi þá ekki viljað betur til en svo að trilla hafi verið undir löndunarkrananum og hafi snjórinn farið að hluta til um borð í hana. Hann kveðst hafa rætt við M í framhaldi þessa og hafi M sagt að “hann væri ómeiddur enda hefði hann sloppið við snjóinn.....”

Álit.

Það var óvarlegt af stjórnanda lyftarans að huga ekki betur að aðstæðum áður en hann mokaði fram af bryggjunni. Hér er því um bótaskyldan tjónsatburð að ræða enda takist tjónþola að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni. Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir líkamstjóni í umrætt sinn.

Reykjavík 3. júní 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 75/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar byggingarfélags (A)**

Meiðsl við byggingarvinnu þann 26.03. 2007

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.05. 2008 ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Vátryggingafélagið telur að málsatvik séu óupplýst. M hafi fengið í bakið við flutning á þungu tæki á milli hæða. Í fystu hafi verið haft eftir tjónþola (M) að hann hafi fengið í bakið við flutning á ryksugu á milli hæða en í síðari skýringum að hann hafi fallið í stiga við flutning á þungri dælu á milli hæða. M ere inn til frásagnar um hvað gerðist. Félagið vísar og til þess að vafi leiki á orsakatengslum við fyrri tjónsatburð, M muni nýverið hafa verið fjarverandi þegar umræddur atburður átti sér stað. Fram kemur að af upplýsingum vátryggingartaka hafi M nýlega mætt aftur til vinnu þegar umræddur atburður átti sér stað og var ástæða þeirrar fjarveru slys í frítíma. M telur bótaábyrg fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi meiðsl M til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða aðstæðna sem hann ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Reykjavík 3. júní 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 79/2008

S
og
X hf. vegna A og B

Árekstur á hringtorgi við Eiðsgranda og Hringbraut 14. apríl 2008.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 7. maí 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá X hf. dags. 26. maí 2008.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið vestur Hringbraut og um hringtorg á gatnamótum Hringbrautar og Ánanaustar. A var ekið í innri hring og B í ytri hring. Við Ánanaust, sem eru fyrstu gatnamót sem bifreiðarnar komu að eftir að þeim var ekið inn í hringtorgið var A beygt til hægri áleiðis út úr hringtorginu inn á Ánanaust þannig að B ók inn í hlið A, sem ók áfram og ætlaði út úr hringtorginu við Eiðsgranda.

Álit.

Eftir að ökumaður A ók inn í innri hring torgsins hugðist hann beygja til hægri út úr því strax við fyrstu gatnamót. Skv. 1. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 bar ökumanni A að velja hægri akreinina og ytri hring torgsins. Það gerði hann ekki og á ökumaður A meginsök á árekstrinum. Ökumaður B hefði átt að fylgjast betur með umferð úr innri hring og telst því bera hluta sakar. Sök skiptist þannig að A ber 2/3 hluta sakar og B 1/3 hluta.

Niðurstaða.

A ber 2/3 hluta sakar og B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík, 9. júní 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 76/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar A.**

Árekstur á bifreiðastæði við Egilshöll þann 7.2.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 2.5.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 2.5.2008.
3. Bréf Y, dags. 19.5.2008.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið aftur á bak á bifreiðastæði við Egilshöll. Mun þá afturendi A hafa rekist í vinstri hlið B.

Í gögnum málsins er ekkert haft eftir ökumanni A um atvikið. Ökumaður B kvaðst hafa bakkað til að koma sér inn á aðalgötuna, enda hafi hann ekki komist öðrúvísi inn á götuna. Þá hafi A komið og bakkað á B. Ökumaður B kvaðst hafa verið á “engri” ferð, en ökumaður A hafi sagst ekki hafa séð B.

Álit.

Gögn málsins eru mjög fátækleg um áreksturinn og aðdraganda hans. Báðum bifreiðum var ekið aftur á bak. Er ósannað að annar ökumanna eigi meiri sök á óhappinu en hinn. Verður því ekki hjá því komist að skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumann skal bera helming sakar.

Reykjavík, 3. júní 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 77/2008
(M) og
(V)v ábyrgðartryggingar (A)

Krafa um bætur úr ábyrgðartryggingu ökutækis vegna tjóns sem varð þegar ekið var á tvö hross þ. 14,12,2007 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.5.2007 ásamt bréfi dags. 4.4.2008.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 341/08
3. Lögregluskýrsla dags. 15-28.12.2007
4. Bréf V dags. 14.12.2007, 31.3 og 13.5.2008

Málsatvik.

A ók á hóp hrossa á þjóðvegi 1 í Skagafirði, með þeim afleiðingum að tvö hross drápust. Eigandi hrossanna M segir að hrossin hafi verið í húsi en hleypt þeim út til að þrífa undan þeim. M segist ekki hafa sett þau í gerði við hesthúsið sökum mikillar drullu og því hafi verið greið leið fyrir þau að fara á afleggjara að þjóðvegi 1 en hann hafi lokað hliðinu að heimkeyrslunni skömmu áður en hann hleypti hrossunum út úr húsinu, en um klukkustund hafi liðið frá því að hann hleypti hrossunum út þangað til honum var gert viðvart um óhappið. Gerð er grein fyrir því í lögregluskýrslu að hliðið að heimkeyrslunni hafi verið rammgert, en engu að síður slapp hrossahópurinn út á þjóðveg 1 og er það ágreiningslaust í málinu.

Álit.

Þar sem óhappið varð er lausaganga búfjár bönnuð. Ekki hefur verið sýnt fram á að girðingar séu ófullnægjandi á þeim stað þar sem óhappið varð. Ágreiningslaust er að hópur hrossa í eigu M var á þjóðvegi 1 þegar A ók á þau en M hafði ekki viljað setja þau í þar tilgreint gerði af þeim ástæðum sem M greinir. M hefur ekki sýnt fram á að vörslur hrossana hafi verið fullnægjandi og á M því ekki rétt á bótum.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu (A) hjá V.

Reykjavík 3.6. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 80/2008

M

og

**Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðarinnar A og ábyrgðartryggingar
fasteignatryggingar C**

Skemmdir á A þegar snjór féll af húspaki og á bifreiðina A þann 04.03. 2008

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 06.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var lagt við hús að Eyrargötu þar sem ökumaður var gestkomandi. Snjór féll af húspakinu og á bifreiðina þannig að skemmdir urðu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð úr kaskótryggingu bifreiðarinnar þar sem tjónsatvikið fellur utan bótasviðs vátryggingarinnar eins og það er skilgreint í 4. gr. skilmála.

Vátryggingafélagið hafnar og bótaábyrgð úr fasteignatryggingu eiganda húseignarinnar. Það telur að íbúðareigandi beri ekki ábyrgð í skilningi skaðabótaréttar að hafa ekki gert sérsakar ráðstafanir í umrætt sinn. Félagið vísar til úrskurðar Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum nr. 53/2006 í því sambandi.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu, sem óþarft er að geta.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er bótaábyrgð ekki fyrir hendi samkvæmt kaskótryggingu bifreiðarinnar. Tjónsatburður máls þessa fellur utan bótasviðs kaskótryggingar líkt og það er skilgreint í 4. gr. vátryggingaskilmála.

Ekki hefur verið sýnt fram á skaðabótaskyldu ábyrgðartryggingar faseignatryggingar eða F+tryggingar (heimilstryggingar), sem svo er nefnd í málskotinu

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Reykjavík 9. júní 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 81/2008
M og
Vátryggingafélagið V vegna ferðatryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna veikinda í ferðalagi þ.16-20.3.2008. .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 8.5.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-10
2. Bréf V dags. 15.5.2008.

Málsatvik.

M var farþegi í golfferð til Spánar í mars 2008 og veiktist í ferðinni og var samkvæmt vottorði fararstjóra veikur daganna 16-20. mars. Ekki er ágreiningur um að M hafi verið veikur á umræddum tíma í ferðalaginu. V hafnar bótaskyldu og vísar m.a. til ákvæða 4.6.1. vátryggingaskilmálanna þeirri ákvörðun sinni til stuðnings. M telur ofangreint ákvæði skilmálanna ekki eiga við í því tilfalli sem hér um ræðir og bendir m.a. á að leggja beri að jöfnu veikindalegu á hóteli og á sjúkrahúsi.

Álit.

Samkvæmt ákvæði 4.6.1. í vátryggingaskilmálum þeim sem hér ræðir um ber V að endurgreiða tjónþola hlutfallslega allt að kr. 440.000 af óafturkræfum ferðakostnaði vátryggðs fyrir þann hluta ferðarinnar sem vátryggður getur ekki notað vegna þess að hann þarf samkvæmt skriflegu læknisráði og með samþykki félagsins og SOS INTERNATIONAL að rjúfa ferð eða fara heim eða hann þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur. Ljóst er að tryggingarskylda V kemur ekki til greina nema ákvæðum þeim sem greinir í grein 4.6.1. í vátryggingaskilmálunum séu til staðar en það voru þeir ekki í tilviki M og á M því ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ferðatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 9. 6. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 82/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.

Árekstur á bifreiðastæði þann 4.4.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 8.5.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 19.5.2008.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B mun hafa verið lagt í stöðureiti á bifreiðastæði við bóknámshús Fjölbrautaskóla Norðvesturlands, Sauðárkróki. Snéru afturendar bifreiðanna skáhallt á móti hvor öðrum og akleið var á milli stöðureitanna. A var ekið aftur á bak úr stöðureitnum og lagt á hana til hægri. B var einnig ekið aftur á bak úr stöðureit og lagt á hana til hægri. Rákust þá saman aftanverð vinstri hlið A og vinstra afturhorn B. Er áreksturinn varð, var A komin í beina akstursstefnu eftir akleið þeirri sem skildi stöðureitina að. B var á hinn bóginn skökk fyrir á akleiðinni. Í sameiginlegri tjónstilkynningu er merkt í reiti varðandi tjónsatvik að bifreiðunum hafi verið ekið aftur á bak (reitir nr. 14).

Ökumaður A kvaðst hafa verið að bakka úr stöðureitnum, litið í spegla en engan séð á ferð. Hann hafi verið kominn alveg úr stöðureitnum er hann fann fyrir höggi. Þá hafi B verið komin í hliðina á A.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið mjög rólega úr stöðureitnum. Hann hafi litið í baksýnispegil og séð A koma á “ágætri ferð”. Hann hafi hemlað og verið kominn í hlutlausan þegar A lenti á B. Hann hafi ætlað að reyna að koma í veg áreksturinn en ekki tekist.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en áreksturinn hafi orðið í sömu andrá og bifreiðunum var ekið aftur á bak úr stöðureitum inn á akleið á milli þeirra. Engum vitnum er til að dreifa. Samkvæmt 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 skal ökumaður, áður en hann ekur aftur á bak, ganga úr skugga um að það sé óhætt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Af framburði ökumanns A verður ekki annað ráðið en að hann hafi ekki vitað um ferðir B fyrir en áreksturinn varð. Ökumaður B staðhæfir að hafa náð að stöðva B áður en árekstur varð. Þrátt fyrir stöðu A á akleiðinni verður ekki staðhæft að ökumaður A hafi ekið inn á hana á undan B. Þá verður heldur ekki staðhæft að ökumaður B hafi tekið eftir ferðum A áður en í óefni var komið. Er ósannað að annar ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt því og með vísan til 89. gr. ufl. verður sök skipt að jöfnum milli þeirra.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 9. júní 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 83/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á Hringbraut í Reykjanesbæ þann 21.02. 2008

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 08.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 26.05. 2008, ásamt afriti gagna málsins.
- 3) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 26.05. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

A var ekið af Tjarnargötu inn á Hringbraut til vinstri, B var ekið suður Hringbraut. Álitaefnið er hvort A hafi átt að víkja fyrir B og/eða hvort B var í framúrakstri þegar áreksturinn varð.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að reyna að aka framúr A þar sem ökumaður A hugðist beygja til vinstri að Brautarnesi. Félagið telur að B hafi verið á mikilli ferð þar sem bifreiðin hafi endað í húsagarði ásamt því að hafa lent á annarri kyrrstæðri bifreið. Árekstur milli ökutækjanna hafi verið minniháttar en afleiðingin mun meiri.

Sagður ökuhraði B er 50 – 55 km/klst.

Vátryggingafélag B telur að A eigi að bera ábyrgð á árekstrinum. A hafi verið ekið í veg fyrir A.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Umferð um Hringbraut hefur forgang gagnvart umferð um Tjarnargötu. Ökumanni A bar að víkja fyrir B.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á B miðað við fyrirliggjandi gögn.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 9. júní 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 84/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða í Rauðási í Reykjavík þ. 6.2. 2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 13.5.2008 ásamt ljósmynd.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 240/08
3. Tjónaskýrsla dags. 6.2.2008.
4. Bréf V-1 dags. 26.5.2008.
5. Bréf V-2 dags. 12.3. og 13.5. 2008.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið götuna hjá sér og hafi B komið á öfugum vegarhelmingi að taka beygju og ekið á A. Ökumaður B segist hafa verið að beygja til vinstri og hafi A ekið í hliðina á B.

Álit.

Almennur umferðarréttur gildir þar sem áreksturinn varð. A bar að gæta varúðar þegar hún ók út í götuna en þeirrar varúðar gætti ökumaður A ekki nægjanlega og ber því sök á árekstrinum

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 9.6. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 85/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. slysatryggingar U og S

Slys þegar maður fékk högg á fótinn af háprýstidælu þ.2.6. 2004.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 14.5.2008.ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Bréf V dags 6.6.2008.

Málsatvik.

M segist hafa orðið fyrir slysi þegar hann var í vinnu hjá S h.f. en starfsmaður hjá U undirverktaka hjá S sem annaðist um dælingu hafi ræst háprýstidælu að M óvörum og M lent fyrir henni. M varð fyrir tjóni á hné vegna þessa. Lögmaður M gerir kröfu til þess að úrskurðað verði að M eigi skaðabótarétt á hendur U og S. Í bréfi V segir m.a. að ekki hafi verið gerð krafa hjá V vegna þessa máls.

Álit.

Í annarri mgr. 5. gr. samþykktu fyrir Úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum segir ” Áður en málskotsaðili getur lagt mál sitt fyrir nefndina skal hann hafa lagt kröfur sínar fyrir hlutaðeigandi vátryggingafélag.” Ekkert liggur fyrir um að M hafi gert kröfur á hendur hlutaðeigandi vátryggingafélagi og þar sem V heldur því fram að M hafi ekki gert kröfu á hendur félaginu verður að leggja það til grundvallar að málskotsaðili hafi ekki uppfyllt það skilyrði 2.mgr. 5.gr. samþykktu úrskurðarnefndarinnar frá 16.12.2005 og verður þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá nefndinni.

Niðurstaða.

Málinu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík 9.6. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 86/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ vörubifreiðarinnar A.

Slys er maður var að fara niður af palli vörubifreiðar þann 28.9.2004.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 14.5.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.6.2008.

Málsatvik.

M var á leið niður stiga ofan af palli vörubifreiðarinnar A er hann missti handfestu með þeim afleiðingum að hann féll niður og lenti illa á rófubeini og baki og fékk m.a. heilahristing.

Samkvæmt gögnum málsins var á slysstað verið að byggja bílakjallara. Unnið var við að rífa niður steypumót innan á veggjum kjallarans með bílkrana, sem mun hafa verið staðsettur fyrir aftan vörupallinn á A. Mótunum var komið fyrir á palli A til að flytja þau á milli staða í húsinu. M hafði farið upp á pallinn til að losa mótin úr krananum. Til að komast upp á pallinn notaði hann stiga sem hafði verið reistur við aftanverðan pallinn. Er M hafði losað mótin ætlaði hann sömu leið niður. Er hann hafði stigið í stigann og hugðist snúa sér við ætlaði hann að styðja sig við skjólborð aftast á pallinum sem var í uppréttri stöðu. Skjólborðið reyndist ólæst og er M studdist við það féll það niður í lárétta stöðu. Við það missti M jafnvægið og féll aftur fyrir sig með fyrrgreindum afleiðingum.

M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu A; annars vegar á grundvelli hinnar hlutlægu ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og hins vegar á þeirri forsendu að stjórnandi A hafi sýnt gáleysi með því að hafa ekki læst skjólborðinu í tæka tíð áður en M fór niður af pallinum.

Álit.

Samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 88. gr. ufl. skal sá er ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns. Er M var á leið niður af pallinum verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að A hafi verið kyrrstæð. Þá var hvorki kraninn né annar vélknúinn búnaður M notaður til að koma M niður af pallinum. Slysið hlaut því ekki af notkun A eins og það hugtak hefur verið skýrt í dómum Hæstaréttar, sbr. m.a. H 1972, 374 og H 1999, 3734. Ekkert liggur fyrir að læsing skjólborðsins hafi verið biluð eða á annan hátt vanbúin. Ennfremur er alveg ósannað að slysið verði rakið til gáleysis ökumanns A. Að þessu virtu telst hvorki eigandi né ökumaður A bera ábyrgð á líkamstjóni M. Tjónið fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 9. júní 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 87/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðanna A og B**

Hurð opnuð í veg fyrir bifreið við bensínstöð við Hyrnuna Borgarbyggð þann 14.04. 2008

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 14.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 26.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Ágreiningur máls þessa snýst um hvort ökumaður A hafi opnað hurð bifreiðar sinnar í veg fyrir B eða hvort ökumaður B hafi ekið á opna hurð bifreiðar A. Vátryggingafélagð telur A beri ábyrgð á óhappi þessu fyrir að opna hurð á hægra frambretti B. M telur að B hafi ekið á opna hurð A.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður framskýrsla lögreglu lögð til grundvallar við afgreiðslu máls þessa. Samkvæmt henni voru báðar bifreiðarnar kyrrstæðar við bensínstöðina go var B lagt til hliðar og aftan við A sem stóð við dælu. Síðan var B ekið af stað framhjá A “en í sama mund og B var ekið framhjá A opnaði ökumaður A bílstjórahurðina sem rakst í hægra framhorn B....” M gerði athugasemd við frásögn lögreglu af atburðinum eftirá.

Niðurstaða.

A ber ábyrgð á óhappi þessu fyrir að opna hurð bifreiðar sinnar í veg fyrir B.

Reykjavík 9. júní 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 88/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðatryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys við fall úr stiga þann 26.10. 2006

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 14.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.05. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M vann við húsbýggingu. Hann vann við lagnastokk í nýbýggingu, stigi sem hann var í rann til og féll M 10 metra og slasaðist. M vann við að fjarlægja timbur af vegg við lagnastokk og átti hann að fá annan mann sér til aðstoðar til að halda stiganum. M mun hafa leitað að vinnufélaga en ekki fundið og því ákveðið að byrja einn á verkinu. Engar fallvarnir voru til að koma í veg fyrir slys.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það vísar til þess að Vinnueftirlit ríkisins hafi ekki gert athugasemdir við stigann sjálfan og því verði að telja óumdeilt að hann hafi verið í lagi og hafi ekki gefið sig. Félagið vísar til þess að í skýrslu lögreglu og Vinnueftirlits komi fram að stiginn hafi runnið til með þeim afleiðingum að M féll niður lagnastokkinn sem hann vann við. Félagið telur að ekki séu orsakatengsl milli áverka M og þess að hann var ekki í öryggisskóm eða með öryggishjálmi við verkið. Áverkar hans séu fyrst og fremst á öxl og hægri síðu. Staðfest sé í gögnum málsins að M hafi fengið fyrirmæli um að fá annan mann með sér í verkið áður en hann hæfi það. Þessa hafi hann ekki gætt því hann kveðst ekki hafa fundið annan mann sér til aðstoðar og því hafi hann hafið það. Félagið telur að M hafi gert sér grein fyrir þeirri hættu sem fyrir hendi var. Því er mótmælt sem fram kemur í gögnum málsins að verkstjóri hafi haft vitneskju um að M hafi gengið einn til verksins og að hann hafi látið það óátalið. Félagið telur að rekja megi tjónsafbúð þennan til eigin sakar og óvarkárni M að fylgja ekki skýrum fyrirmælum verkstjóra um að fá annan starfsmann sér til aðstoðar þ.e. til að halda við stigann. M hafi nokkra starfsreynslu og því vanur að vinna í nýbýggingum að eigin sögn. Unnt hefði verið að koma í veg fyrir slysið ef M hefði fengið annan mann með sér í verkið til þess að halda við stigann. Hefði stiginn þá ekki runnið til á rykugu gólfinu og tjónið ekki orðið.

Vinnueftirlitið telur að helst megi rekja slysið til þess að engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að verjast falli við verkið.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum var óvarlegt að grípa ekki til fyrirbyggjandi ráðstafana áður en umrætt verk var hafið og tryggja fullnægjandi fallvarnir. Þessa gætti starfsmaður vátryggingartaka ekki.

M er ungur að árum fæddur á árinu 1986. Hann mun einungis hafa unnið hjá vátryggingartaka í um einn mánum. Telja verður að slysið megi að hluta rekja til aðgæsluleysis M við framkvæmd verksins. Hann átti ekki að hefja verkið án þess að starfsmaður aðstoði hann við það líft og hann hafði fengið fyrirmæli um.

Ekki hefur verið sýnt fram á að starfsmenn vátryggingartaka hafi haft vitneskju um að M vann einn við verkið.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er bótaábyrgð fyrir hendi sem nemur 2/3 en skerða ber bætur til M um 1/3 vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi sem nemur 2/3 en M ber 1/3 sjálfur vegna eigin sakar.

Reykjavík 9. júní 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 89/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar Reykjavíkurborgar.

Slys er maður féll í skurð í Tryggvagötu í Reykjavík þann 7.10.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 14.5.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.5.2008.

Málsatvik.

Á svæði fyrir væntanlega nýbyggingu Landsbanka Íslands á reit, sem í grófum dráttum markast af Tryggvagötu, Pósthússtræti, Geirsgötu og Kalkofnsvegi, var unnið að fornleifauppgreftri á vegum Reykjavíkurborgar (hér eftir nefnd R). Á svæðinu hafði verið grafinn skurður um 3 m djúpur. Svæðið var afgirt með sérstökum öryggisgirðingum til að girða af vinnusvæði. Þær voru fengnar á leigu hjá verktakanum V sem einnig mun hafa séð um viðhald þeirra og tilfærslu eftir því sem þurfti vegna framkvæmdanna.

Aðfaranótt sunnudagsins 7. október 2007 var M á leið að pylsusölunni Bæjarins bestu í Tryggvagötu austan við Pósthússtræti. Hann mun hafa gengið í átt að pylsusölunni frá Lækjargötu austan við hús Rammagerðarinnar í Hafnarstræti. Féll hann þá ofan í fyrrgreindan skurð og hlaut áverka í andliti og munnholi.

Í lögregluskýrslu vegna slyssins segir að þarna hafi miklar framkvæmdir verið í gangi og sjá hafi mátt grindverk í grennd við vinnusvæðið, en það hafi legið á hliðinni og þjónað litlum tilgangi. Engar merkingar hafi verið sem hafi gefið til kynna hver hafi verið verktaki og merkingar ekki verið fullnægjandi á svæðinu.

Í skýrslu sem tekin var af M 29.1.2008 kvað hann sér hafa orðið mál að pissa er hann fór fram hjá húsi Rammagerðarinnar. Hann hafi ekki verið búinn að ákveða hvort hann myndi fá sér pylsu áður en hann pissaði eða á eftir, en er hann gekk í áttina að Bæjarins bestu hafi hann allt í einu fallið ofan í skurðinn. Hann hafi ekki orðið var við neitt grindverk, hvorki uppistandandi né liggjandi. Hann hafi heldur ekki orðið var við neina steina, en niðamyrkur hafi verið og engin lýsing. M kvaðst hafa verið undir áhrifum áfengis, en ekki mikið ölvaður.

Unnusta M var í för með M. Hún kvað M hafa þurft að pissa, er þau voru við Rammagerðina, og hafi hann ætlað út á planið sem þar átti að vera. Vissi hún svo ekki af ferðum M fyrir en hún varð þess vör að M hafði fallið í skurðinn.

Í umsögn R varðandi slysið kemur fram að fimmtudaginn 4. október hafi verkefnastjóri Mannvirkjaskrifstofu Framkvæmdasviðs R verið á svæðinu og þá tekið eftir að öryggisgirðingin hafi á stöku stað ekki verið eins og hún átti að vera, nokkrar klemmur hafi vantað og grindur ekki verið alveg rétt staðsettar. Haft var samband við V og beðið um lagfæringu á þessum atriðum. Úr þessu hafði verið bætt daginn eftir. Laugardaginn 6. október hafði girðingin verið yfirfarin að nýju af hálfu V og hún þá verið í góðu lagi. Ljóst sé að girðingunum hafi verið rutt niður af mannavöldum, sem ekki hafi gerst áður við umrætt verk. Á svæðinu séu tugir advörunarskilta. Lýsingu á svæðinu hafi ekki verið breytt vegna þessara framkvæmda. Starfsmenn R hafi ekki vitað eða mátt vita að girðingarnar hafi legið niðri þegar slysið varð.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu sem R hefur keypt hjá Vátryggingafélaginu X. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Skurður sá sem M féll ofan í hafði verið afgirtur með sérstökum öryggisgirðingum sérstaklega ætluðum til girða af bygginga- og framkvæmdasvæði eins og hér um ræðir. Tæpum þremur sólarhringum áður en slysið varð hafði girðingin verið yfirfarin og lagfært það sem úrskreiðis hafði farið. Daginn fyrir slysið hafði hún einnig verið yfirfarin og mun þá hafa verið í lagi. Af ljósmyndum að dæma hefur steypuklossum einnig verið komið fyrir fyrir framan girðinguna. Ekki hefur verið upplýst samkvæmt gögnum málsins hvornig það hafi gerst að girðingin lagðist á hliðina. Er talið að það hafi gerst af mannavöldum. Ekkert liggur fyrir um það í gögnum málsins að girðingin hafi verið vanbúin eða uppsetning hennar hafi á einhvern hátt verið áfátt þannig að virt verði starfsmönnum R til sakar. Ekki verður heldur fullyrt að lýsing hafi verið ófullnægjandi þannig að leitt geti til bótaábyrgðar R. Þá er ósannað að starfsmenn R hafi vitað um hinar hættulegu aðstæður sem höfðu skapast þar sem M slasaðist. Að þessu virtu verður að telja ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna R eða annarra atvika sem R getur borið ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu R hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu R hjá X.

Reykjavík, 9. júní 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 90/2008
M vegna tjóns á bifreiðog
Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar bifreiðar.

Ágreiningur um bótafjárhæð vegna tjóns þ.11.1.2006

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 15.5.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-5
2. Bréf V dags. 23.5.2008

Málsatvik.

Ágreiningur í máli þessu snýst um bótafjárhæð vegna tjóns á bifreið M. Ekki var aflað samþykkis V við að vísa málinu til meðferðar Úrskurðarnefndar í Vátryggingamálum og er því ekki talin ástæða til að fjalla um málavexti að svo miklu leyti sem þeir koma fram í framlögðum gögnum.

Álit.

Samkvæmt 2.mgr. 3.gr. samþykktá Úrskurðarnefndar um vátryggingamál segir að nefndin úrskurði um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir. Í bréfi V sem lagt hefur verið fyrir nefndina tekur V sérstaklega fram að samþykki félagsins liggja ekki fyrir. Af þeim sökum verður ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum á grundvelli 2. mgr. 3. gr. samþykktá fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum frá 12.12..2005.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá Úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum.

Reykjavík 9.6. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 91/2008

**I
og
X hf. vegna A**

Y hf. vegna B

Árekstur á Gullinbrú 23. apríl 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið 15. maí 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá Y hf. dags. 30. maí 2008.
3. Bréf frá X hf. dags. 2. júní 2008.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið a eftir B suður Gullinbrú. Ökumaður B hafi snarstöðvað við gatnamótin hjá Fjallkonuvegi en ökumaður A segist hafa náð að stöðva til að koma í veg fyrir árekstur. B hafi síðan bakkað skyndilega á A. Ökumaður B segist hafa séð A stöðvast og segist stuttu seinna hafa fundið fyrir höggi. Engar frekari skýringar eru á málavöxtum.

Álit.

Tjónstilkynning í máli þessu er ófullkomin og öðrum gögnum en frásögnum ökumanna er ekki til að dreifa. Ökumönnum ber ekki saman um tilurð árekstursins. Verður því að láta báða aðila bera hallann af því og skipta sök til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga.

Reykjavík, 9. júní 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 92/2008

M og

V vegna málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um greiðslu málskostnaðartryggingar v máls þingfest 15.11.2007

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.5.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 28.5.2008.
3. Ljósrit af vörulista LM Byko 2007-2008.

Málsatvik.

M vann hjá fyrirtækinu P. Eftir að M lét af störfum hjá P höfðaði P mál gegn M vegna reiknings fyrir leigu á tækjum til M sem M notaði við jarðvegsframkvæmdir á lóð tengdaföður síns. Tækin voru leigð til P meðan hann var enn starfsmaður P. M krefst greiðslu úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli að ágreiningurinn falli undir undanþágú í grein 25.5 váttryggingaskilmála tryggingarinnar þar sem segir að tryggingin bæti ekki málskostnað sem sé í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur váttryggðs. V telur að ofangreint ákvæði verði ekki skýrt þröngt og hafnar bótaskyldu á þeim grundvelli að lán P á tækjum til M standi í slíkum tengslum við atvinnu M hjá P að ofangreint undanþáguákvæði eigi við. M byggir kröfu sína á því að lán á tækjum þeim sem um ræðir tengist ekki atvinnu hans hjá P að neinu leyti. Þá sé ágreiningur sá sem fjallað sé um í því dómsmáli sem P hafi höfðað gegn M ekki í neinum tengslum við störf M hjá fyrirtækinu.

Álit.

Í héraðsdómsmálinu sem P höfðaði gegn M segir í málavaxtalýsingu P, að krafa P á hendur M sé vegna reiknings sem sé tilkominn vegna leigu á tilgreindum tækjum. Tækin og sú leiga sem vísað er til tengjast ekki með neinum hætti störfum M hjá P eða eru í tengslum við störf hans. Þá liggur fyrir að leiga á tækjunum var til einkanota en ekki til nota fyrir vinnuveitenda eða í tengslum við atvinnu M. Reikningur sá sem um er deilt í dómsmáli því sem P höfðaði gegn M tengist því ekki störfum M hjá fyrirtækinu. Af þeim sökum verður bótaskyldu ekki hafnað með vísan til greinar 25.5 váttryggingarsamnings aðila. M á því rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr málskostnaðartryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 1.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 94/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys við fall á þaki þann 22.03. 2007

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 21.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags til nefndarinnar, dags. 02.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M vann við húsbýggingu. Hann féll á hné í hálfu sem myndast hafði á þakinu sbr. fyrirliggjandi gögn.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að vátryggingartaki beri ábyrgð á því að hafa látið framkvæmdir halda áfram við þær aðstæður sem fyrir hendi voru. Ekkert vinnuveður hafi verið og því óforsvaranlegt af vátryggingartaka að hefja vinnu, spyrja megi hvort ekki hafi verið unnt að láta vinna við önnur verk við húsið í stað þess að vinna uppi á þakinu.

Vátryggingarfélagið hafnar bótaábyrgð. Í byggingarvinnu að vetrarlagi geti komið upp aðstæður sem kunna að teljast varhugaverðar. Af fyrirliggjandi gögnum verði ekki ráðið að slysið sé afleiðing ófullnægjandi aðbúnaðar, skorts á leiðbeiningum eða annarra atriða sem leiði til skaðabótaskyldu vátryggingartaka (vinnuveitanda M).

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum og atvikum öllum hefur ekki verið sýnt fram á skaðabótaskyldu vátryggingartaka. Tjónsatburð máls þessa virðist mega rekja til aðgæsluleysis M sjálfs. Hafa ber hugfast að aðilar í byggingarvinnu að vetrarlagi geta þurft að vinna við aðstæður sem eru varhugaverðar. Ekki hefur verið sýnt fram á að óforsvaranlegt hafi verið að halda vinnu áfram við þær aðstæður sem fyrir hendi voru ellegar að starfmenn hafi gert athugasemdir við þær. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á skaðabótaskyldu vátryggingartaka.

Reykjavík 9. júní 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 95/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)
og
Vátryggingafélagið Y v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (B)

Vinnuslys við fall við járnabindingu þann 07.04. 2006

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 05.06. 2008.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 06.06. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M, starfsmaður B, vann við járnabindingu. Hann féll úr forbindingarrekkja er unnið var við að lyfta járngrind með krana úr rekknum.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu.

Vátryggingafélag A telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi starfsmanna A sem leitt gæti til skaðabótaskyldu. Aðstæður hafi ekki verið með þeim hætti að A beri ábyrgð á meiðslum M. Krani sem notaður hafi verið við verkið hafi verið í eignum C ehf. en ekki A. C er ekki vátryggður hjá vátryggingafélaginu. Stjórnandi kranans hafi verið starfsmaður C. Ef tjón það sem M varð fyrir hafi verið rakið til stjórnanda hans verði ábyrgð ekki lögð á A.

Vátryggingafélag B telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Viðurkennt hafi verið að M ætti rétt á bótum úr slysatryggingu launþega. Félagið vísar til þess að M hafi fest krók við járngrindina en slinkur hafi komið á keðjuna og rífið járnagrindina úr rekknum þannig að M missti jafnvægið og féll og slasaðist. Félagið telur að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Kraninn hafi ekki verið á hreyfingu heldur muni stjórnandi hans hafa beðið eftir að króknum væri húkkað í netið. M hafi verið að vinna í 1,5 metra hæð og því hafi ekki verið þörf á því að hafa handrið eða annað slíkt við framkvæmd þess. Efnislega kemur fram að M hafi unnið við verkið um fjóra mánuði og þar áður unnið hjá öðrum byggingaraðila. Félagið telur að um tiltölulega einfalt verk hafi verið að ræða og framkvæmd þess hafi verið í samræmi við venju við sambærileg verk. Hér hafi verið um óhappatilvik að ræða sem engum verði kennt um.

Vinnueftirlitið telur orsök slyssins vera helst þá að engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að slasaði gæti staðið á öruggan hátt við vinnu sína. Meðvirkandi orsök gæti verið að stjórnandi kranans hafi ekki haft réttindi til að stjórna byggingarkrana og því ekki þjálfun og reynsla til að stjórna slíku tæki af fullu öryggi. Vindhraði gæti hafa haft áhrif á hreyfingar kranans.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu úr þeim ábyrgðartryggingum sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi slysið til vanrækslu aðila þ.á m. stjórnana kranans, vanbúnaðar á byggingarstað eða annarra aðstæðna sem A og/eða B bera ábyrgð á. Hér virðist hafa verið um óhappatilvik að ræða. Því verklagi sem viðhaft var við framkvæmd verksins virðist ekki hafa verið mótmælt.

Ekki verður séð að rekja megi slysið til réttindaleysis stjórnanda kranans.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeim ábyrgðartryggingum sem hér um ræðir.

Reykjavík 1. júlí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 96/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Skemmdir á glertoppi bifreiðar, þann 02.02. 2008, þegar sonur vátryggingartaka sveiflaði medalínu í toppinn þannig að sprunga kom í glerið.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 27.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 29.05. 2007, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur bótaábyrgð vera fyrir hendi. Hann telur að glerþak bifreiðarinnar sé ein af rúðum hennar sem kaskótrygging (húftrygging) taki til. Hann telur að glerþak (glertoppur) falli undir staðalbúnað ökutækja.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Félagið telur að tjónsatburður máls þessa falli utan bótasviðs skilmála vátryggingarinnar eins og það er skilgreint í 4. gr. þeirra.

Álit.

Miðað við takmörkuð gögn máls þessa mun sprunga hafa komið í glerþak bifreiðarinnar. Ekki er unnt að líta svo á að glerþakið (toppur) falli undir rúðutryggingu kaskótryggingar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 11. júlí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 97/2008

M og

Vátryggingafélagið V vegna sjúklingatryggingar A

Krafa um bætur vegna meintra læknamistaka þ.10.10. 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.5.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-3
2. Bréf V dags. 4.6.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-3
3. Lögregluskýrsla dags.

Málsatvik.

Framkvæmd var liðspeglunaraðgerð á hægri hné M í júní 2007 á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og gekk aðgerðin ágætlega að sögn læknis en einkennin löguðust ekki og var framkvæmd önnur aðgerð þ. 10.10 í Læknastöðinni í Glæsibæ. Hálfum mánuði eftir að M fór í síðari aðgerðina fékk hann sýkingu í hnéð og fór í sýklameðferð. Samkvæmt læknisvottorði læknisins fór M enn í aðgerð þ. 27.10 2007 þar sem gerð var liðspeglun á hægri hné og hreinsaðar burtu bólgubreytingar í hnénu auk þess sem hnéð var skolað. M kom til skoðunar þ. 20.11.2007 og var þá engin merki sýkingar. Skv læknisvottorðinu er talað um að M hafi verið óvinnufær frá 25.10.2007 og a.m.k. til 20.11.2007. Varðandi spurningu um hvort líklega megi rekja ástand hnésins til aðgerðar sem framkvæmd var þ. 10.10.2007 segir í ofangreindu læknisvottorði: "Einkenni svara mest bólgubreytingum í hné sem geta komið í kjölfar álags á hnéð í kjölfar aðgerðar. Einnig hafði viðkomandi einkenni sárásýkingar í kjölfar aðgerðar þótt ekki hafi verið um að ræða sýkingu inni sjálfan hnéliðinn. Telja verður líkur meiri en minni að ástand hnésins séu afleiðingar aðgerðar þann 10.10.2007" Læknir sá sem framkvæmdi fyrri tvær aðgerðir á M segir að ákveðin sýkingarhætta sé við aðgerðir eins og þær sem hér ræðir um þó þær séu sjaldgæfar. Varðandi þær aðgerðir sem M hafi gengist undir hvað umræddan lækni varðar þá hafi þær verið framkvæmdar af vönu starfsfólki og hafi ekkert afbrigðilegt komið fram við aðgerðarferlið sem skýrt geti sýkinguna. Þá bendir læknirinn á að sýkingin hafi fyrst komið fram nokkrum dögum eftir saumatökum eða hálfum mánuði eftir hnéspeglunaraðgerðina. M krefst bóta úr sjúklingatryggingu A hjá V og vísar aðallega til þeirra sjónarmiða sem fram koma í læknisvottorði læknisins og telur ljóst að bótaskyld mistök hafi átt sér stað. V hafnar bótaskyldu og bendir á að aðgerðir þær sem að M gekkst undir og A ber ábyrgð á hafi verið framkvæmdar með viðurkenndum hætti. Þá bendir V á að ekki sé útilokað að sýking sú sem fram hafi komið megi rekja til saumatökunnar. V heldur því fram að þar af leiði m.e. að ekki hafi verið sýnt fram á bótaskyldu

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni vegna aðgerða og/eða aðgerðarleysis við þær læknaaðgerðir sem hann gekkst undir þ. 10.10. og 27.10.2007. M á því ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúklingatryggingu A hjá V.

Reykjavík 10.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 98/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktaka.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna rispa í rúðum í íbúðarhúsi.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 28.5.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 27.6.2008.

Málsatvik.

Á árinu 2006 var af hálfu málningarverktakans V unnið við að mála þak íbúðarhúss í Reykjavík. Við verkið mun málningarúði hafa fallið á gluggarúður í búð á efstu hæð hússins. Umrædd íbúð er í eigu M. Starfsmenn V tóku að sér að hreinsa málninguna af rúðunum. M heldur því fram að við þá hreinsun hafi rúðurnar rispast. M telur sig hafa orðið fyrir tjóni af þeim sökum og krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu sem V hefur keypt hjá vátryggingafélaginu X.

X hefur hafnað bótaskyldu og í bréfi til nefndarinnar ber X því m.a. við að samningssamband hafi verið milli V og M varðandi tiltekna málningarvinnu og einnig varðandi lagfæringu rúðanna eftir málningarúða, þá sé um að ræða skaðabætur innan samninga. Einnig ber félagið fyrir sig grein 5.3 í skilmálum ábyrgðartryggingarinnar þar sem segir að vátryggingin taki ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður tekur að sér að gera við, hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti, ef tjónið verður af verkinu eða við verkið.

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins að starfsmenn M höfðu tekið að sér að hreinsa málningarúða af rúðunum þegar M telur að þær hafi rispast. Skemmdir á rúðunum sem þannig komu til fellur utan bótasviðs ábyrgðartryggingarinnar skv. gr. 5.3 í skilmálum vátryggingarinnar eins og framan greinir. Þegar af þeirri ástæðu getur M ekki krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni. Að fenginni þessari niðurstöðu verður ekki fjallað frekar um bótakröfu M á hendur V.

Niðurstaða.

M á ekki kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 11. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 99/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/launþegatryggingar og ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys þegar steinsagarblað hrökk til og í andlit hins slasaða þann 29.03. 2006.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 28.05. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.06. 2008, ásamt afriti af bréfi félagsins til tjónþola, dags. 09.06. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M vann við lagnaframkvæmdir í götu. Hann var að saga í sundur skolprör úr steinsteypu. Notaði hann steinsög við verkið. Að sögn hans festist sagarblaðið í sagarfarinu með þeim afleiðingum að blaðið og sögin hrukku til baka og slóst blaðið í andlit hans.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð úr slysatryggingu launþega og frjálri ábyrgðartryggingu þar sem tilkynning um atvik hafi borist félaginu eftir að frestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vátryggingarsamningalaga nr. 30/2004 sbr. og 1. mgr. 51. gr. sömu laga og ákvæði 6.3 vátryggingarskilmála var liðinn. Félagið vísar til þess að slys M hafi orðið í mars 2006 en þann 8. apríl 2008 hafi verið gerð krafa á hendur félaginu.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Vinnueftirlitið telur að slysið hafi átt sér stað vegna þess að rörið sem sagað var gekk til þegar það hrökk í sundur. Við það kemndist sagarblaðið í sagarfarinu og þeyttist út úr því af afli og lenti á andliti M. Þær úrbætur sem farið var fram á var að “gæta skuli fyllstu aðgæslu við sömu eða svipaðar aðstæður þar sem klemmihætta blaðs er fyrir hendi”.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirra vátrygginga sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 8. júlí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 100/2008

M

og

Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar Í hf.

Kona krefst bóta vegna slyss sem hún varð fyrir við afhendingu bókakassa þ.3.2.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.5.2008, ásamt fylgiskjölum 1-10

Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig að hún hafi verið að bera 25 kílóa bókapakka úr póstbíl og dottið/hrasað á leiðinni og fallið fram fyrir sig og fengið við það verki í háls, hægri öxl, brjóst, bak og einnig verk í hné, M segist ekki hafa mist bókapakkann í umrætt sinn. M krefst bóta á þeim grundvelli að hún hafi orðið fyrir umræddu slysi vegna vanbúnaðar við vinnuadstöðu en vinnuadstaðan hafi verið slík að brotið hafi gegn reglum um öruggar aðstæður á vinnustað. Þá er á það bent að slysið hafi ekki verið tilkynnt til Vinnueftirlits ríkisins.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á eða gögn lögð fram sýna fram á að M hafi orðið fyrir umræddu slysi vegna aðgerða eða aðgerðaleyfis eða aðstæðna sem varða vinnuveitenda hennar Í. M á því ekki rétt á bótum úr hendi V

Niðurstaða.

M á ekki rét á bótum úr hendi V vegna ofanagreinds slyss.

Reykjavík 11.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 101/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/bifreiðarinnar B.

Árekstur á húsagötu við Glerárgötu á Akureyri þann 15.2.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 28.5.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.6.2008, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Y, dags. 30.6.2008.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið aftur á bak úr stöðureit inn á húsagötu er liggur samsíða Glerárgötu. Í sömu andrá var bifreiðinni B ekið aftur á bak til suðausturs eftir húsagötunni í átt að A. Rákust þá saman hægra afturhorn A og aftanverð vinstri hlið B. Einstefna er á húsagötunni til norðvesturs.

Ökumaður A kvaðst hafa bakkað úr stöðureitnum út á húsagötuna. Hafi B þá verið ekið aftur á bak eftir húsagötunni í átt að A. Þar sem B hafi verið ekið mjög ákveðið aftur á bak hafi hann stöðvað A, en árekstur orðið.

Ökumaður B kvaðst hafa bakkað eftir húsagötunni til að komast inn í stöðureit. A hafi verið bakkað úr stöðureit og bifreiðirnar rekist saman.

Álit.

Samkvæmt því sem ráðið verður af skýrslum ökumanna um tildrög árekstursins stöðvaði ökumaður A bifreið sína er hann varð var við ferðir B. Hins vegar virðist ökumaður B ekki hafa vitað af A fyrir en í óefni var komið. Þá ók ökumaður B á móti einstefnu og bar af þeim sökum að sýna sérstaka varúð og ganga úr skugga um að það væri unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra, sbr. 1. mgr. 17. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Á þessu varð misbrestur og af þeim sökum ber ökumaður B sök á árekstrinum. Eins og hér stóð á verður ekki ráðið af gögnum málsins að tilefni sé til að leggja sök á ökumann A. Öll sök verður því lögð á ökumann B.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann B.

Reykjavík, 11. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 102/2008

M og

Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar verktaka Í

Kona datt í tröppum og varð fyrir líkamstjóni þ. 14.12.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.5.2008. ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Bréf V dags. 4.6.2008.

Málsatvik.

M var á leið í próf í Háskóla Íslands og lá leið hennar um stórar og breiðar tröppur sem liggja á milli Odda og Árnastofnunar. Rok var þennan dag og þegar M var komin í næst efstu tröppuna kom vindhviða sem skellti M aftur á bak með þeim afleiðingum að M brotnaði á hægri olnboga. Í Lögregluskýrslu skýrir M svo frá að mikið rok hafi verið í umrætt sinn og á henni hafi skollid mjög sterk vindhviða sem hafi feykt henni aftur á bak og hún lent harkalega á hægri hliðinni. Tröppur þær sem um ræðir voru í samræmi við byggingarreglugerð að öðru leyti en því að handrið vantaði á tröppurnar. M krefst bóta úr hendi V vegna ábyrgðartryggingar verktaka þess sem hafði með framkvæmdir að gera á svæðinu. M bendir á að frágangur á tröppum þeim sem M datt úr hafi ekki verið lögum samkvæmt og þá hafi ekki verið sótt um byggingarleyfi fyrir tröppunum. Þá bendir M á ákvæði byggingarreglugerðar um handrið þar sem segir m.a. að á tröppum sem fara yfir einfalda gangbreidd skuli ávallt vera handrið báðum megin auk þess sem byggingarnefnd sé heimilt að krefjast aukahandriða á tröppum sem fara yfir þrjár gangbreiddir eins og hér um ræðir. V hafnar bótaskyldu og bendir á að M lýsi því að ástæða slyssins sé fyrst og fremst sterkur vindur og sé honum um að kenna hvernig fór. Þá bendir V á að ekki hafi verið um saknæma ólögmeta háttsemi að ræða.

Álit.

M hefur lýst því ítrekað að ástæða slyssins hafi verið skyndileg vindhviða sem hafi skellt henni aftur á bak með þeim afleiðingum að hún slasaðist. Ekki verður séð af gögnum málsins eða lýsingum M að umbúnaður á tröppum þeim sem hér ræðir um hafi verið orsakavaldur eða meðorsakavaldur þess að óhappið varð. Af þeim sökum verður ekki annað lagt til grundvallar en um hafi verið að ræða óhappatilkvik sem er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 1. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 103/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/bifreiðanna B og A**

Árekstur við bílplan við bensínstöð Olís við Ánanaust þann 06.05. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið af Ánanausti inn á bílplaninu í þann sama mund sem B hugðist aka út af planinu.

Vátryggingafélagið vísar til niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingarfélaganna þar sem talið var að ökumaður B (M) skuli bera ábyrgð á árekstrinum því samkvæmt framhlið tjónstilkynningar, sem báðir ökumenn undirrita, hafi bifreiðin verið á röngum vegarhelmingi.

M gagnrýnir afstöðumynd tjónstilkynningar í málskotinu og aksturslag ökumanns A.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum. Ökumanninum bar að veita umferð um Ánanaust forgang, en þessa gætti hann ekki. Hann virðist hafa staðsett bifreið sína ranglega og ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann B.

Reykjavík 8. júlí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 104/2008
M og
Vátryggingafélagið V v. A og B

Árekstur bifreiða á Grenimel í Reykjavík þ.30.4.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 3. júní 2008 ásamt fylgiskjöllum 1-2.
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 429/08
3. Lögregluskýrsla dags. 5.5.2008.
4. Bréf V dags. 30.6.2008.

Málsatvik.

A var ekið aftur á bak til norðurs úr innkeyrslu frá húsi við Grenimel, út á götuna í beygju til hægri. B var ekið austur Grenimel stöðvað og ekið aftur á bak til vesturs í beygju til hægri til að snúa við fyrir framan áðurgreint hús við Genimel. Ökumaður A segist hafa litið eftir umferð fyrir aftan áður en hún ók aftur á bak og ekki séð neitt ökutæki og síðan ekki vitað fyrir en árekstur varð. Ökumaður B segist hafa séð að hann var á röngum stað á Grenimel og stöðvað og ekið aftur á bak í beygju til hægri til að snúa við. Ökumaður B segist ekki hafa séð neitt ökutæki fyrir aftan er hann ók aftur á bak og ekki vitað fyrir en árekstur varð.

Álit.

Ekki verður séð að annar ökumaður beri ábyrgð umfram hinn. Sök skiptist því til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 10.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 105/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ innbústryggingar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmdarverka á heimili.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 4.6.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.6.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði samband við lögregluna á Akureyri vegna skemmdarverka og þjófnaðar sem átt höfðu sér stað á heimili hennar að A á Akureyri. M kvaðst standa í skilnaði við K, sambýlismann sinn til nokkurra ára. Hún hafi ítrekað verið búin að biðja hann að yfirgefa heimilið, en hann harðneitað því. Hún hafi svo sjálf farið að heiman með þrjú börn sín og gefið K frest til 14.10.2007 til að flytja út. Þann 14.10.2007 hafi hún komið aftur, en þá hafi verið búið að vinna þar töluverð skemmdarverk, einkum í eldhúsi, og fjarlægja ýmsa muni úr húsinu. M kvaðst hafa keypt húsið að A ein fyrir nokkrum árum og hún ein væri skráður eigandi þess og einnig ætti hún flest alla innanstokksmuni í því.

Samkvæmt upplýsingum frá íbúaskrá Akureyrarbæjar var R skráður til heimilis að B á Akureyri. Í símtali við K þann 9.9.2007 kvaðst hann ekkert heimilisfang hafa til að skrá sig á og óskaði eftir að vera skráður óstaðsettur í hús á Akureyri. U.þ.b. 10 dögum síðar hafði K símasamband við íbúaskrána og óskaði eftir að lögheimili sitt yrði flutt að A. Var áður útbúinni flutningstilkynningu breytt og K skráður til heimilis að A.

M hefur krafist bóta vegna tjóns, sem hlaut af skemmdarverkunum, úr innbústryggingu sem hún hefur hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu á þeirri forsendu að ekki bætist tjón sem verður af völdum einstaklings sem vátryggður býr með í föstu varanlegu sambandi, sbr. b. lið 2. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga og gr. 4.7.4 í skilmálum vátryggingarinnar.

Í málskoti kemur m.a. fram að M hafi skilið við K í lok árs 2006. K hafi aldrei búið með M að A, en er þau þjuggu síðast saman hafi þau átt heimili í öðru bæjarfélagi. Þau hafi aldrei verið í hjúskap né skráðri sambúð. Aldrei hafi verið leitað samþykkis M fyrir þeirri ráðstöfun að K væri skráður til heimilis að A og hún hafi verið í hennar óþökk.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga er í vátryggingum, sem ekki tengjast atvinnustarfsemi, óheimilt að semja með þeim hætti að vátryggður glati rétti sínum til bóta vegna háttsemi ættingja hans, aðstoðarmanna og annarra sem hafa við hann sambærileg tengsl. Frá þessari meginreglu laganna er gerð m.a. sú undantekning, sbr. b. lið 2. mgr. 29. gr., að semja má svo um að við vátryggingu íbúðarhúsnæðis og innbús megi félagið bera fyrir sig háttsemi maka hins vátryggða sem býr með honum og manns sem hinn vátryggði býr með í föstu

varanlegu sambandi. X hefur tekið undanþáguákvæði þetta upp í áðurnefndri gr. 4.7.4 í skilmálunum.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 21/1990 um lögheimili er lögheimili manns sá staður þar sem hann hefur fasta búsetu. Samkvæmt 2. mgr. sömu gr. telst maður hafa fasta búsetu á þeim stað þar sem hann hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínum, hefur heimilismuni sína og svefnstaður hans er þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra hliðstæðra atvika.

Samkvæmt gögnum málsins var K skráður til heimilis að B á Akureyri er hann óskaði þess við íbúaskrá Akureyrar þann 6.9.2007 að vera skráður óstaðsettur í húsi á Akureyri. Þrátt fyrir síðari ósk K um að hann yrði skráður til heimilis að A er ekkert sem bendir til að lögheimili hans hafi verið þar eins og lögheimili er skilgreint í lögheimilislögum og áður getur. Engu breytir í þessum efnum þótt skráningarstofan hafi orðið við óskum hans um skráningu þar. Ekki er heldur ástæða til að bera brögður á staðhæfingu M að hún hafi skilið við K löngu áður en skemmdarverkin voru unnin á heimili hennar í október 2007. Að þessu virtu hefur ekki verið sýnt fram á í málinu að M hafi búið með K í föstu varanlegu sambandi á umræddum tíma. Af því leiðir að undanþáguákvæði gr. 4.7.4 í skilmálunum á ekki við. Ber X því að bæta M tjón á þeim munum sem vátryggingin tekur til.

Niðurstaða.

Tjón M bætist úr innbústryggingu hennar hjá X.

Reykjavík, 11. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 106/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysáttryggingar ökumanns

Umferðarslys þegar bifreið var ekið út í Ölfusá þann 30.01. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 04.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M (tjónþoli) slasaðist þegar hann ók bifreið sinni út í Ölfusá. M virðist hafa tekið skyndiákvörðun um að aka út í ána á um 70 km hraða eftir að hafa fengið kvíðakast sbr. fyrirliggjandi gögn þ.á m. læknisvottorð.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að ákvæði laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 standi í vegi fyrir því að félagið hafni því að greiða bætur vegna slyssins.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það hafnar því að M hafi vegna andlegs ástands ekki gert sér grein fyrir afleiðingum háttsemi sinnar. Félagið telur að lega á geðdeild eða kvíðaköst eigi ekki að valda því að hann teljist ekki ábyrgur gerða sinna. Félagið vísar til greinar 8.1 í slysáttryggingu ökumanns þar sem fram kemur að réttur til vátryggingabóta getur fallið niður ef vátryggður veldur tjóni af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Félagið hafnar bótaábyrgð sbr. 89. – 90. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður ekki annað ráðið en að M hafi tekið meðvitaða ákvörðun um að aka út í Ölfusá. Ekki verður annað ráðið en að hann hafi gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna sbr. 89. gr. laga um vátryggingarsamninga. Telja verður að vátryggingafélaginu sé því heimilt að fella niður bætur til M úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 11. júlí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 107/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á Vesturbergi við Norðurfell þ. 29.4.2007.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 4. 6.2008. ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Lögregluskýrsla dags. 29.4.2008 ásamt yfirlitsmynd.
3. Bréf V-1 dags. 13.júní 2008.
4. Bréf V-2 dags. 30.6.2008.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið suður Vesturberg og ætlað að beygja til vinstri austur Norðurfell, en þurft að hliðra til fyrir strætisvagni sem var að beygja inn Vesturbergið. Ökumaður A segist hafa verið kominn inn á Norðurfellið með A og á hægri akrein með akstursstefnu til austurs en ekki náð að komast aftur fyrir strætisvagninn þar sem afturendi hans stóð á miðri hægri akreininni en þegar hann hafi verið búinn að beygja hafi B verið ekið inn í vinstri hlið A, en B hafi flautað og sveigt aftur fyrir strætisvagninn og þá ekið inn í hlið A. Ökumaður A segir að A hafi verið nánast stöðvuð þegar árekstur varð. Ökumaður B segist hafa ekið á um 50 km. hraða vestur Norðurfell og séð strætisvagn næstum stopp á gatnamótunum og reynt að beygja til vinstri og hafi hún ekki séð A fyrr en rétt áður en hún ók í hliðina á A. Engin bremsuför voru á vettvangi. A var stödd á hægri akrein á Norðurfelli með akstursstefnu til austurs en B var á Norðurfelli á miðri akbrautinni með akstursstefnu til vesturs.

Álit.

Að virtum framburði ökumanna, staðsetningu bifreiðanna og öðrum gögnum og ákomum verður öll sök lögð á ökumann B sem ekur á A þar sem A er staðsett á hægri akrein.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík 11.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 108/2008

(P)
og
X hf. vegna A
og
Y hf. vegna B

Slys í hringtorgi í Kópavogi 17. apríl 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. júní 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur X hf. dags. 30. júní 2008
3. Bréf Y hf. dags. 30. júní 2008.

Málsatvik.

Bifreiðinni (hér nefnd A) var ekið inn á hringtorg af Fífuhammsvegi. Bifreiðinni (hér nefnd B) var ekið inn í sama hringtorg af Salavegi. B var að aka útúr hringtorginu þegar A ekur í hlið B.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að A hafi ekki virt forgangsrétt B við akstur útúr hringtorginu. Öll sök á A.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík, 11. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 110/2008
M og
Vátryggingafélagið V v frjálsrar ábyrgðartyggingar Í

Bifreið lenti í tjóni þegar henni var ekið yfir skurð þ. 25.11. 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.6.2008. ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 452/08
3. Bréf V dags. 23. júní 2008 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

Í málatilbúnaði M segir að á gatnamótum Geirsgötu og Tryggvagötu hafi verið búið að grafa skurð og hafi hann verið illa frágenginn og hafi engar merkingar verið við skurðinn. M ók bifreið sinni yfir skurðinn með þeim afleiðingum að tjón varð á dekkjum og felgum bifreiðarinnar. Þá segir að Í hafi upplýst að skurðurinn hafi ekki verið á vegum borgarinnar heldur hafi Í séð um að grafa skurðinn og fylla upp í hann, en undirverktakar Í hafi verið H ehf. M byggir bótakröfu sína m.a. á því að Í hafi ekki gengið tryggilega frá skurðinum og engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að vekja athygli vegfarenda á því að verkið var illa frágengið. Þá er vísað til Hæstaréttardóms nr. 1996 bls. 3130 sem fordæmis. Þá eru rakin sjónarmið af hálfu M sem talin eru leiða til þess að Í en hvorki Í né H ehf. beri ábyrgð á tjóni M. V hafnar bótaskyldu og vísar til þess að talsmaður Í hafi bent á að umferð hafi verið hleypt á umrædda götu um miðnætti 23. nóvember 2007 og telur talsmaður Í líklegt að smám saman hafi kvarnast upp úr malarofaniburði sem þó hafi verið vel frágenginn með jöfnu mlarlagi sem búið hafi verið að þjappa, en til hafi staðið að malbika umrætt svæði, en ábyrgð á því að það var ekki búið telur Í að sé á ábyrgð H ehf. sem hafi unnið verkið f.h. Í. V hafnar bótaskyldu úr frjálslýr ábyrgðartryggingu Í með vísan til þess að ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi af hálfu starfsmanna Í eða önnur atvik eða aðstæður sem Í beri skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Í málinu hefur ekki verið sýnt fram á sök sem varðar Í, starfsfólk Í eða aðila sem Í ber ábyrgð á. Þegar af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr frjálslýr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

Má ekki rétt á bótum úr frjálslýr ábyrgðartryggingu Í hjá V

Reykjavík 11. 7 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 112/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/sjúklingatryggingar lækni**

Árgreiningur um réttarstöðu til framhaldi af lækniáðgerð þann 09.10. 2006.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 12.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 02.07. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M leitaði til vátryggingartaka í þeim tilgangi að láta lagfæra eins og kostur er ör á vinstri úlnlið hennar. M telur að áðgerðin hafi átt að vera til þess að laga örið svo það sæist ekki. Vátryggingafélagið vísar til þess að vátryggingartaki kveður aftur á móti að M hafi verið gerð grein fyrir því að laga ætti inndrátt og styttingu á “stærra örinu en að hitt örið væri ekki hægt að lagfæra”.

M fór þannig í áðgerð til þess að láta ör á hendinni líft og upplýst er í málskotinu. Hún telur að áðgerðin hafi mistekist sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingfélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að lækniáferlið hafi ekki verið óeðlilegt. Engin gögn liggja fyrir sem styðja kröfu M að því er félagið telur.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 11. júlí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 113/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/húftryggingar (kaskótryggingar) bifreiðarinnar A

Umferðaróhapp á Suðurlandsbraut 30.04. 2008, er ökumaður missti stjórn á bifreið sinni.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 12.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.06. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreiðinni var ekið norður Réttarholtsveg og inn í hringtorgið við Sið Skeiðarvog og Suðurlandsbraut. M missti stjórn á bifreið sinni á Suðurlandsbraut er hann kom út úr hringtorginu.

Vátryggingafélagið telur að M hafi verið í ofsaakstri í gegnum hringtorgið og sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Spólför eftir hann hafi verið 31 metri. Þykir félaginu rétt að skerða bótarétt hans um 1/3.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist M hafa misst stjórn á bifreið sinni og ekið upp á kant með þeim afleiðingum að bifreiðin snérist og hafnaði á járngrindverki. Samkvæmt skýrslu lögreglu mældust spólför eftir bifreiðina 31 metri. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum verður óhapp þetta rakið til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar (M). Með vísan til 2. mgr. 27. gr. umferðarlaga og skilmála vátryggingarinnar skal skerða bætur til M um 1/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis.

Niðurstaða.

Vátryggingafélaginu er heimilt að skerða bótarétt sem nemur 1/3 hluta vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns. Tjónið bætist að 2/3 hlutum.

Reykjavík 8. júlí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 114/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

**Áræktur bifreiða á gatnamótum Tjarnarbrautar og Skólabrautar í Reykjanesbæ
þ.22.4.2008.**

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.6.2008.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.493/08
3. Lögregluskýrsla dags. 5.5.2008 og 20.5.2008 ásamt uppdrætti.
4. Bréf V-1 dags. 4. og 16. júní 2008.
5. Bréf V-2 dags. 30.6.2008.

Málsatvik.

A var ekið suður Skólabraut og beygt vestur Tjarnarbraut og inn í vinstri hlið B Tjarnarbraut nýtur forgangs fyrir umferð frá Skólabraut. Ökumaður A segir að B hafi tekið of þrönga beygju og þess vegna hafi áræktur orðið. Ökumaður B segist hafa ekið austur Tjarnarbraut og ætlað að beygja norður Skólabraut þegar A hafi verið ekið á B. Farþegi í B ber með sama hætti og ökumaður B.

Álit.

Að virtum öllum gögnum málsins er öll sök lögð á ökumann A en ósannað er að B hafi tekið of þrönga beygju í umrætt sinn.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 11.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 116/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Slys þegar fiskkarasamstæða féll niður, þann 13.08. 2005, en þá kastaði M sér til hliðar til að verða ekki undir samstæðunni.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.07. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var að þrifa vörubifreið og vantaði kar til að standa á. Því fór hann að ná í kar í stæðu. Ekki vildi betur til en svo að stæðan fór af stað en hann náði að henda sér frá svo stæðan lenti ekki á honum. Við fallið slasaðist M á hendi.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð sbr. röksemdafærslu félagsins í gögnum málsins.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að rekja megi slysið til gáleysislegra vinnubragða starfsmanna vátryggingartaka. Þeir hafi raðað fiskkörum saman í stæðu og efsta karinu hafi verið raðað þannig að rigningarvatn safnaðist í það og þyngdi. Við eðlilega röðun sé efsta karinu af þremur raðað á hvolf en þessa hafi ekki verið gætt.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er greiðsluskylda vátryggingfélagsins ekki fyrir hendi. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi slysið til vanrækslu vátryggingartaka eða starfsmanna hans eða ófullnægjandi aðstæðna sem hann ber ábyrgð á. Tjónsatburð máls þessa virðist mega rekja til aðgæsluleysis M er hann hugðist sækja sér fiskkar til að standa á.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 8. júlí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 117/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Tryggvabraut á Akureyri þ. 8.1.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 16.6.2008. ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Niðurstaða tónanefndar nr. 52/08.
3. Lögregluskýrsla dags.
4. Bréf V-1 dags. 30.6.2008
5. Bréf V-2 dags. 30.6.2008.

Málsatvik.

Á framhlið tónstilkynningar segir að A hafi ekið fram úr en fyrir B er merkt að bifreiðinni hafi verið beygt til vinstri. Ökumaður A segist hafa ekið hægt upp Tryggvabraut og hafi B næstum stöðvað og hafi A þá ætlað að aka fram úr B en þá hafi B skyndilega beygt í veg fyrir A og segist ökumaður A ekki hafa séð að B gæfi stefnuljós. Ökumaður B kveðst hafa gefið stefnuljós áður en hann beygði. Fyrir liggur að hálfbrotin lína var á veginum þar sem A ætlaði að aka fram úr B.

Álit.

Ökumaður A hugðist aka fram úr B þar sem hálfbrotin lína er á veginum og bar því ökumanni að sýna aukna varkárni við framúraksturinn, en þess virðist ökumaður A ekki hafa gætt nægjanlega vel og ber hann því nokkra sök á árekstrinum. Ökumaður B beygir án þess að huga nægjanlega að umferð og ber hann því einnig sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir eðlilegt að hvor aðili beri helming sakar.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 11.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 118/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ smábátatryggingar.**

Ágreiningur um fjárhæð bóta vegna tjóns á smábát.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 16.6.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 27.6.2008.

Málsatvik.

Báturinn A var í eigu M. Hann var húftryggður samkvæmt smábátatryggingu hjá vátryggingafélaginu X og tímabilið 1.1.2005 til 31.12.2005 nam vátryggingarfjárhæð 8.000.000 krónum.

Aðfaranótt 13.3.2005 sökk A í Hafnarfjarðarhöfn. Tjónið var metið það mikið að ekki þótti fært að gera við bátinn. X viðurkenndi bótaskyldu úr húftryggingunni en með tilliti til gildandi afskriftarreglna og aldurs búnaðar í bátnum taldi X tjónið að fullu bætt með 2.130.000 krónum. Greiddi félagið þá fjárhæð til M að frádreginni eigin áhættu auk kostnaðar við að koma bátnum á land. M krefst þess að sér verði greiddar 8.000.000 krónur, þ.e. vátryggingarfjárhæðin, þar sem um altjón hafi verið að ræða.

Í bréfi X til nefndarinnar kveðst félagið ekki samþykkja að nefndin úrskurði um bótafjárhæð í málinu.

Álit.

Fyrir úrskurðarnefnd krefst M þess að úrskurðað verði að hann eigi skaðabótakröfu á hendur X að fjárhæð 8.000.000 krónur. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um bótafjárhæðir að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. X samþykkir ekki fyrir sitt leyti að nefndin úrskurði um bótafjárhæð í máli þessu. Ágreiningurinn heyrir því ekki undir nefndina og ber því að vísa málinu frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktanna.

Niðurstaða.

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefnd.

Reykjavík, 11. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 119/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á þjóðvegi nr. 925, Hróarstunguvegi, þann 27.12.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 18.6.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.7.2008, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf Y, dags. 7.7.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið austur Hróarstunguveg og snjóruðningsbifreiðinni B var ekið til vesturs eftir sama vegi. Er bifreiðirnar mættust mun snjótönn framan á B hafa rekist í afturhjól A. Við það hafnaði afturhluti A utan vegar. Kófbylur var þegar áreksturinn varð.

Eftir báðum öikumönnum er haft að þeir hafi séð til hinnar bifreiðarinnar fyrir áreksturinn og þeir hafi vikið eins langt til hliðar og unnt var.

Í sérstakri greinargerð ökumanns A segir að hann hafi ekið á vegkantinum alveg við vegstikur. Fannst honum að B hafi leitað mjög í áttina að A, þ.e. yfir miðju vegarins.

Í skýrslu D, sem beðinn var að koma á vettvang til aðstoðar ökumanni A og eiginkonu hans, segir að í vegkantinum hafi verið för eftir A, þar sem henni hafi fyrst verið ekið alveg út í brún burðarlags vegarins en síðan út af því um 20 m frá þeim stað, þar sem A stöðvaðist, og út á vegöxlina og hafi förin legið í brúninni að þeim stað þar sem bifreiðin staðnæmdist.

Álit.

Báðar bifreiðir munu hafa verið á ferð er áreksturinn varð. Tildrög árekstursins eru mjög óljós og ekki verður af gögnum málsins ráðið með neinni vissu hvar bifreiðirnar voru á veginum þegar þær rákust saman. Skýrsla D getur í þeim efnum engu breytt. Er því ósannað að annar ökumanna eigi fremur sök á árekstrinum en hinn. Samkvæmt því, sbr. 89. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, verður ekki hjá því komist að skipta sök að jöfnu milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 11. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 120/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Áreksur Borgartúni þann 07.06. 2007

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 25.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 07.07. 2008.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 01.07. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið um Borgartún. Í málskotinu segir að óhappið hafi orðið í Borgartúni 7 en í skýrslu lögreglu er sagt að óhappið hafi orðið við húsagötu við Borgartún 31.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður A skuli bera 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar. Ökumaður A hafi ætlað að beygja til hægri og hægt ferðina, gefið stefnuljós, en hætt við þar sem hann hafi verið að fara ranga leið. Ökumaður B hafi talið að A hafi ætlað að beygja til hægri og því ekið inn á götuna.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A skuli bera 1/3 hluta sakar þar sem hann hafi gefið villandi stefnumerki. Ökumaður B skuli bera 2/3 hluta sakar þar sem hann ekur af bifreiðastæði inn á Borgartún.

M telur að A skuli vera í rétti sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A 1/3 hluta sakar vegna villandi stefnumerkjagjafar. Ökumaður B ber 2/3 hluta sakar fyrir að veita umferð um Borgartún ekki forgang.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber 1/3 hluta sakar og ökumaður B 2/3 hluta sakar.

Reykjavík 11. júlí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 139/2008

M og Vátryggingafélagið X v/líftryggingar (A)

Andlát, ágreiningur um gildi líftryggingar sem tekin var á árinu 1999, upplýsingaskylda við töku vátryggingarinnar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.07. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.08. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Umrædd líftrygging var tekin á árinu 1999. Eiginkona M andaðist á árinu 2007. Í framhaldi af því sótti M um bætur. Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu með vísan til þess að vátryggingartaki hafi ekki veitt fullnægjandi heilsufarsupplýsingar við töku vátryggingarinnar.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans sem fram kemur í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það hafnar því og að söluráðgjafi félagsins hafi á sínum tíma ráðlagt viðkomandi aðila að gefa rangar upplýsingar um áfengismeðferð sína. Ekki liggja fyrir nokkrar sannanir fyrir því. Félagið telur að sá sem heldur slíku fram heldur sönnunarbyrði fyrir fullyrðingum sínum. Félagið vísar til þess að hin látna hafi farið í áfengismeðferð og að það ætti ekki að fara framhjá þeim er hana sækir. Spurt sé sérstaklega um vandamál við áfengisneyslu í vátryggingabeidni og sé því augljóst að ásetningur sé fyrir hendi ef viðkomandi greinir ekki frá slíku vandamáli. Félagið staðhæfir að ef réttar upplýsingar hefðu komið fram í beiðninni þá hefði verið aflað gagna sem leitt hefðu til synjunar líftryggingar í þessu tilviki sbr. álit áhættumats félagsins frá árinu 2007.

Félagið vísar til þess að fram komi í gögnum réttarmeinafræðings, “andlát vegna eitrunar af völdum ýmissa lyfja. Samverkandi þáttur hjartastækkun og bandvefsaukning í hjarta. Undirrót sjúkdóms/ástands: Lyfjameðferð vegna þunglyndis.”

Félagið vísar til þess að hin látna hafi leitað lækni á árinu 1997 vegna kvíðaröskunar og spennu sem jaðraði við ofsahræðslu og félagsfælni. Hún hafi verið komin með áfengisvandamál og farið í meðferð það sama ár. Muni ekki hafa neytt áfengis í einhver ári eftir þetta en hallað undan fæti kringum árið 2000. Getið er og kvíðaröskunar í gögnum málsins frá árinu 1982.

Félagið hafnar því og að tengsl félaganna Sjóvá Almennra trygginga hf. og Sameinaða líftryggingarfélagins hf. (nú Sjóvá Almennar líftryggingar hf.) eigi að hafa hér áhrif. Tjónaafgreiðsla félaganna fari ekki fram á sama stað eða af sömu starfsmönnum. Félagið hafnar umfjöllun M um þennan þátt málsins. Það hafi engar upplýsingar verið fyrir hendi við endurnýjanir líftryggingar eftir árið 2004 um tjónamál vegna sjúkra- og slysatryggingar hinnar látnu. Fullyrðingum um tómlæti vísar félagið á bug.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér var ræðir. Ljóst er að hin látna veitti vátryggingafélaginu rangar upplýsingar við töku vátryggingarinnar á árinu 1999 er hún svaraði neitandi spurningu í vátryggingabeidni um að hún hafi farið í áfengismeðferð. Sú ástæða sem nefnd er í málskotinu um að hún hafi “blygðast sín vegna þessa og var feimin við að segja frá því” er ekki haldbær.

Verður að telja að hinni látnu hafi mátt vera ljóst við töku váttryggingarinnar að það skipti miklu að hún gæfi réttar upplýsingar um heilsufar sitt þ.á m. áfengismeðferð. Hin vanrækta upplýsingaskylda við töku váttryggingarinnar veldur því að greiðsluskylda er ekki fyrir hendi. Ósannað er að sölumaður (ráðgjafi) á vegum váttryggingafélagsins hafi vanrækt leiðbeiningaskyldu sína við sölu váttryggingarinnar. Gegn neitun félagsins er ósannað að “tryggingaráðgjafi” þess hafi ráðlagt hinni látnu að svara neitandi spurningu félagsins um áfengismeðferð. Miðað við takmörkuð gögn máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á að tengst líftryggingafélagsins við Sjóvá Almennar tryggingar hf. hafi áhrif á ofanritað.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir. Váttryggingafélaginu voru veittar rangar upplýsingar um heilsufar og sjúkrasögu við töku váttryggingarinnar sem veldur brottfali bótaréttar.

Reykjavík 2. september 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 123/2008

V

og

X hf. vegna slysatryggingar ökumanns A

Bífelta 9. apríl 2008 á Akureyri.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 26. júní 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur X hf. dags. 4. júlí 2008.

Málsatvik.

Bifreiðin A var ekið austur Borgarbraut. Skammt neðan við gatnamót Dalsbrautar virtist ökumaður missa stjórn á A með þeim afleiðingum að hún lenti á ljósastaur, lenti inná götuna aftur, lenti aftur á ljósastór, fór yfir gangstétt upp á grjóthleðslu og hljóðmön, valt og endaði á toppnum austan við grjóthleðsluna. Vitni skýra frá því í lögregluskýrslu að A hafi verið á mjög mikilli ferð og verið ekið mjög gáleysislega. Í lögregluskýrslu viðurkenndi ökumaður að hafa aukið hraðann til að fara fram úr tveimur bílum og segist ekki hafa tekið eftir því að á götunni var óbrotin miðlína.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að ökumaður A keyrði langt umfram leyfilegan hraða og mjög gáleysislega með þeim afleiðingum að hann missti stjórn á bifreiðinni. Með vísan til gr. 8.1 í skilmálum slysatryggingar ökumanns og 90. gr. laga nr. 30/2004 er hæfilegt að skerða bætur um 2/3 vegna stórkostlegs gáleysis við akstur hennar.

Niðurstaða.

Bætur úr slysatryggingu ökumanns A skerðast um 2/3.

Reykjavík, 29. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 127/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur við mætingu bifreiða við Reyki í Hrótafirði 15.04. 2008

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.07. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Kranabifreiðinni A var ekið suður Hrótafjörð en hópbifreiðinni B var ekið norður Hrótafjörð þegar áreksturinn varð við mætingu bifreiðanna.

Ágreiningur er um staðsetningu bifreiðanna við áreksturinn.

Lögreglan getur frásagnar ökumanna bifreiðanna á vettvangi og tveggja farþega í B. Fram kemur að ökumaður A heldur því fram að B hafi verið ekið “með framhjól öfugu megin við miðlínu vegar”. Haft er eftir ökumanni B að A hafi verið “ekið langt yfir á röngum vegarhelmingi er hann mætti honum”. Tveir farþegar í B halda því fram að A “hafi verið ekið töluvert langt yfir á röngum vegarhelmingi þegar óhappið átti sér stað”. Lögreglan getur þess að kranabifreiðin B sé töluvert breið eða um þrír metrar og vegur um 41 tonn.

M gagnrýnir í málskotinu m.a. það vægi sem frásagnir ónafngreindra farþega í B hafi fengið.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Virðist ökumaðurinn hafa ekið of innarlega á veginum við mætingu bifreiðanna.

Ekki hefur verið sýnt fram á að efast megi um frásagnir farþega í B, sem getið er í skýrslu lögreglu.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 1. ágúst 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 121/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Fjarðarheiði þ. 5.4.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 26.6.2008
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.364/08
3. Lögregluskýrsla dags. 5.4., 29.5. og 5.6. 2008
4. Bréf V-1 dags. 1.7.2008
5. Bréf V-2 dags. 7.7.2008.

Málsatvik.

Ökumaður A segist hafa ekið á 20-30 km. hraða í umrætt sinn, hún segir að mjög blint hafi verið á heiðinni sökum skafrennings og því hafi hún ekið mjög hægt. Ökumaður A segist hafa séð B skyndilega og ekið eins langt út í kant og unnt var en ekki náð að koma í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segist hafa ekið mjög hægt og mjög blint hefði verið skömmu fyrir áreksturinn og hafi hún stöðvað B og beðið þess að aðeins rofaði til á ný. Ökumaður B segist hafa verið kyrrstæð þegar hún sá A koma úr gagnstæðri átt og árekstur orðið. Einn farþegi í B ber með sama hætti og ökumaður B en annar farþegi ber með sama hætti og ökumaður B að öðru leyti en því að sá farþegi segir að B hafi verið nánast kyrrstæð eða á um 0-5 km. hraða. Báðir farþegar í B segja að A hafi verið ekið á þó nokkurri ferð í umrætt sinn. Mikið tjón varð á báðum bifreiðunum.

Álit.

Ökutækin mætast við erfiðar aðstæður eins og báðir ökumenn lýsa. Mikið tjón varð á báðum bifreiðunum og því ljóst að a.m.k. annarri bifreiðinni eða báðum hefur verið ekið mun hraðar en eðlilegt var miðað við aðstæður. Að virtum framburði ökumanns B sem fær stuðning í framburði farþega í B þykir nægjanlega sannað að B hafi verið kyrrstæð eða ekið mjög hægt þegar áreksturinn verð en A á of mikilli ferð miðað við aðstæður. Sú niðurstaða að A hafi verið ekið á of mikilli ferð miðað við aðstæður fær auk heldur stuðning í framburði ökumanns A. Miðað við framangreint þykir rétt að fella alla sök á A sem ók of hratt miðað við aðstæður.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 11.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 115/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Vinnuslys er maður skarst í andliti í nýbyggingu þann 9.8.2006.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 16.6.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 27.6.2008, ásamt fylgigögnum.
3. Bréf (rökstuðningur) lögmanns málskotsaðila, dags. 3.7.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var að störfum hjá byggingaverktakanum V í nýbyggingu í Reykjavík. Vann M við að skera steypustyrktarjárn úr lagnagati í byggingunni. Gatið var í 3 m hæð frá gólfi. Við verkið notaði hann slípirokk af gerðinni Hitachi C 13YC. Hann stóð í vinnutröppu í 1,72 m hæð frá gólfi og 62 cm frá vegg. Skurðarskífa á slípirokknum mun hafa farið í steypu og við það hrokkið í andlit M með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka á vinstra auga og augnloki. M var með öryggisgleraugu er slysið varð, en blaðhlíf hafði verið fjarlægð af slípirokknum.

Í umsögn Vinnueftirlits ríkisins (VER) um slysið segir að aðstæður á slysstað hafi verið erfiðar að því leyti að þrengsli hafi verið í rýminu og göt í gólfi sem hafi gert það að verkum að ekki hafi verið hægt að koma tröppunni nær veggnum. M hafi því staðið lengra frá en svo að hann hafi getað haldið slípirokknum með nægilega öruggum hætti. Segir í umsögninni að orsök slyssins virðist einkum mega rekja til ófullnægjandi vinnuástöðu, en meðvirkandi orsök gæti verið að blaðhlíf vantaði á slípirokkinn. Gerð voru fyrirmæli um úrbætur: Annars vegar að hlíf væri yfir skurðarskífu á slípirokknum og hins vegar að notuð skyldi hentug trappa eða vinnupallur þannig að auðveldara sé að athafna sig við verkið.

Í skýrslu V um slysið segir að M hafi starfað hjá V í 16 mánuði áður en hann slasaðist. Hann hafi fengið leiðbeiningar um verkið. Á staðnum hafi verið nægt efni, aðrar tröppur og áhöld sem hægt hefði verið að nota til að útfæra betri aðstöðu til að standa á en M ákvað að nota. Með betri undirstöðu hefði verið hægt að framkvæma verkið á öruggari máta, en aðstæður hafi verið þröngar og erfiðar. M hafi sjálfur ákveðið að nota umræddan stiga. Þá segir í skýrslu V að umræddur slípirokkur hafi verð með "hálfmána" öryggishlíf sem geri það að verkum að oft sé ekki hægt að nota verkfærið við þröngar aðstæður. Hlífin sé því oft tekin af svo unnt sé að nota verkfærið. Það hafi M gert til að geta notað það.

Í rökstuðningi af hálfu M kemur fram að hann hafi starfað sem ófaglærður aðstoðarmaður við byggingaframkvæmdirnar. Verkstjóri á staðnum hafi sýnt M hvað hann ætti að gera og afhent honum téðan slípirokk sem þá hafi verið án öryggishlífarinnar. Hann hafi notað við verkið einu tröppurnar sem voru tiltækar. Engin önnur verkfæri, tröppur eða undirstöður hafi verið tiltæk og M hafi ekki verið leiðbeint um notkun annarra verkfæra.

Álit.

Af gögnum málsins, eins og að framan greinir, þykir ljóst að vinnuáðstæður voru erfiðar og hættulegar, þar sem M vann við að skera steypustyrktarjárn úr lagnagatinu. M var ófaglærður starfsmaður og bar vinnuveitanda að gæta þess að vinnuáðstæður væru eins öruggar og frekast gat orðið. Í þeim efnum nægði ekki að treysta á að M myndi sjá um það sjálfur. Verður slysið

einkum rakið til þess að eftirlit skorti af hálfu V með því hvernig M útbjó vinnuástöðuna áður en verkið hófst. Ber V því ábyrgð á líkamstjóni því sem M hlaut í slysinu. Á hinn bóginn verður ekki fram hjá því litið að M kom sjálfur tröppunum fyrir við gatið án þess að gera reka að því að fá önnur tæki og áhöld þannig að hann gæti unnið verkið með öruggari hætti, en honum átti ekki að geta dulist að hættulegt gat verið að vinna verkið eins og hann stóð að því. Á hann því einnig nokkra sök á því hvernig fór. Eftir atvikum öllum þykir rétt að skipta ábyrgð á tjóninu þannig að V beri ábyrgð að 2/3 hlutum en M beri 1/3 hluta vegna meðábyrgðar sinnar.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V.

Reykjavík, 11. júlí 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 133/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar fasteignasala

Ágreiningur í tengslum við sölu fasteignar 19.05. 2006

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 08.07. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.07. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telja bótaábyrgð vera fyrir hendi sbr. umfjöllun þeirra í málskotinu. Þau telja að ákvæði um dagsektir seljanda hafi verið fellt út úr drögum að kaupsamningi án þess að það væri sérstaklega rætt milli aðila, ákvæði sammingsins um afhendingu hafi verið óljós og breytingar á þeim gerðar án þess að tekin hafi verið afstaða til þess hvað í þeim fælist fyrir kaupendur og loks hafi ákvæði í söluyfirliti um afhendingu með raflagnakerfi verið ófullnægjandi sbr. nánar fyrirliggjandi gögn sem óþarft er að rekja.

M óska m.a. eftir því að andmælaréttar verði gætt áður en nefndin kemst að niðurstöðu sinni.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Krafa M byggi á meintum mistökum í tengslum við dagsektir í öðru lagi um bætur vegna galla í tengslum við afhendingardag og loks vegna raflagnakerfis. Vátryggingafélagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á bótaskyldu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Nefndin taldi ekki ástæðu til þess að bera svarbréf vátryggingafélagsins við málskotinu, dags. 16.07. sl., undir M áður en afstaða var rekin til máls þessa.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Reykjavík 1. ágúst 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 131/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Áreksur bifreiða í Bollagörðum á Seltjarnarnesi þ.29.3.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.7.2008. ásamt fylgiskjölum 1-9
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.351/08
3. Tjónstilkynning dags. 29.3.2008.
4. Bréf V-2 dags. 9.7.2008.

Málsatvik.

Takmarkaðra gagna nýtur við í máli þessu hvað varðar málsatvik. B ók eftir Bollagörðum og beygði til vinstri inn í innkeyrslu en á sama tíma var A ekið út á Bollagarða frá innkeyrslunni. Á framhlið tjónstilkynningar sem báðir ökumenn undirrita er merkt við að báðar bifreiðarnar hafi beygt til vinstri og A ekið út frá bílastæði og B ekið inn á bílastæði.

Álit.

Af þeim takmörkuðu gögnum sem fyrir liggja í málinu verður ekki sök lögð á annan ökumann umfram hinn. Sök er því skipt til helminga.

Niðurstaða.

Hvor aðili ber helming sakar.

Reykjavík 1.8. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 122/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingfélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða í Skútuvogi í Reykjavík þ. 26.6.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið júní 2008.ásamt fylgiskjölum 1-4.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 518/07
3. Lögregluskýrsla dags. 3.7.2007.
4. Bréf V-1 dags. 2.7.2008. ásamt fylgiskjölum 1-3
5. Bréf V-2 ásamt fylgiskjölum 1-3.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum á Skútuvogi við Húsasmiðjuna. Ökumaður A segist hafa ætlað að aka fram úr B og hafi ekki tekið eftir að B hefði stefnuljós til vinstri og hafi hann ekið inn í vinstri hlið B þegar B var beygt inn að bifreiðastæði Húsasmiðjunnar. Ökumaður B segist hafa verið að beygja þegar A hafi verið ekið í hlið B.

Álit.

Ökumönnum má vera ljóst að varhugavert er að reyna framúrakstur á umræddum stað þ.e. við innkeyrslu að þeim verslunum sem þarna eru. Að virtum öllum gögnum og aðstæðum á vettvangi og með vísan til framburðar ökumanns A í lögregluskýrslu er öll sök lögð á ökumann A.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 11.7. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 124/2008

**M vegna báts
og
Vátryggingafélagið X v/húftryggingar smábáta**

Skemmdir á bát vegna tjónsatviks 26.09. 2005, ágreiningur um bótaskyldu

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 36.06. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa að takmörkuðu leiti um aðdraganda máls þessa. Samkvæmt málskotinu er ágreiningur um bótarétt vegna skemmda á vél bátsins sem varð fyrir vátryggingaafburði í september 2005 og “öðrum vélbúnaði sem skemmdist” líkt og segir í málskotinu. Ágreiningur er sem sagt um afleiðingar tjónsatburðarins.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir að teknu tilliti til takmarkaðra gagna máls þessa.

Reykjavík 11. júlí 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 126/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar R.**

Vatnstjón í kjallara um áramótin 2007 og 2008 og 8.2.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 1.7.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 4.7.2008.

Málsatvik.

Málskotsaðilar, M, voru með myndlistavinnustofur að vestanverðu í kjallara K, sem eru í eigu R. Kjallaragólf K eru neðar en holræsakerfi borgarinnar sem er norðan við húsið. Frárennsli frá kjallara, þökum og útitröppum er af þeim sökum leitt í dælubrunn sunnan við austanvert húsið og er dælt þaðan upp í frárennisliskerfið.

Á tímabilinu 29.12.2007 til 2.1.2008 lak vatn inn í vinnustofurnar í kjallaranum og listaverk og innanstokksmunir í eigu M skemmdust. Samkvæmt gögnum málsins mun vatn hafa runnið niður í kjallarann af völdum asahláku og dælur í fyrrgreindum dælubrunni höfðu bilað, en enginn hafi verið í húsinu til að heyra í aðvörunarbjöllum frá þeim. Dælt hafði verið úr kjallaranum að austanverðu strax og vatnslekans varð vart, en vatnsskemmdir í vestanverðum kjallaranum komu ekki í ljós fyrr en fólk kom til starfa eftir áramótin. Þá hafði vatn runnið þar burt. Í framhaldinu var gert við dælubúnaðinn og reynt að bæta frágang hans til að fyrirbyggja bilanir. Einnig var komið á fjartengingu aðvörunarbúnaðar við öryggisfyrirtæki.

Að kvöldi 8.2.2007 rann vatn að nýju í mikilli asahláku inn í kjallara K að vestanverðu. Samkvæmt gögnum málsins mun dælubúnaðurinn þá hafa virkað. Hins vegar hafi uppistöðulón myndast sunnan við húsið að vestanverðu sem náði að vaxa það hátt að það rann niður í kjallaratröppur þar á sama tíma og mikið vatn rann niður með vesturhlið hússins niður í kjallaratröppur þeim megin. Þegar mest var náði uppistöðulónið, sem þarna myndaðist, langleiðina upp á miðjar neðri rúður kjallaraglugganna. Í umsögn deildarstjóra byggingadeildar Framkvæmdasviðs R um atvikið segir nánar að lögn frá endabrunni austur með húsinu að dælubrunni, þar sem frárennsli er dælt upp í holræsakerfi borgarinnar, sé væntanlega frá því að húsið var byggt. Við skoðun og aðgerðir í kjölfar síðara vatnstjónsins hafi á þeirri lögn fundist millibrunnur sem hafi verið grafinn í jörð eins og títt sé um brunna í lóðum. Verksummerki hafi bent til þess að stífla hafi myndast í þessum millibrunni og valdið því að vatn úr uppistöðulóninu hafi ekki runnið frá endabrunninum að vestanverðu í dælubrunninn að austanverðu.

Af hálfu M er því haldið fram að tjón sem þau urðu fyrir megi rekja til atvika sem R beri ábyrgð á. Þannig megi rekja fyrra tjónið til vanbúnaðar á dælum í kjallaranum, sem ráðin var bót á eftir atvikið, og að starfsmenn R hafi ekki hugað að aðstæðum að vestanverðu í kjallaranum eftir að flóðs varð vart í austanverðum kjallaranum. Þá megi rekja síðara tjónið til aðgerðarleysis og ófullnægjandi varúðarráðstafana af hálfu starfsmanna R. Einnig megi rekja það tjón til stíflu í niðurgröfnum brunni sem tilheyrir holræsakerfi borgarinnar og R beri því ábyrgð á.

X hefur sem ábyrgðartryggjandi R hafnað bótaskyldu í málinu.

Álit.

Engin lýsing liggur fyrir í málinu á dælubúnaði í dælubrunni við austurenda K er hann bilaði í lok árs 2007, hvorki um gerð hans, aldur eða ásigkomulag. Engin gögn liggja heldur fyrir, svo sem matsgerðir eða því um líkt, sem sýna fram á að dælurnar hafi verið vanbúnar. Þótt reynt hafi verið að betrubæta búnaðinn eftir fyrra óhappið verður ekki séð að það eitt teljist næg sönnun þess að um vanbúnað hafi verið að ræða þannig að bótaábyrgð verði felld á R. Þá liggja ekki fyrir næg sönnunargögn um það að aðstæður í austurenda kjallarans eftir flóðið í fyrra sinnið hafi verið þannig að starfsmönnum R hafi mátt vera ljóst að vatn hafi hugsanlega einnig flætt inn í vesturendann eða að tjón M hafi orðið meira en ella sökum þess hversu seint lekinn uppgötvaðist í þeim enda hússins.

Síðara tjónið bar að með nokkuð öðrum hætti en það fyrra. Uppistöðulón hafði þá myndast við K að vestanverðu þannig að vatn flæddi niður kjallaratröppur við vesturenda hússins. Einnig mun millibrunnur milli endabrunns og dælubrunns hafa stíflast. Ekkert liggur fyrir um það í gögnum málsins að myndun lóns eins og hér um ræðir hafi verið þekkt fyrirbæri þannig að starfsmenn R hafi átt þess kost að bregðast í tæka tíð við þeim vanda er þarna skapaðist. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að tjónið eða umfang þess verði rakið til þess að starfsmenn R hafi brugðist of seint við eftir að þeim var tilkynnt um að vatn flæddi inn í kjallarann. Þá er útlistun aðila varðandi holræsalagnir frá húsinu um það hvort þær séu hluti af húseigninni eða hluti af holræsaakerfi borgarinnar ekki nægilega skýr, né heldur um það hvers eðlis stíflan var sem mun hafa myndast í millibrunninum, þannig að til athugunar geti komið hvort R beri sem eigandi K ábyrgð á tjóninu gagnvart M samkvæmt ákvæðum 52. gr. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Að framangreindu virtu telst R ekki bera bótaábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

R ber ekki ábyrgð á tjóni M.

Reykjavík, 1. ágúst 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 130/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B**

Árekstur á hringtorgi við Ásbraut Hafnarfirði 17.11. 2007

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 03.07. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 30.07. 2008.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 01.07. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A var ekið Engjavelli til suðurs og ætlaði ökumaðurinn að halda áfram suður Hraunhelli. Bifreiðinni B var ekið inn í hringtorgið frá Ásbraut. Bifreiðinni A var ekið aftan á B. Álitafnið er m.a. hvort ökumaður B hafi átt að víkja fyrir A.

Vátryggingafélag B telur að ekkert í gögnum málsins gefi til kynna að tjónið verði rakið til sakar ökumanns B. Ökumanni A hafi borið að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiðanna en hann hafi ekki gætt þessa og því ekið aftan á B.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður B eigi að bera ábyrgð á árekstrinum þar sem honum hafi borið að víkja fyrir A.

Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum. Frásögn ökumannsins í skýrslu lögreglu gefur til kynna að hann hafi ekki hugað nægjanlega að því sem framundan var og því ekið aftan á B.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 1. ágúst 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 141/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar ökutækis og slysaftryggingar ökumanns.

Vinnuslys þegar maður datt af tengivagni þ. 19.6.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.7.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-11.
2. Bréf V dags. 31.7.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-4.

Málsatvik.

M var að lesta tengivagn og segist hafa fest annan skóinn sinn og við það misst jafnvægið og dottið aftur fyrir sig í götuna. Í tilkynningu um vinnuslys segir að M hafi verið að lesta vagn og þegar hann hafi farið út úr vagninum hafi hann fest fótinn og dottið aftur fyrir sig á götuna. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu ökutækisins sem hann var að vinna með í umrætt sinn og úr slysaftryggingu ökumanns. Af hálfu M er vísað til 1. mgr 88.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um tjón sem hlýst af notkun ökutækis og segir að orsakasamband sé á milli notkunar ökutækisins og tjónsins. Þá er því haldið fram að M hafi verið við stjórn vörubifreiðar í skilningi 2. mgr. 92.gr. umferðarlaga. V hafnar bótaskyldu og bendir á að umrædd bifreið hafi verið kyrrstæð í umrætt sinn og slysið hafi ekki hlotist af ökutæki í notkun í merkingu 1. mgr. 88.gr. umferðarlaga sbr. 2. mgr. 92. gr laganna. Tjón M falli því fyrir utan gildissvið ökutækjaftryggingar hvort heldur ábyrgðarlið hennar eða slysaftryggingu ökumanns.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að tjón M verði rakið með einum eða öðrum hætti til notkunar ökutækisins sem hann stjórnaði þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum frá V úr ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysaftryggingu ökumanns.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum frá V úr ábyrgðartryggingu ökutækis eða slysaftryggingu ökumanns.

Reykjavík 12.8. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 138/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu jeppabifreiðar vegna slyss þ. 3.10.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 16.7.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 23.7.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Jeppabifreiðinni A var ásamt öðrum bifreiðum ekið svokallaða Mókollaleið frá Jökulheimum áleiðis að Hágöngum vestan Vatnajökuls. Er A var ekið yfir ársprænu á ís brast ísinn undan þunga hennar að framan. Reynt var að draga hana aftur á bak upp úr vökinni, sem hún festist í, en við átak er framhjólin þvinguðust að ísskörinni brotnaði sambandsstöng milli stýrisvélar og hjóls án þess að hún næðist upp úr vökinni. Til að koma í veg fyrir meiri skemmdir á A var ákveðið að tjakka hana upp svo auðveldara yrði að draga hana upp á skörina. Fór M ofan í vökina og kom svokölluðum palltjakki fyrir í festingu undir stuðara vinstra megin og lyfti henni svo upp með tjakknum. Sams konar tjakki var einnig komið fyrir undir hægra framhorni A og lyft undir hana. Við það losnaði tjakkurinn vinstra megin. Fór M þá aftur ofan í vökina til að koma tjakknum fyrir á ný. Er M var að stilla tjakknum upp losnaði tjakkurinn hægra megin undan stuðaranum og lenti stuðari A á vinstri upphandlegg M og braut hann. Díselknúin aflvél A var í gangi meðan á þessu stóð.

Taldi M fullvíst að titringur frá vél A hafi valdið því að tjakkurinn skreið af undirstöðu sinni og A féll niður. Hann krefst bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu A.

Álit.

Svo líkamstjón M fáiast bætt úr ábyrgðartryggingu A verður ábyrgðin að falla undir hina hlutlægu ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Samkvæmt því ákvæði skal sá sem ábyrgð ber á skráningarskyldu vélknúna ökutæki bæta það tjón sem hlýst af notkun þess enda þótt tjónið verði ekki rakið til bilunar eða galla á tækinu eða ógætni ökumanns.

M slasaðist er hann var að koma tjakki fyrir undir vinstra horni A í því skyni að ná bifreiðinni upp úr vök sem hún hafði fest í. Féll þá A af tjakki hægra megin. Þótt aflvél A hafi verið í gangi í umrætt sinn verður slysið ekki rakið til aksturs hennar, notkunar vélknúns búnaðar eða annarra sérstakra hættueiginleika hennar sem ökutækis. Slysið hlaust því ekki af notkun A í skilningi hinnar hlutlægu ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. ufl. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu A.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu A.

Reykjavík, 26. ágúst 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 151/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar Vegagerðarinnar.**

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið af völdum holu í vegi.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 8.8.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.8.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Síðdegis þann 24.3.2008 ók M bifreið sinni A eftir Reykjanesbraut austan við hús fyrirtækisins Kaffitárs. Við brú, sem þar var verið að byggja, var A ekið ofan í holu í vegkantinum. M kvað holuna hafa verið töluvert djúpa. Við atvikið munu hjólbarðar og felgur hægra megin á A hafa eyðilagst.

Í tilkynningu Vegagerðarinnar um atvikið kemur fram að þarna sé vegurinn merktur sem vinnusvæði með hraðamerkingum 50 og 70 km á klst. og merkingarnar hafi verið í 6-8 mánuði. Af hálfu Vegagerðarinnar hafi ekki verið vitað um þær aðstæður er ollu tjóninu.

M hefur krafist bóta fyrir það tjón sem varð á A úr ábyrgðartryggingu Vegagerðarinnar hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Samkvæmt 56. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber veghaldari vegar sem er opinn almenningi til frjálstrar umferðar ábyrgð á tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að veghaldari hafi sýnt af sér eðlilega varkárni. Ekkert liggur fyrir í gögnum málsins um holu þá sem A var ekið í né um það hversu lengi hún hafði verið í veginum. Ekki verður hjá því komist að miða við að fyrirsvarsmenn Vegagerðarinnar hafi ekki vitað um holuna er óhappið varð. Að þessu virtu hefur ekki stofnast bótaskylda af hálfu Vegagerðarinnar gagnvart M. Tjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu Vegagerðarinnar hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu Vegagerðarinnar hjá X.

Reykjavík, 9. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 143/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar eiganda verslunarmiðstöðvar.

Slys í snúningshurð í verslunarmiðstöð þann 30.8.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 23.7.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 28.7.2008.

Málsatvik.

M var ásamt fjölskyldu sinni á leið í verslunarmiðstöðina V. Fór hann inn um snúningshurð, en vængir frá miðju hurðarinnar mynda hreyfanleg bil á svæði sem fólk gengur um er það fer inn um dyrnar. S, sonur M, var kominn inn í húsið á undan M. Er bil opnaðist fyrir innan dyrnar stókk S inn í bilið og staðnæmdist þar. Hurðin stöðvaðist á fótlegg S sem féll við og lenti fóturinn undir einum vængnum, en nokkurra sentimetra bil er milli gólfs og neðri brúnar vængsins. Stóð hurðin þannig föst á fótlegg S. Fór M þá inn í bilið til S og reyndi hann fyrst að setja öxlina í hurðina og taka um leið í fótlegg S, en hurðin hreyfðist ekki. Stóð hann þá upp og setti báðar hendur á hurðina og spyrti vel á móti á hurðina. Við það fékk hann eins og rafstuð frá kálfa og fram í tær. M leitaði læknis og kom í ljós að hásin í hægri fæti hafði rifnað.

Hurðin var skoðuð af viðkomandi heilbrigðiseftirliti, H. Samkvæmt þeirri skoðun er nemi neðst á væng frá miðás sem nemur ef eitthvað lendir neðst á vængnum og við það stöðvast hurðin. Næst miðásnum virðist þetta öryggi virka þar sem hraðinn er ekki mikill og vængur fer ekki langt ef eitthvað lendir á honum. Fjærst miðásnum er hraðinn hins vegar meiri og stöðvunin ekki nægilega snögg og virðist sem það geti verið orsök þess að fótur S festist undir hurðinni samkvæmt því sem segir í bréfi H um skoðunina.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu eiganda V vegna líkamstjóns er hann hlaut í umrætt sinn vegna þess vanbúnaðar er hann telur hafa verið á hurðinni samkvæmt lýsingu í fyrrgreindu bréfi H.

Álit.

Fótur S hafði fest undir hurðinni og vera kann að það hafi gerst af völdum atvika eins og lýst er í bréfi H. Af bréfi H eða öðrum gögnum málsins þykir ekki nægilega sýnt fram á að búnaði hurðarinnar hafi verið áfátt. Þótt M hafi verið að reyna að losa hurðina af fótlegg sonar síns þegar hásinin rifnaði þá er ekki beint orsakasamband milli meiðsla M og þess að hurðin stöðvaðist á fótlegg S. Þá eiga reglur skaðabótaréttar um óbeðinn erindisrekstur ekki við um það atvik er hásin M rifnaði. Samkvæmt þessu getur ekki komið til þess að eigandi V beri ábyrgð á líkamstjóni M. Af þeim sökum fæst tjón hans ekki bætt úr ábyrgðartryggingu eiganda V.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 26. ágúst 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 125/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á gatnamótum Glerárgötu og Gránufélagsgötu á Akureyri þ.19.5. 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.30.6.2008
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.531/08
3. Lögregluskýrsla dags. 28.5. og 29.5. 2008.
4. Bréf V-2 dags. 9.7.2008.
5. Bréf Jónasar Jónssonar dags. 9.7.2008.
6. Ökuskírteini

Málsatvik.

B var ekið suður Glerárgötu og varð árekstur með A og B á gatnamótum Glerárgötu og Gránufélagsgötu þegar A ók inn á Glerárgötuna af Gránufélagsgötu. Biðskylda er fyrir umferð af Gránufélagsgötu inn á Glerárgötu. Ökumaður A sagðist í fyrstu ekki hafa séð neina umferð og ekið hægt inn á Glerárgötuna, en skyndilega hafi B komið og segir ökumaður A að honum hafi virst B vera á mikilli ferð. Vitni 1 segir að um kappakstur hafi verið að ræða milli B og annars bíls sem ók Glerárgötuna og hafi hraðinn getað nálgast 100 km. hraða. Vitni 2 telur að B hafi verið ekið á nokkurri ferð. Vitni 3 segir B hafa ekið á mikilli ferð. Vitni 4 segir að ekki hafi verið um neinn ofsaakstur að ræða á B í umrætt sinn. Vitni 5 segir B hafa verið ekið á mikilli ferð í umrætt sinn. Ökumaður B segist hafa ekið mest á um 70 km. hraða en hámarkshraði á akbraut er 50 km.

Álit.

A ók inn á aðalbraut í veg fyrir B og ber því megin sök á árekstrinum. Nægjanlega er sýnt fram á af framburði ökumanns B, framburði vitna og því hvað harður áreksturinn varð að B hefur ekið töluvert yfir leyfðum hámarkshraða í umrætt sinn og þykir því rétt að B beri 1/3 sakar og A beri 2/3 sakar.

Niðurstaða.

A ber 2/3 sakar og B ber 1/3 sakar.

Reykjavík 1.8. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 41/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ vörubifreiðarinnar B.

Tjón á fólksbifreið af völdum malar sem fauk af vörubílspalli þann 13.10.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 10.3.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 18.3.2008.
3. Bréf Y, dags. 25.3.2008.
4. Bréf eiganda B, dags. 26.3.2008.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið norður þjóðveg nr. 1, Vesturlandsveg, til móts við bæinn Skipanes. Kom þá á móti vörubifreið hlaðin möl. Er bifreiðirnar mættust kom vindhviða þannig að möl og sandur fauk af palli vörubifreiðarinnar og yfir A og olli skemmdum á henni.

Ökumaður A kvaðst ekki hafa séð skráningarnúmer vörubifreiðarinnar og ekki geta lýst henni nánar en þetta hafi verið ljóslit vörubifreið með hvítum palli.

Ökumaður, sem ók á eftir A umrætt sinn, kvaðst hafa mætt þarna ljóslitri Scania vörubifreið og möl og sandur hefði kastast yfir bifreið hans og valdið skemmdum, þó ekki eins og á A.

Meðan rætt var við ökumann A á vettvangi bar að vörubifreiðina B, sem er af gerðinni Scania, hvít og blá að lit að því er segir í lögregluskýrslu. Aðspurður kvaðst ökumaður B ekki eiga hlut að máli, þar sem hann væri með hlera sem alltaf væri lokaður. Einnig hafi hann ekki verið að flytja eins fínt efni eins og var á veginum heldur grús sem væri grófara efni. Við skoðun lögreglu á farmi B virtist sem hann svipaði til þess efnis sem var á veginum.

Af hálfu lögreglu var athugað með ferðir vörubifreiða úr malarnámum í grennd við tjónsstaðinn. Við þá eftirgrennslan hafðist ekki upp á vörubifreiðinni, sem olli tjóninu. Hins vegar fengust ekki upplýsingar um ferðir annarra vörubifreiða en B með möl úr námunum um það leyti sem óhappið varð.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins, eins og að framan hefur verið rakið, hafa verið leiddar verulegar líkur að því að sandur og möl, sem olli skemmdum á A, hafi fokið af palli B. Þykja þær líkur vera nægilega miklar þannig að sannað megi telja að skemmdirnar á A stafi frá jarðefnum sem hafa fokið af palli B. Tjónið hlaut því af notkun B og samkvæmt ábyrgðarreglu 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 ber eigandi B ábyrgð á tjóni því sem varð á A.

Niðurstaða.

Tjón á A bætist úr ábyrgðartryggingu B.

Reykjavík, 15. apríl 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 140/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs bifreiðarverkstæðis (A)

Ágreiningur um bótaábyrgð vegna tjóns á bifreið sem til viðgerðar var.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.07. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 23.07. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Bifreið M var til viðgerðar hjá umræddu verkstæði eftir árekstur sem varð þann 13.07. 2005. Vél bifreiðarinnar mun m.a. hafa brætt úr sér.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á saknæma og ólögmæta háttsemi starfsmanna A miðað við fyrirliggjandi gögn.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að starfsmenn verkstæðisins hafi sýnt af sér háttsemi sem hefur skaðabótaábyrgð í för með sér.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 12. ágúst 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 128/2008

M og

Vátryggingafélagið V v innbúskaskótryggingar Fjölskylduverndar 3.

Fartölvu stolið úr lesstofu námsmanna þ.21.5.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.7.2008.
2. Bréf V dags. 11. 7. 2008 ásamt fylgiskjölum 1-3.
3. Lögregluskýrsla dags. 22.5.2008

Málsatvik.

Húsvörður í húsi þar sem lesstofa sú sem um ræðir er, segir að M hefði komið til sín og tilkynnt honum að fartölvu M sem hann geymdi í lesstofunni hefði verið stolið. Húsvörðurinn segir að húsnæðinu sé lokað kl. 17.15 á daginn en nemendur hafi lykla. M segist hafa verið að læra til kl hálféitt nóttina áður ásamt félagu sínum og hafi fartölvu sína verið á borðinu þegar hann fór. Félagi M ber með sama hætti. Annar námsmaður segist hafa farið inn á lesstofuna kl. 4.10 um nóttina og þá hafi fartölva félagu M verið á borði hans. M krefst bóta úr innbúskaskótryggingu Fjölskylduverndar 3 hjá V. M bendir á að um vinnustað hans hafi verið að ræða og því fari fjarri að um almannaferi sé að ræða enda hafi bara nemendur og starfsfólk aðgang að húsnæðinu utan opnunartíma. V hafnar bótaskyldu og bendir m.a. á 4. gr skilmála tryggingarinnar þar sem segir að félagið bæti ekki "Tjón á munum sem stolið er úr ólæstum híbýlum, bílum, bátum eða tjöldum eða munum sem skildir eru eftir á almannaferi." V telur að með því að skilja fartölvu eftir á opinni lesstofu án þess að hún sé í læstri hillu geti ekki verið túlkað með öðrum hætti en þar sé um almannaferi að ræða. Jafnframt telur V að ákvæði 3.gr. vátryggingaskilmálanna eigi líka við í þessu sambandi og því sé tjón M ekki bótaskyldt heldur vegna þess ákvæðis.

Álit.

Lesstofan þar sem fartölvu M var stolið var læst að hluta og takmarkaður umgangur er um hana að öllu jöfnu. Ekki er því á það fallist að umrædd lesstofa skoðist sem almannaferi. Ákvæði d liðar 4. gr vátryggingaskilmálanna þykir því ekki eiga við í þessu tilviki. Þá verður heldur ekki á það fallist með V að ákvæði 3.gr vátryggingaskilmálanna eigi hér við.

Það var hins vegar ámælisvert af M að skilja eftir verðmæti eins og fartölvu sem auðvelt er að taka á lesstofunni og þykir M ekki hafa sýnt þá varúð sem honum bar að viðhaf með því að geyma verðmæta fartölvu með þeim hætti sem hann hefur lýst að hann hafi gert. M þykir því ekki hafa fylgt eðlilegum varúðarreglum við geymslu jafn mikilla verðmæta sem jafnauðvelt var að taka og hér um ræðir.

Til skoðunar kemur í þessu tilviki ákvæði 26.gr. vátryggingasamningalaganna nr. 30/2004 um brottfall bótaréttar sem á við í þessu tilviki. Eðlilegt er að þeir sem skilja fartölvur eftir á lesstofu eins og hér um ræðir, gæti þess að tryggilega sé frá þeim gengið en því var ekki nægjanlega sinnt af hálfu M í umrætt sinn.

Svo sem að framan greinir þá kemst Úrskurðarnefndin að þeirri niðurstöðu að um brot M á varúðarreglu hafi verið að ræða með því að geyma fartölvu á borði í lesstofu en ekki í lokaðri helst læstri hirslu. Spurning er þá hvort eðlilegt eða réttlæt看legt sé að bótaréttur falli niður að öllu leyti. Miðað við aðstæður allar og það sem upplýst er í málinu þá verður að telja eðlilegt að leggja ábyrgð á V að hluta með vísan til ákvæða 26.gr. vátryggingasamningalaganna og telur

Úrskurðarnefndin sanngjarnt miðað við atvik öll eins og þau eru upplýst í málinu að V greiði 1/3 tjóns M.

Niðurstaða.

V skal greiða M bætur sem nemur 1/3 tjóns hans. Skerða ber rétt M til bóta sem nemur 2/3 þess tjóns sem varð vegna þess að varúðarreglu var ekki fylgt.

Reykjavík 1.8. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 150/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/vegna forfallatryggingar greiðslukortatryggingar

Forföll vegna veikinda í júlí 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 07.08. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M vísar til þess að skömmu fyrir brottför í ferðalag hafi eiginkona hans veikt svo alvarlega að hún treysti sér ekki í ferðina sbr. fyrirbyggjandi gögn. Læknisvottorð sé því til staðfestingar. Þau hafi gengið frá kaupum á umræddri ferð í janúar 2008 með greiðslukorti.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í bréfi til nefndarinnar, dags. 04.09. sl. Félagið vísar til ákvæðis vátryggingarskilmála 6.2.1 þar sem segir að “Félagið bætir ekki: Tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem vátryggður þjáfist af og var í meðferð vegna, þegar staðfestingargjald var greitt”. Ágreiningur aðila sé um hvort þau skilyrði sem nefnd eru hafi verið uppfyllt. Félagið vísar til athugunar sem trúnaðarlæknir (ráðgjafarlæknir) þess hafi framkvæmt. Trúnaðarlæknir félagsins hafi aflað upplýsinga, í trúnaði, frá lækni tjónþola að fengnu samþykki tjónþola. Niðurstaða trúnaðarlæknisins hafi verið sú, sbr. fyrirbyggjandi staðfestingu hans, að ekki væri um bótaskyld tjón að ræða. Sökum trúnaðar hafi læknir félagsins hins vegar ekki upplýst félagið um hvers kyns veikindi um er að ræða né hvers kyns meðferð veitt hafi verið “enda hafi slíkar upplýsingar enga þýðingu við úrvinnslu málsins”. Þessar upplýsingar frá trúnaðarlækninum telur félagið nægja til þess að leggja til grundvallar höfnun bótaskyldu.

Trúnaðarlæknir félagsins lætur þess getið í tölvupósti til félagsins, dags. 02.09. sl., m.a. “...að veikindi konunnar væru ekki ný af nálinni. Því var svar mitt stutt, að félaginu væri stætt á að neita bótaskyldu. Nú sit ég í þeirri stöðu að rjúfa þann trúnað sem X (læknir konunnar) lagði svo mikla áherslu á að ætti að gilda. Ég hvika ekki frá því að endurtaka fyrri fullyrðingu mína, um að hafna bótaskyldu, en eigi ég að upplýsa um sjúkdóminn, vil ég skriflega yfirlýsingu konunnar um að ég megi rjúfa trúnað.”

M staðhæfir í málskotinu að eiginkona sín hafi ekki verið sjúkdómsgreind og hafi enga meðferð fengið við veikindum sínum. Það hafi verið fyrst 10.07. sl. sem hún hafi verið greind með sjúkdóm og send til sérfræðings til að fá bót meina sinna sbr. fyrirbyggjandi gögn. Hann telur túlkun félagsins á skilmálum ranga.

Í fyrirbyggjandi læknisvottorði, dags. 05.08. sl., kemur fram að eiginkona M “kom fyrst til mín 10.07. sl. og var greind með sjúkdóm og send til sérfræðings. Sjúklingurinn hafði áður ekki fengið meðferð (lyfjameðferð).”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirbyggjandi gögnum virðist sem eiginkona M hafi átt við langvinn veikindi að stríða. Verður lagt til grundvallar, miðað við takmörkuð gögn máls þessa, að nefnt ákvæði 6.2.1 í skilmálum félagsins eigi hér við og því er greiðsluskylda félagsins ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda váttryggingafélagsins er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. september 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 136/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur við Hellsheiðarvirkjun 17.03. 2008

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 11.07. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 01.07. 2008.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 31.07. 200.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni A og dráttarvélinni B var ekið á móti hvor annarri. Ökumaður A kveðst hafa stöðvað þar sem hann hafi ekkert séð vegna mikillar og þéttrar gufu frá borholu sbr. fyrirliggjandi gögn. Ökumaður B mun hafa ekið inn í gufuna og rekist á hægri framhorn A.

Vátryggingafélögin telja að skipta skuli sök til helminga þar sem ekki verði ráðið um nákvæman aðdraganda áreksturs þessa eða stöðu ökutækjanna.

M telur að A skuli vera í rétti sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á A þar sem bifreiðin stóð kyrrstæð.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 1. ágúst 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 129/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ húftryggingar bifreiðar og heimilistryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr húftryggingu bifreiðar og heimilistryggingar.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 3.7.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.7.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 18.8.2007 var bifreiðinni A í eigu M stolið við heimili hans í sveitarfélaginu S. Rúmri viku síðar fannst bifreiðin í Reykjavík. Hafði hún þá orðið fyrir miklum skemmdum og öllu verið stolið úr henni, svo sem golfsetti ásamt golfkerru og golffatnaði. Kveikjulaslyklar voru í A er henni var stolið.

A var húftryggð hjá X auk þess sem M hafði heimilistryggingu hjá X. Hann hefur krafist bóta úr umræddum vátryggingum vegna tjóns sem hann varð fyrir. X hefur á hinn bóginn neitað bótaskyldu á þeirri forsendu að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt er A var stolið, þar sem kveikjulaslyklar voru þá í henni.

M kveður aftur á móti að X hafi fyrirgert þeim rétti að bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð þar sem það hafi ekki tilkynnt honum þá afstöðu sína samkvæmt fyrirmælum 31. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga. Í bréfi M til X, dags. 20.6.2008, segir að lögreglu og umboðsmanni X á Siglufirði hafi strax verið tilkynnt um hvarf bifreiðarinnar. Í bréfi X til nefndarinnar, dags. 1.7.2008, segir að viðkomandi kaskótrygging sé frjáls vátrygging og kaskótjón verði ekki skráð og tekið til meðferðar nema samkvæmt beiðni vátryggingartaka. M hafi ekki óskað eftir að “kaskómál” verði skráð á bifreiðina vegna umrædds tjóns. Hins vegar megi ráða af bréfi hans frá 20.6.2008 að hann óski eftir afstöðu X til bótaskyldu úr vátryggingunni. Það hafi verið gert þann 23.6.2008 er kaskómálið var skráð og höfnunarbref sent X þann 25.6.2008.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 31. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga skal vátryggingafélag, sem hyggst bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta samkvæmt reglum IV. kafla laganna, þ. á m. 26. gr. varðandi brot á varúðarreglum, tilkynna vátryggingartaka eða vátryggðum þá afstöðu sína. Tilkynningin skal send án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem leyst gátu það undan ábyrgð. Í tilkynningunni skal félagið einnig upplýsa um möguleika þess að bera álitæfni undir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 31. gr. glatar félagið rétti sínum til að bera fyrir sig ábyrgðartakmörkun, ef það vanrækir upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. Frestur X til að bera fyrir sig brot M á varúðarreglum getur ekki fyrst byrjað að líða þegar M sendi bréfið þann 20.6.2008, ef það vissi fyrr um það atvik sem það hyggst bera fyrir sig, þ.e. að varúðarreglum hafi ekki verið framfylgt með því að kveikjulaslyklar hafi verið í A þegar henni var stolið. Hins vegar verður ekki ráðið af gögnum málsins að það hafi komið fram í tilkynningu þeirri sem M vísar til í bréfi sínu frá 20.6.2008, eða, ef það hefur verið síðar, hvenær X var um það kunnugt að varúðarregla kynni að hafa verið brotin þannig að það hefði haft ástæðu til að senda tilkynningu skv. 1. mgr. 31. gr. vsl. Af þessum sökum verður ekki fullyrt að X hafi glatað rétti sínum til að bera fyrir sig að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta vegna meints brots M á varúðarreglum.

Samkvæmt 26. gr. vsl. getur vátryggingafélag gert fyrirvara um að það sé laust úr ábyrgð í heild eða að hluta ef varúðarreglum er ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við vátryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að vátryggingaratburður hefur

orðið verður ekki rakið til brota hans. Þótt félagið geti borið fyrir sig að varúðarreglum hafi ekki verið fylgt má samt leggja á það ábyrgð að hluta með hliðsjón af því hvers konar varúðarreglu var ekki sinnt, sök vátryggðs, hvernig vátryggingaratburð bar að og atvikum að öðru leyti.

Í gr. 4.7. í vátryggingarskilmálum X fyrir kaskótryggingu þá, sem hér á í hlut, segir að vátryggingin bæti tjón á vátryggðu ökutæki vegna þjófnaðar eða ef tilraun er gerð til þjófnaðar á því. Í 6. gr. skilmálanna er mælt fyrir um varúðarreglur sem gilda um vátrygginguna. Þar segir í gr. 6.3. að ökutæki skuli vera læst þegar enginn er í því og geyma skal lykla á öruggum stað. Samkvæmt 7. gr. er skylt að fara eftir varúðarreglum sem kveðið er á um í skilmálunum og sé þeim ekki fylgt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. vsl.

Um það er ekki deilt að A var stolið frá heimili M og þá hafði M gleymt kveikjulaslyklum í bifreiðinni. Ekki verður annað ráðið af gögnum málsins en að orsakasamband sé milli þjófnaðarins og þess að M hafði gleymt lyklunum í A. M á sök á því að umrædd varúðarregla var brotin og sök hans telst ekki vera óveruleg. X er því heimilt að bera fyrir sig takmörkun á ábyrgð sinni. Ekki liggur fyrir hversu langur tími leið frá því M skildi síðast við A uns henni var stolið. Þótt atvikið hafi ekki átt sér stað í mjög stóru bæjarfélagi verður engu að síður að ætla að sök M sé talsverð, einkum þegar horft er til þess að varúðarreglan gegnir mikilvægu hlutverki til að koma í veg fyrir að bifreiðum sé stolið, svo og að það er til þess fallið að bifreið sé stolið, ef kveikjulaslyklar eru í henni þegar hún er yfirgefin. Eftir atvikum öllum þykir rétt að M sæti skerðingu bóta að 2/3 hlutum þannig að hann fái tjón sitt bætt að 1/3 hluta úr kaskótryggingu A.

Í málskoti vísar M til bréfs síns frá 20.6.2008 varðandi rökstuðning fyrir þeim kröfum sem hann gerir í máli þessu. Hvorki í málskotinu né umræddu bréfi eða öðrum gögnum er fjallað um kröfu hans um bætur úr heimilistryggingu. Ekkert er heldur fjallað um hana af hálfu X. Við svo búið telst sú krafa vanreifuf og er henni vísað frá nefndinni, sbr. 3. mgr. 3. gr. og e. lið 4. gr. samþykkt fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda nr. 1090/2005.

Niðurstaða.

Tjón M vegna þjófnaðar á A bætist að 1/3 hluta úr kaskótryggingu hans hjá X.

Krafa um M um bætur úr heimilistryggingu er vísað frá nefndinni.

Reykjavík, 1. ágúst 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 137/2008

M og

Vátgryggingarfélagið V v kaskótryggingar A og

Umferðaróhapp þegar ökumaður reyndi framúrakstur þ. 3.9.2006.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 11.7.2008. ásamt fylgiskjölum 1-5
2. Niðurstaða tónanefndar nr.678/07
3. Lögregluskýrsla dags.

Málsatvik.

A lenti í umferðaróhappi þegar hann var í framúrakstri en þurfti að sögn ökumanns að beygja til hægri vegna umferðar á móti. Þar sem ökumaður A reyndi framúrakstur var óbrotin hindrunarlína og óheimilt að aka framúr. Þá liggur fyrir samkvæmt framburði ökumanns A að hann ók umfram leyfilegan hámarkshraða. V hafnar að greiða frekari bætur til M en sem nemur 1/3 af tjóni hans en skerðir bætur um 2/3 vegna stórkostlegs gáleysis hans. Lögmaður M hafnar því að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn. Þá heldur V því fram að frestur sá sem að M hafi til að vísa málinu til Úrskurðarnefndarinnar sé liðinn.

Álit.

Úrskurðarnefndin getur ekki fallist á það með V að frestur sá sem að M hefur til að skjóta málinu til nefndarinnar sé liðin miðað við málavexti alla.

M þykir hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í umrætt sinn við akstur A og á ekki rétt á frekari bótum en V hefur samþykkt að greiða honum og getið er um hér að framan.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á frekari bótum en V hefur samþykkt að greiða honum þ.e. að bætur til hans verði skertar um 2/3 vegna stórkostlegs gáleysis M

Reykjavík 1.8. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 132/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ innbúskaskótryggingar.**

Þjófnaður á ferðatöskum í Manilla á Filippseyjum þann 1.5.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 8.7.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 15.7.2008.

Málsatvik.

Þann 1.5.2008 kom M til Manilla á Filippseyjum. Er þangað kom tók hann leigubifreið til að aka sér á hótél þar sem hann átti pantaða gistingu. Tveimur ferðatöskum hans var komið fyrir í farangursgeymslu bifreiðarinnar og kvaðst M hafa lagt áherslu á það við leigubifreiðarstjóran að læsa farangursgeymslunni, enda innihéldu töskurnar umtalsverð verðmæti. Er á hótelið var komið kvaðst M hafa stigið út úr bifreiðinni ásamt bifreiðarstjóranum. M hafi ekki verið búinn að greiða bifreiðarstjóranum fyrir farið, en óskaði eftir að hann kæmi með ferðatöskurnar inn á eftir sér eins og venja er og algengt er að felist í þjónustu leigubifreiðarstjóra. M kvaðst hafa gengið inn á hótelið og verið þar í afgreiðslunni örskamma stund þegar bifreiðarstjórinn hafi stokkið inn í bifreið sína og ekið á brott með ferðatöskurnar. Tveir dyraverðir á hótelinu hafi séð hvað hafi gerst og hafi þeir stokkið af stað ásamt M til að ná bifreiðarstjóranum en allt kom fyrir ekki. Lögreglu í Manilla hafi verið tilkynnt um atvikið.

Verðmæti í töskunum kveður M að hafi numið um 940.000 krónum og þar af reiðufé að jafnvirði um 275.000 íslenskum krónum. M hefur krafist bóta fyrir tjón sitt úr innbúskaskótryggingu hjá X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu með vísan til ákvæðis í skilmálum vátryggingarinnar um að félagið bæti ekki tjón sem verður þegar vátryggður gleymir hlut, misleggur eða týnir. Ennfremur að ekki bætist tjón á munum sem stolið er úr ólæstum híbýlum, bílum, bátum eða tjöldum eða munum sem skildir eru eftir á almannafæri.

Álit.

Samkvæmt 3. gr. skilmála X fyrir innbúskaskótryggingu tekur vátryggingin til tjóns á vátryggðum lausafjármunum. Tjónið skal eiga rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingartímabilinu. Samkvæmt b. lið 4. gr. skilmálanna bætir félagið ekki tjón sem verður þegar vátryggður gleymir hlut, misleggur eða týnir. Ennfremur bætir félagið ekki tjón á munum sem stolið er úr ólæstum híbýlum, bílum, bátum eða tjöldum eða munum sem eru skildir eftir á almannafæri. Þá er tekið fram í sérstöku undantekningarákvæði í 1. gr. skilmálanna að vátryggingin taki ekki til tjóns á peningum, verðbréfum, handritum, frumteikningum, mynt- og frímerkjasöfnum.

M varð fyrir tjóni þegar leigubifreiðarstjóri ók á brott frá hóteli í Manilla með tvær ferðatöskur hans sem áttu að vera læstar í farangursgeymslunni, en M hafði búist við að bifreiðarstjórinn kæmi með töskurnar á eftir honum inn í afgreiðslu hótelsins. Atvikið verður að teljast bótaskyld úr innbúskaskótryggingunni eins og bótasvið vátryggingarinnar er skýrt í 3. gr. skilmálanna. Undanþágur frá bótaskyldu, sem greinir í 4. gr., ber að skýra þröngt. Eins og atvik gerðust verður ekki talið að M hafi gleymt ferðatöskunum í leigubifreiðinni, mislagt þær eða týnt þeim. Þá verður heldur ekki unnt að staðhæfa að tjónið verði rakið til þess að töskunum hafi verið stolið úr ólæstri bifreið eða þær skildar eftir á almannafæri. Ekki verður heldur séð að önnur undanþáguákvæði 4.

gr. skilmálanna geti komið til álita þannig að bótaréttur M skerðist. Að þessu athuguðu telst M eiga rétt til bóta úr innbúskaskótryggingunni að því marki sem bætur takmarkast ekki af undantekningarákvæði 1. gr. skilmálanna, váttryggingarfjárhæð í hverju tjóni og eigin áhættu váttryggðs.

Niðurstaða.

Tjón M er bótaskyldt úr innbúskaskótryggingu hans hjá X.

Reykjavík, 1. ágúst 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 134/2008
M og
Vátryggingafélagið V v. A og B

Snjóruðningstæki veldur tjóni á bifreiðum þ.9.4.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 9.7.2008
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.556/08 og 472/08
3. Lögregluskýrsla dags. 10. og 29. 4.2008
4. Bréf Vátryggingafélags Íslands dags. 1.júlí 2008.

Málsatvik.

Nokkrar bifreiðar sem stóðu við Miðhraun urðu fyrir tjóni og halda eigendur þeirra þar á meðal M að tjónvaldur sé B og hafi B valdið tjóninu á bifreiðinni þegar B vann við snjóruðning á götunni framhjá bifreiðastæðunum þar sem bifreiðar þær sem urðu fyrir tjóni hafði verið lagt. Fullyrt era ð slabb og drulla hafi farið yfir A vegna snjóruðnings B og hafi það valdið tjóni á A. Fyrir liggur niðurstaða tjónanefndar í tveim málum sem varða sama efni og það sem hér ræðir um en þar er um aðra bifreiðaeigendur að ræða en M.

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn verður að telja nægjanlega sannað að B hafi valdið umræddu tjóni á A þegar B vann við snjóruðning á Miðhrauni en A var lagt á bifreiðastæði þar við. B ber því alla sök.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík 1.8. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 135/2008

**I
og
X hf. vegna
frjálsrar ábyrgðartryggingar Y ehf.**

Tjón af völdum ruslagáms 12. nóvember 2007.

Gögn.

1. Málskot móttækið 10. júlí 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 30. júlí 2008.

Málsatvik.

Aðfaranótt 12. nóvember 2007 fauk ruslagámur á hjólum frá Y á bifreiðina B og olli á henni skemmdum. Í ljós kom að hjólin á gámnum voru ólæst. Y hafði áður verið tilkynnt að starfsmenn þeirra trössuðu að setja gámana í bremsu við tæmingu þeirra. Í lögregluskýrslu kemur fram að hjónin á umræddum ruslagámi voru í ólæstri stöðu þegar lögreglan kom á vettvang.

Tryggingafélag Y telur ósannað að ruslagámurinn hafi í þetta skipti eða áður verið skildir eftir í ólæstri stöðu og bendir á að aðrir en starfsmenn sorphirðufyrirtækisins geti losað um læsingarbúnaðinn.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að hjólabúnaður ruslagámsins var í ólæstri stöðu þegar gámurinn fauk af stað og á bifreiðina B. Í gögnum málsins kemur einnig fram að sorphirðufyrirtækið var áður búið að fá athugasemdir vegna frágangs ruslagámana eftir sorphirðu og að ruslagámar hefðu áður valdið tjóni vegna ófullnægjandi frágangs. Verður því að telja fullsannað að starfsmenn sorphirðufyrirtækisins hafi vanrækt að læsa hjólum ruslagámsins og að tjónið á bifreiðinni megi þannig rekja til saknæmrar háttsemi starfsmanna sorphirðufyrirtækisins. Tjón B bætist því úr frjálsri ábyrgðartryggingu Y ehf.

Niðurstaða.

Tjón B bætist úr frjálsri ábyrgðartryggingu Y ehf.

Reykjavík, 1. ágúst 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 147/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ málskostnaðartryggingar.

Ágreiningur um bótaskyldu úr málskostnaðartryggingu.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 7.8.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.8.2008.

Málsatvik.

Þann 24.7.2007 slasaðist M á hendi við störf á veitingastað í eigu fyrirtækisins A. Hlaut M bæði varanlegan miska og varanlega örorku af völdum slyssins. A hafði ekki keypt slysatryggingu launþega vegna starfsmanna sinna. M höfðaði mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur til heimtu bóta fyrir tímabundið atvinnutjón, þjáningar, varanlegan miska og varanlega örorku auk ígildis bóta úr slysatryggingu launþega sem skyldu dregnar frá bótum fyrir varanlega örorku, sbr. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 4. gr. laga nr. 37/1999 um breyting á þeim. Undir meðferð málsins var bú A tekið til gjaldþrotaskipta og þingsókn féll niður af þess hálfu. Með dómi uppkveðnum 16.1.2008 voru kröfur M teknar til greina og var þrotabúi A gert að greiða M samtals 5.819.762 krónur auk vaxta og 650.000 krónur í málskostnað.

Lögmaður M krafði hana um málflutningsþóknun að fjárhæð 1.004.075 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Svo virðist sem 520.615 krónur hafi fengist greiddar upp í þóknunina úr Ábyrgðarsjóði launa. Þótt það komi ekki skýrt fram í gögnum málsins virðist sem M krefjist þess að fá eftirstöðvarnar, 483.460 krónur, bættar úr málskostnaðartryggingu sem hún hefur hjá Vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu og borið fyrir sig ákvæði í gr. 25.5 í skilmálum vátryggingarinnar þar sem segir að vátryggingin bæti ekki málskostnað sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.

Álit.

Í dómsmáli því sem M höfðaði á hendur A krafðist hún skaðabóta vegna þess líkamstjóns er hún hlaut í vinnuslysi hjá A. Bótakröfur voru í samræmi við ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum. Að litlum hluta var bótakrafa einnig á því byggð að M fékk ekki greiddar bætur úr slysatryggingu launþega þar sem A hafði ekki keypt slíka vátryggingu fyrir starfsmenn sína eins og honum bar samkvæmt kjarasamningum. Krafan að þessu leyti var svo dregin frá kröfu um bætur fyrir varanlega örorku eins og að framan greinir. Kröfur M í dómsmálinu byggðust að öllu leyti á líkamstjóni því sem hún hlaut í vinnuslysinu. Málskostnaður, sem virðist deilt um í málinu, tengist því atvinnu M og skiptir í því sambandi ekki máli þótt inn í kröfugerð hafi verið fléttað kröfu um ígildi bóta úr slysatryggingu launþega. Með vísan til fyrrgreinds ákvæðis í skilmálum fæst krafan ekki bætt úr málskostnaðartryggingunni.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi úr málskostnaðartryggingu M hjá X.

Reykjavík, 9. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 164/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar A**

Bifreið ekið út af Elliðavatnsvegi þann 01.07. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.08. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ökumaður bifreiðarinnar missti stjórn á bifreið sinni og ók út af vegi. Ágreiningur er um hvort skerða skuli bótarétt M.

Vátryggingafélagið telur sannað að um hraðakstur hafi verið að ræða, ökumaðurinn hafi viðurkennt að hafa ekið yfir hámarkshraða og þá hafi för á vettvangi gefið til kynna að um hraðakstur hafi verið að ræða. Félagið telur skerðingu uppá þriðjung hæfilega.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Haft er efnislega eftir ökumanni A í skýrslu lögreglu m.a. að hann hafi verið á um 70-80 km hraða þegar hann hafi tekið eftir því að eitthvað var á veginum fyrir framan bifreiðina, “hún taldi það hafi verið mús”. Hún hafi því “kippt í stýrið og bifeiðin farið að rása aðeins og hafi hún því hemlað og misst algerlega vald á bifreiðinni”.

Lögreglan getur ummerkja á vettvangi en þá umfjöllun gagnrýnir M í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að ökumaður A hafi ekki miðað ökuhraða við aðstæður. Ökumaðurinn hafði ekki fulla stórn á bifreiðinni sökum of mikils ökuhraða.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er bótaábyrgð fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum, en rétt er að skerða bótarétt um 1/3 vegna aksturslags ökumanns bifreiðarinnar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi en skerða ber bótarétt sem nemur þriðjung.

Reykjavík 16. september 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 145/2008
M og
Vátryggingafélagið V v. sjúkdómatryggingar

Bótakrafa úr sjúkdómatryggingu vegna tjóns þ. 19.1.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 31. júlí 2008 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 8.9.2008 ásamt fylgiskjölum 1-4
3. Yfirlýsing Hákonar Hákonarsonar dags. 31.7.2008.

Málsatvik.

M sótti um sjúkdómatryggingu hjá V í mars 2001. Þ. 20.3.2008 gerði M bótakröfu á hendur V vegna veikinda sinna og óskaði eftir greiðslu bóta úr Certus sjúkdómatryggingu sinni hjá V. V hafnaði kröfunni og heldur því fram að M hafi ekki gefið réttar upplýsingar við töku tryggingarinnar og sagði síðan upp umræddri tryggingu á grundvelli 84 gr laga um Vátryggingasamninga nr. 30/2004. Lögmaður M fór fram á að V endurskoðaði afstöðu sína og telur að vanræksla M á að sinna upplýsingagjöf sinni með fullnægjandi hætti sé lítilvæg og hafi ekki haft nein áhrif á áhættu á blóðtappa. Þá bendir lögmaður M á að M hafi ekki fyllt sjálfur út almennar upplýsingar heldur ráðgjafi á vegum V, en M hafi notið ráðlegginga frá starfsmanni V við útfyllingu umsóknarinnar. Í yfirlýsingu Hákonar Hákonarsonar kemur fram að meginregla Alþjóða líftryggingafélagsins hafi verið að veita þeim sem fóru í áfengis meðferð ekki tryggingu fyrr en að liðnum 2 árum frá meðferðinni. V hafnar bótaskyldu og bendir á að við töku tryggingar hafi M þjáðst af þunglyndi, kvíða og átt við áfengis- og vímuefnavanda að stríða. Þær upplýsingar hafi M ekki gefið við töku tryggingarinnar en hefðu þær legið fyrir þá hefði M verið synjað um sjúkdómatrygginguna. Þá er á það bent af hálfu V að Hákon Hákonarson hafi aldrei verið starfsmaður V og yfirlýsing hans skipti ekki máli. Þá bendir V á fleiri atriði sem sýni fram á að M hafi ekki gefið réttar upplýsingar við töku ofangreindrar tryggingar. Af hálfu V er ítrekað að hefði M gefið réttar upplýsingar þá hefði tryggingarbeiðni M verið synjað af hálfu V.

Álit.

Fyrir liggur að M gaf ekki réttar eða fullnægjandi upplýsingar í umsókn sinni um sjúkdómatryggingu hjá V. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ofangreindri sjúkdómatryggingu hjá V vegna veikinda sinna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 9.9. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 152/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v.A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Holtavörðuheidi þ. 9.2.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 13.8.2008. ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 213/08
3. Lögregluskýrsla dags. 11.2.2007 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf V-1 dags. 1. júlí 2008 ásamt fylgiskjali 1-2
5. Bréf V-2 dags. 22. 8.2008

Málsatvik.

A og B lentu í árekstri á Vesturlandsvegi nærri Miklagili á Holtavörðuheidi. A var ekið með akstursstefnu í norður en B með akstursstefnu í suður. Ökumaður A segir að skyggni hafi verið slæmt vegna skafrennings og hafi hann séð B koma skyndilega á móti sér á öfugum vegarhelmingi og hafi hann þá reynt að víkja til hægri en ekki getað komið í veg fyrir árekstur. Ökumaður B segist skyndilega hafa séð bifreið (A) koma úr gagnstæðri átt og hafi sú bifreið rekist utan í vinstra framhorn B. Ökumaður B segist hafa verið á sínum vegarhelmingi en erifitt hefði verið að átta sig á því vegna þess að skyggni var takmarkað vegna skafrennings. Í lögregluskýrslu segir að engin för hafi verið á vettvangi sem skýrt geti staðsetningu bifreiðanna á veginum er óhappið varð.

Álit.

Af fyrirbyggjandi gögnum verður ekki ráðið um staðsetningu bifreiðanna. Ekki eru forsendur miðað við fyrirbyggjandi gögn að leggja meiri sök á annan ökumann umfram hinn. Sök skiptist því til helminga.

Niðurstaða.

Hvor ökumaður ber helming sakar.

Reykjavík 16.9. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 148/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)

Meiðsl við árekstur vinnutækja þann 18.11. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 07.08. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 12.08. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var við vinnu sína. M ók skautskiptitæki þegar hún lenti í árekstri við áltökubifreið.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun málskotsins. M telur að ökumaður áltökubifreiðarinnar hafi borið ábyrgð á árekstrinum. A beri því ábyrgð á því tjóni sem varð á grundvelli saknæmrar vangæslu starfsmanns og vanbúnaðar á vinnustað.

Í niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna er staðhæft að skautskiptitækið sem M ók hafi bakkað á móti stöðvunarskyldu í veg fyrir áltökutækið og að ósannað sé að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna A eða annarra atvika eða aðstæðna sem hann verður talinn bera skaðabótaábyrgð á.

Vátryggingafélagið telur að ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi fyrirtækisins.

Álit.

Ágreiningur er milli ökumanna um aðdraganda máls þessa.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 9. september 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 163/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar byggingaraðila.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda á bifreið af völdum sandfoks.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 26.8.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.9.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Haustið 2007 mun hafa verið unnið við að reisa verksmiðju á vegum fyrirtækisins F í næsta nágrenni við heimili M í sveitarfélaginu S. Framkvæmdunum fylgdi jarðrask. Í ítrekuðum fárviðrum þá um haustið, þegar vindur stóð af austri eða suðaustri, kveður M að bifreið sín hafi orðið fyrir miklum skemmdum á lakki af völdum sandfoks frá athafnasvæði F.

Í yfirlýsingu bæjarstjóra S, dags. 19.6.2008, segir að mikið sandfok hafi verið haustið 2007 og í byrjun árs 2008 og fólk hafi kvartað undan því og talið sig hafa orðið fyrir tjóni af þeim sökum. Í kjölfarið hafi hann haft samband við F og óskað eftir að mól yrði sett yfir sand á athafnasvæði þess. Við þessu hafi verið brugðist nokkru síðar og sandurinn fergjaður með mól.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu F hjá X. Telur M að lögmaður F hafi viðurkennt bótaábyrgð F og jafnframt hafi verið sýnt fram á ábyrgð þess með ofangreindri yfirlýsingu bæjarstjóra S og í umfjöllun um málið í fjölmiðlum. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

Engin skýr gögn liggja fyrir í málinu um jarðvegsframkvæmdir á athafnasvæði F, þ. á m. um það hvernig sandi var komið fyrir á svæðinu og hvernig frá honum var gengið. Ekkert liggur fyrir sem sýnir fram á að frágangi sandsins hafi verið áfátt eða að tjón M vegna skemmda á bifreið hennar verði rakið til atvika sem F ber ábyrgð á. Þá liggur heldur ekkert fyrir í málinu sem sýnir fram á að lögmaður F hafi viðurkennt ábyrgð F þannig að M eigi rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu F hjá X. Tjón M telst því ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki bótarétt úr ábyrgðartryggingu F hjá X vegna tjóns á bifreið hennar.

Reykjavík, 30. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 165/2008
M) og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v. B

Árekstur bifreiða á gatnamótum Lágmúla og Háaleitisbrautar í Reykjavík þ.18.7.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 28.8.2008.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.613/2008
3. Tjónstilkynning dags. 18.7.2008.
4. Bréf V-1 dags. 29.8. og 15.9.2008
5. Bréf V-2 dags. 23.7.2008.

Málsatvik.

Ökumaður A ók segist hafa ekið suður Lágmúla að Háaleitisbraut og ætlað að beygja til hægri og hafi B verið kyrstæður vinstra megin á akreininni og segist ökumaðurinn ekki hafa séð hvort að stefnuljós loguðu á B, en B hafi verið ekið af stað og beygt til hægri í hliðina á A. Ökumaður B segist hafa ætlað að beygja til hægri vestur Háaleitisbraut og engnin bíll hafi verið á gatnamótunum þegar hann kom þar að og hann hafi engan séð í baksýnisþegli þannig að hann hafi staðsett sig á miðri akreininni og gefið stefnuljós, síðan hafi hann ekið af stað um leið og færi gafst en þá hafi A verði komin að hlið B og árekstur orðið.

Álit.

Ökumaður A gætir ekki nægjanlegrar varúðar þegar hún ákvað að aka meðfram B þar sem B beið á gatnamótum með stefnuljós logandi að sögn ökumanns B sem gaf til kynna að B ætlaði að beygja til hægri. Ökumaður A tók ekki eftir hvort að stefnuljós loguðu á B eða ekki. Miðað við frásögn ökumanna, ljósmyndir af vettvangi og öðrum gögnum verður ekki annað séð en að ökumaður A beri alla sök á árekstrinum þar sem hún ekur upp að hægri hlið B þar sem hún var kyrstæð á gatnamótum en gefið var til kynna að B yrði beygt til hægri

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 30.9. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Páldóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 149/2008

M og

Vátryggingafélagið V v starfsábyrgðartryggingar lögmansins L

Krafa um bætur úr starfsábyrgðartryggingu lögmans vegna tjóns M þ.24.8.1999.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.8.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-14
2. Bréf V dags. 9.4. og 12.8.2008

Málsatvik.

M heldur því fram að hún hafi leitað til L árið 2001 og veitt honum umboð til að innheimta bætur vegna tímabundinna og varanlegra afleiðinga umferðarslyss sem M varð fyrir þ. 24.8.1999. M segir að L hafi ekkert aðhafst í málinu þrátt fyrir tilraunir sínar til að reka á eftir málinu og hafi M því leitað til annars lögmans árið 2005, sem hafi höfðað mál vegna slyssins það ár. Dómur hafi fallið í málinu í júní 2007 og þar hafi tryggingafélagið sem hlut átti að máli verið sýknað þar sem að krafan hafði fyrnst þ. 1. janúar 2005. L segir að M hafi leitað til sín árið 2001 vegna slyssins 1999 en eftir það hafi hún haft lítið samband og þrátt fyrir óskir um greiðslur vegna fyrirhugaðrar gagnaöflunnar hafi engar greiðslur borist frá M. L segir að M hafi haft samband tvívegis árið 2001 og ekkert eftir það og hafi hann litið svo á að M væri hætt við málið og "lagt það upp". M gerir kröfu í starfsábyrgðartryggingu L hjá V. V hafnar bótaskyldu og telur M ekki hafa sýnt fram á saknæma vanrækslu L og L hafi óskað eftir greiðslu og greiðslan verið forsenda þess að eitthvað yrði aðhafst í málinu. Þá segir V að alfarið sé ósannað að um saknæma vanrækslu L hafi verið að ræða.

Álit.

Í málinu liggur ekki fyrir umboð M til L hins vegar liggur fyrir umboð sem að M gefur öðrum lögmanni 28. nóvember 2005 þar sem að hún afturkallar umboð veitt L til að annast um bótamál sitt. Í bréfi sínu til síðari lögmans M dags 20.11.2007 viðurkennir L hins vegar að M hafi leitað til hans sem lögmans vegna slyssins 1999. Bréf L frá 20.11.2007 verður ekki skilið með öðrum hætti en þeim að hann hafi tekið að sér á árinu 2001 að reka mál fyrir M sem vörðuðu bætur vegna slyssins sem hún varð fyrir þ. 24.8.1999. Af hálfu L er því haldið fram að M hafi tvisvar komið á skrifstofu lögmansins árið 2001 og ekkert eftir það. Þá segir L að óskað hafi verið eftir greiðslum vegna fyrirhugaðrar gagnaöflunar en L hefur ekki lagt neitt fram því til sönnunar að slík ósk hafi verið borin fram við M. Þá segist L hafa litið svo á að M væri hætt við málið og "lagt það upp". Ekki liggur fyrir og ekki haldið fram af L að hann hafi varað M við að málið kynni að fyrnast innan ákveðins tíma. Þá liggur ekkert fyrir um það að L hafi vísað málinu frá sér eða farið fram á að M leitaði annars lögmans. Ekkert liggur raunar fyrir um samskipti M og L annað en sem kemur fram í ofangreindu bréfi L og m.a. þær staðhæfingar M sem raktar eru í málavaxtalýsingu hér að framan.

Eins og rakið er hér að framan liggja ekki fyrir nein bréfaskipti milli L og M. Þá liggja heldur ekki nein skjalfest gögn um samskipti þeirra L og M.

Fyrir liggur örorkumat þar sem varanlegur miski M var metinn 12% og varanleg örorka 10%. Tjón M var því verulegt og skipti háum fjárhæðum og L mátti vera það ljóst þegar hann tók málið að sér að svo gæti verið. Þá lá fyrir að það skipti M miklu máli að hún fengi að vita réttarstöðu

sína og vöruð við að málið gæti fyrnst yrði fyrning ekki rofin með stefnu eða málinu lokið með samkomulagi. Ekki liggur fyrir að L hafi gert M grein fyrir þessum atriðum. Þá liggur ekki fyrir að L hafi óskað eftir greiðslu frá M eða gert henni grein fyrir að hann mundi ekki aðhafast frekar að í því máli sem hann hafði tekið af sér og ekki er um deilt að hann tók að sér fyrir M.

Að öllu ofangreindu virtu þá þykir L hafa gerst sekur um vítaverða vanrækslu á stöfum sínum sem lögmaður gagnvart M þar sem hann gerði henni ekki grein fyrir að hann hefði hætt að vinna í máli hennar. Þá varaði L M ekki við að hún gæti glatað rétti sem hún kynni að eiga yrði ekki aðhafst eitthvað í málinu fyrir ákveðinn tíma. Þegar af þessum ástæðum þykir M eiga rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 9.9. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 153/2008

**H
og
X vegna ábyrgðarliðs heimilisverndar B**

Skemmdir á bifreið af völdum hjóls.

Gögn.

1. Málskot móttakið 13. ágúst 2008 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hjólreiðamaður var að hjóla á gangbraut þegar óhapp varð milli hans og bifreiðarinnar A. Hjólreiðamaðurinn (hér nefndur B) var ekki alveg viss um aðdragandann en taldi að A hafi verið ólöglega lagt á gangbrautinni. Lögreglan ræddi við ökumann A sem sýndi lögreglu ákomu á A og fór með lögreglu á vettvang til að sýna hvernig staða A hefði verið. Ökumaður A kvaðst hafa verið kyrrstæð á gatnamótunum þegar hann veitti hjólreiðamanni, karlmanni, athygli þegar hann hjólaði afturfyrir A. Skömmu síðar hafi heyrst högghljóð og þá hafi ökumaðurinn séð annan reiðhjólaman, B, fyrir aftan bifreiðina. Ökumaðurinn fór út úr bifreiðinni og ræddi við B sem sagðist hafa rekist utan í A og dottið. Ákoma var á A á hægra afturhorni á bretti og stuðara. Í síðari lögregluskýrslu fullyrti B að A hafi runnið aftur á bak eða verið ekið aftur á bak og við það hafi henni fatast á hjólinu og lent aftan á bifreiðinni.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að A hafi verið kyrrstæð þegar B fataðist á hjóli með þeim afleiðingum B datt utan í A, með þeim afleiðingum að A skemmdist. Fyrir liggur að B datt utan í A, olli með því skemmdum á A og ber ábyrgð á þeim. Tjón á A bætist úr ábyrgðarlið heimilisverndar B.

Niðurstaða.

Tjón A bætist úr ábyrgðarlið heimilisverndar B.

Reykjavík, 16. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 161/2008
M) og
Vátryggingafélagið V v. húseigendaryggingar L

Kona datt í tröppum þ.20.3.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.8.2008. ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 6.6. og 30.8. 2008.

Málsatvik.

M var í vinnu sinni og var boðuð á fund og þurfti að ganga niður eina hæð frá anddyri að fundarherbergi. Úti var mikil rigning og segir M að engin motta hafi verið fyrir innan dyrnar líkt og sé í dag og mikil hálka hafi myndast á flísunum í anddyrinu og hafi M runnið á hálum flísunum og fallið úr efstu tröppum og niður stigapallinn. M heldur fram að aðstæður í stigagangi þeim þar sem slysið varð séu ófullnægjandi og slyshætta mikil og aðstæður við inngang hafi ekki verið nægjanlega örugg fyrir starfsfólk. M heldur fram að rík ábyrgð hvíli á húseigenda um búnað og þeirri ábyrgð hafi L ekki sinnt sem skyldi og það sé orsök slyss M. V hafnar bótaskyldu og bendir á að flísar í umræddum stiga séu riflaðar, stigin sé með handriði. Um óhapp sé því að ræða en ekkert bendi til vanbúnaðar umrædds stigagangs.

Álit.

Ekkert liggur fyrir í málinu sem bendir til vanbúnaðar umrædds stigagangs eða hússins yfirleitt sem geti verið orsök þess slyss sem M varð fyrir. M á því ekki rétt á bótum úr húseigendatryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki réttum úr húseigendatryggingu L hjá V.

Reykjavík 25.9. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 154/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar B og A**

Ekið á bifreið sem lagt var við Hverafold þann 12.12. 2007, ágreiningur um umfang tjóns.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 13.08. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 19.08. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni B var ekið aftan á bifreiðina A sem var kyrrstæð. Viðurkennd hefur verið bótaskylda vegna afturtjóns á A en hafnað er framtjóni sem og tjóni á rafeindabúnaði hennar.

M telur að við aftanákeyrsluna hafi bifreiðin hafnað á stórum steini sem var fyrir framan bifreiðina og að tjón hafi orðið á rafbúnaði hennar.

Vátryggingafélag B telur orsakatengsl milli bilunar á rafeindakerfi bifreiðarinnar A og árekstursins ekki fyrir hendi.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á frekari greiðsluskyldu vátryggingafélagsins.

Fyrirliggjandi gögn sanna ekki umfang þess tjóns sem M telur að hafi orðið.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir umfram það sem þegar hefur verið viðurkennt.

Reykjavík 9. september 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 166/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar og kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Þjófnaður á bifreið þann 27.06. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 29.08. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.09. 2008, ásamt niðurstöðum Tjónanefndar vátryggingarfélaganna.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var stolið af bifreiðastæði. Þegar hún fannst síðar var búið að vinna skemmdir á innréttingu, rafmagni og mælaborði. Engin sjáanleg ummerki voru um innbrot.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð, það telur ljóst að bifreiðin hafi verið ólæst í umrætt sinn og því sé tjónið ekki bótaskyld.

Samkvæmt skilmálum kaskótryggingar gr. 6.3 skal ökutæki vera læst þegar enginn er í því og geta bætur skerst að heild eða hluta skv. 7. gr. sömu skilmála sé brotið gegn þessari varúðarreglu.

Samkvæmt skilmálum fjölskyldutryggingar gr. 4.5.7 skal læsa bifreiðum og getur brot gegn þessari varúðarreglu valdið skerðingu eða niðurfellingu á bótarétti.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að unnt sé að opna læstar bifreiðar á þann veg að ummerki sjáist ekki. Því til stuðnings vísar hann til fyrirliggjandi gagna.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirra vátrygginga sem hér um ræðir. Fyrirliggjandi gögn duga ekki til þess að unnt sé að fallast á greiðsluskyldu. Eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina verður lagt til grundvallar að bifreiðin hafi verið ólæst, það hefur í þessu tilviki í för með sér brottfall bótaréttar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 30. september 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 172/2008

M og Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðar

Vatnstjón á bifreið þann 08.02. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 08.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.09. 2008, ásamt niðurstöðu úrskurðarnefndar í máli 257/2006.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið í undirgöng á Reykjanesbraut við Hnoðraholt í Garðabæ í umrætt sinn þegar hún lenti í miklu vatnsflóði/polli sem þar myndaðist sbr. nánar fyrirliggjandi gögn máls þessa þ.á m. skýrslu lögreglu. Ökumaðurinn reyndi að komast úr þeim erfiðleikum sem hann hafði lent í en það mistókst og bifreiðin skemmdist.

Tjónanefnd vátryggingarfélaganna taldi að tjón M væti bótaskyldt. Með vísan til greinar 4.5 í vátryggingaskilmálum bætir vátryggingin tjón sem rakið er til þess að vatn flæðir skyndilega inn í undirgöngin og inn í bifreiðina. Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð og niðurstöðu Tjónanefndar sbr. röksemdafærslu þess vegna málskotsins. Það telur að ekki hafi verið um flóð að ræða samkvæmt vátryggingaskilmálum. Félagið vísar og til niðrstöðu Úrskurðarnefndar í máli 257/2006, afstöðu sinni til stuðnings. Verði ekki fallist á skilning félagsins telur félagið að tjónið sé ekki bótaskyldt með vísan til 8. – 9. gr. sameiginlegra vskilmála félagsins þar sem fjallað er um afleiðingar þess ef tjóni er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi. Félagið telur að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sem hafi í för með sér brottfall bótaréttar.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Samkvæmt grein 4.5 í vátryggingaskilmálum al-kaskótryggingar bætir vátryggingin tjón á ökutækinu vegna vatnsflóðs þó ekki sjávarflóða.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum var hér um vatnsfóð að ræða samkvæmt vátryggingaskilmálum. Ekki er unnt að fallast á þá afstöðu vátryggingafélagsins að um stórkostlegt gáleysi ökumanns bifreiðarinnar hafi verið að ræða.

Ekki er um sambærilegt tilvik að ræða og fjallað var um í úrskurði Úrskurðarnefndar nr. 257/2006. Með hliðsjón af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt þeim vátryggingaskilmálum sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi.

Reykjavík 16. október 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 155/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A og B

Árekstur á bifreiðastæði við Grand Hótel þann 26.04. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.08. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.09. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Bifreiðinni B var bakkað úr stöðureit (stæði) í þann sama mund sem A var ekið um bifreiðaplanið.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að bakka á bifreiðina A.

M telur að B hafi verið kyrrstæður við áreksturinn og að A hafi verið ekið of hratt sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að rekja.

Ökumaður A telur að B hafi bakkað á A, að B hafi verið “bakkað á fullu útúr stæðinu”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir A sem átti leið um bifreiðastæðið af Kringlumýrarbraut. Ökumanni B var að veita umferð um bifreiðastæðið forgang.

Ósannað er að B hafi verið kyrrstæður þannig að varúðarskyldan færist yfir á A.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 16. september 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 156/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar Í

Einangrunarplötur fuku frá byggingarsvæði í Hafnarfirði og ollu skemmdum á bifreið þ.27.1.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.8.2008. ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 165/2008
3. Bréf V dags . 12.9.2008.

Málsatvik.

Einangrunarplötur úr plasti fuku á bifreið í eigu M þar sem bifreiðin stóð fyrir utan heimili hans. Plöturnar fuku frá húsi sem var í byggingu. Í sem er með ábyrgðartryggingu hjá V og hafði með umræddar einangrunarplötur að gera segir að búið hafi verið að leggja $\frac{3}{4}$ af þakinu og ofan á plastið hafi átt að koma dúkur og grúsmöl ofan á hann. Ekki hafi tekist að fá mól umræddan dag og því hafi verið ákveðið að fergja plöturnar með undirsláttarbitum og hafi 70 slíkir bitar verið settir upp á þakið og hafi restinni af einangruninni sem ekki tókst að setja upp á þakið var síðan komið fyrir í gám/skúr til að hún myndi ekki valda tjóni. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu Í hjá V og telur að plöturnar hafi ekki verið festar nægjanlega vel niður í umrætt sinn auk þess sem ósannað sé að gengið hafi verið frá plötunum með þeim hætti sem Í haldi fram. M heldur fram að miðað við veðurspá þar sem spáð var vindi yfir 20m á sek þá hefði Í miðað við sérþekkingu sína matt gera sér grein fyrir að ekki hafi verið tryggilega gengið frá umræddum plötum. V hafnar bótaskyldu og telur vátryggingataka hafa gengið frá plötunum með tryggilegum hætti, en veðurhamurinn á tjónsdegi hafi verið mikill allt upp í 35 metra á sekúndu í hviðum. V telur fráleitt að Í eigi að afla sönnunar um að tryggilega hafi verið gengið frá umræddum plötum.

Álit.

Ekki er um það deilt að einangrunarplötur þær sem um ræðir í máli þessu ollu tjóni á bifreið M. Af frásögn Í má ráða að hann hefur talið nauðsynlegt að gera ráðstafanir vegna hættu á að umræddar plötur gætu fokið. Ekki liggur fyrir í málinu hvort Í taldi nauðsynlegt að gera ráðstafanir vegna slæmrar veðurspár eða hvort það hafi verið af öðrum ástæðum, hvort heldur sem er þá gerði Í sér greinilega ljósa hættu sem gæti stafað af því að umræddar plötur fýkju. Ljóst er af veðurspám fyrir og þann dag sem tjónið var að spáð var miklu roki og gekk veðurspáin eftir. Af hálfu Í hefur ekki verið sýnt fram á að hann hafi gengið nægjanlega tryggilega frá umræddum plötum þrátt fyrir að gera sér grein fyrir hættu á því að þær gætu fokið og valdið tjóni. Í ber því sök á því að hafa ekki gengið nægilega tryggilega frá umræddum þakplötum og á M því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 25.9 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 167/2008

**M
og
Vátryggingafélag ð X v/ bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið Y v/ bifreiðarinnar Y.**

Árekstur á Tryggvabraut á Akureyri þann 17.1.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 29.8.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.9.2008.
3. Bréf Y, dags. 15.9.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðunum A og B var ekið vestur Tryggvabraut og var A ekið á undan B. Þar sem áreksturinn varð er ein nokkuð breið akrein til vesturs. Er A var beygt til hægri áleiðis inn á bifreiðastæði hjá Olís og Ellingsen rákust saman framanverð hægri hlið A og vinstra framhorn B. Bjart var af degi, en ísing á götunni er áreksturinn varð.

Ökumaður A kvaðst hafa gefið stefnumerki til hægri um þá fyrirætlan sína að beygja til hægri. Á sama tíma hafi B komið og ætlað fram úr A hægra megin.

Ökumaður B kvaðst hafa ekið á hægri akrein þegar A hafi skyndilega verið beygt af vinstri akrein þvert í veg fyrir B. Hann hafi ekki átt möguleika á að stöðva þar sem fjarlægð milli bifreiðanna hafi verið mjög lítil.

Álit.

Er áreksturinn varð voru báðar bifreiðir á leið vestur Tryggvabraut. Af ákomustöðum á bifreiðunum má ráða að A hafi verið a.m.k. sem nam breidd B frá hægri brún götunnar er henni var beygt inn á bifreiðastæðið. Samkvæmt 1. másl. 3. mgr. 15. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna, ber að aka sem næst hægri brún akbrautar, þegar beygt er af henni til hægri, og skal beygjan tekin eins kröpp og unnt er. Af gögnum málsins þykir ljóst að misbrestur hefur orðið að þessu leyti hjá ökumanni A. Á hann því sök á árekstrinum. Ökumaður B náði ekki að stöðva bifreið sína í tæka tíð áður en rekstur varð. Hann hefur ekið óþarflega nálægt A, einkum með tilliti til þess að ísing var á akbrautinni. Verður áreksturinn einnig rakinn til þessa og á ökumaður B því einnig sök á því hvernig fór. Eftir atvikum þykir rétt að skipta sökinni að jöfnu milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 30. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 157/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss í fiskvinnsluhúsi þann 1.2.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 20.8.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.9.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfaði hjá fiskvinnslufyrirtækinu V. Umrætt sinn þurfti hann að sækja verkfæri í húsnæði á 2. hæð í húsinu sem var í eigu fyrirtækisins P. Framkvæmdir höfðu staðið yfir í húsnæðinu og þurfti að kveikja ljós í því í rafmagnstöflu sem var staðsett annars staðar en þar sem M gekk inn í það. Á leið sinni um myrkvað húsnæðið að rafmagnstöflunni féll M fram af u.þ.b. 1,7 m háum óvörðum palli við þurrklefa og hlaut meiðsl af. Í tilkynningu V um slysið kemur fram að M hafi verið vanur að fara þessa leið og talið sig öruggan þó svo hann væri í myrkri. M er vélstjóri að mennt og hafði unnið hjá V frá 1996 eða í rúm tfu ár er slysið varð.

Slysið var tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins og í umsögn þess um slysið segir um örsök þess að telja megi að samverkandi þættir hafi leitt til þess að M féll fram af pallinum. Annars vegar að ekki hafi verið hægt að kveikja ljós við dyrnar þar sem gengið er inn í húsnæðið og hins vegar að fallvarnir hafi ekki verið til staðar til varnar fallhættu við sylluna (pallinn). Fyrirmæli vegna úrbóta voru á þann veg að gera skyldi viðeigandi ráðstafanir vegna fallvarna meðfram pallinum.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

M var á ferð í húsnæði sem P hafði til umráða, en ekki V. Samkvæmt gögnum málsins liggur ekkert fyrir um eignaleg eða stjórnunarleg tengsl milli V og P. Þótt M hafi farið inn í húsnæði P sem starfsmaður V til að sækja þangað verkfæri, verður ekki ráðið af gögnum málsins að það hafi verið á færi V að gera þær ráðstafanir sem gera þurfti til að afstýra því að M féll niður af pallinum. Verður slysið ekki rakið til saknæmrar háttsemi starfsmanna V eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Samkvæmt þessu ber V ekki skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 25. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 185/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Umferðaróhapp þann 30.11. 2007, þegar ekið var á sandhaug sem var á akbraut vegna framkvæmda sem í gangi voru.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M ók bifreið sinni eftir Stapagötu á Vatnsleysuströnd. Hann ók á sandhaug á akbrautinni með þeim afleiðingum að tjón varð. Samkvæmt skýrslu lögreglu var myrkur, blautt og engin lýsing á vettvangi.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi. Hann telur efnislega að merkingar hafi verið ófullnægjandi og þess vegna hafi hann ekið á umræddan sandhaug.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum og 86. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 verður að telja að umræddar verkframkvæmdir hafi ekki verið merktar á fullnægjandi hátt. Merkingar voru ófullnægjandi með hliðsjón af staðsetningu sandhaugsins. Bótaábyrgð framkvæmdaraðila er því fyrir hendi.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann bifreiðarinnar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 4. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 182/2008
(M) og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Bláalónsvegi þ. 16.7.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ.22.9.2008 ásamt bréfi lögmanns M dags. 16.9.2008
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.633/08
3. Lögregluskýrsla dags. 30.7.2008
4. Yfirlitsmyndir af vettvangi.
5. Bréf V-2 dags. 26.11.2008.
6. Bréf V-1 dags. 6.10.2008.

Málsatvik.

Umferðaróhapp varð á Bláalónsvegi á heimreið heim að Bláa Lóninu. B var snúið við á veginum og stóð B þvert á veginum en á sama tíma var bifhjólinu A ásamt öðru bifhjóli ekið austur veginn og náði annað bifhjólið að stöðva við A en A náði því ekki og hafnaði með vinstri fót í hægri fæti ökumanns hins bifhjólsins og hafnaði síðan utan vegar. Ökumaður A segist hafa séð B þegar hann kom út úr beygju og ekki náð að stöðva bifhjólið áður en hann kom að B og því beygt út af veginum til að koma í veg fyrir árekstur og óhappið sem að framan er lýst þá orðið. Ökumaður B segist ekki vera kunnug svæðinu og hafi keyrt framhjá heimreiðinni og ákveðið að snúa við á veginum og þá hefðu bifhjólin komið akandi en hún hafi enga umferð séð þegar hún beygði á veginum. Ökumaður B heldur að bifhjólin hafi verið á mikilli ferð. Ökumaður bifhjólsins sem var með M í umrætt sinn segist hafa séð B þegar hann kom út úr beygju á veginum og náð að stýra hjólinu meðfram framenda B og stöðva og þá fundið að ekið var utan í hægri fót hans og um leið hafi B verið ekið brott en hann segist hafa verið á um 30-40 km hraða í umrætt sinn.

Álit.

Ökumaður B tók þá ákvörðun um að beygja á akvegi án þess að gæta nægjanleg vel að aðstæðum. Ekki hefur verið sýnt fram á að A hafi verið ekið of hratt í umrætt sinn eða óvarlega að öðru leyti. Ökumaður B ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík 4.11. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 158/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vinnuslyss þann 5.2.2003.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 20.8.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 4.9.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var að störfum hjá vinnuveitanda sínum, V, í fundarherbergi í höfuðstöðvum þess. Var hann þar á fundi ásamt fleirum, er hann var kallaður í kaffi. Mun hann þá hafa hlaupið til, en rekið ennið í glerhurð á fundarherberginu með þeim afleiðingum að hann hlaut m.a. alvarlega höfuðáverka.

V hafði flutt höfuðstöðvar sínar í umrætt húsnæði um tveimur mánuðum fyrir slysið. Samkvæmt upplýsingum V eru glerveggir og glerhurðir í fundarherbergjum á öllum hæðum hússins. Hurðirnar eru stórar í málmrömmum með stórum handföngum og hurðarpumpum. Er slysið varð hafði ekki verið gengið frá merkingum á hurðum og glerveggjum í samræmi við reglur þar um.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá Sjóvá-Almennum vátryggingafélaginu X. Félagið hefur einungis viðurkennt bótaábyrgð að hálfu vegna eigin sakar M.

Álit.

M gekk á stóra glerhurð sem var án viðvörunarmerkja. Af þeim sökum hefur sést mun verr en ella hvort hurðin var opin eða lokuð. Vanbúnaður eins og hér um ræðir verður að teljast alvarlegur og er það meginorsök þess að M rakst á hurðina. Hins vegar verður ekki fram hjá því horft að M virðist hafa staðið snögglega á fætur og gengið á hurðina án þess að gæta nægrar varúðar, en hann vissi eða mátti vita að hurðin var úr gleri og ómerkt þannig að gæta þurfti sérstakrar varúðar er gengið var um dynnar. Eftir atvikum þykir rétt að V beri ábyrgð á tjóni M að 2/3 hlutum, en hann beri sjálfur 1/3 hluta vegna eigin sakar. Tjónið skal því bætast að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að 2/3 hlutum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 25. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 160/2008
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar T

Slys í heitum potti þ. 24.12.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.8.2008. ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.433/08
3. Bréf V dags. 2.9.2008 ásamt fylgiskjölum 1-6.

Málsatvik.

Kona var að passa dótturson sinn og lét renna vatn í heitan pott fyrir utan heimili sitt og nokkru síðan hafi dóttursonurinn stokkið ofan í pottinn og brennt sig enda hafi vatnið í pottinum þá mælst rúmlega 68 gráðu heitt. Barnið brenndist illa. Söluaðili blöndunartækja í pottinum er T. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu T hjá V og halda fram að orsök slyssins sé galli í blöndunartækjunum sem T hafi selt. V hafnar bótaskyldu og bendir á að við skoðun á blöndunartækjunum hafi komið í ljós að veruleg óhreinindi höfðu safnast á tækið eins og geti gerst við mikla notkun og því sé ekki um galla að ræða heldur skort á eðlilegri hreinsun og/eða viðhaldi á tæki sem hafi verið sett upp árið 2001 þá hafi tekið óvenjulega langan tíma að fylla pottinn sem hefðu átt að vekja grunsemdir um að blöndunartækin væru orðin óhrein auk þess sem ekki hefði verið hafður hitamælir á vatnslögn út í pott og nota fljótandi mæla í potti svo sem T mælist til. Af hálfu V er einnig bent á að ekki hafi verið sýnt fram á að skilyrði skaðsemisábyrgðar skv lögum nr. 25/1991 séu fyrir hendi. Af hálfu lögmanns T er því mótmælt að starfsmenn T hafi viðurkennt að um galla í tækjunum hafi verið að ræða svo sem að lögmáður M heldur fram.

Álit.

Ekki hafa verið lögð fram gögn í málinu sem sýna að um galla hafi verið að ræða sem leitt hafi til umrædds slyss. Þegar af þeirri ástæðu á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu T hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu T hjá V.

Reykjavík 25.9 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 168/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á Hlíðarvegi við Sleðabrjót í Vopnafjarðarhreppi þ.26.7.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.9.2008.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 665/2008
3. Lögregluskýrsla dags. 30.7.2008 ásamt ljósmyndum.
4. Bréf V-1 dags. 11.9.2008 ásamt greinargerð ökumanns A
5. Bréf V-2 dags. 4.8.2008 og 7.8.2008 ásamt fskj. 1.

Málsatvik.

A og B óku í sömu átt og ók A á eftir B. Ökumaður A segir að B hafi hægt á ferð og hafi hann talið að hún ætlaði að stoppa og hafi hann þá ákveðið að aka framúr B og gefið stefnuljós til merkis um það en þá hafi B verið sveigt fyrir hann til vinstri og árekstur orðið. Ökumaður B segist hafa hægt á ferðinni stuttu áður en hún kom að afleggjara við sveitabæ vinstra megin við akstursstefnu B og byrjað að beygja að afleggjaranum þegar árekstur hafi orðið. Ökumaður B segir að hún hafi gleymt að gefa stefnuljós í umrætt sinn og talið það í lagi þar sem hún hafi ekki séð A nálgast.

Álit.

B beygði til vinstri á þjóðvegi án þess að gefa stefnuljós um þá fyrirætlan sína. Þá gætti ökumaður B ekki nægjanlega vel að umferð áður en hún beygði til vinstri í veg fyrir A. Ökumaður B ber því meginsök á árekstrinum. Ökumaður A gætti þess ekki að gefa til kynna að hann ætlaði að aka framúr B áður en hann hóf framúrakstur og ber því nokkra sök á árekstrinum. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að B beri 2/3 sakar og A beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

B ber 2/3 sakar og A ber 1/3 sakar.

Reykjavík 30.9. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 162/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verktaka.**

Stúlka á gúmmíslöngu féll ofan í skurð þann 29.10.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 26.8.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 2.9.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þrjú ungmenni, um 15 ára gömul, þ. á m. málskotsaðili (hér eftir nefnd M), höfðu verið að renna sér saman á stórrí gúmmíslöngu niður hól. Fyrir neðan hólinn hafði verið grafinn skurður og að því er ætla má hefur hann verið um 1m á breidd og 1 m á dýpt. Fyrir neðan hólinn mun vera byggingasvæði og hafði skurðurinn verið grafinn til að koma fyrir rafmagnsköplum fyrir lýsingu á svæðinu. Snjóföln hefur væntanlega verið á hólnum, en víða glitti í jarðveg í hólnum og neðan við hann að því er segir í lögregluskýrslu. Er ungmennin renndu sér niður hólinn lentu þau á uppgreftrinum og síðan ofan í skurðinum. Hlaut M áverka m.a. í andliti og viðbeinsbrot.

Verktakafyrirtækið V hafði með höndum framkvæmdir við skurðinn. Í lögregluskýrslu kemur fram að eftir slysið hafi verið haft samband við V í því skyni að ráðstafanir yrðu gerðar varðandi merkingar við þá skurði sem grafnir höfðu verið.

M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur viðurkennt bótaábyrgð V á tjóninu að helmingi, en að M verði að bera tjón sitt sjálf að helmingi vegna eigin sakar.

Álit.

Af gögnum málsins má ráða að merkingum við umræddan skurð hafi verið ábótavant og er reyndar óumdeilt. Slysið má að nokkru leyti rekja til þessa. Ekki verður ráðið af gögnum málsins að ungmennin hafi verið að renna sér í sérstaklega skipulagðri sleða- eða skíðabrekku. Ungmennin renndu sér niður hólinn á gúmmíslöngu sem erfitt getur verið að stjórna og er ekki sérstaklega útbúin til að renna sér á eins og sleðar og skíði. Var nauðsynlegt að ungmennin, sem í hlut áttu, könnuðu gaumgæfilega allar aðstæður og hættur sem í því fólust að renna sér með þeim hætti sem þau gerðu, en aldurs vegna áttu þau að geta metið aðstæður. Á þessu hefur orðið misbrestur sem virða ber þeim til gáleysis, þ. á m. M. Verður hún því að bera sjálf ábyrgð á tjóni sínu að nokkru og eftir atvikum öllum þykir rétt að ábyrgð hennar nemi helmingi. Á hún því rétt á að tjón hennar bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Í málinu gerir M kröfu um að úrskurðað verði um þóknun til lögmanns síns, samtals 112.050 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, fyrir að reka erindi hennar fyrir úrskurðarnefnd. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum, sbr. auglýsingu nr. 1090/2005, úrskurðar nefndin um ágreining varðandi bótaskyldu og ágreining varðandi ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, svo og bótafjárhæðir að fengnu samþykki allra málsaðila. Fyrir nefndinni er ekki er leyst úr öðrum ágreiningsmálum en hér hafa

verið talin. Krafa M varðandi þóknun til lögmanns síns fullnægir ekki þeim skilyrðum að úrskurðað verði um hana. Henni er því vísað frá, sbr. 3. mgr. 3. gr. samþykktá fyrir nefndina.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist að hálfu úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Kröfu um að úrskurðað verði um þóknun til lögmanns M er vísað frá.

Reykjavík, 30. september 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 181/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðar**

Umferðaróhapp þann 13.06. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 22.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.10. 2008, ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ökumaður A hugðist aka framúr 4-5 bifreiðum sem óku eftir Norðurlandsvegi. Samkvæmt skýrslu lögreglu mun ökuhraði bifreiðarinnar hafi verið um 140 km/klst. Eigandi bifreiðarinnar var meðal farþega. Við framúraksturinn fípaðist ökumaðurinn vegna annarrar bifreiðar sem á undan fór sem hugðist einnig aka framúr.

Vátryggingafélagið vísar til gr. 6.1 í skilmálum þar sem fram kemur að félagið greiðir ekki bætur þegar tjóni er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vátryggðs eða ökumanns. Félagið telur að ökumaðurinn og eigandi bifreiðarinnar hafi báðir sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Eigandinn hafi látið það óátalið að ökumaður hennar ók bifreiðinni framúr bílaröð á 140 km hraða þar sem hámarkshraði er 90 km/klst. Með vísan til 2. mgr. 27. gr. og 1. og 4. mgr. 28. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 hafi félagið því ákveðið að skerða bætur úr kaskótryggingu um helming.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum má rekja tjónsatburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar og eiganda hennar sem var farþegi í umrætt sinn. Ökuhraði bifreiðarinnar mun hafa verið um 140 km/klst. Ökumaður hennar hugðist aka framúr röð bifreiða þar sem hálfbrotin lína var og rétt áður en komið var að óbrotinni línu. Umrædd hegðun aðila veldur brottfalli bótaréttar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 4. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 180/2008

**M
og
vátryggingarfélagið X v/ slysátryggingar ökumanns.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr slysátryggingu ökumanns vegna slyss í apríl 2006.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 22.9.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.10.2008.

Málsatvik.

Með tilkynningu, dags. 2. maí 2008, tilkynnti M vátryggingarfélaginu X að hann hafi hlotið meiðsl á hálsi í apríl 2006 er hann var ökumaður bifhjólsins ZS-498. Í umboði til lögmans síns kveðst M hafa lent í slysinu á vegi við Bláfjöll, er bifhjólið hafi lent á steini og við það hafi hann misst stjórn á hjólinu og hann fallið í götuna.

M krefst þess að viðurkenndur verði réttur hans til bóta úr slysátryggingu ökumanns bifhjólsins, sem í gildi var hjá X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu þar sem ekki var tilkynnt um vátryggingaratburðinn innan lögmæltis eins árs frests.

Álit.

Þótt vátrygging sú sem M krefst bóta úr sé lögmælt vátrygging, sbr. 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum (ufl.), breytir það því ekki að vátryggingin telst vera persónutrygging í skilningi II. hluta laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 (vsl.). Ákvæði II. hluta vsl. gilda því um vátrygginguna að því marki sem ekki er öðruvísi mælt fyrir um hana í ufl. Í ufl. eru engin ákvæði um skyldu til að tilkynna tjónsatburð sem kann að vera bótaskyldur úr vátryggingunni né áhrif þess sé tjónsatburður ekki tilkynntur innan tiltekins frests.

Samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vsl. glatar sá sem á rétt til bóta úr slysátryggingu þeim rétti sínum, ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á. X var fyrst tilkynnt um slysið í maí 2008 þegar meira en tvö voru þá liðin frá slysinu. M hefur því glatað rétti sínum til bóta úr slysátryggingunni. Í þessu sambandi getur engu skipt þótt réttarstaða þess sem krefst bóta úr lögmæltri ábyrgðartryggingu ökutækis kunní að vera önnur hvað varðar fresti til að tilkynna vátryggingaratburð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysátryggingu ökumanns hjá X.

Reykjavík, 11. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 159/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)

Meiðsl af völdum fellihýsis sem féll niður þegar það var fært til við heimili tjónþola þann 24.06. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 21.08. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M slasaðist er hann var að færa fellihýsi frá bifreið sinni í innkeyrslu við heimili sitt. Til þess að færa fellihýsið þurfti hann að draga nefhjól þess niður og festa það með pinna sem smellur í sínar skorður. Þegar hann var búinn að draga fellihýsið til mun umræddur pinni hafa “brotnað og bognað” með þeim afleiðingum að beislið framan á fellihýsinu féll niður og lenti á hægri fæti M sem slasaðist.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. A hafi selt sér gallaða vöru og því beri hann bótaábyrgð á því tjóni sem varð. Fellihýsið hafi verið haldið framleiðslu- eða hönnunargalla. Hann hafi keypt fellihýsið rúmum mánuði áður en slysið varð og að hann hafi verið að koma úr sinni fyrstu ferð þegar slysið varð.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Engin gögn liggja til grundvallar um að pinni sá sem heldur nefhjólínu uppi hafi verið haldinn galla og þess vegna brotnað. Líkt og A hafi bent á geti ýmsar ástæður legið að baki því að umræddur pinni gefi sig sbr. fyrirliggjandi gögn. Félagið telur að M hafi sönnunarbyrði fyrir því hverjar séu orsakir tjónsatburðarins. A þvertækur fyrir að umræddur pinni hafi verið seldur beygður eða gallaður frá honum.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Miðað við gögn máls þessa verður M að bera halla af sönnunarskortu í máli þessu.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 16. september 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 197/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Áreksur bifreiða á Illugastaðavegi í Fnjóskadal þ.7.9.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.10.2008
2. Niðurstaða tjonanefndar nr.729/08
3. Tjónstilkynning dags. 7.9.2008.
4. Bréf V-1 dags. 17.9. og 20.10. 2008.
5. Bréf V-2 dags. 7.9. og 21.10.2008

Málsatvik.

Bifreiðarnar A og B óku eftir Illugastaðavegi í Fnjóskadal og var A á undan B og segist ökumaður A hafa gefið stefnuljós til vinstri og ætlað að beygja inn á afleggjara en þá hafi B ekið á A. Ökumaður B segist hafa ekið á eftir A og hafi A farið út í kant hægra megin og hægt á ferð sinni og hafi ökumaður B haldið að A ætlaði að hleypa sér fram úr og hafi hann hafið framúrakstur en þá hafi A beygt inn í hlið B. Ökumaður B segist ekki hafa séð stefnuljós á A

Álit.

Miðað við fyrirbyggjandi gögn m.a. teikningu á framhlið tjónstilkynningar sem að báðir ökumenn undirrita verður meginsök lögð á A sem beygði til vinstri án þess að gæta nægjanlega að umferð. Ökumaður B ber nokkra sök þar sem hann gerir ekki vart við sig áður en hann ákvað að aka fram úr A við þessar aðstæður. Við mat á sakarskiptingu þykir rétt að A beri 2/3 sakar og B beri 1/3 sakar.

Niðurstaða.

A ber 2/3 sakar og B (TE-633) bere 1/3 sakar.

Reykjavík 11.11. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 183/2008

Ó

og

X vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar S

Vinnuslys 13. júní 2006 á starfssvæði S.

Gögn.

1. Málskot móttakið 22. september 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 9. október 2008

Málsatvik.

Málavextir voru þeir að sendibifreiðastjórinn Ó kom með timburúrgang til förgunar hjá S, þ.á m. liðlega 6 m langan trékassa. Lyftari, sem starfsmaður S stýrði, var notaður til að draga kassann út úr vörukassa bílsins. Þegar lyftarastjórinn hafði dregið kassann út úr bílnum þurfti hann að ná göfflum undan kassanum. Það var erfiðara en ella þar sem engir klossar eða okar voru neðan á til að halda kassanum á lofti. Lyftarastjórinn þurfti því að kippa lyftaranum aftur á bak en áttaði sig ekki á að þyngd trékassans var það mikil að hann fylgdi á eftir og lenti á fæti Ó, sem hafði í millitíðinni gengið afturfyrir vörulyftuna til að hreinsa af henni rusl og sneri baki í lyftarann. Við það klemmdist fótur Ó milli kassans og vörulyftunnar og brotnaði neðan við hné.

Álit.

Af gögnum málsins liggur fyrir að á kassann vantaði klossa eða okar til að auðvelda losun gafla lyftarans undan trékassanum. Telja verður að Ó, sem starfað hefur í áratugi sem sendibifreiðastjóri hafi mátt vera þetta ljóst. Affermingu verður að telja samstarf sendibifreiðastjóra og starfsmanna S. Gögn málsins bera ekki með sér að Ó hafi óskað eftir að lyftarastjórinn stæði að verkinu með öðrum hætti en hann gerði. Þá verður að telja að Ó hafi mátt vera ljóst að það væri varhugavert að hlaupa til og aftur fyrir vörulyftu sendibifreiðarinnar áður en búið var að losa kassann úr sendibifreiðinni. Lyftarastjórinn sá Ó standa til hliðar við trékassann þegar hann hóf verkið og mátti ganga út frá að Ó myndi ekki hlaupa til með þeim hætti sem hann gerði áður en búið var að losa kassann úr sendibifreiðinni. Telja verður að Ó verði að bera hluta sakar með því að þola skerðingu bóta að 1/3.

Niðurstaða.

Tjón Ó bætist að 2/3 úr frjálsri ábyrgðartryggingu S.

Reykjavík, 18. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 169/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs, vegna tjóns á matvælum á lager sökum bilunar á vatnslögn (A)

Tjón á matvælum, sem geymd voru í kæli, þegar lokað var fyrir kalt vatn 24.07. 2008 vegna viðgerðar á vatnslögn.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 04.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 17.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. M varð fyrir tjóni þegar A lokaði fyrir kalt vatn vegna sprunginnar vatnslagnar sem gera þurfti við, með þeim afleiðingum að tjón varð á matvælum.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð, það telur að ekki hafi verið sýnt fram á skaðabótaskyldu. Það staðhæfir að strax hafi þurft að gera við vatnslögnina.

Vátryggingafélagið vísar til 13. gr. reglugerðar um orkuveituna nr. 297/2006, þar sem segir m.a. að “stöðvun á rekstri veitunnar eða hluta hennar vegna viðgerða og tenginga skal tilkynna fyrirfram ef unnt er og koma skal á eðlilegum rekstri aftur svo fljótt sem unnt er.” Fullyrt er að A hafi tilkynnt starfsmönnum M munnlega á starfsstöð þeirra um að lokað yrði fyrir kalt vatn vegna viðgerðar á sprunginni vatnslögn. Í nefndu ákvæði segir og að “viðskiptavinir eiga ekki bótakröfu á hendur A þótt straumur hafi verið rofinn eða rennsli stöðvað fyrirvaralaust. A ber ekki ábyrgð á óbeinu eða afleiddu tjóni orkukaupanda eða húseiganda.” Félagið telur að A beri ekki ábyrgð á tjóni M, nauðsynlegt hafi verið að loka fyrir vatnið og því komi ekki til álita að beita 4. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

Félagið vísar og til 28. gr. reglugerðar nr. 401/2005 um vatnsveitur sveitarfélaga varðandi reglur sem gilda um viðgerðir á veitukerfi sveitarfélaga. Þar kemur m.a. fram að “vatnsveita ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni er leiða kann af rekstrartruflunum sem verða vegna vinnu við veitukerfi vatnsveitunnar....” Félagið telur að starfsmenn A hafi ekki átt sök á tjóni M.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. A hafi borið að tilkynna um lokun vatns fyrirfram en starfsmenn M kannist ekki við að hafa fengið slíka tilkynningu. M telur að það hafi misfarist af A, um mistök sé því að ræða sbr. 4. mgr. 13. gr. nefndrar reglugerðar. M telur að ábyrgðartakmörkun A eigi ekki við í þessu tilviki og að ekki verði séð að umrætt tjónsatvik sé undanþegið bótaskyldu í vátryggingaskilmálum.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Eins og mál þetta er lagt fyrir nefndina verður lagt til grundvallar að A hafi fullnægt tilkynningarskyldu sinni. Ósannað er að rekja megi tjón M til saknæmrar háttsemi starfsmanna A.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. október 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 186/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. söluverndartryggingar

Ágreiningur um bótaskyldu vegna þess að rafmagn var í ólagi í íbúð þ.28.7.2007.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 23.9.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 13.3.,7.7. og 10.10.2008
3. Ljósmyndir.

Málsatvik.

M keypti íbúð þ. 28.7.2007 af aðila sem var með söluverndartryggingu hjá V. Svo virðist sem að M hafi kvartað til V vegna meintra galla á raflögn íbúðarinnar fyrri hluta ársins 2008. Fyrir liggja gögn frá M í málinu m.a. skýrsla um neysluveitu og tilboð frá rafverktaka um lagfæringar á þeim aðfinnslum sem koma fram í skýrslunni. Svo virðist sem M geri kröfu um bætur á þeim grundvelli og hann segist ekki hafa vitað um staðsetningu rafmagnstöflu íbúðarinnar sem er í næstu íbúð við hlið þeirrar sem M keypti og að hluta til sameiginleg með íbúðunum. M gerir kröfu til að frá greiddar bætur úr söluverndartryggingu seljanda íbúðarinnar hjá V. V hafnar bótaskyldu og segir að skv skýrslu skoðunarmanns megi ráða að ekki sé um að ræða neina galla í fasteigninni sem kaupanda mátti ekki vera ljóst þegar kaupsamningur var gerður. V vísar í söluyfirlit þar sem fram komi að hluti lekalíða fyrir íbúðina sé í íbúð nágretta íbúðarinnar. Þá telur V með vísan til ýmissa röksemda að ekki sé um galla að ræða sem bótaskyldur sé skv söluverndartryggingu seljanda íbúðarinnar og eigi M því ekki rétt á bótum úr söluverndartryggingu hans hjá V.

Álit.

Gögn vegna kaupa M á íbúðinni hafa ekki verið lögð fram í málinu. Þannig liggja ekki fyrir söluyfirlit, kauptilboð eða kaupsamningur. Ekki er sýnt fram á það í gögnum málsins að um bótaskylda galla á íbúðinni sé um að ræða sem bótaskyldir séu úr umræddri söluverndartryggingu. Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna á M því ekki rétt á bótum úr söluverndartryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr söluverndartryggingu hjá V.

Reykjavík 4.11.2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 175/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/A
og
Vátryggingafélagið Y v/B

Árekstur á afrein af Fjarðarhrauni inn á Hafnarfjarðarveg 26.06. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 12.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 17.09. 2008.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 24.09.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum fyrir að hafa ekið á A. Hann hafi ekki miðað ökuhraða við aðstæður.

Vátryggingafélag A gerir enga athugasemd vegna málskotsins.

Vátryggingafélag B telur að A beri ábyrgð á árekstrinum. Samkvæmt 4. mgr. 17. gr. umferðarlaga skuli nota frárein strax og hún byrjar. Ökumaður B hafi farið strax inn á fráreinina en ökumaður A hafi beygt af Fjarðarhrauni inn á fráreinina og lent á B. Ljósmyndir af vettvangi og ákomur styðji frásögn ökumanns B um að A hafi verið ekið inn í hlið B. Hámarkshraði á vettvangi er 60 km/klst en ökumaður B ók á 65 km/klst. Sá ökuhraði eigi ekki að hafa áhrif.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á B m.ö.o. skipta um akrein í veg fyrir B.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann B miðað við gögn máls þessa. Ákoman á bifreiðunum og ljósmyndir af vettvangi styðja frásögn ökumanns B um aðdraganda áreksturs þessa.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 16. október 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 178/2008

M og

Vátryggingafélagið V v frjálsrar ábyrgðartryggingar H ehf.

Tjón þegar skolp kom upp um ræsi húss þ. 7.3.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 18.9.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-4
2. Bréf V dags. 20.10.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

Í lögregluskýrslu dags. 18.3.2008 er greint frá því að farið hafi verið í hús M og þar hafi verið greint frá því að skolp hafi komið upp um ræsi á herbergi í kjallara hússins og sagði eigandi hafa fengið upplýsingar um að starfsmenn H hefðu verið að tæma rotþró skammt frá húsinu sama dag. Í lögregluskýrslu segir að golf herbergisins hafi verið þakið skolpi. M segir í skýrslu sinni að þ. 7. mars hafi menn frá H komið skv beiðni hreppsins til að tæma rotþró fyrir húsin í götunni þar sem hús M stendur. M segir að þegar hún hafi komið heim það kvöld þá hafi eitt herbergi verið þakið seyrolagi og mjög megn klóaklykt í íbúðinni og hafi verið haft samband við lögregluna í Borgarnesi sem hafi komið og gert skýrslu. Í sérfræðiáliti sem M aflaði og undirritað er af Jóni Magnúsi Halldórssyni pípulagningameistara dags. 10.6.2008 segir m.a. “er það alit mitt að tjónið hafi orðið með þeim hætti að sá aðili sem vann að hreinsun skólplagnanna hafi ekki sýnt nægilega aðgát við verkið” Þá gerir Jón Magnús grein fyrir hvað hann telur að hafi gerst sem olli tjóni M. M gerir kröfu til greiðslu bóta úr ábyrgðartryggingu H. hjá V. V hafnar bótaskyldu og rekur í bréfi sínu dags. 20.10.2008 hvað H hafi gert í umrætt sinn og telur útilokað að starsmenn H hafi valdið umræddu tjóni hjá M. Þá bendir V á að alit Jóns Magnúsar Halldórssonar sé einhliða og unnið án vitneskju V. Loks telur V ósannað að tjónið verði rakið til bótaskyldrar háttsemi H og telur það ekki hlutverk V að leiða líkur að því að hver sé skýringin á tjóninu

Álit.

Fyrirliggjandi gögn benda til þess að orsakasamband sé á milli hreinsunar H og þess tjóns sem varð á húsi M. Fyrir liggur sérfræðiáliti sem M aflaði dags. 10.6.2008 þar sem pípulagningameistari kemst að þeirri niðurstöðu að tjón M sé til komið vegna verklags starfsmanna H og segir þá ekki hafa sýnt nægjanlega aðgát við verkið. Þessu álitu hefur ekki verið hnekktt og hefur V ekki lagt fram gögn sem hnekki ofangreindu mati pípulagningameistarans. Miðað við takmörkuð gögn málsins en af þeim öllum virtum verður ekki annað séð en að H hafi ekki sýnt nægjanlega aðgát við verkið og beri ábyrgð á því tjóni sem M varð fyrir. M á því rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

H á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V

Reykjavík 11.10. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 196/2008

**K
og
X hf. vegna húseigendatryggingar**

Vatntjón í húsi við Lækjasmára, Kópavogi 28. mars 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið 1. október 2008 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að 28. mars 2008 stífluðust frárennslislagnir í húsi við Lækjasmára í Kópavogi. Mikið tjón varð í íbúð á fyrstu hæð. Tjónið varð við það að vatn þrýstist upp um tvenn niðurfallsigti í gólfi í baðherbergi og þvottahúsi.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að skólplagnir fyrir húsið séu sér en tengjist inn á skólplamma undir næsta húsi. Þaðan fari allt skóp út í einn tengibrunn við suðurhlíð hússins. Telja verður því að skólplagnir fyrir þessi tvö hús séu sameiginlegar, en að lagnirnar sameinist undir öðru húsinu og skuli því bætast úr húseigendatryggingum sem ýmist húsfélög og eigendur einstakra íbúða í húsunum hafa.

Niðurstaða.

Tjónið bætist úr húseigendatryggingum.

Reykjavík, 25. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 191/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar.**

Maður hlaut kviðslit við að ýta bifreið þann 21.2.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 26.9.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.10.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kveðst M hafa verið að ýta vélarvana bifreið er honum skrikaði fótur, en við það hafi hann hlotið kviðslit hægra megin í nára.

M hefur krafist bóta úr slysatryggingu hjá vátryggingafélaginu X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu þar sem það telur að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi vátryggingarskilmála.

Álit.

Samkvæmt gr. 2.2 í skilmálum fyrir þá vátryggingu sem M krefst bóta úr segir að með orðinu slys sé átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur tjóni á líkama þess sem vátryggður er og gerist án vilja hans. Gögn málsins eru mjög fátækleg um slysið og þá áverka sem M varð fyrir. Þannig liggja t.d. engin læknisfræðileg gögn fyrir í málinu. Ekki hefur verið sýnt fram á það með gögnum málsins að M hafi hlotið kviðslitið við það að honum skrikaði fótur. Af þessu leiðir að ekki er fullnægt því skilyrði að skyndilegur utanaðkomandi atburður hafi valdið tjóninu svo um slys geti verið að ræða eins og það er skilgreint í skilmálum. Bótaskylda er því ekki fyrir hendi úr slysatryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr slysatryggingu hjá X.

Reykjavík, 4. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 179/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar verslunar.

Kona slasaðist er hún datt á gólfi í geymslu fyrir innkaupakerrur í verslun þann 16.6.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 19.9.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 8.10.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M mun hafa verið að ganga frá innkaupakerru í fordyri eða kerruskýli verslunarinnar V er hún rann í polli á gólfinu með þeim afleiðingum að hún datt og hlaut meiðsl á fótum, hægri mjöðm og vinstri öxl. Í greinargerð með málskotinu er af hálfu M skýrt frá því að pollur hafi myndast á gólfinu í gönguleið að einum af þrennum útidyrum V. Hafi pollurinn myndast sökum þess að frárennslisrör inni í klæðningu fordyrisins hafi lekið. Við það hafi gólfið sem er rennislétt orðið mjög hált.

V hefur keypt ábyrgðartryggingu hjá vátryggingafélaginu X vegna starfsemi sinnar. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingunni á þeim forsendum að aðstæður við innganginn í verslunina hafi ekki verið nægilega öruggar fyrir viðskiptavinum. V hafi borið að sjá til þess að aðstæður og umbúnaður væri ekki hættulegur fyrir neytendur og aðra sem þarna eiga leið um og frágangur á frárennslislöngnum í klæðningunni væri forsvaranlegur og skapi ekki slysaáætlu.

Af hálfu X hefur bótakröfum verið hafnað. Umræddan dag hafi gert úrhelli í stuttan tíma og verið gæti að rigningarvatn hafi borist inn í kerruskýlið með viðskiptavinum og kerrum. Ekki sé heldur loka fyrir það skotið að vatn hafi lekið með niðurfallsröri líkt og M heldur fram og hún runnið eða snúið sig á ökkla vegna þess. Ekkert vitni hafi þó orðið að slysinu og ómögulegt að segja hvað hafi nákvæmlega valdið því. Við athugun af hálfu X í kjölfar slyssins hafi leitt í ljós að aðstæður væru með besta móti og ekki sé um mikinn vatnsleka að ræða og jafnvel þótt gólfið væri blautt væri það mjög stamt.

Álit.

Svo M geti átt skaðabótakröfu á hendur V verður hún samkvæmt reglum skaðabótaréttar að sýna fram á að slysið verði rakið til vanbúnaðar á húsnæði V eða að slysið verði rakið til vanrækslu eða annars konar saknæmrar háttsemi starfsmanna M. Við ýmsar aðstæður, svo sem í miklu votviðri, má búast við að bleyta safnist fyrir við verslanir og í fordyrum þeirra eins og mun hafa gerst við verslun V er M slasaðist. Engin vitni voru að slysinu. Af hálfu V hefur verið mótmælt að hálka hafi myndast á gólfinu þrátt fyrir að bleyta kunni að hafa safnast þar fyrir. Engin hlutlaus rannsókn eða mat hefur farið fram á því hvernig aðstæður voru og hvað kunni að hafa valdið bleytu á gólfinu umrætt sinn. Af gögnum málsins verður að telja ósannað að slysið verði rakið til vanbúnaðar í versluninni eða annarra atvika sem V getur borið ábyrgð á. Líkamstjón M fæst því ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 4. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 192/2008
M og
Vátryggingafélagið V v. A og B

Árekstur bifreiða á Skemmuvegi í Kópavogi þ.25.8.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 26.9.2008. ásamt fylgiskjölum 1-3
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 689/08
3. Tjónaskýrsla dags. 25.8.2008 ásamt ljósmyndum
4. Bréf V dags. 25.8. 28.8 og 20.10.2008.

Málsatvik.

Árekstur varð á bifreiðaplani við Býkó við Skemmuveg í Reykjavík. Ökumaður A segist hafa ekið norður eftir bílplaninu og séð þegar B var ekið í hliðina á A. Ökumaður B segist hafa ekið bílastæðið til vesturs og ekki séð A fyrir en hann ók inn í hliðina á B. Af hálfu M er því haldið fram að B hafi verið lagt við húsvegg og henni ekið af stað þvert yfir einfalda akbraut síðan yfir óbrotna kantlínu og síðan áfram sem leið lá yfir merkt bifreiðastæði og þaðan rakleiðis inn í hlið A.

Álit.

Almennur umferðarréttur gildir þar sem áreksturinn varð. Af virtum öllum gögnum málsins verður ekki annað séð en B hafi í umrætt sinn ekið gegn merkingum á bifreiðaplaninu og í hlið A og ber B því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

B ber alla sök á árekstrinum.

Reykjavík 11.11.2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 184/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags og húftryggingar bifreiðar.

Skemmdir á bifreið af völdum sandfoks þann 16.4.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 22.9.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.10.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 16.4.2008 hafði M sem umráðamaður bifreiðarinnar A lagt bifreiðinni í bifreiðastæði við heimili sitt að H-götu 42 í sveitarfélaginu S. M kvað mikinn vind hafa verið af suðaustri og þá liggja alltaf mikill vindstrengur milli húsa við H-götu. Mikið af möl og sandi hafi fokið á milli húsanna nr. 40 og 42 við H-götu og yfir bifreið hans sem greinilega hafi orðið fyrir talsverðum lakkskemmdum. M kveður umrædd jarðefni hafa komið úr sandhaug vegna gatnagerðar við götu í nágrenninu og hafi S séð um þær framkvæmdir. Ekki hafi verið gerðar neinar ráðstafanir af hálfu S varðandi sandhauginn.

S hefur ábyrgðartryggingu í gildi hjá vátryggingafélaginu X. A var einnig húftryggð hjá X. M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu S vegna skemmda á A. Einnig hefur hann krafist, væntanlega til vara, að skemmdirnar verði bættar úr húftryggingunni. X hefur í báðum tilvikum hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins hvenær dags tjónið varð á A. Samkvæmt málskjali, sem virðist eiga að veita upplýsingar um veður í því hverfi sem M býr í þann dag er tjónið varð, hefur vindhraði kl. 15 verið kominn í 17,3 m/s og 26,1 m í mestu hviðum. Kl. 21 var vindhraði 19,4 m/s og 26,3 m/s í mestu hviðum. Um miðnætti virðist hafa farið að draga úr vindhraða að því er ráða má af skjali þessu. Samkvæmt þessi hefur talsverður vindur verið umræddan dag í S og mjög hvasst um kvöldið. M er einn til frásagnar um málsatvik. Þrátt fyrir nokkra veðurhæð umræddan dag hefur ekki verið sýnt fram á það með fyrirliggjandi gögnum að starfsmenn S hafi vitað eða mátt vita um sandfokið eða með öðrum hætti átt þess kost að gera viðhlítandi ráðstafanir til að hefta fok úr sandhaugnum. Er því ósannað að S beri skaðabótaábyrgð á tjóni því sem varð á A. Tjónið bætist því ekki úr ábyrgðartryggingu S.

Samkvæmt gr. 4.8 í húftryggingarskilmálum X bætist tjón á vátryggðu ökutæki m.a. vegna áfoks eða áhruns af völdum óveðurs, þó ekki ef sandur, möl, aska eða önnur laus jarðefni fjúka á það. Af þessu er ljóst að vátryggingin bætir ekki tjón þegar sandur eða möl fjúka á ökutæki. Þegar af þessari ástæðu bætist tjónið heldur ekki úr húftryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu S né úr húftryggingu A.

Reykjavík, 4. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 187/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/fasteignatryggingar

Ágreiningur um umfang vatnsskemmda.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.09. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.10. 2008, ásamt ljósmyndum.
- 3) Athugasemdir M, dags. 10.11. 2008, ásamt ljósmyndum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Ágreiningur er um umfang vatnsskemmda sem varð þann 16.10. 2007.

Málið varðar skemmdir á parketi í íbúð M. M telur að vatn hafi tekið að leka úr baðherbergislofti hans og m.a. valdið tjóni á parketi.

Vátryggingfélagið viðurkenndi bótaskyldu vegna tjóns á baðherberginu en ágreiningur er um skemmdir á parketi á neðri hæð. Félagið telur ósannað að tjón á parketi í gangi við eldhús og stofu og í svefnherbergi sé að rekja til lekans í lofti baðherbergisins sbr. röksemdafærslu félagsins í bréfi til nefndarinnar, dags. 20.10. sl.

M telur að vatnsskemmdir á íbúð sinni séu bótaskyld samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Fyrirliggjandi eru tvær undirritaðar yfirlýsingar smíða. Annar lætur þess getið í yfirlýsingu, dags. 04.09. sl., að hann telur “beint samband sé á milli lekans á baðinu og skemmdanna á parketinu. Það er að segja skemmdirnar séu vegna lekans”. Hinn lætur þess getið í yfirlýsingu, dags. 02.09. sl., að “Greinilegar vatnsskemmdir eru á gólfefni íbúðarinnar, parketið er undið og snúið og virðast skemmdirnar nokkuð staðbundnar í kringum baðherbergið þar sem leki átti sér stað fyrir nokkru. Erfitt er að koma auga á aðra ástæðu fyrir þessum skemmdum á gólfinu en áður nefndan leka tel ég víst að þær séu til komnar vegna hans...” Þá kemur og fram m.a. að “Í tólf ára starfi sem smíður hefur maður séð sitthvað í þessum efnum og þetta mál virðist mér nokkuð bordleggjandi og lítil þörf á að efast um það að lekinn frá baðherberginu er valdur skemmdanna.”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að þær vatnsskemmdir sem ágreiningur er um séu af völdum hins greiðsluskylda vatnsleka sem varð á baðherberginu. Ekki er ástæða til að efast um réttmæti þeirra álitserða sem fyrirliggjandi eru, að fenginni viðbótarumfjöllun M.

Niðurstaða.

Bótaskylda er fyrir hendi vegna þess ágreinings sem hér um ræðir.

Reykjavík 18. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 189/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/bifreiðanna A og B**

Árekstur Drottningarbraut Akureyri þann 12.06. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðunum var ekið í sömu áttina til suðurs eftir Glerárgötu yfir á Drottningarbraut. Þrjár akreinar eru við gatnamót Glerárgötu og Drottningarbraut til suðurs. Ágreiningur er milli ökumanna um staðsetningu bifreiðanna.

Vátryggingafélagið telur að A hafi átt að víkja fyrir B. Það telur að A hafi verið ekið á hægri akrein sem ætluð er fyrir umferð upp Kaupvangsstræti og að ökumaður hennar hafi skipt um akrein þegar komið er inn á Drottningarbrautina í veg fyrir B.

M gerir m.a. athugasemd við skýrslu lögreglu af vettvangi. Hann kveðst hafa verið á miðakrein en ekki hægri akrein.

Ökumaður B staðhæfir að A hafi verið ekið af hægri akrein í veg fyrir B.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir B. Ökumaðurinn hugaði ekki nægjanlega að annarri umferð og því varð árekstur með bifreiðunum.

Athygli vekur að lögreglan hefur eftir ökumanni A að þegar hún kom inn á gatnamótin hafi hún “verið þá á hægri akrein Drottningarbrautar af því að hún ætlaði að beygja til hægri á næstu gatnamótum...” Ökumaðurinn kvaðst hafa orðið var við B þar sem bifreiðinni var “ekið framúr henni þar sem ekkert pláss var fyrir framúrakstur og óhappið orðið.”

Ofanritað og ákoma á bifreiðunum styður sjónarmið ökumanns B í máli þessu. Það hallar því á A.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 4. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 193/2008

**M
og
Vátryggingafélagið v/bifreiðanna B og A**

Árekstur á gatnamótum Vesturvarar og Kársnesbrautar þann 21.07. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 29.09. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Ökumaður B heldur því efnislega fram að hann hafi verið að taka U-beygju þegar A, sem ekið hafði verið á eftir honum, hafi ekið á vinstri framhorn B. Ökumaður A heldur því efnislega fram að B hafi ekið í veg fyrir A.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður B beri ábyrgð á árekstrinum. Félagið vísar til afstöðumyndar í frumskýrslu sem báðir ökumenn hafi undirritað.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður B ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka í veg fyrir A. Ökumaður B hugaði ekki nægjanlega að annarri umferð og því varð árekstur með bifreiðunum.

Niðurstaða.

Ökumaður B ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 4. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 213/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. ábyrgðartryggingar A og
Vátryggingafélagið V-2 v R

Umferðaróhapp þegar bifreiða ók ofan í holu við bifreiðastæði þ.30.11.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 22.10.2008. ásamt útboðsbögnum og ljósmyndum
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 548/08
3. Lögregluskýrsla dags. 2.12.2007.
4. Bréf V-1 dags. 31.10.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-9
5. Bréf V-2 dags. 12.11.2008.

Málsatvik.

M ók bifreið sinni ofan í holu á bifreiðastæði í mikilli snjókomu og var mikill snjór en engin viðvörðunarkerki voru við holuna. Sjáanlegar skemmdir á bifreið M vour á stigbretti á vinstri hlið. M segir að hann hafi talið öruggt að aka þarna og ekið á um 20 km. hraða. M gerir kröfu um bætur úr ábyrgðartryggingu A hjá V-1 og R hjá V-2. Bæði vátryggingafélögin hafna bótaskyldu. V-1 telur tjónið ekki verða rakið til saknæmrar og ólögætrar starfsemi A eða starfsmanna þess fyrirtækis, sem hafi hvorki borið ábyrgð á svæðinu er atvikið átti sér stað né staðið að framkvæmdum í tengslum við umrædda holu. V-2 hafnar einnig bótaskyldu og segir að R sem verkkaupi geti ekki borið ábyrgð á þeim þáttum sem ólokið hafi verið á verksvæðinu heldur hljóti það að vera á ábyrgð verktaka að ganga frá svæðinu með viðunandi hætti. Þá liggi ekki fyrir að R hafi verið kunnugt um umrædda holu.

Álit.

Í málinu hafa verið lögð fram margvísleg gögn sem engu máli skipta fyrir það álitaefni sem hér ræðir um. Auk þess hefði verið æskilegt að málskotið hefði verið betur unnið. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður hvorki lögð bótaskylda á A eða R þar sem hvorki hefur verið sýnt fram á sök þeirra aðila né sýnt fram á að þeir annar eða báðir hafi haft með þá holu sem hér ræðir um að gera eða borið skylda til að ganga frá varúðarmerkingum og/eða fylla upp í holuna. Af þeim sökum verður ekki lögð sök á ofangreinda aðila.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V-1 eða úr ábyrgðartryggingu R hjá V-2

Reykjavík 25.11. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 190/2008
M v ökutækis hans D
Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Bifhjól varð fyrir tjóni þegar það ók á lamb á Skagastrandarvegi þ. 11.6.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 24.9.2008
2. Lögregluskýrsla dags. 11.6.2008 ásamt ljósmyndum.
3. Bréf V dags. 22.8. og 6.10.2008.

Málsatvik.

Bifhjólinu D var ekið eftir Skagastrandarvegi og ók inn í kindahóp sem var á veginum og á lömb með þeim afleiðingum að tjón varð á D. Tvö lömb drápust og töluverðar skemmdir urðu á D. Ábúandi á bæ skammt frá var eigandi lambanna. M krefst boát úr frjálsri ábyrgðartryggingu eiganda lambanna vegna skemmda á D. M segir að veggirðingar við bæ eiganda lambanna hafi ekki verið í lagi og haldi ekki fé inni og sé þetta augljós saknæm háttsemi vátryggingartaka sem V beri ábyrgð á. Lausaganga búfjár er bönnuð á umræddu svæði. V hafnar bótaskyldu og segir girðingar í lagi en nokkur hlið séu og beri vátryggingataki ekki ábyrgð á því hvort þær hafi verið opnaðar og fé sloppið út á veginn. V bendir á að óupplýst sé hvernig lömbin komustu upp á veginn. Þá vísar V til dóms Hæstaréttar í málinu 2001 bls. 1966.

Álit.

Af ljósmyndum sem lagðar hafa verið fram í málinu þá kemur í ljós að girðingum er ábótavant. Eigandi lambanna hefur því ekki gætt þess að hafa girðingar í viðunandi ástandi þannig að komið væri í veg fyrir að fé slyppi út. Lausaganga búfjár er bönnuð þar sem umferðaróhafið varð og ber vátryggingataki sök á því þar sem hann gætti þess ekki að gera viðunandi ráðstafanir til að halda fé sínu frá akveginum. M á því rétt á bótum úr frjálsi ábyrgðartryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr hendi V.

Reykjavík 4.11. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 198/2008

M

og

Vátryggingafélagið V vegna fjölskylduverndar 2

Maður varð vitni að grófri líkamsárás þ.18.8.2005 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.10.2008 ásamt fylgiskjölum 1-8.
2. Bréf V dags. 3.11.2008 ásamt ljósritum úr fræðiritum.

Málsatvik.

M var 11 ára þegar hann varð vitni að húsbroti þegar maður knúði dyra á heimili hans og kallaði á konu sem var við vinnu við þrif á heimilinu og réðist aðkomumaðurinn á konuna með spörkum og hnefahöggum. M varð mjög hræddur og hljóp inn á baðherbergi íbúðarinnar og fór þaðan út um glugga og fór í næstu íbúð og hringdi þaðan á neyðarlínuna eftir aðstoð. Aðkomumaðurinn var síðar sakfelldur í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir húsbrot og líkamsárás vegna þessa. Þeir Ásgeir Karlsson geðlæknir og Páll Sigurðsson professor voru fengnir til a framkvæma mat á skaðlegum áhrifum ofangreinds atburðar á M. Matsgerð þeirra er dagsett þ. 26.4.2008 og þar segir m.a. í niðurstöðum hvað M varðar , að um sé að ræða 14 ára ungling sem hafi orðið fyrir miklu andlegu álagi þegar hann varð vitni af ofangreindu húsbroti og líkamsárás. Matsmenn álíta að M hafi orðið fyrir streituröskun út af ofangreindu atviki. Matsmenn segja M hafa fengið nokkurn bata eftir að liðið var eitt og hálf ár frá því að húsbrotið átti sér stað, en engu að síður telja matsmenn hann muni eiga við veruleg andleg heilsufarseinkenni af völdum nefnds húsbrots að stríða til frambúðar. Niðursöður matsins eru síðarn að þjáningarbótatímabil M sé eitt og hálf ár frá húsbrotinu að telja. Varanlegur miski M er metinn 25 stig og varanleg örorka 25% og stöðugleikapunktur þegar liðið var eitt og hálf ár frá húsbrotinu. Móðir M var með fjölskyldutryggingu hjá V þegar ofangreindir atburðir áttu sér stað. Gerð er krafa um að greiddar verði bætur úr fjölskyldutryggingunni vegna áfallastreituröskunar M. Lögmaður M heldur því fram að V horfi til úreltra viðhorfa í læknisfræði við skýringu á hugtakinu líkamstjón með því að takmarka það við beint sjáanlegt tjón á yfirborði líkama. Þá vísar lögmaðurinn til tvo dóma Hæstaréttar kröfu M til stuðnings. V hafnar bótaskyldu og telur að ekki hafi verið um slys að ræða í skilningi 2. gr. skilmála slysatryggingar fjölskylduverndar 2 en í þeirri grein segi: “Með orðinu sly ser hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama vátryggðs og gerist án vilja hans.” V túlkar ofangreint ákvæði þannig að til þess að bótaréttur skapist þá þurfi tjónþoli að vera andlag slysaatburðarins en í tilviki eins og því sem um ræðir hvað M varðar þá sé ekki um bótaskyldu að ræða þar sem hann hafi einungis orðið vitni að slysaatburði eða líkamsárás jafnvel þótt hann hafi orðið fyrir áfalli.

Álit.

Í því tilviki sem hér ræðir um liggur fyrir hafa verið lögð fram gögn sem sýna að M varð fyrir andlegu áfalli þegar hann varð vitni að húsbroti og eftirfarandi líkamsmeiðingum annars aðila. Ekki verður séð að M hafi nokkru sinni verið í hættu eða árásin beinst gegn honum. Þá er því heldur ekki haldið fram af hálfu M eða lögð fram gögn sem bendi til eða geri sennilegt að M hafi nokkru sinni verið í yfirvofandi hættu. Samt sem áður varð M fyrir andlegu áfalli sem rekja má til huglægs mats M sjálfs. Miðað við þessar kringumstæður verður ekki talið að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi ákvæða váttryggingasamnings þess sem hér ræðir um. M á því ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingunni hjá V

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík 18.11. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 194/2008

**M
og
vátryggingarfélagið X v/ sjúkra- og slysatryggingar.**

Upplýsingagjöf við töku sjúkra- og slysatryggingar.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 30.9.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X., dags. 19.10.2008.

Málsatvik.

Þann 11.10.2005 sótti M um sjúkra- og slysatryggingu hjá vátryggingarfélaginu X, en áður hafði M haft slysatryggingu hjá félaginu. Í skriflegri vátryggingarumsókn sinni veitti M upplýsingar um heilsufar sitt. Þar svaraði hún því neitandi að hún hafi á þeirri stundu eða áður haft sjúkdóm eða vandamál í taugakerfi eða svima/skjálfta. Einnig svaraði hún því neitandi að hún hafi eða hafi haft aðra sjúkdóma en þá sem spurt var sérstaklega um á umsóknareyðublaðinu eða önnur vandamál. Þann 18.10.2005 var vátryggingin samþykkt af hálfu X með vissri takmörkun sem ekki skiptir máli hér.

Þann 19.2.2007 tilkynnti M um að hún væri haldin MS sjúkdómi og einkenni hafi fyrst komið fram á árinu 2004 og þá hafi hún leitað meðferðar vegna veikinda sinna hjá heimilislækni sínum á heilsugæslustöð. Í maí 2005 hafi hún fyrst verið frá vinnu vegna veikindanna.

Samkvæmt gögnum málsins mun M hafa leitað til heilsugæslulæknis þann 3.5.2004 m.a. vegna dofa í útlimum og undir iljum. Hún sé verri vinstra megin en eitthvað báðum megin. Einnig sé hún aum yfir sinafestum í ökklum. Í kjölfarið leitaði hún reglulega á heilsugæslustöðina; m.a. voru gerðar blóðrannsóknir og í nokkrum tilvikum var ritað sjúkradagpeningavottorð vegna óvinnufærni. Þann 18.5.2005 var M ráðlagt að leita til sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum (neurologs) vegna versnandi dofa í útlimum.

Í skýrslu sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum kemur fram að M hafi leitað til hans þann 13.6.2005 og þá hafi hún síðustu mánuði verið með dofa í öllum ganglimum, upp að nafla vinstra megin og upp að hné hægra megin. Einnig finni hún fyrir skynbreytingum á fingurgómum báðum megin. Hún sé einnig mjög þreytt, úthaldslaus og eigi erfitt með að vinna. Þantað var “MR” af heila og mænu með spurningu um “demyelíniserandi” sjúkdóm. Samkvæmt stofunótu sama læknis þann 19.8.2005 var árangurslaust reynt að ná í M í síma, en bæði “SÓ” af heila og mænu sýna breytingar sem geti samrýmst MS. Ennfremur greindist “breiðbasa prolaps milli Th:6 og Th:7” sem nær að mænu og þrýstir aðeins á hana. Var bréf sent til M. Ekki kemur fram hvert hafi nákvæmlega verið efni bréfsins. Þann 12.9.2005 var framkvæmt mænuvökvapróf hjá M og gerðar hefðbundnar rannsóknir eins og segir í skýrslu læknisins. Þann 7.10.2005 mun læknirinn hafa átt símtal við M. Í skýrslu læknisins þann dag segir: “Mænuvökvi sýnir 9 hvít blóðkorn, það eru oligoclonal bönd og aukin mótefnamyndun í heilabúi. Helena kemur á stofu til að ræða þetta 26. október.” Hinn tilgreinda dag mætti M ásamt eiginmanni sínum á stofu hjá læknum. Var þeim sagt frá greiningunni MS. Farið var yfir rannsóknarniðurstöðuna og M fékk upplýsingar um sjúkdóminn í stuttu máli.

X hefur hafnað bótaskyldu á grundvelli þess að M hafi gefið rangar upplýsingar um heilsufar sitt við töku sjúkratryggingarinnar.

Álit.

Fyrir liggur samkvæmt gögnum málsins og gerð hefur verið grein fyrir hér að framan að 11.10.2005, er M sótti um sjúkratrygginguna, hafði hún um eins og hálfis árs skeið þjáðst af dofa í fótlimum og fingurgómum, auk þess sem hún þjáðist af þreytu, úthaldsleysi og erfiðleikum við að vinna. Einnig hafði hún gengist undir rannsóknir í því skyni að fá úr því skorið hvort hún þjáðist af MS sjúkdómi. Er hún sótti um váttrygginguna lágu fyrir rannsóknarniðurstöður þar að lútandi og hún hafði verið boðuð til viðtals á læknastofu sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum um hálfum mánuði síðar til að ræða niðurstöðurnar. Hefði X haft þessar upplýsingar undir höndum má slá því föstu að það hefði hafnað váttryggingunni með öllu. Með því að leyna upplýsingum um veikindi sín og heilsufarsleg vandamál sem hrjáðu hana við töku váttryggingarinnar hefur M með sviksamlegum hætti leynt atvikum sem skiptu máli fyrir félagið. Með vísan til 4. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954, sem í gildi voru þegar váttryggingin var tekin, er samningurinn ekki skuldbindandi fyrir X. Af þessari ástæðu er X rétt að hafna M um bætur úr váttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkratryggingu hjá X.

Reykjavík, 11. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 212/2008

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vatnsveitu.

Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum bilunar á heimæð þann 26.7.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 22.10.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 31.10.2008.

Málsatvik.

Þann 26.7.2008 fór í sundur kaldavatnsheimæð fyrir utan húsið að L-götu 2g með þeim afleiðingum að vatn flæddi inn í kjallara undir bílskúr hjá M að L-götu 2h. Tjón varð á innbúsmunum sem M geymdi í kjallaranum.

M kveður fyrrgreind hús að L-götu tilheyra raðhúsallengju og orkusöluvafyrirtækið O hafði fyrir unnið við tvö hús í sömu raðhúsallengju við útskiptingu á sams konar heimæð og bilaði. Hafi það verið gert er unnið var við aðrar lagnir (hitaveitu). O hafi því mátt gera sér grein fyrir að aðrar sams konar heimæðar, u.þ.b.30 ára gamlar, væru veikar fyrir.

M hefur krafist bóta fyrir tjón sitt úr ábyrgðartryggingu O hjá vátryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Með aðilum virðist ekki ágreiningur um að heimæð sú er brast og olli tjóninu hafi verið í eigu O og það hafi verið í höndum þess að annast viðhald hennar. Ekkert liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins um að O hafi vitað eða mátt vita að umrædd heimæð væri biluð eða í þann veginn að gefa sig áður en bilunin svo varð. Í þeim efnum getur ekki skipt máli þótt hún kunni að hafa verið komin nokkuð til ára sinna. Þótt tækifæri hafi verið nýtt og heimæðar endurnýjaðar við tvö nágrannahús um leið og unnið var þar við aðrar lagnir þá leiðir það ekki til þess að skylt hafi verið að endurnýja heimæðina við önnur hús í raðhúsallengjunni. Engin opinber fyrirmæli kröfðust þess að O endurnýjaði heimæðina áður en bilunar varð vart. Ströng bótaábyrgð hvílir ekki á O vegna tjóns eins og hér um ræðir. Með því að tjónið verður ekki rakið til vanrækslu starfsmanna O eða annarra atvika sem geta bakað O bótaskyldu fæst tjónið ekki bætt úr ábyrgðartryggingu O hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu O hjá X.

Reykjavík, 18. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 215/2008

S

og

X hf. vegna ábyrgðartryggingar G ehf.

Vinnuslys 10. maí 2005.

Gögn.

1. Málskot móttækið 22. október 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 4. desember 2008.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að S var að vinna við að leggja pípur og er að snitta þær í snittivél. S var að herða T í lögnina þegar litli fingur verður á milli tangar og vélar með þeim afleiðingum að fingurinn klemmdist. Við læknisskoðun komi ljós að hann var brotinn í miðkjúku. Brotið mun hafa hliðrast fyrstu vikur meðferðartímans svo framkvæma þurfti lokaða réttingu 17 dögum eftir slysið. Eftir slysið hefur S óþægindi við álag og kuldatilfinningu í fingrinum. S telur vinnuveitanda bera ábyrgð á slysinu þar sem verkstjórn hafi verið ófullnægjandi og hann hafi ekki unnið áður við snittivél og ekki fengi fullnægjandi leiðsögn varðandi þá vinnu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að S hafi unnið í nokkra mánuði hjá G sem nemi. Snittivél sú sem hann vann við er einföld og meðal fyrstu véla sem nemar í pípulögnum læra á og venjast við vinnu. Lágmarkskunnáttu þurfi á vélina og engin gögn styðja fullyrðingar um að S hafi engar leiðbeiningar fengið um notkun hennar. Slys S verður ekki rakið til annars en aðgæsluleysis hans sjálfs. Slysíð er ekki bótaskyld úr ábyrgðartryggingu G.

Niðurstaða.

Tjónið bætist ekki úr ábyrgðartryggingu G.

Reykjavík, 9. desember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 195/2008

M
og
Vátryggingafélagið X v/bifreiðarinnar A
og
Vátryggingfélagið Y v/bifreiðarinnar B

Árekstur á Bústaðavegi við Flugvallarveg þann 07.09. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 01.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 20.10. 2008.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 21.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

A var ekið aftan á B er B stöðvaði við gatnamótin. Ökumaður A heldur því fram að B hafi hellað á grænu umferðarljósi en ökumaður B neitar því, hann hafi hellað á gulu umferðarljósi.

Vátryggingafélag A telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum þar sem hann hafi ekið aftan á B á gatnamótunum. Ósannað sé að B hafi stöðvað skyndilega án tilefnis vegna umferðar.

Vátryggingafélag B telur að ökumaður A beri ábyrgð á árekstrinum. Ökumaður A hafi ekki gætt þess að hafa nægjanlegt bil á milli bifreiðanna og því ekið á B. Ósannað sé að ökumaður B hafi hellað á grænu umferðarljósi.

Óþarft er að geta röksemdafærslu M í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber ökumaður A ábyrgð á árekstrinum fyrir að aka á B. Ökumaðurinn hugaði ekki nægjanlega að þeirri umferð sem á undan fór og því varð árekstur með bifreiðunum. Ósannað er að ökumaður B hafi hellað á grænu umferðarljósi.

Niðurstaða.

Ökumaður A ber ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík 11. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 199/2008

**M
og
vátryggingarfélagið X v/ ábyrgðartryggingar fasteignareiganda.**

Kona féll um kantstein á bifreiðastæði þann 11.2.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 6.10.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 20.10.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M var að ganga að bifreið sinni á bifreiðastæði við verslun V. Rak hún þá tánna í upphækkaða hellulögn við enda eins stöðureits fyrir bifreiðir og féll í gangstéttina og meiddist. Umrædd upphækkun er um 7 cm á hæð og hlutverk hennar er að aðskilja gönguleið á milli stöðureita á bifreiðastæðinu og koma þannig í veg fyrir að bifreiðum sé ekið inn á gönguleiðina.

M kveður rigningu og myrkur hafa verið og engin lýsing verið á bifreiðastæðinu þar sem slysið varð. Upphækkunin hafi verið samlit annarri hellulögn á svæðinu og því ekki verið hægt að sjá hana.

Af hálfu V er því haldið fram að lýsing á bifreiðastæðinu hafi verið fullfrágengin um leið og verslunin opnaði í október 2006 og mótmælir því að lýsing á stæðinu hafi verið ófullnægjandi er M slasaðist.

Álit.

Samkvæmt gögnum málsins verður að telja ósannað að lýsingu á bifreiðastæðinu, þar sem M slasaðist, hafi verið ófullnægjandi. Ekkert liggur fyrir um það að frágangur bifreiðastæðisins hafi brotið í bága við ákvæði byggingarreglugerðar eða önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Ekki hefur heldur verið sýnt fram á að slysið verði að öðru leyti rakið til vanbúnaðar eða annarra atvika sem V ber ábyrgð á. V getur því ekki borið skaðabótaábyrgð á líkamstjóni M.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 11. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 209/2008

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

Kassi með frosum fiskflökum féll á fót starfsmanns sem vann við löndun úr togara.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 17.10.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 31.10.2008.

Málsatvik.

Þann 23.3.2005 vann M við löndun úr togaranum T. Þann 25.3.2005 gaf M skýrslu hjá lögreglu. Hafi hann fengið kassa með frosum fiski í vinstri fót eftir að kassinn datt ofan úr stæðu í lest skipsins. M gaf að nýju skýrslu hjá lögreglu 7.11.2005. Lýsti hann þá atvikum svo að hann hafi unnið aftast í lest skipsins við að raða frosum fiski í 25-30 kg pappakössum á bretti. Hann hafi staðið á lestargólfinu og tekið kassa úr stæðu sem hafi verið um einn metri á hæð og sett á brettið. Um leið hafi dregist annar kassi með og dottið fram af kassastæðunni og lent á vinstri fæti við hné og hafi hann fengið talsvert mikið högg af.

Í yfirlýsingu, dags. 1.9.2007, sem fjórir menn undirrita, segir að þeir staðfesti að brögð hafi verið á því að umbúðir fyrir afurðir í skipinu hafi reynst ónothæfar vegna raka og bleytu. Helsta ástæða fyrir því er að ekki hafi verið breitt plast yfir umbúðirnar við löndun þrátt fyrir beiðnir þar að lútandi. Fullvíst sé að blautir kassar utan um fisk hafi verið notaðir og settir niður í lestina.

Í staðfestingu yfirvélstjóra skipsins, dags. 3.9.2007, segir að misbrestur hafi stundum orðið á þeirri vinnutilhögun að breiða plast yfir tómar umbúðir í frystilest skipsins. Það sé venjulega gert til að vatn geti ekki komist í umbúðirnar þegar verið er að afþýða kælispírala sem eru í lofti frystilestarinnar. Einnig hafi vatn stundum getað komist niður á milli plastyfirbreiðslna á umbúðunum ef ekki er gengið nægilega vel frá þeim. Þegar vatn kemst í umbúðirnar geta þær frosið saman. Verða þær þá illmeðfærilegar og geta jafnvel valdið slysum.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda síns hjá váttryggingafélaginu X. Félagið hefur á hinn bóginn neitað bótaskyldu.

Álit.

Af fyrirliggjandi gögnum er ósannað að slysið verði rakið rangra vinnubragða eða annarra atvika sem útgerð skipsins og vinnuveitandi M getur borið ábyrgð á. Í framangreindum staðfestingum og yfirlýsingum fjögurra manna og yfirvélstjóra, sem gefnar voru um einu og hálfu ári eftir slysið, getur ekki falist sönnun um að slysið hafi borið að með þeim hætti að vinnuveitandi beri ábyrgð á tjóninu. Af þessu leiðir að líkamstjón M fæst ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki.

Reykjavík, 18. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 201/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Umferðaróhapp er bifreið var ekið á girðingu þann 14.07. 2007, álitafnið er hvort tjónsatvik megi rekja til stórkostlegs gáleysis ökumanns.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 06.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélagið telur að ökumaður A hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur bifreiðarinnar í íbúðarhverfi þar sem leyfður hámarks hraði er 30 km/klst. Vitni að akstrinum lýsi því þannig að A hafi verið ekið á miklum hraða þannig að ökumaður missti stjórn á bifreiðinni sem hafnaði á grindverki. Félagið hafnar bótaskyldu úr kaskótryggingu bifreiðarinnar með vísan til gr. 3.2. í skilmálum.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjónsatburð máls þessa til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Í gr. 3.2. í skilmálum kemur fram að “hafi vátryggður valdið því af stórkoslegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins sbr. 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004...” sbr. nánar ákvæðið.

Samkvæmt framburði ökumannsins sjálfs fyrir lögreglu viðurkenndi hann að hann hafi tekið upp á því að spóla í hringi með þeim afleiðingum að hann hafnaði á grindverki. Athygli vekur að ökumaðurinn ók síðan á brott af vettvangi.

Í því tilviki sem hér um ræðir er ábyrgð félagsins ekki fyrir hendi vegna stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 11. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 216/2008

M og Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar vélsleða

Skemmdir á vélsleða sem ekið var á vatni 02.08. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.10. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 10.11. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð. Það vísar til þess að í tjónstilkynningu vátryggingartaka kemur fram að ökumaður hans hafi verið að fleyta sleða á vatni, lent á steini og flogið af sleðanum. Félagið lítur svo á að það að aka vélsleða á vatni feli í sér stórkostlegt gáleysi, tækið sé ekki gert til slíks aksturs og ekki unnt að forðast hættur sem felast í því.

Í vátryggingaskilmálum gr. 6.1 kemur fram að félagið greiðir ekki bætur þegar tjóni er valdið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi vátryggðs eða ökumanns.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Miðað við fyrirliggjandi gögn sýndi ökumaður vélsleðans stórkostlegt gáleysi við það að aka vélsleðanum á vatni. Við það hafði hann ekki fulla stjórn á sleðanum og vegna þessa varð umrætt tjónsatvik. Þetta veldur brottfalli bótaréttar.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 25. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 220/2008

M og

Vátryggingafélagið V v frjálsrar ábyrgðartryggingar A

Maður brenndist á fæti við vinnu í álveri þ.26.4.2007 .

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 23.10.2008. ásamt fylgiskjölum 1-6.
2. Bréf tjónanefndar dags. 7.11.2008 ásamt fylgiskjölum 1-2.
3. Lögregluskýrsla dags. 4.3.2008.

Málsatvik.

M var í skautaskiptum og var að reyna að koma skautaklemmu sem hafði fallið úr krana fyrir og steig með hægra fæti á nýja skautið en þá vinstir á kerþekjuna við hliðina. Þekjan fell niður og við það fór vinstri fótur M ofan í kerðið og hann slasaðist. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að vinstri fótur M hafi skrikað af þekju og lent ofan í kari. M hafði unnið hjá A í einn mánuðu þegar slysið varð. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins er orsök slyssins sögð vera sú að ekki hafi verið farið eftir verklagsreglum við skiptingu skauts. M krefst bóta úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V og vísar til að M hafi aðeins unnið skamma hríð hjá A þegar slysið varð og um ófullnægjandi verkstjórn hafi verið að ræða þegar slysið varð. Þá heldur M því fram að lýsing í skýrslu Vinnueftirlits sé ekki ekki rétt af því sem gerðist og byggir á því að kerþekjan hafi fallið niður með þeim afleiðingum að hann slasaðist. V hafnar bótaskyldu og telur ósannað að tjónið verði rakið til sagnæmrar háttsemi af hálfu vátryggingataka. Þá segir V að fyrir liggja að orsök slyssins sé sú að ekki hafi verið farið að verklagsreglum.

Álit.

Í verklagsreglum sem m.a. er vísað til í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins er tekið fram að setja skuli festingar í verkfæri annarsstaðar en yfir kraumandi kerinu ef festing fellur úr verkfærinu. M gætti þess ekki að fara að verklagsreglum í umrætt sinn og á því ekki rétt á bótum þar sem ekki hefur verið sýnt fram á að slysið verði vegna atriða eða atvika sem A ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 25.11. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 202/2008
M og
Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar H

Maður slasaðist þegar hann féll um framkvæmd á göngustíg í Elliðaárdal þ.21.10.2006.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 8.10.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-5.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 340/08
3. Bréf V dags. 2.11.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-4.

Málsatvik.

M var að renna sér á línuskautum á göngustíg í Elliðaárdal og skautaði skyndilega fram á kafla á stígnum þar sem búið var að skera um 2 metra langan bít úr malbikinu þvert yfir stíginn án nokkurar viðvörunar. M segist hafa fengið slæma byltu. M gerir kröfu til bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V en H annaðist um framkvæmdir á þessum stað. V hafnar bótaskyldu og bendir á að H haldi því fram að merkingar á slysstað hafi verið fjarlægðar af utanaðkomandi aðilum og telur V ósannað að tjón M megi rekja til atvika sem vátryggingataki beri ábyrgð á. Þá bendir V á að aðstæður hefðu átt að blasa við M og hefði hann því átt að geta brugðist við hindrunum sem urðu á vegi hans ef hann hefði sýnt eðlilega varkárni.

Álit.

Ekki er um það deilt að merkingum á slysstað hafi verið ábótavant. H ber ábyrgð á því að merkja vinnusvæði með fullnægjandi hætti en það var ekki gert í því tilviki sem hér ræðir um. Þá liggur ekkert fyrir í málinu sem sýnir fram á að meintar merkingar á slysstað hafi verið fjarlægðar. Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi sýnt af sér óvarkárni í umrætt sinn og á hann rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V.

Reykjavík 18.11. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 203/2008

**M
og
vátryggingafélagið X v/ fasteignatryggingar.**

Foktjón á útihúsum að bænum S veturinn 2007-2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 8.10.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 27.10.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 19.6.2008 var af hálfu M tilkynnt til vátryggingafélagsins X um foktjón sem hafði orðið veturinn 2007-2008 á útihúsum að bænum S. Að því er fram kemur varðandi tilgreiningu á hinu skemmda og lýsingu á tjónsatburði í tjónstilkynningunni virðist sem skemmdir hafi orðið á þaki fjárhúss, þaki hlöðu og þaki vélaskúrs og súrheysgryfju, svo og á hesthúsi. Ekki er skemmdum eða tjóni lýst frekar, en vísað til ljósmynda.

Í bréfi X til M, dags. 23.6.2008, segir að X hafi gefið út húseigendatryggingu vegna húsa á jörðinni S, þ.e. íbúðarhúss og sjö útihúsa. Við útgáfu vátryggingarinnar hafi félagið engar upplýsingar haft um ástand útihúsanna, en miðað við ljósmyndir sem það hafi undir höndum sé ljóst að húsin séu með öllu ótryggingartæk. Hefði X haft vitneskju um ástand þeirra hefði framangreind vátrygging ekki verið gefin út. Þá segir í bréfinu að á vátryggingartaka hvíli sú skylda að upplýsa félagið um þau sérstöku atvik sem hann veit eða má vita að hafa þýðingu fyrir mat félagsins á áhættunni, sbr. gr. 2.1 í 3. kafla skilmála sem um vátrygginguna gilda. Telur X að M hafi borið að upplýsa félagið um ástand þeirra húsa sem hann óskaði eftir að vátryggja og er bótaskyldu því hafnað.

Ennfremur kveður X að samkvæmt gr. 2.8 í 1. kafla vátryggingarskilmálanna bæti það tjón sem verður vegna óveðurs, en óveður í skilningi skilmálanna sé þegar vindhraði nái 30 m á sekúndu. Til að tjón sé bætt á þessum forsendum verði að liggja fyrir að vindhraði hafi náð tilskildum styrk. Ekkert liggja fyrir um hvenær tjónið varð og því liggja ekkert fyrir að vindhraði hafi náð þessum styrk. Bótaskylda sé því einnig hafnað á þessum forsendum.

M kveðst ekki hafa verið spurður um ástand húsanna þegar hann tók vátrygginguna, iðgjald sé greitt og hluti þaksins hafi verið málaður sumarið 2007. Krefst M að bótaskylda verði viðurkennd.

Álit.

Í fyrirbyggjandi vátryggingarskírteini fyrir húseigendatryggingu þá sem hér er til skoðunar segir að um nýtryggingu sé að ræða og vátryggingin gildi frá 26.11.2007-31.10.2008. Í málinu liggur ekki fyrir skrifleg beiðni um vátrygginguna. Eins og fram kemur í fyrrgreindu bréfi X til M hafði félagið engar upplýsingar um ástand útihúsanna við töku vátryggingarinnar. Ennfremur er svo að sjá að X hafi heldur ekki hlutast til um að húsin væru skoðuð með tilliti til ástands þeirra áður en vátryggingin var samþykkt eins og að jafnaði er gert í tengslum við töku fasteignatrygginga.

Upplýsingaskylda vátryggingartaka við töku vátryggingar samkvæmt 2. gr. vátryggingarskilmálanna verður að skýra með hliðsjón af ófrávíkjanlegum ákvæðum 1. mgr. 19. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Samkvæmt þeim ákvæðum getur vátryggingafélag við gerð eða endurnýjun vátryggingarsamnings, eins og hér um ræðir, óskað eftir

upplýsingum um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættu. Skal slíkra upplýsinga aflað beint hjá vátryggingartaka, eða eftir atvikum hjá vátryggðum, sem skal veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Jafnframt skal vátryggingartaki, og eftir atvikum vátryggður, einnig veita að eigin frumkvæði upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu. Í ákvæðum þessum felst sú meginregla að vátryggingartaki þurfi ekki að hafa frumkvæði að upplýsingagjöf varðandi áhættuna, heldur hvílir sú skylda á honum að veita rétt og tæmandi svör við spurningum félagsins. Á hinn bóginn er gerð sú undantekning frá meginreglunni að vátryggingartaki skal hafa frumkvæði að því að veita félaginu upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða má vita, að hafa verulega þýðingu fyrir mat þess á áhættunni.

Meðal gagna málsins eru fimm ljósmyndir af útihúsum sem ætla verður að séu af útihúsunum að S eftir að þau urðu fyrir þeim skemmdum sem deilt er um í málinu. Af þeim má vissulega ráða að húsin hafi verið komin til ára sinna og e.t.v. ekki í sem bestu ásigkomulagi. Í fyrrgreindu bréfi X frá 23.6.2008 er hins vegar ekki með skýrum hætti tilgreint hvernig það verði ráðið af ljósmyndunum að húsin hafi ekki verið hæf til vátryggingartöku. Af myndunum einum og sér þykir ekki unnt að fullyrða að ástand húsanna hafi verið með þeim hætti að þau teldust ekki vátrygjanleg eða að stofnast hafi sérstök frumkvæðisskylda af hálfu M um að upplýsa um ástand þeirra er hann tók vátrygginguna. Verður X því ekki leyst undan ábyrgð á þeim grundvelli að M hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína.

Hið eina sem liggur fyrir í málinu um tjón það sem M krefst úr hendi X er að það hafi orðið af völdum foks veturinn 2007-2008. Samkvæmt því sem áður greinir bætist úr húseigendatryggingunni tjón af völdum óveðurs, en óveður í skilningi skilmálanna telst verða þegar vindhraði nær 30 m á sekúndu. Engin gögn liggja fyrir í málinu sem gefa til kynna að tjónið hafi hlotist í slíku veðri að fullnægt sé skilyrðum skilmálanna um bótaskyldu. Við svo búið fæst tjónið ekki bætt úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

Tjón M bætist ekki úr húseigendatryggingu hjá X.

Reykjavík, 18. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 217/2008

M

og

Vátryggingafélagið V v flutningatryggingar A

Tjón á búslóð við flutninga þ. 9.5-6.6.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 23.10.2008. ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 645/08
3. Bréf V dags. 4.11.2008 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M leitaði til A um flutning á búslóð sinni frá Berlín í Þýskalandi til Íslands. A sendi flutningabíl að heimili A í Berlín og segir M að bílstjórinn hafi hlaðið búslóðinni í bílinn með aðstoð M. M segir að við lestun bílsins hafi hvorki verið til staðar vörubretti eða pökkunarplast og segir M að bæði M og bílstjóranum hafi verið ljóst að ganga þyrfti frá búslóðinni á nýjan leik við pökkun í flutningagám og segir M að bílstjórinn hafi sagt sér að starfsmenn A mundu pakka búslóðinni í Hamborg. Þegar M hugðist ná í búslóð sína kom í ljós að hún hafði orðið fyrir verulegum skemmdum. M krefst bóta úr flutningatryggingu A hjá V og bendir á að hann hafi keypt flutningaþjónustu hjá A og hafi ekki komið að frágangi búslóðar frá því að búslóðin hafi verið tekin í vörslu A við heimili M í Berlín og beri A ábyrgð á búslóðinni frá þeim tíma til afhendingardags. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ónógar umbúðir og lélegum frágangi sé um að kenna. Farmeigandi hafi ekki gert viðeigandi ráðstafanir til að varna skemmdum og beri ábyrgð á því. Þá bendir V á ákvæði í farmbréfi og segir farmbréfið þann samning aðila sem byggja verður á. Þá bendir V á að ekkert liggi fyrir um það að M hafi sóst eftir að kaupa pökkun eða frágang á búslóðinni en hann hefði mátt vita að sérstaklega þyrfti að greiða fyrir slíka þjónustu. Þá mótmælir V að félagið hafi gefið skuldbindandi yfirlýsingu um bótaskyldu.

Álit.

Búslóð sú sem um ræðir var afhent af M í flutningabifreið á vegum A í Berlín. Vörubílstjóri og flutningatæki voru á vegum A og vátryggingin tók gildi frá og með þeim tíma að M afhenti búslóðina í umrædda flutningabifreið. Ljóst er af 3. gr. vátryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um að vátryggingin tók gildi þegar M afhenti búslóð sína í Berlín.

Samkvæmt 2. gr vátryggingaskilmálanna segir í grein 2.1.2. að tap skemmdir eða kostnaður sem stafar af ónógum eða óhæfum umbúðum eða af lélegum frágangi á hinu vátryggða bætist ekki. Tekið er fram að undir þetta ákvæði falli frágangur í gáma og flutningsvagna, en aðeins þegar gengið hefur verið frá hinu vátryggða áður en vátryggingin tók gildi, ellegar þegar vátryggður eða menn í hans þjónustu sáu um farangurinn. Í máli þessu liggur fyrir að M annaðist um hleðslu í flutningabifreiðina í Berlín ásamt vörubifreiðastjóra þeim sem bifreiðinni ók eins og fram hefur komið. M sá hins vegar ekki um frágang eða umbúnað búslóðarinnar þegar hún var tekin úr flutningabifreiðinni og búslóðinni komið fyrir í gámi til flutnings til Íslands. A tók við búslóðinni og bar ábyrgð á því að um hana yrði búið með fullnægjandi hætti þegar búið var um hana til flutnings til Íslands og ber ábyrgð á því að það var ekki gert. Ekki er sýnt fram á að M hafi getað komið að frágangi búslóðarinnar fyrir flutning í skip eða flutningaaðilinn hafi með fullnægjandi

hætti gert M grein fyrir að umbúnaði og frágangi á skipsfjöl yrði ábótavant nema hann greiddi sérstaklega eða kæmi að fráganginum. Þá verður almennt að líta svo á að flutningaaðilin beri ábyrgð á þeim varningi sem hann tekur að sér að flytja og beri að gæta eðlilegrar varúðar við frágang farms. Það gerði A ekki í því tilviki sem hér ræðir um og á M því rétt á bótum úr flutningatryggingu A hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr flutningstryggingu A hjá V.

Reykjavík 2.12. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 204/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys, við fall úr stiga, þann 12.09. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 10.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 16.10. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var tjónþolinn M að ganga frá við lok vinnudags. Hann þurfti að fara upp á pall sem var í 2,60 metra hæð til að slökkva á rafmagnsbúnaði sem er í “gorherberginu”. M mun hafa verið í næstefsta þrepi stigans þegar stiginn fór af stað og hann féll niður.

Vátryggingafélagið fellst á bótaskyldu sem nemur hálfu. Félagið vísar til þess að í skýrslu Vinnueftirlits kemur fram að orsök slyssins megi rekja til þess að öryggisbúnaður var ekki í samræmi við gildandi reglur. Af gögnum málsins þykir vátryggingafélaginu sýnt að tjónið verði að hluta rakið til gáleysis M sjálfs.

Vinnueftirlitið getur aðstæðna á slysstæð í skýrslu sinni. Fram kemur að þær hafi ekki verið góðar, “þarna er laus stigi, það er ekki handrið á stiganum eða á pallinum, þarna er hálf og blautt og lýsing er ábótavant.” Það telur að orsök slyssins “er fyrst og fremst sá að öryggisbúnaður er ekki í samræmi við gildandi reglur”.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu sem óþarf er að geta.

Álit.

Vinnueftirlitið staðhæfir að að aðstæður á slysstæð hafi ekki verið góðar, “þarna er laus stigi, það er ekki handrið á stiganum eða á pallinum, þarna er hálf og blautt og lýsing er ábótavant.” Það telur að orsök slyssins “er fyrst og fremst sá að öryggisbúnaður er ekki í samræmi við gildandi reglur”.

Þegar tekið er mið af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er bótaábyrgð fyrir hendi.

Ekki er tilefni til að skerða bótarétt M þrátt fyrir að hann hafi mátt sýna meiri aðgæslu við starfa sinn.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 11. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 233/2008

M og

Vátryggingafélagið V v fjölskyldutryggingar

Krafa um bætur vegna slyss sem maður varð fyrir í fótbolta þ.15.7.2003.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 3.11.2008 ásamt fylgiskjölum 1-9.
2. Bréf V dags. 24.11.2008 ásamt fylgiskjölum 1-3.
3. Bréf lögmanns M dags. 1.12.2008 ásamt fylgiskjölum 1-4.

Málsatvik.

M slasaðist í fótboltaleik þegar hann lenti illa á vinstra olnboga eða eins og lýst er í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins að M hefði lent á bakinu með vinstri hönd undir sér. Móðir M tryggði fjölskyldu sína frítímaslysatryggingu hjá V. M krefst bóta úr framangreindri tryggingu. V hafnar bótaábyrgð á þeim forsendum að skv 4.gr. vátryggingarskilmála skuli örorka metin ekki síðar en þremur árum eftir slysið, en liðið hafi meir en þrjú ár frá því að slysið varð þar til örorka var metin. Þá vísar V til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 22/2004 sem V segir sambærilegt því sem hér ræðir um. V segir skilmála vátryggingarinnar um tímafresti fortakslausa. Lögmaður M vísar til þess að vátryggingafélög hafi ákveðna leiðbeiningaskyldu gagnvart tjónþolum en reglur um tilkynningu hafi tómlætisáhrif en varði ekki fyrningu. Kröfur eins og sú sem hér ræðir um fyrnist á 4 árum frá því að tjónþoli gerði sér grein fyrir kröfu sinni. Í því sambandi vísar lögmaður M til fyrningarreglna 29.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 20/1954 þar sem segir að kröfur sem rísa af vátryggingasamningi fyrnist á 4 árum frá lokum almanaksárs er kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess kost að leita fullnustu hennar. Lögmaður M bendir einnig á að skv vottorði tveggja lækna sem lögð hafi verið fram í málinu þá sé M ekki búinn að ná sér af áverkunum í febrúar 2008 Lögmaður M leggur fram læknisvottorð frá því í nóvember 2008

Álit.

Ekki er ágreiningur um að M hafi orðið fyrir því tjóni sem að ofan greinir. Þá verður ekki annað séð en að V telji að fjölskyldutrygging sú sem um ræðir í málinu taki til tjóns M en hann eigi ekki rétt á bótum þar sem að meir en þrjú ár liðu frá því að slysið varð þar til að örorka var metin og vísar V til skilmála vátryggingasamnings í því sambandi. M virðist hafa leitað til 1 Örorkumat tveggja lækna liggja fyrir frá því í nóvember 2008 rúnum 5 árum eftir slysið varð. Ljóst er að krafa M er ekki fyrnd samkvæmt 29.gr. laga nr. 20/1954 um vátryggingasamninga sbr. Nú 52.gr laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004. Ekki er á það fallist með V að unnt sé að túlka ákvæði vátryggingaskilmála þeirra sem V vísar í með þeim hætti að bótskylda M falli niður. Þannig geta ákvæði í vátryggingaskilmálum ekki eins og hér stendur á gengið framur fyrningarreglum laga um vátryggingasamninga. M á því rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Niðurstaða.

Má rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu hjá V.

Reykjavík 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 229/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (A)

Hálkuslys við fall í sundlaug 27.02. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 30.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.11. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var á leið sinni úr sundlauginni til búningsklefa kvenna, hún þurfti að fara niður stiga sem er með pall á milli og eru 7 tröppur í hverjum stiga. Óhappið varð í efri stiganum þar sem M féll sökum hálfu sem myndast hafði.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Fyrirliggjandi er umsögn Vinnueftirlits ríkisins. Aðstæðum er lýst þar sem slysið varð. Fram kemur að “öllu jöfnu eru þessir stigar ekki hálrir, en þegar óhappið varð var umsjónarmaður að dreifa hálfkueyðandi efni, sem segir okkur að hálka hafi verið á svæðinu. Lítið er um merkingar sem vara við hálfu utan dyra.” Vinnueftirlitið gaf þau fyrirmæli að setja skuli sérstakar merkingar fyrir hálfuvarnir.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að óhapp þetta megi rekja til vanrækslu sarfsmanna A eða aðstæðna sem hann ber skaðabótaábyrgð á. Sundlaugargestir verða jafnan að gæta aukinnar aðgæslu þegar gengið er um sundstaði sökum hálfu sem myndast getur.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 25. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 205/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar Þ ehf.

Kona varð fyrir slysi þegar hún fór inn um hlið á líkamsræktarstöð þ.13.8.2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 14.10.2008. ásamt bréfi lögmanns og fylgiskjöllum 1-10
2. Bréf V dags. 21.10.2008

Málsatvik.

M gekk í gegn um glerhlið að líkamsræktarstöð en hliðið opnast með því að horft er í augnskanna og var M á leið í gegn um hliðið þegar hliðið skelltist aftur af miklu afli og lenti hliðið á sitt hvoru gagnauga M með þeim afleiðingum að hún slasaðist. M krefst bóta vegna þess tjóns sem hún varð fyrir þegar hliðið skelltist á hana. Bent er á það af hálfu lögmanns M að það sé á ábyrgð Þ að sjá til þess að inngönguhlið eins og það sem um ræðir virki með eðlilegum hætti en það hafi það ekki gert í umrætt sinn og beri Þ alla ábyrgð á því. Þá beri Þ að sjá til þess að viðskiptavinum stafi ekki hætta af umræddu hliði. V hafnar bótaskyldu og segir að hliðið hafi virkað eins og til var ætlast við skoðun þ. 19.9.2007. V bendir á að hliðið sé einfalt í notkun og engin sérstök hætta sé við notkun þess sé eðlileg aðgát viðhöfð. Þá bendir V á dóm Hæstaréttar frá árinu 2003 bls. 2452 og telur að um sambærileg atvik sé um að ræða. Þá bendir V á að þó að sérstakar varúðarmerkingar hafi verið settar við hliðið eftir atvik það sem hér ræðir um þá leiði það ekki til bótaskyldu.

Álit.

Ekki er sýnt fram á að glerhlið það sem M gekk inn um í umrætt sinn hafi ekki virkað með eðlilegum hætti eða sérstakir hættueiginleikar verið við notkun þess sem leitt geti til bótaskyldu í máli þessu. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Þ hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Þ. hjá V.

Reykjavík 11.11. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 207/2008

M og

Vátryggingafélagið V v ábyrgðartryggingar atvinnurekanda Í

Kona varð fyrir slysi þegar hún opnaði stóra hurð á vinnustað sínum þ.8.10.2007.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 17.10.2008. ásamt fylgiskjölum 1-6
2. Bréf V dags. 2.11.2008 ásamt fylgiskjali 1-2

Málsatvik.

Samkvæmt tilkynningu um vinnuslys segir M að hún hafi verið að opna stóra iðnaðarhurð og hafi gripið annarri hendinni í sleða hurðarinnar og lenti á litlafingri og baugfingri vinstri handar M og skárust fingurnir mjög illa. Vinnueftirlitið gerir engar athugasemdir við aðstæður á slysstað en segir að orsök slyssins sé að stjórnrofi hafi verið staðsettur mjög hátt á vegg og gefur þau fyrirmæli að stjórnrofi sé lækkaður. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu Í hjá V og byggir bótakröfu á því að aðstæður á vinnustað hafi verið óviðunandi vegna staðsetningar rofa hurðarinnar. Þá bendir lögmaður M á að þessi vinnuaðstaða brjóti gegn grunnreglum laga nr. 46/1980 um öryggi vinnustaða. V hafnar bótakröfu og telur orsök tjónsins ekki vera staðsetningu rofans heldur það að M hafi haldið í leiðara hurðarinnar. Þá heldur V því fram að rofinn hafi ekki verið staðsettur þannig á veggnum að Í beri sakarábyrgð á því. Þá bendir V á að um einfalda hurð og búnað hafi verið að ræða.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að staðsetning stjórnrofa hurðar þeirrar sem um ræðir hafi verið með þeim hætti að leiði til sakarábyrgðar Í. Þá er á það bent að í álit Vinnueftirlits kemur fram að Vinnueftirlitið geri ekki athugasemdir við aðstæður á slysstað þó mælt sé fyrir um úrbætur. Af hálfu M hefur því ekki verið sýnt fram á að Í beri bótaábyrgð á slysi M. M á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 18.11. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 218/2008

V ehf.
og
X hf. vegna A
og
Y hf. vegna B

Árekstur á Hafnarfjarðarvegi 18. september 2008.

Gögn.

1. Málskot móttækið 23. október 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Tölvupóstur frá Y hf. dags. 10. nóvember 2008.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að bifhjólíð B ók til suðurs Hafnarfjarðarveg. Ökumanni á vinstri hönd, aðeins fyrir framan, á vinstri akrein var ökutækið A. Ökumaður B skýrir svo frá að ökumaður A hafi allt í einu sveigt yfir á hægri akrein og í veg fyrir hann þannig að hann lenti með framhjólbarðann á dráttarbeisli A. Við það missti hann vald á hjóninu og skall á jörðina. Ökumaður A stöðvaði ekki en vitni ók á eftir A og náði að stöðva hann þannig að ökumaður A kom aftur á vettvang. Ökumaður A lýsir málavöxtum með sama hætti en varð ekki var við neitt þegar hann skipti um akrein.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að A hafi ekið í veg fyrir B með þeim afleiðingum að ökumaður B missti stjórn á vélhjóninu og skall í jörðina. Öll ábyrgð á A.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík, 25. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 211/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Ekið á hurð bifreiðar í Bankastræti í Reykjavík þ.5.9.2008.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 20.10.2008
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 753/08
3. Tjónstilkynning dags. 5.9.2008.
4. Ljósmyndir
5. Bréf V -1 dags. 1. 7. 2008.
6. Bréf V-2 dags 27.10.2008 ásamt fylgiskjölum 1-5

Málsatvik.

B var kyrrstæð í stöðureit við Bankastræti í Reykjavík þegar A var ekið niður Bankastrætið. A ók á hurð B og er ágreiningur um það í málinu hvort að ökumaður B hafi opnað hurðina á B í veg fyrir A eða hvort A hafi ekið á opna hurð B. Ökumaður B segist hafa verið sestur inn í B og verið að loka hurðinni þegar A hefði keyrt á hálflokaða hurð B en ökumaður A hafi ætlað að leggja í bílataði fyrir framan B. Ökumaður A segir að hurð B hafi skyndilega verið opnuð í veg fyrir A og árekstur orðið.

Álit.

Að öllum gögnum málsins virtum verður ekki annað séð en að A hafi ekið á opna hurð B í umrætt sinn og ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 18.11. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 228/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar orkuveitu.

Lok yfir ljósabúnað í ljósastaur olli skemmdum á bifreið þann 17.11.2007.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 28.10.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 10.11.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 17.11.2008, um kl. 13.00, ók M bifreið sinni A vestur Miklubraut í Reykjavík. Er hann átti skammt ófarið að Skeiðarvogsbúnaði kvað hann högg hafa komið framan á A og hafi hann séð eitthvað lenda á hægra frambretti hennar. Er hann stöðvaði sá hann að lok yfir ljósabúnað í ljósastaur hafði lent á A og valdið skemmdum. Mikið rok hafi verið er þetta gerðist.

Í umsögn O, eiganda ljósastaurins, segir að ekkert bendi til að ekið hafi verið á stólpann. Uppsetning ljósabúnaðarins hafi verið fullnægjandi þar sem festingar og grind ljósabúnaðarins hafi ekki fokið af. Þarna hafi vindálag brotið lokið af grindinni.

Samkvæmt veðurfarsupplýsingum frá Veðurstofu Íslands þann 17.11.2007 var vindhraði í Reykjavík kl. 12 á hádegi 9,8 m á sekúndu og í mestu hviðum 14,7 m á sekúndu. Kl. 15 var vindhraðinn 9,5 m á sekúndu og í mestu hviðum 19,1 m á sekúndu.

Álit.

Ekki liggur fyrir með skýrum hætti á hvern hátt lokið losnaði að öðru leyti en því að það hafi gerst sökum vindálags, en mikið rok var. M vissi ekki fyrr en hann fann að högg kom á A. Ekki verður ráðið hvort lokið hafi lent á A í beinu framhaldi þess að það losnaði úr festingum sínum eða síðar. Samkvæmt gögnum málsins verður að telja ósannað að lokið hafi losnað vegna vanbúnaðar eða mistaka af hálfu starfsmanna O við uppsetningu þess. Að þessu virtu hefur ekki verið sýnt fram á að skemmdir á A hafi orðið af völdum atvika sem O ber skaðabótaábyrgð á gagnvart M.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 25. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 226/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/bílaábyrgðar vegna bifreiðarinnar A

Vatnsleki í bifreið, sem M telur að rekja megi til galla í niðurfallsröri frá topplúgu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 29.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 07.11. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M lætur þess getið í málskotinu að upp hafi komið vandamál hjá topplúgu. “Málið er þekkt hjá Audi...” Hann telur orsök skemmda vera “tvímælalaust vegna framleiðslugalla frá Audi og því hlítur ábyrgðartrygging að taka á klárum framleiðslugalla”.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Félagið vísar til þess að umboðsaðili Audi bíla hér á landi staðfesti að um framleiðslugalla sé að ræða án þess að “útskýra frekar í hverju gallinn liggur”. Félagið vísar til þess að skilmálar félagsins séu ekki jafn víðtækir og ábyrgð framleiðanda varðandi bilanir og galla í bifreiðum. Félagið vísar til ákvæða skilmála 2.1 og 14.1, sem óþarft er að geta í þessari umfjöllun.

Í fyrirliggjandi yfirlýsingu frá bifreiðaumboði, dags. 23.10. 2008, kemur fram að “ef að þessi bifreið hefði verið seld af (viðkomandi umboði) og leki af þessum toga hefði komið upp að þá hefði þetta verið flokkað sem galli...” sbr. nánar fyrirliggjandi yfirlýsingu.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Mikilvægt er að málskotsaðilar vandi til umfjöllunar í málskoti og láti upplýsingar fylgja sem geta varpað ljósi á viðfangsefnið. Á því er varð nokkur misbrestur í máli þessu.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 25. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 206/2008

**M v/bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (B)**

**Ágreiningur um réttmæti staðsetningar umferðarmerkis við gatnamót,
í tengslum við árekstur þann 09.05. 2008.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 03.11. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M, ökumaður bifreiðarinnar A, var á leið til vinstri við gatnamót Völuteigs og hjáleiðar þegar hann ók inn í bifreið. Biðskyldumerki hafði verið sett upp á þeirri akbraut sem M ók og hafði hjáleiðin forgang samkvæmt A.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Vegaframkvæmdir sem þarna voru í gangi voru ekki í höndum sveitarfélagsins. Af þeim sökum sýndi hvorki sveitarfélagið né starfsmenn sem hann ber ábyrgð á saknæma háttsemi. Vegaframkvæmdirnar voru í höndum sjálfstæðs verktaaka og uppsetning biðskyldumerkisins þar með.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki verður séð að B eða starfsmenn þess hafi sýnt af sér saknæma háttsemi í tengslum við staðsetningu umferðarmerkisins.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 25. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 265/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ sjúklingatryggingar.**

Slys er bilun varð tvívegis í æfingatækjum hjá sjúkraþjálfara.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 24.11.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 16.12.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M hafði hlotið meiðsl á hægri hné í vinnuslysi í júní 2005 og gekkst undir aðgerð á hnénu í júlí 2005. Í framhaldinu fór hann í sjúkraþjálfun hjá sjúkraþjálfaranum S. Þann 20. október 2005 var M í æfingartæki, nokkurs konar togvél, þar sem hann sat á bekk og togaði niður slá sem lóð voru fest í og toguðu þannig á móti. Hægt var að stilla þyngd lóðanna. Spotti sem festu lóðin við slána lá í gegnum trissur og var spottinn festur í slána með svokölluðum taumlás. Er M var í tækinu umrætt sinn brotnaði taumlásinn og við það skall M fram og tognaði á mjöðm. Í kjölfarið var taumlásinn endurnýjaður. Er M var við æfingar í tækinu þann 10. nóvember sama árs gaf lásinn sig aftur og M fann til einkenna í mjöðm og baki. M hefur krafist bóta úr sjúklingatryggingu S hjá Vátryggingafélaginu X.

Þann 4. apríl 2006 var lögregluskýrsla tekin af sjúkraþjálfara þeim sem hafði M til meðferðar vegna hnéáverkans. Þegar fyrra atvikið varð í æfingatækinu kvað sjúkraþjálfarinn að M hafði verið í mjög sérhæfðum æfingum í tækjasal vegna áverkans. M hafi síðan farið á eigin vegum í önnur æfingatæki sennilega til að æfa sjálfan sig, en þó án tilsagnar. Þá kveður sjúkraþjálfarinn að M hafi einnig komið í tækjasalinn utan þess tíma sem hann átti að vera í meðferð vegna hnjámeiðslanna. Um slíkt tilvik hafi verið að ræða, þegar síðara óhappið varð, og þá hafi hann verið að styrkja hendur og axlir.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2000 um sjúklingatryggingu eiga sjúklingar, sbr. 2. gr. laga um réttindi sjúklinga, sem m.a. verða fyrir líkamstjóni hér á landi í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanni og hlotið hefur löggildingu landlæknis til starfans, rétt til bóta samkvæmt lögunum. Er þannig skilyrði bótaskyldu að tjón hafi hlotist í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Eins og mál þetta liggur, og þá einkum með hliðsjón af framangreindri skýrslu sjúkraþjálfara, sem hafði M til meðferðar, þykir ekki vera sýnt nægilega fram á að líkamstjón, sem M hlaut við þau atvik er taumlásarnir brotnuðu í æfingatækinu, hafi orðið í tengslum við rannsókn eða sjúkdómsmeðferð. Af þeirri ástæðu telst tjón hans ekki bótaskyldt úr sjúklingatryggingu S hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr sjúklingatryggingu S hjá X.

Reykjavík, 27. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 231/2008

M og Líftryggingarfélagið X v/líf og sjúkdómatryggingar

Ágreiningur um hvort veikindi vátryggðs falli undir skilgreiningu á bótaskyldum vátryggingaratburði samkvæmt skilmálum vátryggingarinnar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 31.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.11. 2008.
- 3) Bréf nefndarinnar til lögmanns M, dags. 03.12. 2008, þar sem hjálaga fylgdi afrit af nefndu bréfi vátryggingafélagsins, til kynningar.
- 4) Viðbótarathugasemdir lögmanns M, dags. 12.12. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M byggir á því að hann hafi við töku vátryggingarinnar á árinu 2003 fyllt umsóknina út eftir bestu vitund. Hann telur að um bótaskyldan vátryggingaratburð sé að ræða sbr. fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Félaginu hafi í framhaldi af bótakröfu borist læknisvottorð á árinu 2008. Félagið hafi að fengnu álitu sérfræðinga félagsins og trúnaðarlæknis komist að þeirri niðurstöðu að veikindi M ætti ekki við “Meginslagæðar/Ósæðar aðgerð” sem kveði er á um í skilmálum. Því væri ekki um bótaskyldan sjúkdóm eða aðgerð að ræða skv. 6 – 7. gr. skilmála. Vegna þessa hafi bótakröfu verið hafnað.

Félagið getur þess og efnislega að ekki sé rétt það sem fram komi hjá M í málskotinu að rangar upplýsingar við tryggingatöku hafi orðið til þess að félagið synjaði um bótagreiðslu. Kröfu um bætur hafi verið hafnað þar sem umræddur atburður falli ekki undir skimála vátryggingarinnar sbr. 6. – 7. gr. Félagið getur þess að rangar upplýsingar “leiddu til herra iðgjalds og þess að iðgjaldafrelsi var undanskilið.”

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að viðkomandi sjúkdómur falli undir 6.-7. gr. skilmála þar sem gerð hafi verið “skurðaðgerð á meginslagæð og við meginslagæð”.

Álit.

Í 7. gr. vátryggingarskilmála er fjallað um vátryggingaratburð og skilgreiningar. Þar kemur efnislega fram að vátryggingaratburður telst vera ef vátryggður fellur frá eða greinist með einhvern þeirra sjúkdóma eða gengst undir einhverja þeirra aðgerða sem fram koma í ákvæðinu. Meðal þess sem fjallað er um er “Meginslagæðar/Ósæðar aðgerð” þ.e. vátryggður hafi gengst undir skurðaðgerð til að laga þrengsli, rof eða æðagúlp á meginslagæð í brjósti- eða kviðarholi.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á að veikindi M falli undir einhvern þeirra vátryggingaratburða sem nefndir eru í 7. gr. skilmála vátryggingarinnar.

Rétt er að geta þess að fram kemur í bréfi váttryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.11. sl., að ekki sé rétt “það sem fram kemur í erindi málskotsaðila til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum að rangar upplýsingar við tryggingatöku hafi orðið til þess að félagið synjaði bótagreiðslu...” Kröfu um bætur hafi verið hafnað þar sem félagið telur að umræddur atburður falli ekki undir skilmála váttryggingarinnar.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 16. desember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 219/2008

M
og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

**Ágreiningur um hvort ekið hafi verið á gangandi vegfaranda á bifreiðastæði við
verslunarmiðstöðina Mjódd þann 01.12. 2007.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 23.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.11. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélagið telur bótaábyrgð ekki fyrir hendi. Það telur ósannað að umrætt atvik hafi átt sér stað. Ábyrgð verði ekki lögð á vátryggingartaka nema sannað sé að umrætt atvik hafi átt sér stað.

M telur bótaábyrgð fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa er ósannað að meiðsl viðkomandi aðila megi rekja til bifreiðarinnar A.

Niðurstaða.

Bótaskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 25. nóvember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 235/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ slysátryggingar launþega.**

Ágreiningur um bótaskyldu er starfsmaður verslunar kvaðst hafa fallið í stiga.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 5.11.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 24.11.2008.

Málsatvik.

Laust fyrir kl. 13 þann 8. ágúst 2007 leitaði M á slysa- og bráðadeild Landspítalans í Fossvogi vegna verkja í baki. Kvaðst hann hafa dottið í stiga í vinnu sinni í versluninni V um kl. 9.30 um morguninn. Fram kom í læknisfræðilegum gögnum málsins að við komu hafi ekki verið ástæða til að gruna brot og M hafi verið því sammála. Þá var þess getið að M ætti við þrálát (krónísk) verkjavandmál að stríða, en honum gæti versnað. Við svo búíð fór M heim til sín. Svo er að sjá að hann hafi leitað næst til slysadeildarinnar þann 7. október 2007 vegna verkja í baki sem leiddu niður í vinstri fót. Í einu læknisvottorði er getið um ýmsar rannsóknir sem M hefur gengist undir. Þar segir m.a. að töluverður fjöldi samfallsbrota sé í hrygg og mikið slit. Einnig er þess getið að tekin hafi verið “TS-rannsókn af thoraco-lumbal-mótunum til samanburðar og sést gömul compression á Th12, en tiltölulega nýleg compression með haki anteriori í efri endaplötuna á L1, þannig er tiltölulega fersk fractura á L1.” Ekki kemur hvenær rannsóknir þessar voru gerðar.

Samkvæmt upplýsingum frá V hafði M unnið hjá V í u.þ.b. eina viku er hið meinta slys átti sér stað. Hann hvarf þá strax af vinnustaðnum og hefur síðan hvorki sést í vinnu né látið í sér heyra. Viku eftir hið meinta slys fréttu fyrirsvarsmenn V af því. Var þá reynt árangurslaust að hafa samband við M. Hann hafi ekki gert neitt til að upplýsa V um tjónsatvikið og tildrög þess, jafnvel þótt reynt hafi verið að ná í hann í því skyni.

M hefur krafist bóta úr slysátryggingu launþega sem V hefur keypt hjá Vátryggingafélaginu X. Félagið hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu.

Álit.

M tilkynnti ekki um tjónsatburðinn til V þegar hann kvaðst hafa slasast. Ekkert bendir til þess samkvæmt gögnum málsins að það hafi verið honum ómögulegt. Ekkert liggur fyrir um það hvernig slysið á að hafa borið að höndum og engin vitni virðast hafa verið að atvikinu. Samkvæmt þessu verður að telja ósaannað að M hafi orðið fyrir slysi sem er bótaskyld úr slysátryggingu launþega hjá X. M á því ekki rétt á bótum úr vátryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá X.

Reykjavík, 9. desember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 222/2008

M og Vátryggingafélagið X v/fritímaslysátryggingar

Meiðsl við fall í stiga á veitingastað 04.03. 2006, ágreiningur um frest/tómlæti til að krefjast meðferðar fyrir úrskurðarnefnd.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 27.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 01.12. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M datt niður stiga á umræddum veitingastað. Hann var ölvaður í umrætt sinn.

Vátryggingafélagið vísar til þess að tjónstilkynning hafi borist félaginu 29.03. 2006. Með bréfi (tilkynningu), dags. 24.08. 2006, hafi félagið hafnað bótaskyldu. Í nefndu bréfi vísar félagið til 10. gr. skilmála þar sem segir m.a. “Hafi vátryggður valdið því af stórkostlegu gáleysi að vátryggingaratburður varð eða afleiðingar hans urðu meiri en ella hefði orðið má lækka eða fella niður ábyrgð félagsins sbr. 2. mgr. 27. gr. eða 1. mgr. 90. gr. laga 30/2004”. Félagið hafnaði greiðsluskyldu, það taldi að bein orsakatengsl væru á milli ölvunar vátryggðs og þess að hann hafi hrasað á leið niður stigann. Fram kemur í bréfinu tilvísun til 124. gr. nefndra laga um vátryggingarsamninga varðandi frest til að skjóta afstöðu félagsins til úrskurðarnefndar eða til dómstóla þ.e. innan árs frá tilkynningu þeirri sem hér um ræðir.

Vátryggingafélagið lætur þess getið í bréfi til nefndarinnar, dags. 01.12. sl., að félagið hafni staðhæfingu M um að hann hafi aldrei fengið höfnunarbréf félagsins. Umrætt bréf hafi verið sent á heimilisfang M, sem hann hafi gefið upp í tjónstilkynningu sinni. Lögmaður M hafi haft samband við félagið rúmum tveimur árum eftir að umrætt höfnunarbréf var sent. Engin gögn hjá félaginu bendi til þess að M hafi á tímabilinu ágúst 2006 til október 2008 haft samband við félagið til að grennslast fyrir um afstöðu félagsins til kröfu sinnar. Félagið vísar til þess að engar reglur kveði á um að félaginu beri að senda höfnunarbréf með ábyrgðarbréfi og ekkert í málinu bendi til þess að póstpjónustu hafi verið ábótavant á þessum tíma. Mið hliðsjón af ofanrituðu telur félagið að M hafi ekki skotið máli þessu til úrskurðarnefndar innan árs frá því að honum barst höfnunarbréf félagsins og því sé krafa hans fallin niður sbr. lög um vátryggingarsamninga.

Vátryggingafélagið lætur þess og getið að M hafi verið ofurölvi er slysið átti sér stað og þar með sekur um stórkostlegt gáleysi sbr. umfjöllun félagsins sem óþarft er að geta. Samkvæmt læknisvottorði hafi áfengismagn í blóði M verið 2,35.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann staðhæfir í málskotinu m.a. að honum hafi ekki verið tilkynnt um afstöðu félagsins að hafna bótaskyldu fyrir en í október 2008 þegar honum hafi borist afrit af bréfi félagsins, dags. 24.08. 2006. Það “bréf var ekki sent tjónþola og var tjónþoli á sjúkrahúsi er fyrrgreint bréf var dagsett”. Kæra hans sé því sett fram innan tímamarka.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. afstöðu váttryggingafélagsins, glatar M mögulegum rétti sínum til bóta þar sem hann hefur ekki krafist meðferðar fyrir úrskurðarnefnd innan árs frá því hann fékk höfnunarbréf félagsins sbr. 2. mgr. 124. gr. laga um váttryggingarsamninga.

Lagt er til grundvallar að umrætt höfnunarbréf félagsins hafi verið sent til M á árinu 2006 líkt og félagið heldur fram. Það vekur athygli að M skuli ekki hafa haft samband við félagið fyrir en í október 2008 þrátt fyrir fyrirliggjandi tjónstilkynningu frá árinu 2006.

Vegna ofanritaðs verður ekki fjallað um það hvort tjónsatburð máls þessa megi rekja til stórkostlegs gáleysis M.

Niðurstaða.

Greiðsluskylða þeirrar váttryggingar sem hér um ræðir er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. desember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 223/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Suðuhaus í pokavél í plastpokagerð klemmdi fingur tjónþola.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 27.10.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 7.11.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 30.4.2008 var M við störf við pokavél í plastpokagerðinni V. Plast mun hafa flækst í vélinni og M stöðvað vélina og teygt sig í plastið til að fjarlægja það. Suðuhaus á vélinni seig þá niður og klemmdi tvo fingur M á hægri hendi.

Í umsögn Vinuettirlits ríkisins um slysið segir að M hafi verið að fylgjast með pokavélinni. Plastlengja sé á rúllu við enda vélarinnar og fari plastið í gegnum vélina þar sem suðuhaus skeri það í sundur þannig að úr verði margir plastpokar. M hafi svo pakkað pokunum saman í búnt. Stundum flækist plastið í vélinni og krumpast. Þegar slysið varð hafði slíkt gerst við suðuhausinn. M stöðvaði vélina og var að losa flækjuna með því að stýra suðuhausnum handvirkt, þ.e. lyfta honum með því að ýta á til þess gerðan takka. Ekki vildi betur til en að suðuhausinn fór á hönd M. Segir í umsögninni að slysið megi rekja til þess að hægt hafi verið að fara með hendur að hreyfanlegum hlutum þótt búið hafi verið að stöðva vélina. Er í umsögninni vísað til gr. 1.3.7 í viðauka I, um grunnkröfur um heilsuvernd og öryggi í tengslum við hönnun og smíði véla og öryggisíhluta, við reglur nr. 761/2001 um vélar og tæknilegan búnað, svo og 4., 6., 7. og 8. gr. reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja, svo gr. 2.3 í viðauka I með reglugerðinni. Fyrstu fyrirmæli Vinnuettirlitsins vegna slyssins voru að banna notkun vélarinnar þar til búið væri að skoða hana af vélvirkja (viðgerðarmanni) og gera við hana ef með þyrfti. Síðar var bætt við kröfum um úrbætur; annars vegar að þegar átt er við vélar með hreyfanlegum vélarhlutum þurfi að rjúfa straum á meðan og hins vegar að koma verði í veg fyrir inngríp starfsmanna við vélar sem standa á sér af einhverjum orsökum.

M krefst viðurkenningar á bótaskyldu V á því líkamstjóni sem hún hlaut í slysinu. Bótaskyldu hefur verið hafnað af hálfu V.

Álit.

Ekkert liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins að slysið verði rakið til vanbúnaðar eða bilunar í umræddri pokavél eða að ekki hafi verið farið að reglum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum við notkun og umhirðu vélarinnar. Þá hefur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til skorts á leiðbeiningum til M varðandi þá hættu sem í því fólst að fara með höndina inn í vélina og losa flækjuna á þann hátt sem hún hugðist gera. Að öðru leyti hefur heldur ekki verið sýnt fram á að slysið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

Líkamstjón M er ekki bótaskyld.

Reykjavík, 25. nóvember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 244/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. Slysátryggingar ökumanns A

Umferðaróhapp þegar bifreið ók út af vegi þ. 30.3.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 7.11.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-5.
2. Bréf V dags .24.11.2008 ásamt fylgiskjali 1.
3. Lögregluskýrsla dags. 30.3., 31.3 og 18.4.2008.

Málsatvik.

Málsatvik segir M vera þau að hann hafi ekið A vestur Miklubraut á akrein lengst til hægri og ætlað að beygja norður Grensásveg þegar bifreið sem ekið var eftir miðakrein hafi verið beygt yfir á hægri akrein í veg fyrir A og hafi hann þurft að sveigja frá og hafi hin bifreiðin þá beygt aftur yfir á miðakrein en stuttu síðar þegar M hafi beygt inn á aðreinina sem liggur frá Miklubraut inn á Grensásveg í norður hafi hinni bifreiðinni verið ekið aftur yfir á hægri akrein og þvingað M út í kant með þeim alfleiðingum að hann ók yfir umferðareyjuvið gatnamótin og varð A óökufær og M slasaðist. Vitni að þessum atburðum segir að þeim bifreiðum sem um ræðir hér að framan hafi verið ekið fram úr sér á mikilli ferð og þær farið á milli akreina án þess að nota stefnumerki. Vitnið segir að við gatnamót Miklubrautar og Grensásveg hafi A verið ekið eftir miðakrein götunnar og beygt yfir á vinstri akrein og rekist utan í kant á umferðareyju sem þar er og ekið yfir eyjuna. Vitnið segir að A hafi ekki verið ekið inn á fráreinina heldur hefði hann ætlað að aka áfram yfir gatnamótin í vestur. Vitnið segir að ökumaður A hafi stofnað sjálfum sér og öðrum vegfarendum í stórhættu með akstri sínum. Sérstaklega aðspurður um framburð vitnisins þá neitar M því að atvik hafi verið með þeim hætti sem vitnið lýsir.

Álit.

Að öllum gögnum málsins virtum þá verður að telja nægjanlega sannað að M hafi í umrætt sinn sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við akstur A og á hann þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum frá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum frá V.

Reykjavík 9.12. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 239/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)

Vinnuslys við fall úr stiga 11.07. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 05.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.11. 2008 og dags. 08.12. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M ætlaði að sækja vörur í vörurekka og notaði til þess lausan stiga. Samstarfsmaður hans hélt við Stigann meðan hann klifraði í um 2 metra hæð. Féll stigin þannig að meiðsl hlutust af. Samkvæmt upplýsingum vátryggingartaka er venja að nota lausan stiga jafnt sem lyftara við að ná í vörur úr vörurekkanum.

Vátryggingafélagið telur ekkert athugasemdi við aðstæður eða verkferla að öðru leyti en því að stigin hafi ekki verið skorðaður nægilega vel. Það atriði megi beint rekja til M sjálfs.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins er getið vinnubragða og starfshátta. Eftirlitið telur að orsök slyssins megi rekja til þess að stigin hafði ekki þann stuðning sem þurfti og skekkist þegar farið var upp stigan og sennilega hafði sá sem studdi við hann að neðanverðu ekki getað haldið við stigan. Eftirlitið vísar til gr. 19.1 reglna 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarstöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð. Fram kemur að lausir vinnustigar sem notaðir eru skuli vera af viðurkenndri gerð. Þannig skal frá lausum stigum gengið, að ekki sé hætt á að þeir velti eða skríði til. Eftirlitið gefur þau fyrirmæli að “lausir stigar skulu vera festir eða skorðaðir þannig að þeir séu öruggir”.

Álit.

M lætur þess getið í málskotinu að viðurkennd verði skaðabótaskylda A og að M eigi rétt á greiðslu skaðabóta vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs og einnig rétt á bótum samkvæmt slysatryggingu launþega.

Málatilbúnaður M og viðbrögð vátryggingafélagsins við málskotinu eru á þann veg að einungis verður fjallað um hvort greiðsluskylda hafi stofnast vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs. Í tölvupósti vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.12. sl., er þess getið að félagið “hafði viðurkennt bótaskyldu í launþegatryggingarmálinu þegar það var lagt fyrir nefndina”.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum og athugasemdum Vinnueftirlits ríkisins voru aðstæður á vettvangi ófullnægjandi. Mikilvægt er að lausir stigar séu festir eða skorðaðir þannig að þeir séu öruggir. Á því varð misbrestur.

Ágreiningur er um hvort M eða samstarfsmaður hans hafi sett stigan í þá stellingu sem hann var í. M staðhæfir í málskotinu að honum hafi verið “skipað að ná í vörur uppí hillunni þar fyrir ofan er stigin náði. Það hafi verið óverjandi vinnubrögð, en nauðsynlegt hefði verið að festa stigan bæði að ofan og neðan”.

M er ungur að árun fæddur á árinu 1990 og hafði unnið á þessum tímabundið á þessum vinnustað. Því var mikilvægt að leiðbeina honum frekar en gert var.

Með hliðsjón af framanrituðu er ábyrgð fyrir hendi vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs sem nemur helming. Rétt þykir að skerða rétt M um helming vegna eigin sakar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda ábyrgðartryggingar atvinnureksturs er fyrir hendi sem nemur helming.

Reykjavík 9. desember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 225/2008

M og Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar bifreiðarinnar A

Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni á Nýbýlavegi 12.10. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 28.10. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 21.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Ökumaður A missti stjórn á bifreið sinni. Í skýrslu lögreglu kemur fram m.a. að ökumaðurinn hafi lýst því yfir að hann hafi “ekki verið búinn að sofa og að hann væri mjög þreyttur. Hefði hann ekið of hratt og misst stjórn á bifreiðinni í beygjuni sem þarna er...” Umrædd bifreið er öflug þ.e. 274 hestöfl. Dekkjafor eftir bifreiðina mældust 121 meter frá upphafi að þeim stað þar sem bifreiðin staðnæmdu.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að þrátt fyrir að haft sé eftir honum í skýrslu lögreglu að hann hafi verið “illa sofinn og hafi ekið of hratt þá sé það fráleitt að telja það stórkostlegt gáleysi...þannig að bótaréttur falli niður”. Hann lætur þess getið að “vissulega hefði ég átt að hægja betur á þar sem aflíðandi beygja var framundan en alls ekki var um glannaakstur að ræða.”

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki vera fyrir hendi. Það telur að ökumaður bifreiðarinnar hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Í fyrsta lagi vegna þess að hann hafi sest mjög þreyttur undir stýri, ósofinn en tjónið varð kl. 07.31 að morgni sunnudags. Í öðru lagi vegna ofsahraða bifreiðarinnar. Félagið vísar m.a. til 44. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og 26. gr. og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og greinar 6.1 (varðandi stórkostlegt gáleysi) og 17.4 (varúðarregla) í skilmálum vátryggingarinnar. Jafnframt vísar félagið til dóms Hæstaréttar í máli 50/2004.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að vátryggingaratburð máls þessa megi rekja til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Með vísan til 2. mgr. 27. gr. sbr. og 26. gr. laga um vátryggingarsamninga er bótaábyrgð vátryggingafélagsins ekki fyrir hendi.

M lætur þess getið í málskotinu að hann telur sig “ekki þurfa að sanna” að hann hafi “ekið þannig að ekki hafi verið ámælisvert, heldur þurfi tryggingafélagið að sanna” að hann hafi sýnt stórkostlegt gáleysi. Vegna þessa skal þess getið að fyrirliggjandi gögn og atvik öll gefa til kynna að vátryggingaratburð máls þessa megi rekja til stórkostlegs gáleysis ökumanns. Hann miðaði ökuhraða ekki við aðstæður, hann var “illa sofinn” og gætti ekki þeirrar aðgæslu sem gera verður kröfur um. Þetta veldur því að vátryggingafélagið losnar úr ábyrgð.

Niðurstaða.

Greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9. desember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr.240 /2008
M og
Vátryggingafélagið V v launþegatryggingar L

Vinnuslys þegar steinsagarblað hrökk til og í andlit hins slasaða þann 29.03. 2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.11.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-15
2. Bréf V. dags. 11.11.2008.

Málsatvik.

M vann við lagnaframkvæmdir í götu. Hann var að saga í sundur skolprör úr steinsteypu. Notaði hann steinsög við verkið. Að sögn hans festist sagarblaðið í sagarfarinu með þeim afleiðingum að blaðið og sögin hrukku til baka og slóst blaðið í andlit hans. Vátryggingafélagið hafnar bótaábyrgð úr slysatryggingu launþega og frjálri ábyrgðartryggingu þar sem tilkynning um atvik hafi borist félaginu eftir að frestur samkvæmt 1. mgr. 124. gr. vátryggingarsamningalaga nr. 30/2004 sbr. og 1. mgr. 51. gr. sömu laga og ákvæði 6.3 vátryggingarskilmála var liðinn. Félagið vísar til þess að slys M hafi orðið í mars 2006 en þann 8. apríl 2008 hafi verið gerð krafa á hendur félaginu. M telur bótaábyrgð fyrir hendi og byggir á því að M hafi sett kröfu sína fram í tæka tíð.

Álit.

Vinnueftirlitið telur að slysið hafi átt sér stað vegna þess að rörið sem sagað var gekk til þegar það hrökk í sundur. Við það kemmdist sagarblaðið í sagarfarinu og þeyttist út úr því af afli og lenti á andliti M. Þær úrbætur sem farið var fram á var að “gæta skuli fyllstu aðgæslu við sömu eða svipaðar aðstæður þar sem klemmihætta blaðs er fyrir hendi”.

Þegar tekið er mið af gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirra vátrygginga sem hér um ræðir. Úrskurðarnefnd í Vátryggingamálum tekur fram að um mál þetta var fjallað í úrskurði nr. 99/2008. Engin ný gögn sem máli skipta hafa verið lögð fram í málinu sem breytt geti efnislegru niðurstöðu úrskurðar í máli 99/2008 eða reifuð sjónarmið sem leitt gæti til slíkrar niðurstöðu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda V er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 9.12. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 232/2008
M og
Vátryggingafélagið V v. Málskostnaðartryggingar.

Krafa um greiðslu málskostnaðartryggingar vegna máls þingfestu þ. 15.1.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 31.10.2008. ásamt bréfi og fylgiskjölum 1-5.
2. Niðurstaða tónanefndar nr. 480/08
3. Bréf V dags. 7.11.2008 ásamt fylgiskjölum 1-2.

Málsatvik.

M höfðaði mál gegn fyrirtæki í Danmörku. M var stjórnarformaður í einkahlutafélagi sem hann stofnaði, átti hlut í og var um skeið framkvæmdastjóri fyrir. Fyrirtækið sem mál var höfðað gegn keypti hlut M en ágreiningur var um greiðslu kaupverðs hlutanna og starfslok M hjá einkahlutafélaginu. Málinu lauk með því að réttarsátt var gerð í málinu. M gerir kröfu til að fá greiddan kostnað vegna málsins úr réttaraðstoðartryggingu fjölskylduverndar hjá V. V hafnar bótaskyldu með vísan til b liðar 2. gr. Vátryggingaskilmála þar sem segir að vátryggingin taki ekki til ágreinings sem er í tengslum við atvinnu eða embættisrekstur vátryggðs.

Álit.

Réttarágreiningur í máli því sem M höfðaði gegn fyrirtæki í Danmörku snérist m.a. um kaupum og sölu á hlutabréfum, starfslok M og greiðslur eftir starfslok. Ekki verður því hægt að líta á málið með öðrum hætti en þeim að réttarágreiningurinn hafi verið í tengslum við atvinnu M í skilningi b liðar 2.gr skilmála vátryggingarinnar. M á því ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskylduverndar hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr réttaraðstoðartryggingu fjölskylduverndar hjá V.

Reykjavík 2.12. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 236/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/forfallatryggingar ferðatryggingar

**Forföll í tengslum við ferð erlendis 04.09. 2008,
varðar skilyrði skilmála um hverjir njóti vátryggingaverndar.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 05.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 20.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann gagnrýnir að ekki hafi verið beðið um nafnalista heldur hafi verið beðið um heldarreikning vegna greiðslu ferðar með kortinu. Óþarft er að geta þeirrar umfjöllunar sem fram kemur í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki vera fyrir hendi. Félagið vísar til ákvæðis skilmála 1.3 þar sem fram kemur að vátryggingin nær til korthafa, maka hans, sambylismaka, barna á framfæri til loka 22 ára aldurs og eins eða tveggja viðskiptavina eða samstarfsmanna í samfylgd korthafa í viðskiptaferðum. Skilyrt er að skýrt komi fram á ferðareikningi hverjir skulu tryggðir á kortinu.

Félagið vísar til þess að á upphaflegum ferðareikningi sé ekki skýrt tekið fram hverjir skulu tryggðir á kortinu þar segir aðeins “Árshátíðarferð til Valencia 4.-8. September 2008, 74 pers.” Félagið kveðst ekki geta unað því að önnur gögn, sem borist hafa og eiga að uppfylla gildisákvæði vátryggingarinnar, séu “gerð eftir að tjón varð.....”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Fortakslaust ákvæði vátryggingarskilmála 1.3, virðist ekki hafa verið uppfyllt miðað við takmörkuð gögn máls þessa.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Reykjavík 9. desember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 237/2008
M og
Vátryggingafélagið V v. kaskótryggingar A

Krafa um bætur úr kaskótryggingu bifreiðar vegna tjóns þ. 21.6.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 5.11.2008.
2. Bréf V dags. 22.10.2008.
3. Lögregluskýrsla dags. 29.6.2008.

Málsatvik.

Sonur eiganda A tók lykla bifreiðarinnar og ók henni síðan með þeim afleiðingum að hann keyrði á tvær kyrrstæðar bifreiðar og olli tjóni á kyrrstæðu bifreiðunum og A. M krefst bóta úr kaskótryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að um sé að ræða 15 ára ungling sem taki bifreið föður síns en varúðarreglum hafi ekki verið sinnt þar sem lykklar bifreiðarinnar hafi ekki verið geymdir á ábyggilegum stað þar sem óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang. Þá segir V að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða hjá syni M við akstur A.

Álit.

Ekki er á það fallist að M hafi brotið varúðarreglur við geymslu lykla A. Þess er ekki krafist að lykklar bifreiða séu geymdir í læstum hirslum þar sem annað heimilisfólk en eigandi bifreiðar kemst ekki að. Almennt verður að telja að varúðarreglum um vörslur sé framfylgt ef lykklar eru geymdir á heimili viðkomandi bifreiðaeigenda nema sérstakar aðstæður kalli á öruggari vörslur en um það var ekki að ræða í þessu tilviki miðað við gögn málsins. M á því rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr kaskótryggingu sinni hjá V vegna tjóns á A.

Reykjavík 9.12 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 262/2008
M og
Vátryggingafélagið V v. innbrots.

Innbrot í skemmu í Sandgerði þ.7.9.2006.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 21.11.2008. ásamt fylgiskjöllum 1-7.
2. Bréf V dags. 22.12.2008 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Tilkynnt var um innbrot til lögreglu þ.7.9.2006 í skemmu í Sandgerði. Í lögregluskýrslu segir að bíúð hafi verið að sparka upp hurð en innandyra hafi verið ýmislegt dót. Þá segir í skýrslunni að bílskúrshurð hafi verið opin og ekki unnt að loka henni. M krefst bóta úr tryggingu sinni hjá V vegna þess að ýmsu lausafé hafi verið stolið. V hafnar bótaskyldu og segir að umrætt húsnæði hafi ekki verið læst og vísar í vátryggingaskilmála hvað það varðar þar sem segir að tryggingin taki ekki til þjófnaðar eða skemmda á lausafé sem geymt er í opnum skemmum eða skýlum sbr 6. gr skilmálanna.

Álit.

Af þeim gögnum sem liggja frammi í málinu að dæma sérstaklega ljósmyndum af umræddu húsi verður ekki séð að því hafi verið lokað með fullnægjandi hætti. M á því ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 27.1. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 245/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysátryggingar atvinnureksturs

Meiðsl í þrekprófi við upphífingar þann 15.09. 2005.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 11.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 25.11. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var í þrekprófi. Þegar hann var að gera upphífingar fann hann skyndilega verk í vinstri öxl. Samkvæmt læknisvottorði er M með einkenni áverka á sínar við öxl sbr. nánar fyrirliggjandi gögn. M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það vísar til 1. gr. vátryggingarskilmála þar sem segir m.a. “Félagið greiðir bætur vegna slyss, er sá sem tryggður er, verður fyrir eins og segir í skilmálum þessum....Með orðinu “slys” er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama þess, sem tryggður er, og gerist sannanlega án vilja hans”.

Félagið telur að utanaðkomandi atburður hafi ekki valdið því að M fékk skyndilegan verk í vinstri öxl. Einungis hreyfing M sjálfs hafi valdið áverkanum. Umrætt atvik falli því utan við hugtakið slys. Félagið vísar máli sínu til stuðnings til dóma Hæstaréttar í máli nr. 47/2006 og í máli 1996 bls. 4161. Jafnframt getur félagið þess að í kjarasamningi aðila sé ekki gerð nein undanþága um þau atvik sem hér um ræðir.

Álit.

Með hliðsjón af framanrituðu og fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Meiðsl M eru utan við gildissvið þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir m.ö.o. ekki var um slys að ræða í merkingu vátryggingarskilmála.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. desember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 238/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar D.**

Ágreiningur um bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu ökutækis.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 5.11.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 20.11.2008.

Málsatvik.

Laust fyrir kl. 10 að kvöldi laugardagsins 6. október 2007 var óskað aðstoðar lögreglu vegna tveggja manna er voru í slagsmálum við húsið nr. 13 við Efstahjalla í Kópavogi. Er lögregla kom á vettvang voru þar íbúar hússins, M og eiginmaður hennar, A. Kváðu þau systur M, B, og sambýlismann hennar, C, hafa komið að heimili þeirra á bifreiðinni D þar sem C taldi sig eiga einhverjar óuppperðar sakir við M og A. Hafi svo farið að A og C lentu í átökum fyrir framan húsið og M varð einnig fyrir höggum frá C. Munu átökin hafa færst út á götu að D, en B sat undir stýri hennar. Kvaðst M hafa farið fram fyrir bifreiðina og kallað til B og spurt hana um tilefni átakanna. B hafi ekki svarað henni, en ekið af stað og ekið á M. Hafi hún fallið í jörðina en fann ekki til. Eftir þetta hafi B og C ekið á brott. Í skýrslu lögreglu kemur fram að M hafi verið með stóran marblett á hægri upphandlegg, en hún kvað C hafa gripið í sig og lamið sig í höfuðið. Hún kvaðst ekki finna til eftir að ekið var á sig þótt vera megi að áverkar eigi eftir að koma í ljós.

M gaf skýrslu hjá lögreglu þann 9. október 2007 og lýsti þá atvikum nánar. Er hún kom að D kvað hún rúðu í bílstjórahurð hafa verið skrúfaða niður og hafi hún kallað til B að stöðva C. Eftir að B hafi svarað henni hafi hún bakkað lítillega frá, en síðan ekið nokkuð hratt á M. Hægra framhorn D hafi skolið á hægri síðu hennar þannig að hún hafi fallið í götuna og fengið slæmt högg á hægri hönd. M kvaðst hafa komist á fætur og verið að svipast eftir A, þegar B hafi ekið aftur á hana svo vélarhlíf D hafi skolið á mjóhrygg hennar og hún fallið aftur í götuna. M kvaðst hafa leitað á slysa- og bráðadeild Landspítalans í Fossvogi. Í ljós hafi komið að hún hafi verið rifbeinsbrotin á hægri síðu, auk þess sem hún hafi verið brotin á baugfingri hægri handar. Þá hafi verið töluverðir maráverkar á hægri hendi.

Þann 8. janúar 2008 var tekin lögregluskýrsla af B. Hún lýsti atburðum við bifreiðina á þann veg að C hafi sest inn í D, en M hafi náð að setja höndina inn um opinn bílgluggann og togað í hár C og klórað hann á hálsi. Að svo búnu haf hún farið upp á vélarhlíf D. Þegar hún hafi farið af bifreiðinni, hafi hún bakkað frá, en M og A hafi staðið fyrir framan hana og baðað út höndum til að varna því að þau kæmust burt. Hún hafi náð að smeygja sér fram hjá þeim, en á meðan hafi þau lamið í D. Kvaðst B aldrei hafa ekið á M.

Skýrsla var einnig tekin af C hjá lögreglu þann 8. janúar 2008. Hann lýsti átökum við A og þátttöku M í þeim. Er hann var kominn inn í D hafi M komið að og rífið í hár hans inn um opinn gluggann. A hafi barið ofan á vélarhlífina og í framljósinn. M hafi svo hlaupið upp á bifreiðina. Hann hafi þá farið út úr D og ýtt A frá, en í sömu andrá hafi M fallið af D í götuna. Hann hafi þá farið aftur inn í D og þau ekið í burtu. Hann kvað B aldrei hafa ekið á M.

E var farþegi í aftursæti D í umrætt sinn. Í lögregluskýrslu sem tekin var af honum 8. janúar 2008 lýsti hann atvikum við D á þann veg að einhver átök hafi orðið á milli þeirra þriggja, A, C og M, er C kom að D. M hafi lamið eitthvað í D og klifrað upp á hana. B hafi ekki ekið á M. Hún hafi hins vegar látið bifreiðina síga eitthvað áfram eftir að C var sestur inn í hana, en á meðan hafi A

og M staðið fyrir framan D og reynt að koma í veg fyrir að B æki á brott. M hefði einungis staðið fyrir framan D, en D hafi aldrei verið ekið á hana.

F, dóttir B, var einnig farþegi í aftursæti D. Í lögregluskýrslu sem tekin var af henni í gegnum síma þann 8. janúar 2008, lýsti hún atvikum við D þannig að C hafi flúið inn í bifreiðina en M og A hafi staðið fyrir framan D og lamið hana eitthvað. M hafi síðan klifrað upp á D, en B hefði ekið D rólega af stað því C hafði sagt henni að fara áður en lögregla kæmi. M hefði síðan dottið af D. Þann 4. mars 2008 hafði F símasamband við lögreglu og lýsti atvikum þá þannig að M hafi ekki klifrað upp á vélarhlíf D. Hún hafi séð M fyrir framan bifreiðina og hún hafi fíkrað sig með annan fótinn upp á vélarhlífina en ekki farið upp á hana. F kvaðst ekki hafa séð að B hafi ekið á M. Hún kvaðst muna að er hún sá M falla í götuna hafi B sagt eitthvað á þá leið: “Guð ók ég á hana.” Er B ók af stað hafi M og A gengið meðfram D, en á því augnabliki hafi hún verið að fylgjast með A. Þá hafi C haft á orði við B “að aka þá bara á þetta pakk” og sagt B að gefa í. Síðan hafi hún ekki séð fyrr en M lá í götunni.

Í gögnum málsins liggja fyrir læknisfræðileg gögn um líkamsáverka sem M hlaut í umrætt sinn. M hefur krafist bóta fyrir líkamstjón sitt úr ábyrgðartryggingu D, sem var ábyrgðartryggð hjá Vátryggingafélaginu X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir verður að ætla að krafa M sé á því reist að líkamstjón hennar hafi hlotist af notkun D, sbr. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Eins og rakið hefur verið urðu átök milli A og C og átti M einnig þátt í þeim að einhverju leyti og kvaðst þá hafa hlotið mar á hægri handlegg og höfuðhögg. Samkvæmt lögregluskýrslum er M ein til frásagnar um það að D hafi verið ekið á hana. B, sem og vitnin C og E, staðhæfa að D hafi ekki verið ekið á M. Af framburði F verður heldur ekki fullyrt að svo hafi verið. B ók D á brott í kjölfar átaka og uppnáms meðal þeirra sem þarna áttu hlut að máli. Samkvæmt því sem hér að framan greinir þykir ekki lögfull sönnun fram komin um að M hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rakið verður til notkunar D. Af þessu leiðir að M á ekki rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu D hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar D hjá X.

Reykjavík, 9. desember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 246/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Vinnuslys 11.12. 2006.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 11.11. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.12. 2008, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist við vinnu sína. Þegar hann var að leggja af stað með fulla “podfasýna-ausu” frá sýnatökustað á steypuvél 4 þurfti hann að fara niður af slefdalli sem er um 50 cm hár. Við það féll hann á gólfið með þeim afleiðingum að fljótandi ál slettist úr ausinni á fót hans.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Venjan sé að nota pall við hliðina á slefdallinum til að fara upp og niður þegar sýni eru tekin. M hafi ekki notað þá leið heldu hoppað af sjálfum slefdallinum og á vatnsinntakið á steypuvél 4. Félagið hafnar því að rekja megi slysið til óviðunandi aðstæðna og vinnusvæðis við sýnatöku. Orsök slyssins megi rekja til háskalegrar háttsemi M sjálfs. Félagið leggur áherslu á að þó aðstæðum hafi verið breytt í kjölfar slyssins þá sé það ekki sjálfstæð viðurkennig á bótaskyldu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Umrætt slys virðist fyrst og fremst mega rekja til aðgæsluleysis M sjálfs en ekki óviðunandi starfsaðstöðu ellegar sakar vátryggingartaka eða annarra starfsmanna sem hann ber ábyrgð á.

Ekki verður séð að slysaætta hafi verið augljós ellegar að vinnuaðstæður til sýnatöku hafi ekki uppfyllt öryggiskröfur samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhæti og öryggi á vinnustöðum.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 2. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 241/2008

**Á og Æ
og
X hf. vegna greiðslukortatryggingar**

Breytingar á ferðaáætlunum í september 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið 5. nóvember 2008 ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að Á og Æ voru búin að kaupa sér ferð til útlanda 28. september 2008. Þau þurftu að hætta við ferðina þar sem Æ varð að kaupa og fara að reka fyrirtækið sem hann vann hjá. Á og Æ töldu ástæðu þess að hætt var við ferðina ófyrirséða tilfærslu í starfi sem væri bótaskyld skv. greiðslukortatryggingu sem fylgdi platinum greiðslukorti sem þau hafa. Tryggingafélagið hafnaði bótaskyldu þar sem tjónið félli utan bótaskylds vátryggingarinnar.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að Æ hafi sjálfur ákveðið að yfirtaka fyrirtæki það sem hann vann hjá. Ekki verður því séð að atvikið falli undir ákvæði 7.1.7 í skilmálum visa platinumkorts þess sem Æ og Á voru með. Tjón bætist ekki úr greiðslukortatryggingu.

Niðurstaða.

Tjónið bætist ekki úr greiðslukortatryggingu. G.

Reykjavík, 9. desember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 243/2008

M og Vátryggingafélagið X v/kaskótryggingar

Ökumaður missti stjórn á bifreið sinni á vinnusvæði við Reykjanesbraut 13.09. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 07.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 24.11. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Ökumaður A missti stjórn á bifreið sinni.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki vera fyrir hendi. Það telur að ökumaður bifreiðarinnar hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við aksturinn. Hann hafi ekið á 70-75 km hraða um vel merkt vinnusvæði þar sem hámarkshraði er 50 km klst. Á vettvangi standi vegaframkvæmdir yfir og vegna þessa eru á akbrautinni krappar beygjur. Mikil rigning hafi verið. Ökumenn hafi þurft að sýna sérstaka aðgæslu. Félagið telur og að bifreiðin hafi ekki verið í lögmætu ástandi þar sem dekkjabúnaður hennar hafi verið "mjög slitinn". Ökumaðurinn hafi misst stjórn á bifreiðinni og ekið yfir vegahindranir á akbrautinni. Félagið telur rétt að bæta tjónið sem nemur 2/3 hlutum. Það vísar til ákvæðis skilmála um stórkostlegt gáleysi og varúðarreglu um ástand ökutækis og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann er ósammála niðurstöðu félagsins um mat á saknæmi.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að vátryggingaratburð máls þessa megi rekja til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Ökumaðurinn miðaði ökuhraða ekki við aðstæður.

Með vísan til ofanritaðs og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga og fyrirkomulags vátryggingarskilmála er greiðsluskylda vátryggingafélagsins fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir er fyrir hendi sem nemur 2/3 hlutum.

Reykjavík 9. desember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 247/2008

A
vegna Z
og

X hf. vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar J ehf.

Tjón á bifreið 13. október 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið 11. nóvember 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 24. nóvember 2008.

Málsatvik.

Málavextir eru þeir að A lagði bifreið sinni fyrir utan heimili sitt, aftan við gröfu í eigu J sem þar hafði verið lagt. Tveimur dögum seinna var komið að bifreið A þar sem fremsti partur gröfunnar hafði lagst ofan á húdd bifreiðarinnar og valdið á henni skemmdum. Engin vitni voru að atvikinu.

Álit.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að fremsti partur gröfunnar hafi sigið niður á húdd bifreiðar A og að engin önnur skýring sé á því tjóni sem á bifreiðinni varð. Enga aðra skýringu er að finna á atvikinu en að starfsmenn J hafi ekki gengið með eðlilegum hætti frá gröfunni þegar þeir lögðu henni fyrir framan hús A. Tjón bifreiðar A bætist úr frjálstri ábyrgðartryggingu J.

Niðurstaða.

Tjónið bifreiðar A bætist úr frjálstri ábyrgðartryggingu J.

Reykjavík, 9. desember 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 264/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar lögmanns,

Ágreiningur um liðsinni lögmanns við gerð kaupsamnings á árinu 2000.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 24.11. 2008, ásamt fylgiskjöllum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.12. 2008, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Forsvarsmenn fyrirtækjanna M og K munu hafa komið á fund umrædds lögmanns á árinu 2000. Hlutverk lögmannsins mun hafa verið að setja upp samning á milli aðila um kaup á atvinnuhúsnæði. Forsvarsmenn M telja að lögmaðurinn hafi gert mistök við uppsetningu kaupsamningsins sem hafi gert það að verkum að rögum aðila hafi verið greitt kaupverðið. Lögmaðurinn telur að hann hafi ekkert gert athugavert við uppsetningu samningsins.

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Það hvernig síðar hafi verið staðið að framkvæmd samningsins verði að telja lögmanningnum óviðkomandi.

Vátryggingafélagið bendir og á m.a. að krafa í starfsábyrgðartryggingu lögmannsins hafi fyrst verið gerð tæpum 8 árum eftir undirritun samnings aðila og rúmum 4 árum eftir nauðungarsölu á viðkomandi eign. Óhjákvæmilegt sé því að líta til tómlætisáhrifa. Athugavert sé að ekkert liggur fyrir um það hvaða árangurslausu leiða M hafi leitað á þeim tæpu 4 árum sem liðu frá undirritun fram til nauðungarsölu, til að fá kaupverðið endurgreitt. Eins það að rúm 4 ár líða frá nauðungarsölu fram að kröfu í starfsábyrgðartrygginguna. Í ljósi þess hversu langt er nú um liðið frá atvikinu verði a.m.k. að líta svo á að M beri sönnunarbyrðina fyrir því sem óljóst er í málinu. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að lögmaðurinn hafi vanrækt skyldur sínar miðað við það takmarkaða liðsinni sem hann virðist hafa lagt af mörkum í tengslum við samning aðila.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 2. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 266/2008
M vegna A og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar K

Bifreið varð fyrir tjóni þegar henni var ekið út í vatnstjörn á fjölförnum vegi þ.8.2.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 25.11.2008 ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Bréf V dags. 5.12.2008. ásamt fylgiskjali 1-3

Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig að hann hafi ekið bifreið sinni A eftir Nýbýlavegi til austurs á eftir bifreið sem ekið var í sömu átt og þegar komið var undir brúna við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Nýbýlavegar hafi verið þar stór vatnstjörn og stöðvaðist A í vatnseignum og komst ekki lengra og vél A eyðilagðist. Fyrir liggur samkvæmt dagbók lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að vaktmanni á vegum K var tilkynnt um að vatn væri farið að safnast fyrir á þeim stað þar sem A varð fyrir tjóninu og sagðist vaktmaðurinn mundu gera vinnuflokki á vegum bæjarins viðvart. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu K hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að á þeim tíma þegar tjónið var hafi menn verið að vinna að því að leysa vandamál vegna vatnssöfnunar og búið hafi verið að setja búkka og merkingar þar sem verið var að vinna þarna. V segir að starfsmenn K hafi hafið aðgerðir strax og þeir fengu tilkynningu um vatnið á þeim stað sem hér ræðir um.

Álit.

Af hálfu K er því haldið fram að starfsmenn K hafi brugðist við um leið og vitneskja barst um vatnssöfnun undir brúnni við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Nýbýlavegar. Þeirri fullyrðingu hefur ekki verið hnekk. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en starfsmenn K hafi brugðist við til að leysa vandann um leið og þeim varð hann ljós en ekki náð að gera það áður en óhapp M varð. Ekki verður lögð sök á K vegna þessa þar sem ekki er sýnt fram á vanrækslu af hálfu K við að leysa þann vanda sem skapaðist vegna vatnsveðursins þ. 8.2.2008.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu K hjá V.

Reykjavík 2.1. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 269/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysáttryggingar sjómanna

**Meiðsl þegar sjómaður stökk af skipi yfir á bryggju þann 05.12. 2004,
ágreiningur hvort um slys hafi verið að ræða.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 18.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið um slys að ræða eins og það hugtak er skýrt í vátryggingarétti. Telur félagið að “meint líkamstjón” M verði ekki rakið til utanaðkomandi atburðar sem hafi orðið án vilja hans. “Það eitt að lenda úr stökki geti ekki talist utanaðkomandi ákoma/orsök nema eitthvað sérstakt komi til”. Meiðslin hafi einungis hlotist af hreyfingu M sjálfs við lendingu úr stökkinu. Þau feli í sér álagsmeiðsl á hné sem félagið telur að hafi verið verulega “skaddað fyrir eins og gögn málsins bera glögggt með sér”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að orsök “slyss hans sé ákoma og högg á hné sem hann hlaut er hann lenti á bryggju þegar hann hafði hoppað úr bátum”. Þannig sé um utanaðkomandi atburð að ræða er “fóturinn lenti á bryggjunni”.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa þ.á m. röksemdafærslu aðila, hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingarinnar. Skilyrði slysáttryggingar um utanankomandi atburð eru ekki uppfyllt. Hér virðist hafa verið um álagsmeiðsl að ræða.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 27. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 250/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Meiðsl þegar M rann til í bleytu í stiga við hliðina á heitri laug 27.08. 2004.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 14.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 28.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að aðilar hefðu átt að sýna meiri aðgæslu um að hafa ekki bleytu í bröttum stiga við heita laug. Hann lætur þess og getið að “þarna er eftir því sem best verður séð verið að tryggja fyrir slysi, sem verður í starfsstöð M, ekki er gert að skilyrði að um sök sé að ræða, heldur aðeins skyndilegur eða óvæntur atburður, þ.e. slys”.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að ekki verði séð að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka, ófullnægjandi aðbúnaðar eða annarra atvika sem hann ber ábyrgð á. Félagið fjallar og um staðhæfingu M í málskotinu um að ekki sé gert að skilyrði í skilmálum frjálsrar ábyrgðartryggingar að sök liggi fyrir að hálfu starfsmanna vátryggingartaka. Félagið bendir á það að ákvæði skilmála kveða á um að vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í skírteini. Augljóst sé að hér er átt við skaðabótaábyrgð að íslenskum lögum sem vátryggingartaki ber samkvæmt skaðabótareglum utan samninga.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ekki hefur verið sýnt fram á að rekja megi meiðsl M til saknæmrar háttsemi vátryggingartaka, ófullnægjandi aðbúnaðar eða annarra atvika sem hann ber ábyrgð á.

Vegna umfjöllunar M skal áréttað að umrædd vátrygging tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem getið er í skírteini. Hér er, líkt og vátryggingafélagið bendir á, átt við skaðabótaábyrgð sem vátryggingartaki ber samkvæmt skaðabótareglum utan samninga.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. desember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 251/2008

A

og

Vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar B

Ágreiningur um bótaskyldu vegna vatnsflóðs frá ísskáp

Gögn.

1. Málskot móttakið 17.11.2008.
2. Tjónstilkynning málskotsaðila A, dags. 11.9.2008.
3. Greinargerð málskotsaðila, dags. 14.11.2008.
4. Tjónstilkynning vátryggingataka B, dags. 23.09.2008.
5. Reikningar og ljósmyndir.
6. Bréf V dags. 30.09.2008.
7. Greinargerð V dags. 01.12.2008.

Málsatvik.

Vátryggingataki B kom fyrir ísskáp í húsi A og tengdi ísskápinn við kaldavatnslögn hússins í júlí 2007. B útvegaði efni til verksins.

30. júlí 2008 rofnaði vatnslögn við ísskápinn, vatn flæddi um íbúðina, parket og fleira skemmdist.

A telur B bótaskyldan fyrir tjóninu þar sem plasttengi sem brotnaði og orsakaði lekann hafi brotnað vegna þess að starfsmenn B hafi ofhert það eða það hafi verið brotið þegar B. keypti það.

B telur húseigandann A eða seljanda ísskápsins bera ábyrgð á tjóninu og V, ábyrgðartryggjandi B telur ósannað að tjón A megi rekja til verks B. Því til áréttingar er bent á hve langur tími líður frá því verkið var unnið þar til vatnsleiðslan fer að leka.

Álit.

A hefur ekki lagt fram matsgerð eða önnur gögn sem sanna að tjón hans megi rekja til þess að starfsmenn B hafi ofhert fyrrnefnt plasttengi eða á annan hátt sýnt af sér saknæma og þar með bótaskylda háttsemi sem B ber skaðabótaábyrgð á.

Niðurstaða.

A á ekki rétt á skaðabótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 13. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 271/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar eiganda bifreiðarinnar AS-363 (A)

Umferðaróhapp 18.10. 2007, ölvun við akstur, meiðsl farþega.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 26.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.12. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M var farþegi í eigin bifreið. Hann varð fyrir líkamstjóni þegar bifreiðinni var ekið aftan á aðra bifreið á gatnamótum Miklubrautar og Lönguhlíðar. Ágreiningur er um hvort M hafi vitað eða mátt vita að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið undir áhrifum áfengis, lyfja eða fíkniefna og þar með sýnt af sér stórkostlegt gáleysi að fela þeim ökumanni stjórn bifreiðarinnar og taka sér far með honum í undanfara óhappsins.

Vátryggingafélagið telur að M hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi sbr. grein 8.1 í skilmálum vátryggingarinnar. Vegna þessa telur félagið að skerða skuli bætur til M um 2/3 hluta sbr. röksemdafærslu félagsins í gögnum málsins.

M telur greiðsluslydu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta. Hann getur þess og að “ef svo ólíklega vill til að úrskurðarnefnd telji að skerða megi bætur kvartanda vegna stórkostlegs gáleysis er farið fram á, til vara, að kvartandi fái a.m.k. 2/3 hluta skaðabótanna”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að M hafi mátt gera sér grein fyrir ástandi þess aðila er hann fól akstur bifreiðarinnar. Honum hefði átt að vera ljóst að ökumaðurinn var óhæfur til að aka bifreiðinni.

Ofanrituðu til stuðnings má vísa til mælingar á áfengismagni og lyfjarannsóknar og frásagna lögreglu af vettvangi um ástand aðila. Að auki viðurkennir M að hann hafi drukkið áfengi og neytt fíkniefna. Það kann e.t.v. að hafa skert dómgreind hans en það leysir hann ekki undan því að gæta að ástandi þess sem hann felur akstur bifreiðar sinnar.

Með hliðsjón af ofanrituðu og fyrirliggjandi gögnum er rétt að skerða bætur til M um 2/3 hluta sökum stórkostlegs gáleysis hans.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi sem nemur 1/3 hluta.

Reykjavík 2. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 266/2008

Endurupptaka

M vegna bifreiðarinnar A og Vátryggingafélagið X v. ábyrgðartryggingar sveitarfélags

Bifreið varð fyrir tjóni þegar henni var ekið út í vatnstjörn á fjölförnum vegi þann 8. febrúar 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið 25.11.2008 ásamt fylgiskjölum 1-7.
2. Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 5.12.2008, ásamt fylgiskjali 1-3.
3. Beiðni um endurupptöku M, dags. 27.02. 2009.
4. Bréf vátryggingafélagsins vegna beiðni M um endurupptöku, dags. 26.03. 2009.

Málsatvik.

Málsatvikum er lýst í fyrirliggjandi úrskurði, dags. 2. janúar 2009. M lýsir atvikum þannig að hann hafi ekið bifreið sinni A eftir Nýbýlavegi til austurs á eftir bifreið sem ekið var í sömu átt og þegar komið var undir brúnna við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Nýbýlavegar hafi verið þar stór vatnstjörn og stöðvaðist A í vatnseignum og komst ekki lengra og vél A eyðilagðist. Fyrir liggur samkvæmt dagbók lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu að vaktmanni á vegum K var tilkynnt um að vatn væri farið að safnast fyrir á þeim stað þar sem A varð fyrir tjóninu og sagðist vaktmaðurinn gera vinnuflokki á vegum bæjarins viðvart.

Vísað er til fyrirliggjandi gagna varðandi afstöðu aðila. M telur greiðsluskyldu fyrir hendi og að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi. Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu, það telur að skilyrði endurupptöku séu ekki fyrir hendi þar sem ný gögn hafi ekki komið fram.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hafa komið fram nýjar upplýsingar sem réttlæta endurupptöku málsins. Gögnin varpa fyllra ljósi á aðstæður og það sem gerðist.

Virðist sem starfsmenn bæjarins hafi ekki brugðist nægjanlega rétt við þeirri hættu sem fyrirliggjandi var. Samkvæmt dagbók lögreglu fékk starfsmaður bæjarins tvær tilkynningar um ástandið en svo virðist sem ekkert hafi verið aðhafst fyrr en upp úr kl. 23. Umrædd vanræksla veldur bótaskyldu í máli þessu. Starfsmenn bæjarins hefðu þurft að grípa mun fyrr til ráðstafna en gert var vegna hins mikla vatnsveðurs sem fyrir hendi var.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á ökumann bifreiðarinnar.

Þess ber að geta, vegna umfjöllunar M um úrskurðarnefndina og ákvæði stjórnarsýslulaga um andmælarétt og upplýsingaskyldu, að nefndin er ekki stjórnarsýslunefnd samkvæmt nefndum lögum. Hún tekur ekki ákvarðanir um réttindi og skyldur aðila samkvæmt lögnum. Úrskurðarnefndin metur hverju sinni hvort tilefni er til að gefa málskotsaðila tækifæri til að tjá sig um andmæli þess vátryggingafélags vegna málskots sem um ræðir hverju sinni. Það er nefndarinnar að meta hvenær tímabært þykir að taka afstöðu til málskotsins.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr umræddri ábyrgðartryggingu.

Reykjavík 31. mars 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl.

Mál nr. 253/2008

M

og

vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar ökutækis.

Endurgreiðsla veikindalauna til vinnuveitanda úr ábyrgðartryggingu ökutækis.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 17.11.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf Sjónvá-Almennra trygginga hf., dags. 5.12.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

A, starfsmaður M, varð fyrir snjósleðanum B þann 14.4.2007, en B var ábyrgðartryggður hjá vátryggingafélaginu X. A varð óvinnufær af völdum slyssins og greiddi M sem vinnuveitandi hans honum veikindalaun frá slysdegi til júníloka 2007, eða samtals 1.230.636 krónur að meðtöldum launatengdum gjöldum. Með vísan til 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 hefur hann krafðið X um endurgreiðslu þessarar fjárhæðar auk vaxta og kostnaðar úr ábyrgðartryggingu B.

Í rökstuðningi M fyrir kröfu sinni kemur fram að M sé lítið þjónustu- og verslunarfyrirtæki með sérhæfða starfsemi. Útilokað hafi verið að ráða annan starfsmann í stað A meðan hann var frá vinnu. Málið hafi því verið leyst með því að meira vinnuálag hafi verið sett á aðra starfsmenn, tilfærslur verið gerðar innan fyrirtækisins eftir því sem mögulegt var og biðtími þjónustunnar lengdist. Eflaust hafi einhverjir viðskiptavinir orðið frá að hverfa og leitað annað eftir þjónustu.

X hefur hafnað bótaskyldu þar sem ekki hafi verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir tjóni.

Álit.

Ekki er um það deilt að M hafi greitt umrædd laun til A auk launatengdra gjalda meðan hann var óvinnufær af völdum slyssins og M hafi ekki notið vinnuframlags A á tímabilinu.

Samkvæmt 2. mgr. 17. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 getur vinnuveitandi, sem hefur greitt slasaða laun eða aðrar launatengdar greiðslur vegna líkamstjóns, krafðið hinn skaðabótaskylda um endurgreiðslu að því marki sem vinnuveitandinn hefur orðið fyrir fjártjóni vegna slíkra greiðslna. Eins og mál þetta liggur fyrir hefur ekki verið sýnt fram á að M hafi orðið fyrir fjártjóni vegna þeirra greiðslna sem hann innti af hendi vegna óvinnufærni A. Við svo búið á M ekki rétt til endurgreiðslu úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á endurgreiðslu úr ábyrgðartryggingu B hjá X.

Reykjavík, 2. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 254/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/innbústrygging

Þjófnaður úr íbúð þann 15.11. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 27.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Þann 25.11. 2007 var lögreglan kvödd að húsnæði M vegna “innbrots”. Sama dag mun vátryggingafélaginu hafa verið tilkynnt um atvik. Aðilar á þess vegum fóru á vettvang. Félagið telur að ekki hafi verið sjáanleg ummerki á vettvangi á hurða- eða gluggabúnaði sem gefið gæti til kynna að um innbrot hafi verið að ræða skv. vátryggingarskilmálum.

Þann 28.12. 2007 bárust félaginu upplýsingar um að “tveir men hefðu verið handteknir í tengslum við málið og þýfi í þeirra fórum afhent” M. Mennirnir munu samkvæmt framburðarskýrslu kunnugir M.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur fullsannað að þjófnaður sá sem átti sér stað hafi verið framinn af mönnum sem áttu greiða leið inn í íbúð M sem hafi verið ólæst. Forsenda fyrir greiðsluskyldu sé að á vettvangi séu ótvíræð merki um innbrot. Svo hafi ekki verið.

M telur greiðsluskyldu vera fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Forsenda fyrir greiðsluskyldu samkvæmt vátryggingarskilmálum er sú að ótvíræð ummerki séu eftir innbrot. Það skilyrði er ekki uppfyllt í máli þessu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 16. desember 2008

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 267/2008

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar lóðarverktaka.**

Tjón er vatnsslanga var sett inn um glugga í verslun.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 25.11.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 15.12.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Starfsmenn verktakans L voru að störfum í lóð fyrir framan verslun M við nánar tilgreinda götu í Hafnarfirði. Fengu starfsmennirnir aðgang að heitu vatni sem var leitt til þeirra í slöngu út um glugga í verslun M. Hægt var að opna og loka fyrir rennsli úr slöngunni með þar til gerðum sprautuspíss sem komið var fyrir á enda slöngunnar. Í lok vinnudags hafði húsið verið yfirgefið og það læst. Starfsmenn L höfðu ekki lykla að húsinu né aðgang að því með öðru móti og gátu þar af leiðandi ekki skrúfað fyrir vatnið í slöngunni. Frekar en að láta slönguna liggja út um gluggann næturlangt völdu þeir þann kostinn að setja slönguna inn um gluggann og loka honum. Um nóttina losnaði fyrrgreindur spíss af slöngunni og sjóðandi heitt vatn rann um verslun M og olli tjóni.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu L hjá váttryggingafélaginu X. Félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Upplýsingar um málsatvik eru um margt takmarkaðar. Þannig liggur m.a. ekki skýrt fyrir við hvers konar verk starfsmenn L voru að vinna í lóðinni né hver hafi veitt þeim aðgang að vatninu. Eins og atvikum virðist hafa verið háttáð verður að telja að það hafi engu að síður staðið starfsmönnum L næst að gera viðhlítandi ráðstafanir til að geta gengið frá slöngunni með tryggilegum hætti í lok vinnudags. Það virðist hafa brugðist. Telja verður að það hafi verið misráðið af starfsmönnum L að setja slönguna með fullum þrýstingi inn um glugga verslunarinnar án þess að gera nokkrum viðvart og ætlað að treysta á það að slangan með heitu vatninu myndi ekki gefa sig. Samkvæmt þessu verður að virða það starfsmönnum L til sakar hvernig þeir gengu frá slöngunni og verður tjón M rakið til þessa. Ekkert liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins að tjónið verði að einhverju leyti rakið til meðábyrgðar M. Ber því að bæta tjónið að fullu úr ábyrgðartryggingu L hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M bætist úr ábyrgðartryggingu L hjá X.

Reykjavík, 2. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 275/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/fjölskyldutryggingar (innbúskaskó)

Ágreiningur um gildissvið vátryggingarinnar í tengslum við veggjalýs í nóvember 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 01.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Veggjalýs fundust í íbúð M. Meindýraeyðir var kallaður til sem eitraði tveggis í íbúðinni.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins. Því þykir ekki sýnt að tjónið nái undir bótaskyldu vátryggingarinnar skv. 3. gr. skilmála um innbúskaskó. Tjónið verði ekki rakið til “skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingartímabilinu”.

Samkvæmt tjónstilkynningu urðu ýmsir hlutir fyrir barðinu á lúsinni sem félagið telur að gefi til kynna að hún hafi náð að dreifa sér töluvert. Smám saman hafi tjónið komið í ljós. Miðað við fyrirliggjandi gögn verður lúsarinnar oft ekki vart fyrir en í óefni er komið og þær hafa náð að dreifa sér. Félagið telur að ekkert í gögnum málsins renni stoðum undir þá skoðun M að tjónið eigi rætur að rekja til skyndilegs utanaðkomandi atviks líkt og gerð er krafa um í skilmálum.

Samkvæmt nefndri 3. gr. skilmála tekur vátryggingin til tjóns á vátryggðum lausafjármunum svo lengi sem tjónið á rætur að rekja til skyndilegs og ófyrirsjáanlegs utanaðkomandi atviks á vátryggingartímabilinu.

M telur að meindýr séu ekki með óyggjandi hætti undanskilin í innbústryggingunni.

Álit.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir. Miðað við fyrirliggjandi gögn er um skyndilegt og ófyrirsjáanlegt utanaðkomandi atvik að ræða samkvæmt þeim skilmálum sem hér um ræðir. Ekki er um undanskylda áhættu að ræða ellegar við vátryggðan að sakast að því er telja verður.

Ofanrituð umfjöllun tekur ekki afstöðu til umfangs þess tjóns sem varð. Vátryggingartaki hefur sönnunarbyrði um umfang tjóns síns.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 2. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 278/2008

B

og

X hf. vegna brunatryggingar

Brunatjón 2. nóvember 2008.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 1. desember 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 16. desember 2008

Málsatvik.

Kveikt var í plastbáti á athafnasvæði B og geryðilagðist báturinn. Við hlið bátsins stóð annar bátur sem einnig skemmdist af eldi. Ágreiningslaust var milli B og tryggingafélagsins að plastbáturinn væri tryggður. Tryggingafélagið neitað að bæta tjónið á hinum bátnum þar sem hann félli ekki undir skilmála brunatryggingar B. B heldur því fram að báturinn sem skemmdist falli undir skilgreininguna "lausafé" í vátryggingaskírteini brunatryggingar B.

Álit.

Í vátryggingaskírteini B er tilgreint hvað hið tryggða sé. Þar er sérstaklega tilgreint að tryggingin taki til nánar tilgreinds báts. A.ö.l. tekur tryggingin til lausafjár skv. sundurliðin í bátasmiðju. Telja verður að lausafé í bátasmiðju sé lausafé innandyrá. Ekki er hægt að líta svo á að með lausafé sé vísað til báta í eigu B sem geymdir eru á utan dyra á athafnasvæði B.

Niðurstaða.

Tjón B vegna báts á athafnasvæði B, sem ekki er tilgreindur á vátryggingaskírteini, bætist ekki úr brunatryggingu B.

Reykjavík, 27. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 255/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/heimilisverndar

Tjón á heimili M 03.10. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Tölvupóstur vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.12. 2008, ásamt fylgiskjölum þ.e. tjónstilkynningu, myndum og exel skjali og höfnunarbrefi.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Samkvæmt tjónstilkynningu var M að aðstoða við að setja spegil á hurð þegar hann “rakst í lausan skáp með stytta uppá og dettur þá stytta á gólfið og við það brotnar stytta og skemmir gólfið og tryggingartaki rekst á hurðarhún og speglahurð og spegillinn brotnar. Tjónið er skemmd á parketi, brotin stytta og brotinn spegill”. Óþarft er að geta umfjöllunar M í málskotinu.

Í bréfi vátryggingafélagsins til nefndarinnar er þess getið m.a. að um sé að ræða innbús-kaskótryggingu M en tjón á hurð og gólfefni falli ekki undir þá vátryggingu. Stytta sem um ræðir sé innan eigin áhættu vátryggingarinnar. Því hafni félagið greiðsluskyldu úr innbús-kaskótryggingu.

Félagið vísar og til ábyrgðartryggingar tiltekins aðila, sem hér er nefndur H. Það telur að þar hafi verið um óhappatilvik að ræða sbr. nánar umfjöllun félagsins. Félagið getur þess og að miðað við gögn málsins hafi H verið að vinna umsamið verk fyrir kunningja sinn. Í skilmálum ábyrgðartryggingar komi fram að vátryggingin bæti ekki tjón sem verður vegna atvinnu hinna vátryggðu, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða atvinnu í þjónustu annarra.

Álit.

Miðað við fyrirliggjandi gögn reynir hér á hvort bótaréttur sé fyrir hendi úr innbús-kaskótryggingu M. Jafnframt reynir á mögulega ábyrgð samkvæmt ábyrgðartryggingu H sem kom að verkinu.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirra vátrygginga sem hér um ræðir.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 2. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 258/2008

**M
og
váttryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar Vegagerðarinnar.**

Skemmdir á bifreið er henni var ekið í holu við enda brúar.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 20.11.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 1.12.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 30.8.2008 ók M bifreið sinni, A, eftir Þjóðvegi nr. 60, Vestfjarðavegi, fram hjá bænum Fossá á Hjarðarnesi og að brú sem þar er á veginum. Við brúarendann mun hafa verið djúp hola í veginum og lenti A ofan í henni. Nokkrar skemmdir urðu á A, höggdeyfir og hægra framdekk eyðilögðust.

Í tilkynningu Vegagerðarinnar um atvikið segir að ekki hafi verið “vitað um að það væri svona slæmt við brúna. Vegagerðin var á staðnum þann 28. ágúst og þá var allt í lagi. Holur myndast snögg á malarvegum og við brúarkanta í rigningarveðrum.” Engar merkingar voru á vettvangi er óhappið varð, en svo hafi verið gert um leið og fréttir bárust af því.

Álit.

Samkvæmt 2. mgr. 43. gr. vegalaga nr. 80/2007 skal veghaldari svo fljótt sem við verður komið eftir að hann hefur fengið vitneskju um skemmdir á vegi, sem hættulegar eru umferð, láta gera við þær eða merkja hina hættulegu staði þar til viðgerð hefur farið fram og skulu merkingar vera í samræmi við ákvæði umferðarlaga. Þá er veghaldari vegar sem er opinn almenningi til frjálsrar umferðar ábyrgur fyrir tjóni sem hlýst af slysi á veginum þegar tjónið er að rekja til gáleysis veghaldara við veghaldið og sannað er að vegfarandi hafi sýnt af sér eðlilega varkárni, sbr. 56. gr. laganna. Með vísan til þessa síðarnefnda ákvæðis verður Vegagerðin, sem veghaldari umrædds vegar, því aðeins gerð ábyrg fyrir því tjóni sem varð á A að sýnt sé fram á að það verði rakið til gáleysis af hálfu Vegagerðarinnar að holan hafi verið óviðgerð eða viðeigandi merkingum hafi ekki verið komið upp við hana er óhappið varð. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að starfsmenn Vegagerðarinnar hafi vitað eða mátt vita um holuna, þegar A var ekið ofan í hana, eða haft tök á að gera nauðsynlegar ráðstafanir svo afstýra hefði mátt óhappinu. Að þessu virtu verður ekki talið að Vegagerðin beri ábyrgð tjóni því sem M varð fyrir vegna þeirra skemmda sem urðu á A í umrætt sinn.

Niðurstaða.

Tjón M vegna skemmda á A bætist ekki úr ábyrgðartryggingu Vegagerðarinnar.

Reykjavík, 2. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 257/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. frjálsrar ábyrgðartryggingar H ehf.

Ágreiningur um bótaskyldu þegar málning fór á húsgögn, gróður o.fl. þ. 22-24.7. 2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 20.11.2008. ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 15.10. og 1.12.2008. ásamt fylgiskjali 1.

Málsatvik.

H var verktaki við málun fjölbýlishúss þar sem M á íbúð. Að sögn M var trépullur ásamt grindverki og hellulögn utan við hann ásamt gróðri allt útatað í málningu að lokinni vinnu H. M segir að H hafi ekki sett neinar varnir um umræddan trépull eða þá muni sem málning slettist á. M heldur því fram að skemmdirnar séu vegna lélegra vinnubragða starfsmanna H og krefst bóta úr ábyrgðartryggingu H hjá V. V hafnar bótaskyldu með vísan til greinar 6.3. í vátryggingaskilmálum en samkvæmt því ákvæði tekur vátryggingin ekki til ábyrgðar vegna skemmda á munum eða glötunar muna sem vátryggður tekur að sér að hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti. Þá vísar V í dóm Hæstaréttar í máli nr. 189/1999

Álit.

H mátti vera ljóst að hætta gæti verið á að trépullur, húsgögn o.fl í eigu M gæti orðið fyrir tjóni ef þess væri ekki gætt að verja þessa muni áður en málningavinna hæfist eða gæta sérstakrar varúðar við málningavinnuna. Samt sem áður lét H hjá líða að setja upp nokkrar eða nægjanlegar varnir og olli því tjóni á ofangreindum munum og gróðri. Af útboðslýsingu, verklýsingu og tilboðsskrá að dæma var ekki um það að ræða að H tæki þá muni sem hér ræðir um í sínar vörslur. Þá var ekki um muni að ræða sem vátryggður tók að sér að hreinsa, setja upp eða vinna við með einum eða öðrum hætti. Undanþáguákvæði í grein 6.3. í vátryggingaskilmálum sem V vísar til á því ekki við í máli þessu og því bótaskylda H fyrir hendi gagnvart M í málinu.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu H hjá V

Reykjavík 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 270/2008
M og
V v/frjálsrar ábyrgðartryggingar L

Vinnuslys þegar maður var að hreinsa steypusíló þ. 29.8.2001.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 26.11.2008. ásamt fylgiskjölum 1-7
2. Niðurstaða tjónanefndar nr. 700/08
3. Bréf V dags. 18.12.2008 ásamt fylgiskjölum 1-6

Málsatvik.

M var að þrifa efnissíló við vinnu sína hjá L þegar steypusíló lenti á honum og klemmdist L á milli sílóana. L var 18 ára þegar slysið varð. Í skýrslu Vinnueftirlits ríkisins segir að M hafi verið að skafa steypu úr síló þegar steypuflutningavagn sem rennur á braut í loftinu hafi keyrt á hann. Vinnueftirlitið gerir þær kröfur að settur verði upp útsláttarbúnaður á pall sem hindri keyrslu meðan verið er að hreinsa síló. M krefst bóta úr ábyrgðartryggingu L hjá V og segir að aðstæður á vinnustaðnum og verklagið hafi ekki verið fullnægjandi út frá öryggissjónarmiðum þá er af hálfu M vísað til ungs aldurs hans og hann hafi í einu og öllu fylgt verklagi því sem hann hafi átt að fylgja. Af hálfu L er því haldið fram að M hafi tekið upp á því sjálfur að fara að hreinsa síló í umrætt sinn enda sé það ekki í hans verkahring þá hafi M verið með eyrnahlífar með útvarpi og þess vegna hafi hann ekki heyrnt í flutningatækinu. Af hálfu V er bótaskylda viðurkennd m.a. með vísan til umsagnar Vinnueftirlits ríkisins en V telur að M hafi ekki gætt þeirrar aðgæslu sem honum hafi borið að gera í umrætt sinn, honum hafi verið fullljóst að flutningatækið rynni þarna yfir og gætur þyrfti að hafa á för þess og þá muni M hafi verið með útvarp í eyrnahlífum í gangi og athygli hans og heyrn því skert og telur V að skerða eigi bótarétt M um þriðjung vegna eigin sakar.

Álit.

Eins og að framan greinir fellst V á bótaskyldu L í máli þessu þar sem aðstæður á verkstað hafi ekki verið fullnægjandi. V telur þó að M eigi að bera þriðjung tjóns síns vegna eigin sakar. Ekki er á það fallist með V að eðlilegt sé að skerða bætun M þegar tekið er mið af framlögðum gögnum og atvikum öllum. Ekki hefur verið sýnt fram á að M hafi farið að með öðrum hætti en almennt tíðkast við vinnu af því tagi sem hann stundaði þegar slysið varð. Tjón M bætist því að fullur úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

Tjón M bætist að fullu úr ábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 27.1. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 268/2008

M
og
vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar A
og
vátryggingafélagið X v/ bifreiðarinnar B.

Árekstur á bifreiðastæði við verslun Europris, Austurvegi 69, Selfossi þann 16.8.2008.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 26.11.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 4.12.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Bifreiðin A var við hlið bifreiðarinnar B í bifreiðastæði við verslun Europris að Austurvegi 69, Selfossi og snéri hægri hlið A að vinstri hlið B. Er ökumaður A ætlaði að aka úr stæðinu rákust bifreiðirnar saman þannig að vinstri afturhurð B rakst á milli hurðar og afturbrettis A.

Ökumaður A kvaðst hafa litið í hægri spegil um leið og hann ætlaði að aka úr stæðinu. Hafi þá hurð B skallið á A milli hurðar og afturbrettis.

Stjórnandi B kvaðst staðið fyrir aftan B og verið að koma vörum fyrir í farangursrýminu. Vinstri afturdyr hafi verið opnar og hafi 11 ára gömul dóttir hennar verið á hnjánum í aftursætinu að hjálpa við að koma vörum fyrir. Fætur telpunnar hafi að hálfu staðið út um dyrnar. Þá hafi A verið ekið af stað og rekist á hurðina.

Vitni, sem mun hafa verið í einhvers konar kunningsskap við stjórnanda B, kvaðst hafa komið akandi eftir bifreiðastæðinu í sömu andrá og óhappið varð. Lýsti vitnið atvikum á svipaðan veg og stjórnandi B.

Álit.

Af gögnum málsins og eins og atvikum er lýst hér að ofan þykir mega slá föstu að B hafi verið kyrrstæð þegar A var ekið af stað og afturdyr B hafi þá staðið opnar. Hefur ökumaður A sönnunarbyrði um það að hurð B hafi verið skellt utan í hlið A. Sú sönnun hefur ekki tekist samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum. Verður öll sök því felld á ökumann A.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann A.

Reykjavík, 2. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 259/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Vanskil á iðgjaldi, réttarstaða í tengslum við umferðaróhapp 02.03. 2007.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 20.11. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.12. 2008.
- 3) Bréf nefndarinnar til vátryggingafélagsins, dags. 16.12. 2008, þar sem viðbótarupplýsinga var óskað.
- 4) Svarbréf vátryggingafélagsins, dags. 23.12. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila. Gögnin upplýsa um samskipti aðila í tengslum við ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar A.

M hafnar því að eiginmaður hennar hafi fengið tilkynningar félagsins um niðurfellingu vátryggingarinnar. Því er m.a. borið við að tilkynningar hafi verið sendar á lögheimili aðila en dvalarstaður hans hafi verið í Svíþjóð. M kannast ekki við að hafa fengið tilkynningar félagsins sbr. nánar fyrirliggjandi gögn.

Vátryggingafélagið telur að vátryggingin hafi verið fallin niður sökum vanskila. Það telur sig hafa sent tilkynningar sem krafist er þ.á m. greiðsluáskoranir skv. reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 392/2003 sbr. og 13. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Félagið vísar og til þess að viðkomandi aðili hafi ekki tilkynnt félaginu um að hann hefði aðsetur annars staðar en á lögheimili sínu. Á því beri hann ábyrgð. Dómafordæmi séu fyrir slíku sbr. Hrd. 1972 bls. 1020 og Hrd. 1986 bls. 1121. Félagið telur tilkynningarskyldu sína réttilega uppfyllta. Það telur að vátrygging bifreiðarinnar hafi ekki verið í gildi þegar umferðaróhapp varð.

Nefndin óskaði viðbótarupplýsinga frá vátryggingafélaginu þar sem óskað var fyllri skýringa á greiðsluyfirliti vegna tímabilsins 13.12. 2005 – 12.03. 2007 og vegna umfjöllunar lögmanns M varðandi heildariðgjöld. Óþarft er að geta skýringa félagsins sem fram koma í bréfi þess, dags. 23.12. 2008.

Álit.

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum var umrædd vátrygging fallin niður sökum vanskila á iðgjaldi. Ekki verður annað ráðið en að vátryggingafélagið hafi gætt tilkynningarskyldu sinnar samkvæmt reglugerð um lögmæltar ökutækjatrýggingar nr. 392/2003 sbr. og ákvæði vátryggingarsamningalaga nr. 30/2004.

Niðurstaða.

Vátryggingin sú sem hér er til umræðu var ekki í gildi á tjónsdegi.

Reykjavík 13. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 272/2008
M og
Vátryggingafélagið V-1 v. A og
Vátryggingafélagið V-2 v B

Árekstur bifreiða á vestanverðu Víkurskarði þ. 24.10.2008.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 27.11.2008. ásamt fylgiskjölum 1-11
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.823/08
3. Bréf V-1 dags. 8.12.2008 ásamt fylgiskjölum 1-10

Málsatvik.

Árekstur varð í vestanverðu Víkurskarði. A var að ryðja snjó af veginum þegar B kom á móti á leið til Akureyrar og árekstur varð með bifreiðunum. Ökumaður A segist hafa verið að ryðja snjó og ekið á 30-40 km hraða þegar hann hafi séð B koma út úr miklu snjóköfi og hafi hann þá reynt að koma í veg fyrir árekstur með því að sveigja A frá en það ekki tekist nægjanlega vel þannig að vinstri endi snjóruðningstannarinnar hafi hafnað á vinstri framenda B. Ökumaður B segist hafa ekið á 20-30 km hraða þegar hann sá A og tíminn til að koma í veg fyrir árekstur hafi nánast enginn verið. Lögð hafa verið fram mikill fjöldi ganga í málinu, ljósmyndir, umsagnir og álit svo nokkuð sé nefnt.

Álit.

Að öllum gögnum málsins virtum verður ekki annað séð en að ökumaður B hafi ekið yfir á öfugan vegarhelming þegar árekstur varð. B ber því alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

B ber alla sök.

Reykjavík 2.1. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 273/2008

**M
og
vátryggingafélagið X v/ heimilistryggingar.**

Borvélum og hleðslutækjum stolið við innbrot í flugskýli.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 28.11.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 9.12.2008.

Málsatvik.

Laust eftir hádegi þann 17.8.2008 var lögreglunni á Suðurnesjum tilkynnt um innbrot í flugskýli í eigu nánar tilgreindra flugáhugamanna. Hafði þriggja punkta hurð inn í flugskýlið verið brotin eða spennt upp. Við innbrotið mun hafa verið stolið tveimur hleðsluborvélum ásamt hleðslutækjum sem voru í eigu H, eiginmanns málskotsaðila. Af hálfu H er því haldið fram að hann hafi notað tækin heima við, en hann hafi ásamt félögum sínum verið að byggja flugskýlið fyrir áhugamál sitt.

H hefur krafist bóta fyrir borvélarnar og hleðslutækin úr heimilistryggingu sinni hjá vátryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Byggir höfnunin annars vegar á því að tækjunum hafi ekki verið stolið á skráðu lögheimili vátryggingartaka, en vátryggingin taki aðeins til almenns innbús sem er utan lögheimilisins um stundarsakir, sbr. 3. gr. skilmála þeirra sem um vátrygginguna gilda. Tækin hafi verið í flugskýlinu a.m.k. um nótt ef ekki lengur og því verið þar lengur en um stundarsakir eins og áskilið er í skilmálunum. Hins vegar er á því byggt af hálfu X að H sé smiður og að álit þess heyri hinir stolnu munir til verkfæra sem hann noti í atvinnu sinni en ekki sé um hluta af almennu innbúi hans að ræða. Munir af því tagi sem hér um ræðir geti því aðeins fengist bættir úr vátryggingunni að þeir séu á skráðu lögheimili vátryggingartaka þegar vátryggingaratburður verður.

Álit.

EKKI er um það deilt að tækjunum var stolið við innbrot í fyrrgreint flugskýli, sem H hafði að áhugamáli að reisa ásamt nokkrum félögum sínum. Borvélar eins og hér um ræðir eru til á mörgum heimilum án þess að þær þurfi að tengjast atvinnustarfsemi hinna vátryggðu. Ekkert er í gögnum málsins sem beinlínis rökstyður það að H hafi notað umræddar borvélar í atvinnu sinni annað en það að hann sé smiður. Með hliðsjón af því sem staðhæft er af hálfu H verður að telja að hinir stolnu munir hafi verið hluti af almennu innbúi H. Ekkert liggur fyrir um það að skilgreint sé eða skýrt frekar í vátryggingarsamningi aðila hvað átt sé við með að vátryggður munur sé um stundarsakir utan hins skráða lögheimilis vátryggðs. Verður því ekki fallist á þá skýringu X að munirnir hafi verið lengur en um stundarsakir í flugskýlinu. Að framangreindu virtu verður telja að þjófnáður á téðum borvélum og hleðslutækjum skuli bætast úr heimilistryggingu H hjá X.

Niðurstaða.

Tjón H bætist úr heimilistryggingu hjá X,.

Reykjavík, 2. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 276/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. lausafjártryggingar vegna innbrots.

Steypumótum var stolið þ. 1.4.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 1.12.2008. ásamt fylgiskjöllum 1-4.
2. Bréf V dags. 3.9. og 15.12.2008.

Málsatvik.

Unnið var við endurbætur á Grandagarði 8 og var nokkurt magn stálsteypumóta notuð við endurbætur á húsinu. Stálsteypumótin voru fjarlægð og var upplýst að þau hefðu þ. 1.4. 2008 verið hífð á flatvagn og hefði verið notaður byggingarkrani til verksins. Athafnasvæðið þar sem mótin voru geymd var ekki afgirt með lokaðri girðingu. M krefst bóta úr innbrotsþjófnaðartryggingu sinni hjá V. V hafnar bótaskyldu og bendir á að steypumótin hafi verið geymd úti og greiður aðgangur að þeim. Þá bendir V á ákvæði í 4. grein vátryggingaskilmála þar sem segir að vátryggingin nái ekki til þjófnaðar eða skemmda á lausafé sem geymt er í opnum skemmum, skýlum eða slíkum geymslum sem ekki eru varanlegar né tryggðar.

Álit.

Fyrir liggur að umrædd stálsteypumót voru geymd þar sem aðgangur var óhindraður. Miðað við ákvæði vátryggingaskilmála sem um tryggingu þá gilda sem hér ræðir um er tjón M ekki bótaskyldt úr innbrotstryggingu hans hjá V þar sem mótin voru geymd á opnu óvörðu svæði.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 2.1. 2008.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 277/2008

**M
og
vátryggingafélagið X v/ fasteignatryggingar.**

Tjón á eldhúsinnréttingu o.fl. af völdum raka og myglusvepps.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 1.12.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 11.12.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Í október 2003 mun vatnsrör hafa sprungið í gólfi milli eldhúss og þvottahúss í húseign á Selfossi, sem þá var í eigu A. Fasteignin var þá vátryggð hjá vátryggingafélaginu X. Samkvæmt tjónslýsingu X frá þeim tíma er atvikið var þurfti að brjóta upp í þvottahúsinu og raki komst í eldhúsgólf þar sem korkflísar voru. Auk uppbrots, múrverks o.fl. var skipt um flísar á eldhúsgólfinu og málaðir voru veggir og gólf í þvottahúsi. Var tjónið bætt úr fasteignatryggingu A hjá X í nóvember 2003.

Í maí 2008 var húseignin komin í eigu M, en í kjölfar jarðskjálfta á Suðurlandi í lok þess mánaðar þurfti að losa upp innréttingu í eldhúsi og þiljur í hjónaherbergi. Komu þá í ljós skemmdir af völdum raka og myglusvepps. Telur M að skemmdir þessar megi rekja til vatnstjónsins í nóvember 2003. Því sé hér um að ræða óbætt tjón frá þeim tíma sem beri að bæta úr fyrrgreindri fasteignatryggingu A.

Húsasmíðameistari, sem skoðaði skemmdirnar að beiðni M, telur að vatn hafi komist undir innréttinguna og valdið myglusvepp sem ekki hafi verið sjáanlegur fyrir en innréttingin var losuð.

X hefur hafnað bótaskyldu, annars vegar á þeirri forsendu að ósannað sé að skemmdir á eldhúsinnréttingunni verði raktar til vatnstjónsins 2003 og hins vegar að krafan sé fyrnd.

Álit.

Rakaskemmdir þær sem deilt er um í máli komu í ljós um fjórum og hálfu ári eftir að vatnsleiðsla hafði sprungið í gólfi á milli þvottahúss og eldhúss. Tjón, sem þá var talið hafa hlotist, var bætt úr fasteignatryggingu A, þáverandi eiganda eignarinnar. Ekki þykir mega fullyrða að krafa sú sem nú er höfð uppi í málinu sé fyrnd skv. 29. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, sem í gildi voru er vátryggingaratburðurinn varð 2003. Á hinn bóginn er ekkert vitað um frekari skemmdir sem kunna að hafa orðið af völdum þessa atburðar fyrir en skemmdir komu í ljós í maí síðastliðnum. Eins og mál þetta er vaxið verður M að sýna fram á það með órækum gögnum að þær skemmdir, sem nú hafa komið í ljós, verði raktar til atviksins í október 2003. Engin slík gögn liggja fyrir og verður því ekki hjá því komist að telja ósannað að tjónið verði rakið til atviksins 2003. Af því leiðir að tjónið fæst ekki bætt úr fasteignatryggingunni hjá X.

Niðurstaða.

Tjón M er ekki bótaskyldt úr fasteignatryggingu hjá X.

Reykjavík, 2. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 279/2008

M v/bifhjólsins A
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar verktaka

Umferðaróhapp 19.06. 2007, ágreiningur um hvort rekja megi óhappið
til ófullnægjandi merkinga um vegaf framkvæmdir.

Gögn.

- 1) Málskot móttækið 02.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M ók bifhjóli A vestur Háaleitisbraut að gatnamótum Skipholts með ætlaða akstursstefnu til hægri. Líkt og fram kemur í skýrslu lögreglu er biðskylda á gatnamótunum. Er M beygði til hægri mætti hann hópferðabifreið sem ekið var á vinstri akrein suður Skipholt, þ.e. á öfugum vegarhelmingi sökum framkvæmda sem í gangi voru. Við það missti M stjórn á A og féll í götuna.

Haft er eftir M í skýrslu lögreglu að hann hafi “komið að biðskyldunni, hægt á sér og litið til vinstri. Þegar hann hafi svo verið að aka inn á Skipholtinu hafi hann mætt hópferðabifreiðinni...” Vátryggingafélagið vísar til 25. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. M hafi aðeins gætt að umferð frá vinstri en ekki að umferð frá hægri, þ.e. úr þeirri átt sem hópferðabifreiðin kom. Félagið telur að M hafi ekki sýnt næga varúð og því hafi óhapp þetta orðið.

M telur að merkingum um vegaf framkvæmdir hafi verið óbátavant sbr. umfjöllun hans í málskotinu sem óþarft er að geta.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir.

Þrátt fyrir að merkja hefði mátt umræddar vegaf framkvæmdir betur verður að telja að óhapp þetta megi fyrst og fremst rekja til aðgæsluleysis M sjálfs og þess að hann hafði ekki fullt vald á bifhjólinu. Ökumenn sem aka inn á gatnamót verða að huga að mögulegri umferð bæði frá vinstri og hægri. Þessa gætti M ekki sbr. það sem eftir honum er haft í skýrslu lögreglu um að hann hafi “komið að biðskyldunni, hægt á sér og litið til vinstri. Þegar hann hafi svo verið að aka inn á Skipholtinu hafi hann mætt rútubifreiðinni. Honum hafi brugðið mikið við þetta, þar sem hann bjóst ekki við að mæta rútubifreið á öfugum vegarhelmingi og því hafi hann hemlað og dottið.”

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 2. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 280/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðatryggingar fjölskyldutryggingar

Rúðubrot 26.10. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 02.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 15.12. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M var að koma frá Akureyri. Hún mun ekki hafa komist alla leið heim til sín vegna snjóþyngsla og ákvað hún því að ganga síðasta spölinn. Var mikil snjókoma, dimmt og bylur og var M mjög köld og “örvæntingarfull”, líkt og segir í umfjöllun félagsins, þegar hún sá bústað þar sem kveikt var ljós. M náði að bústaðnum og barði á dyr en ekki var svarað. Ákvað hún því að brjóta rúðu til að komast inn en á þeim tíma hafði maður í bústaðnum vaknað sbr. nánar gögnin.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til ákvæðis skilmála sem undanskilur vátryggingaratburð sem rakinn er til ásetnings vátryggðs sbr. nánar ákvæði skilmála. Félagið telur að M hafi valdið tjóninu af ásetningi.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. mjög takmarkaða umfjöllun í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingarinnar.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 27. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 285/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs

Meiðsl þegar penni skaust í auga starfsmanns 05.09. 2006.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 08.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 06.01. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

M mun hafa setið til borðs með vinnufélaga sínum (H). Penni féll í gólfið og reyndu “bæði að ná í hann en hann náði pennanum. H var með gúmmíhanska og spennti pennan inni í hanskanum, missti takið á honum og penninn eða pennialokið skaust í vinstra auga á mér” líkt og segir í skýrslu lögreglu.

Ágreiningur er um hvort atvik máls þessa sé bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu vinnuveitanda M og H sökum vinnuveitendaábyrgðar.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur að atvik máls þessa hafi ekki verið í tengslum við störf kæranda og vinnufélaga hennar hjá vátryggingartaka þ.e. að þrifa bifreiðar. Félagið telur að þeir dómur sem vitnað er til í málskotinu geti ekki verið fordæmi. Félagið vísar máli sínu til stuðnings til Hrd. 1962 bls. 74.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber vinnuveitandi M ekki ábyrgð á tjóni M. Atferli aðila var svo fjarlægt starfsskyldum þeirra að slysið verður ekki jafnað til slyss í starfi þannig að geti komið til ábyrgðar samkvæmt ábyrgðartryggingu atvinnureksturs.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 286/2008

Z

og

X hf. vegna frjálsrar ábyrgðartryggingar H hf.

Vinnuslys 10. október 2007.

Gögn.

1. Málskot móttakið 8. desember 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 29. desember 2008.

Málsatvik.

Z slasaðist í vinnuslysi 1. október 2007 þegar lyftari bakkaði á vinstri fót hennar. Hún var við vinnu sína hjá H. Vegna vinnunnar þurfti Z að ganga frá vinnslulínu að færibaldi sem stóð við þottavél. Til þess að komast að færibandinu þurfti hún að ganga fram hjá lyftara sem staðsettur var við færibaldið. Í sömu andrá og hún gekk fram hjá lyftaranum bakkaði hann frá færibandinu og á Z. Hægri afturhlið lyftarans rakst á vinstri fót Z. Z slasaðist nokkuð. Ökumaður lyftarans bar í skýrslu Vinnueftirlits að hafa litið til beggja hliða áður en hann bakkaði en ekki séð Z. Vinnueftirlitið telur orsök slyssins vera samverkandi þætti: Ökumaður lyftarans bakkaði án þess að sjá að Z gekk í áttina að honum og Z áttaði sig ekki á því að lyftaranum var bakkað í sömu andrá og Z gekk bak við hann. Tryggingafélagið viðurkennir bótaskyldu en telur að bætur eigi að skerða um helming vegna aðgæsluleysis Z.

Álit.

Ágreiningur er um það hvort bætur Z vegna vinnuslyssins eigi að skerða vegna eigin sakar hennar. Ekkert í gögnum málsins styður fullyrðingar um að Z hafi með eigin aðgæsluleysi orðið völd að slysinu. Slysið virðist fyrst og fremst mega rekja til þess að ökumaður lyftarans bakkaði honum án þess að gæta nægilega að því hvort einhver væri nærstaddur.

Niðurstaða.

Tjón Z vegna vinnuslyss bætist að fullu ár ábyrgðartryggingu H.

Reykjavík, 27. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 282/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. Bifreiðanna A og B

Árekstur bifreiða á Suðurlandsbraut þ. 15.4.2008.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 4.12.2008. ásamt fylgiskjölum 1-8
2. Niðurstaða tjonanefndar nr. 797/08
3. Bréf V dags .15.12.2008.
4. Yfirlýsing ökumanns B dags. 8.12.2008.

Málsatvik.

Árekstur varð með bifreiðunum A og B þegar þeir voru að fara af bílastæðum við Suðurlandsbraut. Í tjonstilkynningu ökumanns A segir að A hafi verið kominn að línunni á biðskyldu og hafi gert sig líklegan til að aka út á götuna þegar B hafi komið og ekið á A og þá hafi báðar bifreiðarnar verið inni á bílastæðinu. Ökumaður B segist hafa verið að fara frá bílastæðinu þegar árekstur varð og hafi A komið frá hægri. Lögð hafa verið ýmis gögn varðandi áreksturinn þ.m.t. lögregluskýrslur þar sem aðilar tjá sig frekar um málavexti.

Álit.

Að öllum framlögðum gögnum málsins virtum verður ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri en að A beri alla sök á árekstrinum. Biðskylda er fyrir umferð frá bifreiðastæði Orkuhússins þaðan sem A kom og bar honum því að veita umferð um húsagötu þá sem B ók eftir forgang.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík 27.1.2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 288/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar vélaverkstæðisins (B)

**Ágreiningur um réttarstöðu í tengslum við það að vél
báts bræddi úr sér í september 2008.**

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 09.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Ágreiningur er um hver sé orsök úrbræðslunnar og hver beri ábyrgð á henni. Félagið telur ósannað að rekja megi tjónið til sakar eða annarra atvika sem vátryggingartaki ber ábyrgð á. Félagið gerir grein fyrir afstöðu sinni í bréfi til nefndarinnar, dags. 30.12. sl. Þeirrar umfjöllunar er óþarft að geta.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að allt bendi til þess að legur vélarinnar hafi verið gallaðar eða að þeim hafi ekki verið skipt út af vátryggingartaka er hann gerði við vélina vegna útbræðslu sem varð í júní sl. Vátryggingafélagið telur að engin gögn styðji þessa afstöðu M.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu vátryggingarinnar. Fyrirliggjandi sérfræðigögn duga ekki til þess að unnt sé að láta halla á vátryggingartaka. Ósannað er að tjón M verði rakið til sakar eða annarra atvika sem vátryggingartaki ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 13. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 290/2008

M

og

Vátryggingafélagið v/ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Skemmdir á hurð í Oddskarðsgöngum 07.04. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 09.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 05.01. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Bifreiðinni A var ekið um göngin. Talsverðar skemmdir urðu á hurð ganganna. Ökumaður A heldur því efnislega fram að bilun hafi verið í stýrisbúnaði hurðarinnar og að hurðin hafi fyrirvaralaust fallið niður á bifreiðina þegar hún var hálfnuð í gegnum gangaopið.

M telur að rekja megi skemmdir á hurðinni til notkunar bifreiðarinnar sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu. M telur að fyrirliggjandi gögn bendi ótvírætt til þess að hurðin hafi “ekki verið komin nægilega langt upp þegar bílnum var ekið undir hana eða þá að hún hafi verið lögð af stað niður þegar keyrt var í gegn”.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu. Það telur ljóst að hurðin lenti á miðjum gámnum sem bifreiðin var með í eftirdragi. Það telur “útilokað að hurðin hafi verið á leið upp þar sem stærstur hluti gámsins var kominn í gegnum hurðina. Þá er jafnframt afar ólíklegt að hurðin hafi verið á leið niður þegar ekið var í gegnum hurðina því þá hefði hún verið komin miklu fyrr niður heldur en á miðjan gáminn sem var í eftirdragi....”

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að rekja megi tjón á hurðinni til notkunar bifreiðarinnar skv. 1. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Ósannað er að hurðin hafi bilað þ. á m. fallið á bifreiðina.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 292/2008

M og

Vátryggingafélagið V v. Ábyrgðartryggingar lögmansins L

Mál fyrntist meðan lögmaður hafði það til meðferðar v. umferðarslyss þ. 8.7.2001.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 12.12.2008. ásamt fylgiskjöllum 1-12.
2. Niðurstaða tjónanefndar nr.
3. Bréf V dags. 28.10., 19.11. og 30.12.2008.
4. Bréf lögmans M dags. 11.12.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-3

Málsatvik.

L tók að sér að gæta hagsmuna M en hann lenti í alvarlegu bílslysi að morgni dags 8.7.2001 þegar bifreið sem hann ók fór út af veginum og valt nokkrar veltur. Um mitt ár 2002 leitaði M til lögmansins L sem tók að sér að bótamál fyrir hönd M. L aflaði gagna m.a. örorkumats og var stöðugleikapunktur ákveðinn skv matinu þ. 10.12.2001. M fór fram á endurskoðun á matinu en 2 ár liðu frá þeim tíma þar til L sendi bréf til örorkunefndar með beiðni um endurskoðun. Á það er bent af hálfu M að L hlyti að hafa verið ljóst að miðað við fyrningarreglu 99.gr laga nr. 50/1987 umferðarlaga þá hafi málið fyrnst í árslok 2005. Í júní 2007 fékk móðir M bréf frá L þar sem hann segir að málið sé í eðlilegum farvegi en fljótlega eftir það ákvað M að leita til annars lögmans og sendi sá lögmaður bréf í desember 2007 til V með kröfu í ábyrgðartryggingu L vegna málsins þar sem af hálfu M er því haldið fram að L beri alla sök á þeim drætti sem varð á meðferð málsins og sé það nú fyrnt vegna þess að hann hafi ekki gætt hagsmuna M svo sem L bar að gera. Af hálfu M er á það bent að honum hafi verið ljóst frá upphafi að um alvarleg meiðsl var að ræða og því hafi málið fyrnst svo sem fram kemur hér að framan. V hafnar bótaskyldu og hefur ekki fengið viðbrögði L við kröfunni. Þá telur V að ekki hafi verið sýnt fram á að L hafi valdið M fjártjóni og sé meint tjón M því ósannað. Þá bendir V á að áður en áður en bótaskylda stofnast úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V verði fyrst að sýna fram á að krafa M á hendur þess tryggingafélags sem hann á kröfu á vegna bifreiðaslyssins sé fyrnd og bendir V í því sambandi á misvísandi dóma Hæstaréttar í því sambandi.

Álit.

Ljóst er að L gætti ekki hagsmuna M svo sem honum bar að gera og er því bótaskylda fyrir hendi úr starfsábyrgðartryggingu M hjá V. Miðað við dómafordæmi Hæstaréttar og 99.gr. umferðarlaga er ljóst miðað við þau gögn sem fyrir liggja í máli þessu að bótakrafa sú sem L fór með fyrir M er fyrnd. M á því rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu L hjá V.

Reykjavík 27.1. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sigurðsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 294/2008

**M
og
Vátryggingafélagið X v/ slysatryggingar ökumanns bifhjóls.**

Áhrif þess að veita rangar upplýsingar í tengslum við kröfu um bætur fyrir líkamstjón.

Gögn.

1. Málskot, móttekið 16.12.2008, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 29.12.2008, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Þann 23. júlí 2006 slasaðist málskotsaðili M er hann ók bifhjóli. Við slysið varð M óvinnufær og krafðist bóta fyrir tímabundið atvinnutjón úr lögmælti slysatryggingu ökumanns bifhjólans hjá Vátryggingafélaginu X. Til sönnunar tjóni sínu lagði M fram launaseðla frá vinnuveitanda sínum, A, fyrir mánuðina maí, júní og júlí 2006, en samkvæmt þeim námu mánaðarlaun hans 320.000 krónum auk 35.552 króna vegna orlofs, eða samtals 355.552 krónum. Á grundvelli þessara upplýsinga greiddi X alls 5.292.000 krónur í bætur til M fyrir tímabundið atvinnutjón tímabilið ágúst 2006 til nóvember 2007 eða að meðaltali 337.000 krónur á mánuði. Af gögnum málsins má ráða að A hafi verið í eigu M og hann verið fyrirvarsmaður þess.

Í september 2008 í tengslum við undirbúning þess að afla matsgerðar á afleiðingum slyssins óskaði X eftir því að aflað yrði staðgreiðslufirlits M fyrir árið 2006. Samkvæmt staðgreiðslufirlitinu námu laun hans 222.220 krónum á mánuði fyrri hluta ársins auk þess sem hann virðist hafa fengið laun greidd fyrir mánuðina ágúst og september. X óskaði skýringa á þessu misræmi.

Í yfirlýsingu rekstrarráðgjafa hjá A, dags. 8. október 2008, segir að M hafi átt mikið af ógreiddum launum hjá A og hafi launaseðlar verið með sömu upphæð allar götur frá árinu 2001 til að fullnægja reglum skattayfirvalda. Í tengslum við mögulega sölu fyrirtækisins hafði hann í janúar 2006 ráðlagt M að hækka mánaðarlaun sín í 464.000 krónur. Launaseðlar sem voru gerðir í tengslum við bótauppgjörið hjá X hafi verið unnir eftir tilskipunum rekstrarráðgjafans, en vegna misskilnings milli sín og nýs bókara hjá A, sem er sagður hafa verið ráðinn í september 2006, hafi verið haldið áfram að bóka laun á M eins og árið 2005.

Í yfirlýsingu M vegna þessa, dags. 10. október 2008, kvað hann vera skýrt satt og rétt frá í téðri yfirlýsingu rekstrarráðgjafans með hvaða hætti þær upplýsingar urðu til sem komu fram á þeim launaseðlum sem framvísað var til X. Hann hafi sjálfur ekki afskipti af bókhaldi eða uppgjöri fyrirtækisins, enda ráði hann ráðgjafa og starfsfólk til að annast þau mál.

Telur X að M hafi gefið rangar upplýsingar sem hann vissi eða mátti vita að leiddu til þess að greiddar voru út bætur sem hann átti ekki rétt á. Með vísan til 120. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga hafnaði félagið frekari bótum úr slysatryggingunni. Ágreiningi um þessa höfnun X er skotið til nefndarinnar til úrlausnar.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 120 gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 skal sá er hyggst hafa uppi kröfu gegn váttryggingafélagi veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann á aðgang að og félagið þarf til þess að geta metið ábyrgð sína og greitt út váttryggingarfjárhæðina. Samkvæmt 2. mgr. sömu gr. getur sá, sem við tjónsuppgjör veitir rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að geta leitt til þess að greiddar verði út bætur sem hann á ekki rétt til, glatað öllum rétti til krafna á hendur félaginu samkvæmt þessum og öðrum váttryggingarsamningum vegna sömu atvika. Sé háttsemin ekki alvarleg, hún varði einungis lítinn hluta kröfunnar eða ef sérstakar ástæður mæla með því getur hann þó fengið bætur að hluta.

Ljóst er að M afhenti X launaseðla er gáfu til kynna verulega hærri mánaðarlaun en hann fékk í reynd greidd samkvæmt staðgreiðsluyfirliti ársins 2006. Af þeim sökum fékk hann greiddar verulega hærri bætur fyrir tímabundið atvinnutjón en hann átti að lögum tilkall til. Einu skýringarnar á hinum röngu upplýsingum koma fram í fyrrgreindri yfirlýsingu rekstrarráðgjafa hjá A, svo og yfirlýsingu M sjálfs. M vissi eða að minnsta kosti mátti vita hver mánaðarlaun hans voru og staðgreiðsla skatta var dregin af. Hann átti að gera sér ljósa grein fyrir að þau laun voru verulega lægri en þau laun sem tilgreind voru á þeim launaseðlum sem hann afhenti X og byggði bótakröfur sínar á fyrir tímabundið atvinnutjón. Áðurnefndar yfirlýsingar skýra ekki með trúverðugum hætti það mikla ósamræmi sem þarna var á milli. Með þeim er heldur ekki sýnt fram á að M hafi ekki vitað né mátt vita um þetta ósamræmi. Þær teljast því haldlausar. Með því að notfæra sér upplýsingar í hinum röngu launaseðlum á þann hátt að hann fékk greiddar hærri bætur fyrir tímabundið atvinnutjón en hann átti rétt til hefur M glatað rétti til bóta úr slysáttryggingu ökumanns bifhjólsins sem hann ók er hann slasaðist.

Þá háttsemi M að leggja fram og byggja kröfur sínar á hinum röngu launaseðlum verður að telja alvarlega, enda ekkert fram komið sem afsakar þá háttsemi. Þótt ekki liggi fyrir upplýsingar um heildarkröfur M af völdum slyssins, svo sem um fjárhæð bótakrafna fyrir varanlegan miska eða varanlega örorku, verður engu að síður að líta svo á að krafa um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón varði ekki einungis lítinn hluta kröfu hans. Engar sérstakar ástæður liggja heldur fyrir sem mælt geta með því að hann geti fengið bætur að hluta. Að þessu athuguðu eru ekki lagaskilyrði fyrir hendi til að viðurkenna rétt til bóta að hluta. Telst M því hafa glatað öllum rétti til bóta úr slysáttryggingunni.

Niðurstaða.

M á ekki rétt til bóta úr slysáttryggingu ökumanns hjá X.

Reykjavík, 27. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 295/2008

M v/bifreiðar

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (A)

og

Vátryggingafélagið Y v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (B)

Skemmdir þegar ruslagámur á hjólum rann á bifreið sem lagt var í stæði þann 21.10. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 16.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags A til nefndarinnar, dags. 05.01. 2008.
- 3) Bréf vátryggingafélags B til nefndarinnar, dags. 30.12. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Vátryggingafélag A hafnar greiðsluskyldu. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að starfsmenn A hafi gengið frá gámnum með ófullnægjandi hætti. Ekkert bendi til þess að gámurinn hafi verið vanbúinn eða búnaður hans bilaður. Félagið vísar og til þess að gámurinn sé í vörslum annars aðila þ.e. B, sem sé afnotahafi með full umráð yfir gámnum milli þess sem hann er tæmdur af starfsmönnum A.

Vátryggingafélag B hafnar greiðsluskyldu. Það vísar til þess m.a. að margir gámar séu á svæðinu í vörslu ýmissa fyrirtækja. Félagið telur ómögulegt að staðhæfa hvaða gámur hafi fokið á bifreiðina. Starfsmenn B komi ekkert að festingu þess gáms sem sé í vörslu B. Það sé viðkomandi gámafyrirtæki (A) sem sér um að losa gáminn og koma honum fyrir aftur á sinn stað og þá festa hann eins og ætlast er til.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur að illa hafi verið gengið frá gámnum. Ekki hafi verið um ofsaveður að ræða þannig að “skálkaskjól til hugsanlegrar höfnunar á bótaskyldu er ekki til staðar”. Bifreiðinni hafi verið lagt á lögmatan hátt í stæði og umræddur gámur hafi ekki verið í bremsu þannig að hann hafi runnið á bifreiðina.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum virðist ekki hafa verið gengið nægjanlega vel frá umræddum gámi. Vegna þessa rann/fauk hann á bifreiðina. Ekki er ástæða til að efast um réttmæti lýsingar M á aðdraganda máls þessa ellegar hvaða gám um hafi verið að ræða.

Í því tilviki sem hér var ræðir verður lagt til grundvallar að ábyrgð á gámnum sé hjá þjónustuaðila hans (og eiganda) þ.e. A. Starfsmenn A virðast ekki hafa gætt þess að setja gáminn í bremsu síðast er hann var losaður. Vegna þessa er greiðsluskylda fyrir hendi.

Ekki er tilefni til að leggja ábyrgð á B miðað við takmörkuð gögn máls þessa.

Í ofanritaðri umfjöllun er ekki tekin afstaða til umfangs tjóns M. Hann hefur sönnunarbyrði fyrir umfangi tjóns síns þ.á m. hvort hann hafi orðið fyrir fjárhagslegu tjóni vegna ágreinings um eignarhald og vörslu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda A er fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 27. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 296/2008
M og
V v. innbústryggingar

Bótakrafa vegna innbrots sem framið var á tímabilinu júní til ágúst 2008 .

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 16.12.2008. ásamt bréfi lögmanns M
2. Bréf V dags. 29.9. og 22.12.2008 ásamt fylgiskjöllum 1-5.

Málsatvik.

M býr í fjölbýlishúsi og er íbúð M á jarðhæð og hægt að ganga af lóð inn á sólpall. M segist hafa verið erlendis 20. júní til 4 ágúst 2008 og þegar hún kom heim hafi hún strax orðið þess vör að búíð var að fara inn í íbúð hennar og benti hún á að verðmætum skartgripum hafi verið stolið úr kommóðu en ekki höfðu önnur verðmæti verið hreyfð þ.á.m. tölva, sjónvarp eða önnur rafmagnstæki eftir því sem segir í lögregluskýrslu. Í lögregluskýrslu segir að stormjárn að litlum glugga hafi verið brotið og ekki hafi verið að sjá að gluggakrækjur hafi verið kræktar en gluggi þessi snýr að sólpallinum. M krefst bóta úr tryggingu sinni hjá V og í bréfi lögmanns M segir að ekki hafi verið um gáleysi af hennar hálfu að ræða og muni M ekki til þess að gluggi sá sem um ræðir hafi verið opinn en hugsanlega hafi hann verið lauslega lokaður þannig að ekki hafi þurft mikið átak til að opna hann. Þannig hafi engin vegsummerki sést. V hafnar bótaskyldu og byggir á því að um stórkostlegt gáleysi sé að ræða hjá M þegar hún gekk frá íbúð sinni áður en hún fór erlendis í því sambandi bendir V á 10 gr. vátryggingaskilmála

Álit.

Af framlögðum gögnum verður ekki séð að M hafi gætt þess að ganga frá íbúð sinni með nægjanlega tryggilegum hætti áður en hún fór erlendis. M gætti því ekki þeirrar varúðar sem henni bar að sýna og á hún því ekki kröfu um bætur úr tryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki kröfu um bætur úr tryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 27.1. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 298/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar sveitarfélags (H)

Vatnstjón í febrúar 2008, ágreiningur um bótaskyldu vegna rekstrarstöðvunar.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 17.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags til nefndarinnar, dags. 15.01. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Þann 27. febrúar 2008 var pípulagningarmaður ásamt starfsmönnum H að setja upp rennismæli í atvinnuhúsnæði M. Verkið var unnið á vegum H. Framkvæmd þess mun hafa verið með þeim hætti að skrufað var fyrir vatn út í götu og settur upp inntakslöki og mælir og vatni síðan hleypt aftur á. Þegar mætt var til vinnu í húsnæðið næsta dag kom í ljós að lögn í plötu hafði gefið sig með þeim afleiðingum að vatn flæddi og tjón hlaut af. Lögnin sem bilaði var heimaæð í eigu fasteignareiganda.

M telur sig eiga rétt til bóta vegna rekstrarstöðvunar sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur bótaskyldu ekki fyrir hendi. Ekki hafi verið sýnt fram á saknæma háttsemi. Ákvörðun H um að setja upp mæla hafi verið tilkynnt með dreifibréfi til hlutadeigandi aðila sbr. nánar umfjöllun félagsins í fyrirliggjandi gögnum. Vátryggingafélagið bendir m.a. á að samkvæmt vátryggingaskilmálum umræddrar vátryggingar bætir vátryggingin “beint líkams- og munatjón þriðja manns vegna skaðabótaábyrgðar vátryggðs sem fellur á hann samkvæmt íslenskum lögum”. Með beinu tjóni sé átt við þegar tjón verður á hlut eða líkamstjón en með óbeinu tjóni sé átt við tjón sem leiðir af beina tjóninu t.d. tjón sem felst í tekjutapi. Ábyrgðartrygging H bæti því ekki fjárhagslegt tjón vegna rekstrarstöðvunar að áliti félagsins.

Álit.

Þegar tekið er mið af takmörkuðum gögnum máls þessa hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Ósannað er að rekja megi tjón M til vanrækslu aðila sem H ber ábyrgð á.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 299/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/slysatryggingar ökumanns og kaskótryggingar (A)

Umferðarslys 02.06. 2005, þegar bifreið var ekið út af Austurvegi við Grindavík.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 18.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 30.12. 2008.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Í bifreiðinni var M ásamt þremur farþegum. Ökumaður hennar missti stjórn á bifreiðinni.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr slysatryggingu ökumanns og kaskótryggingu bifreiðarinnar. Félagið telur að með aksturslagi sínu hafi ökumaðurinn sýnt stórkostlegt gáleysi þannig að bótaréttur falli niður úr nefndum vátryggingum sbr. 2. – 3. mgr. 88. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 sbr. og 2. mgr. 27. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004 og 9. gr. sameiginlegra vátryggingarskilmála félagsins.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu. Hann telur m.a. að tjónþoli “vegna umferðarslyss eigi alltaf rétt á bótum, nema hægt sé að sanna ásetning á viðkomandi tjónþola”. Ekki sé um ásetning að ræða og “í raun aðeins gáleysi. Ekki einu sinni stórfellt”. Hann telur að verði talið að um stórfellt gáleysi hafi verið að ræða sé “einungis hægt að lækka bótaábyrgð félagsins í ákveðnum hlutföllum”. Vísað er m.a. til þess að ökumaður muni ekki “glögglega hvað hafi orsakað slysið, en það hafi allt eins getað verið einhver bilun í bifreiðinni. Bifreiðin hafi verið nýskoðuð og verið í ökuhæfu ástandi að mati þess bifreiðaskoðunarmanns sem skoðaði bifreiðina”.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. vitnaframburðum og ummerkjum á vettvangi, verður talið að rekja megi umferðarslysið til stórkostlegs gáleysis ökumanns bifreiðarinnar. Aksturslag ökumanns bifreiðarinnar veldur brottfalli bótaréttar í þessu tilviki. Fallist er á röksemdafærslu vátryggingafélagsins í máli þessu.

Ósannað er að ökumaður bifreiðarinnar hafi verið “beittur miklum þrýstingi um að játa, að hann hafi verið á 190 km hraða mv. klukkustund” líkt og haldið er fram í málskotinu.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi samkvæmt þeim vátryggingum sem hér um ræðir.

Reykjavík 3. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 302/2008

D

og

X hf. vegna heimatryggingar

Málskostnaðartrygging.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 19. desember 2008 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X hf. dags. 23. desember 2008.

Málsatvik.

D höfðaði mál vegna fasteignaviðskipta. D óskaði eftir því að málskostnaður hans yrði greiddur af X á grundvelli heimatryggingar hjá félaginu. X neitaði að greiða málskostnaðinn með vísan til þess að skv. skilmálum bætti tryggingin ekki málskostnað sem varðaði vátryggðan sem eiganda fasteignar nema vátryggður væri einnig með fasteignatryggingu hjá vátryggingafélaginu. Slíka tryggingu hafði D ekki.

Álit.

Í skilmálum heimatryggingar þeirrar sem D var með kemur skýrt fram að málskostnaður í málum sem varða vátryggðan sem eiganda fasteignar sé ekki greiddur nema vátryggður sé jafnframt eigandi fasteignar. D var ekki með slíka tryggingu hjá X. Þegar af þeirri ástæðu fullnægir hann ekki skilyrðum málskostnaðartryggingar heimatryggingarinnar.

Niðurstaða.

Málskostnaður D er ekki bættur úr heimatryggingu.

Reykjavík, 27. janúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 303/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/starfsábyrgðartryggingar lögmanns, (L)

Ágreiningur um réttarstöðu í tengslum við að frestur til að bera ágreiningsefni undir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum eða dómstóla rann út.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 19.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 11.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Vátryggingafélagið hafnar greiðsluskyldu úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins. Það telur að ekki hafi verið sýnt fram á að mistök fulltrúa lögmannsins hafi leitt til fjártjóns fyrir M. Félagið vísar til þess að vátryggingafélag M hafi hafnað ábyrgð úr fjölskyldutryggingu þar sem ekki hafi verið um slys að ræða. Frestur til að bera ágreining um það atriði fyrir úrskurðarnefndina eða dómstóla hafi runnið út. Félagið telur að M verði að sýna fram á að umrædd mistök hafi leitt til fjártjóns. Hann verði að sýna fram á að umrædd afstaða vátryggingafélagsins sé röng og að henni hafi verið hnekkð fyrir dómi eða úrskurðarnefnd. Á meðan hann hafi ekki gætt þessa getur réttur til bóta úr starfsábyrgðartryggingu ekki stofnast.

Vátryggingafélagið vísar og til þess möguleika að úrskurðarnefndin kunni að leggja á það mat hvort afstaða vátryggingafélags M vegna fjölskyldutryggingar hafi verið efnislega rétt. Þá verði að hafa hugfast að það telur að bótaskylda sé ekki fyrir hendi þar sem ekki hafi verið um slys að ræða í umrætt sinn með hliðsjón af skilgreiningu á hugtakinu slys. Ekki hafi verið um skyndilegan utanaðkomandi atburð að ræða þegar sonur M lést eftir að hafa yfirgefið bifreið. Félagið telur að “kuldi og vossbúð geti ekki talist skyndilegur atburður” sbr. nánar umfjöllun félagsins sem óþarft er að geta.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit.

Úrskurðarnefndin mun einungis fjalla um hvort greiðsluskylda hafi stofnast vegna umræddrar starfsábyrgðartryggingar. Nefndin mun ekki taka afstöðu til þess hvort vátryggingafélag M, vegna fjölskyldutryggingar, hafi haft réttmæta ástæðu til þess að hafna greiðsluskyldu úr fjölskyldutryggingu. Úrskurðarnefndin mun einungis meta hvaða afleiðingar það hefur að málshöfðunarfrestur skv. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004, rann út án þess að gripið var til viðeigandi ráðstafana.

L rekur m.a. málsatvik í bréfi til vátryggingafélagsins, dags. 19.06. 2007, þar sem hann óskar eftir endurupptöku málsins hjá umræddu vátryggingafélagi M. Í tónstilkynningu lögmannsins til eigin vátryggingafélags vegna starfsábyrgðartryggingarinnar, dags. 15.04. 2008, kemur m.a. fram að meðferð umrædds máls hafi dregist í meðförum fulltrúa lögmannsins með þeim afleiðingum að málshöfðunarfrestur skv. 2. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga rann út. Jafnframt mun hann hafa ráðlagt M að hann gæti sett sig í samband við félagið vegna starfsábyrgðartryggingarinnar. Þá muni vátryggjandi hans taka afstöðu til bótaskyldu þ.e. hvort um mistök hafi verið að ræða.

Vátryggingafélag L lætur þess getið í nefndu bréfi til nefndarinnar að “óumdeilt er að lögmannsfulltrúinn gerði þau mistök að skjóta ekki afstöðu vátryggingafélagsins til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum eða dómstóla innan hins lögmælda frests”.

Að teknu tilliti til fyrirbyggjandi gagna urðu mistök fulltrúa lögmannsins þess valdandi að málskotsréttur hans skv. 124. gr. nefndra laga um váttryggingarsamninga féll niður. Vegna þessa er bótaskylda fyrir hendi samkvæmt starfsábyrgðartryggingu þeirri sem hér um ræðir. Úrskurðarnefndin tekur ekki afstöðu til fjárhæðar tjóns M. Hann hefur sönnunarbyrði um umfang tjóns síns. Nefndin hefur ekki verið beðin um að fjalla um fjárhæð tjóns M.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri váttryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 27. janúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Ingvar Sveinbjörnsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 305/2008
M vegna og
V v. frjálsrar ábyrgðatryggingar Í

Hjólhýsi fauk af grunnni sínum á tímabilinu 10-13. desember 2007.

Gögn.

1. Málskot móttekið þ. 22.12.2008 ásamt fylgiskjali 1
2. Bréf V dags 30.12.2008 ásamt fylgiskjölum 1-4
3. Lögregluskýrsla dags.

Málsatvik.

Lögreglu var tilkynnt um hjólhýsi í stærri kantinum hafi fokið af grunni sínum við Leirvogsa en húsið var fullbúið sem dvalarstaður. Vegna tjónsis gerir M kröfu til bóta úr ábyrgðatryggingu Í á þeim grundvelli að Í hafi tekið að sér að festa niður hjólhýsið og trúlega hefði þurft að festa húsið betur niður en gert hafi verið. V hafnar bótaskyldu og bendir á að ábyrgðatryggingin taki til starfa Í vegna rafvirkjunar en það að festa hjólhýsi falli ekki undir trygginguna. Þá bendir V á sérstök tengsl M og Í auk þess sem að Í sé skráður eigandi umrædds hjólhýsis.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á nokkuð það tilvik sem leitt gæti til bótaskyldu Í á því tjóni sem hér um ræðir. Þegar af þeim ástæðum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu Í hjá V.

Niðurstaða.

Í á ekki rétt á bótum úr ábyrgðatryggingu Í hjá V.

Reykjavík 27.1. 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 307/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.

Starfsmaður slasaðist er hann féll í hálfu á athafnasvæði bensínstöðvar þann 22.12.2005.

Gögn.

1. Málskot, móttakið 23.12.2008.
2. Bréf X, dags. 12.1.2009, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

M starfaði á slysdegi sem verslunarstjóri á þjónustustöð V. Mikil rigning var umræddan dag og sveallög víða á jörðu. Þá rann M á bílplani bak við þjónustustöðina og meiddist mjög illa.

M kvaðst hafa beint þeim tilmælum til starfsmanns á þjónustustöðinni að saltbera hálkubletti á lóð stöðvarinnar. Telur M að svo virðist sem starfsmaðurinn hafi ekki farið eftir skýrum fyrirmælum hennar í þeim efnum og slysið verði rakið til þess. Krefst hún bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá vátryggingafélaginu X, en félagið hefur hafnað bótaskyldu.

Álit.

Ekki liggur fyrir samkvæmt gögnum málsins hvaða fyrirmæli M gaf starfsmanninum nákvæmlega varðandi dreifingu salts á hálkubletti á lóðinni. Þá liggur heldur ekki fyrir hversu langur tími leið frá því M gaf fyrirmæli um saltdreifinguna og þar til hún slasaðist. Ekki er heldur loku fyrir það skotið að saltið hafi eyðst eða runnið burt áður en það náði að vinna bug á hálkunni og án þess að gætt hafi verið að því hvort saltbera þyrfti að nýju. Að öllu athuguðu verður að telja ósannað að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi þess starfsmanns V sem M fól að bera saltbera lóðina. Upplýsa hefði mátt um málsatvik, að því marki sem þau kunna að vera óupplýst, með síðari gagnaöflun jafnvel þótt slysið hafi ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins eins og reglur gera ráð fyrir. Við svo búið eru ekki næg efni til að velta sönnunarbyrðinni á V varðandi þau atvik sem óupplýst kunna að vera. Samkvæmt þessu fæst líkamstjón ekki bætt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

Líkamstjón M bætist ekki úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 17. febrúar 2009.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.

Mál nr. 309/2008

M

og

Vátryggingafélagið X v/innbústryggingar

Skemmdir á bifreið vegna trampólíns sem fauk þann 29.08. 2008.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 30.12. 2008, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélags til nefndarinnar, dags. 07.01. 2009.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa og afstöðu aðila.

Umrætt trampólín fauk á bifreið M.

Vátryggingafélagið hafnar bótaskyldu. Það telur að vátryggingartaki hafi gert varúðarráðstafanir varðandi trampólínið og hafi því ekki sýnt af sér saknæma háttsemi. Félagið telur að leggja verði til grundvallar frásögn vátryggingartaka um að trampólínið hafi verið fest niður með jánlykkjum og það “hafi staðið af sér samskonar veður”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. röksemdafærslu hans í málskotinu.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum ber vátryggingartaki ábyrgð á því tjóni sem trampólínið olli er það fauk í umrætt sinn.

Staðreynd er að trampólínið fauk. Frásögn vátryggingartaka um að trampólínið hafi verið fest niður með jánlykkjum breytir ekki ofanrituðu. Ljóst má telja að trampólínið hefur ekki verið nægjanlega fest niður. Á því ber vátryggingartaki ábyrgð gagnvart M.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir.

Reykjavík 17. febrúar 2009

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.